**ANNA KAREN SIGURÐARDÓTTIR**

*Fer á fjöll með stelpunum*

bílar ferðir tíska

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**KÓPAVOGUR**

*Þetta ár verður metár í framkvæmdum*

Sérblað um Kópavog

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



**TÍSKA**

*Íslenskur hönnuður á uppleið*

Sérblað um tísku

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. febrúar 2007 — 33. tölublað — 7. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR

### Brennivín og hrútspungar



Sindri Páll Kjartansson hélt glæsilegt þorrablót á Prikinu.

**FÓLK 58**

### Allt um svefn

Svefninn er dularfullt fyrirbæri því þótt vitað sé að okkur er hann lífsnauðsynlegur, þá veit enginn hvers vegna. Sé svefninn furðulegur þá þykja draumar okkar svo enn undarlegri.



**ÚTTEKT 36**

### Sjálfseyðingarhvötin

„Manni fallast hendur. Hvenær ætla frjálslyndir jafnaðarmenn þessa lands að átta sig á því að þeir eru að grafa sína eigin gröf með þessum smáflokkasérframboðum?“ spyr Ellert B. Schram.

**Í DAG 16**

### Spila um 7. sætið í dag

Íslenska handboltalandsliðið spilar um 7. sætið við Spán á HM í handbolta í dag en sigur í leiknum tryggir strákunum okkar sæti í undankeppni Ólympíuleikanna í Peking 2008.



**ÍÞRÓTTIR 54**

## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR EÐA ÉL** Í dag verður suðvestan átt, yfirleitt 5-13 m/s en hvassari hér og hvar í hviðum. Skúrir eða él en úrkomulítið á Austurlandi. Hiti 0-5 stig, mildast syðst. Frystir um allt á morgun.

**VEÐUR 4**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í nóvember 2006.



**ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN VEITT** Frú Dorrit, herra Ólafur Ragnar, Andri Snær og Ólafur Jóhann hlusta á íslenskan djass við afhendingu verðlaunanna á Bessastöðum í gær. Ávörp þeirra Andra Snæs og Ólafs Jóhanns eru birt á síðu 44 í blaðinu í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Formaður Samfylkingar:

## Telur ekki að Jón fari fram

**STJÓRNMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, átti ítarlegt samtal við Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi ráðherra, um stöðu Samfylkingarinnar og hugsanlega endurkomu hans í íslensk stjórnmál. Niðurstaða þeirra var að Samfylkingin héldi einfaldlega sínu striki. Hún efast um orðróm um að Jón safni liði til sérframboðs.**



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

**Ingibjörg telur að það sem brenni helst á fólki fyrir kosningarnar sé misskipting hagvaxtar síðustu ára og að Norðvesturland og Norðausturland hafi með öllu farið á mis við hann. Hún vill að fjárfestingarverkefni næstu ára verði uppbygging samgangna og vill kæla niður hagkerfið á öðrum sviðum. Sérstaklega finnst henni mikilvægt að vinda ofan af stóriðjustefnu sem hún segir hafa klofið þjóðina í tvær andstæðar fylkingar.**

**- shá /** **sjá síðu 30**

# Erlendum mökum fjölgar

**Útgefnum dvalarleyfum til maka íslenskra ríkisborgara fjölgaði um þriðjung milli ára. Erlendir ríkisborgarar eru farnir að leita nýrra leiða til að dveljast á Íslandi. Útlendingastofnun fylgist vel með breytingunum.**

**INNFLYTJENDAMÁL** Útgefnum dvalarleyfum til maka íslenskra ríkisborgara fjölgaði um 30 prósent á milli áranna 2005 og 2006. Fyrra árið var veitt 391 slíkt leyfi en þeim fjölgaði í 508 í fyrra.

Útgefnum dvalarleyfum til erlendra ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) fjölgaði um tæplega 350 prósent á sama tímabili, úr 1.391 í 4.799. Útskýrist það fyrst og fremst af því að hinn 1. maí í fyrra tóku gildi lög hér á landi um frjálsa för launafólks frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins. Alls fjölgaði útgefnum dvalarleyfum til allra erlendra ríkisborgara um 28 prósent á þessu tímabili.

Erla Pálsdóttir, verkefnastjóri hjá Útlendingastofnun, segir ýmsar skýringar á þessari aukningu. „Það er stefna íslenskra stjórnvalda að setja EES-ríkisborgara í forgang við úthlutun dvalarleyfa. Þar af leiðandi hlýtur að vera erfiðara fyrir ríkisborgara utan EES að koma hingað á þeim forsendum að fara að vinna og væntanlega meira um að þeim sé synjað um atvinnuleyfi. Þegar slíkt gerist fer fólk að leita annarra leiða til að geta verið hérna.“

Hún segir stofnunina beita sér á ýmsa vegu til að mæta þessum breytingum. „Við tökum fólk í viðtöl og erum með kerfi hér þar sem við getum fylgst með af hverju fólk er að sækja um. Ef við sjáum til dæmis au-pair leyfi sem er að renna út og sami aðili fer allt í einu að sækja um makaleyfi þá segir það okkur að sú umsókn sé kannski ekki alveg á réttum forsendum. Þá eru báðir aðilar boðaðir í viðtal hvor í sínu lagi til að kanna hvort að þeir séu að segja rétt og satt frá.“

Að sögn Erlu bregst Útlendingastofnun ætíð við snöggum breytingum með því að skoða hvort hægt sé að breyta vinnulagi á einhvern hátt. „Það er gott innra skipulag hjá okkur og við verðum strax vör við svona breytingar. Þá reynum við að komast að því af hverju breytingarnar stafa. En á endanum erum við náttúrlega bara að vinna eftir þeirri löggjöf sem er sett hverju sinni.“ **- þsj**

Ómar Ragnarsson stígur aftur á leiksvið eftir 38 ára fjarveru:

# Kemur útgrátinn af æfingum

**LEIKLIST** „Ég kem útgrátinn af hverri æfingu,“ segir Ómar Ragnarsson. Hann æfir nú í nýjum dramatískum söngleik sem fyrirhugað er að frumsýna í Borgarleikhúsinu 1. ágúst. Vinnutitill verksins er Ást en leikurinn gerist á elliheimili og fjallar um ástir þeirra gömlu. Leikstjóri er Gísli Örn Garðarsson, en fjöldi snjallra leikara fer með hlutverk í verkinu: Pétur Einarsson, Magnús Ólafsson, Kristbjörg Kjeld og Skapti Ólafsson svo nokkrir séu nefndir.

Leikstjórinn er afar ánægður með Ómar, sem fer með stórt hlutverk í verkinu. Segir hann eitthvert best geymda leyndarmál hins íslenska leikhúss en Ómar hefur ekki stigið á leiksvið sem slíkt í 38 ár.

„Ótrúlega fallegur leikari. Þegar jafnþjóðþekkt fígúra og Ómar er sett á svið eftir tæplega fjörutíu ára hlé þarf að hugsa það vandlega hvernig hlutverk það er sem maður vill sjá hann í. Dæmigert væri að sjá hann í hlutverki grallarans en áskorunin eina rétta felst í að láta hann fara með alvarlegt hlutverk,“ segir Gísli Örn.

**- jbg /** **sjá síðu 58**



**ÓMAR Á ÆFINGU** „Ótrúlega fallegur leikari,“ segir leikstjórinn Gísli Örn Garðarsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




## SPURNING DAGSINS



*Eyjólfur, ætti kannski frekar að tala um tölvuóleik?*

„Já, leikirnir geta gert sumum óleik.“

Fyrir nokkrum dögum þurfti lögregla að skakka leikinn þar sem fjórtán ára unglingur trylltist eftir að foreldrar hans sögðu upp áskrift að tölvuleik sem hann spilaði. Eyjólfur Örn Jónsson er sálfræðingur sem fjallað hefur um tölvu- og tölvuleikjafíkn.

Myndir birtar af tyrkneskum lögreglumönnum með meintum morðingja:

# Sagðir hafa veitt „hetjumeðferð“

**TYRKLAND, AP** Tyrkneskir fjölmiðlar birtu í gær myndir sem sýndu herlögreglumenn stilla sér upp til myndatöku með unga þjóðernisofstækismanninum sem grunaður er um að hafa myrt armenskættaða blaðamanninn Hrant Dink. Eitt dagblaðið sagði lögreglumennina hafa veitt sakborningnum „hetjumeðferð“.

Myndirnar sýna hinn sautján ára gamla sakborning, Ogun Samast, halda á tyrkneska þjóðfánanum og stilla sér upp með lögreglumönnunum, sem sumir eru í einkennisbúningum. Á bak við Samast er borði í fánalitunum, þar sem á er letruð tilvitnun í Mustafa Kemal Atatürk, föður Tyrklands nútímans: „Land þjóðarinnar er heilagt. Það má ekki ofurselja örlögunum.“

Samast er sakaður um morðið á Hrant Dink, blaðamanni af armenskum uppruna sem bakað hafði sér hatur þjóðernisofstopamanna með því að skrifa greinar um að fjöldamorð Tyrkja á Armenum undir lok heimsstyrjaldarinnar fyrri hefði verið þjóðarmorð.

100.000 Tyrkir fylgdu Dink til grafar til að sýna andúð sína á málstað og baráttuaðferðum þeirra sem réðu hann af dögum. **- aa**




**STOLTIR** Ein myndanna. Samast heldur á fánanum og lögreglumenn stilla sér upp við hlið hans. NORDICPHOTOS/AFP

Þrír mánuðir skilorðsbundnir:

# Átján ára í kókaínsmygli

**DÓMSMÁL Stúlka sem reyndi að smygla 85 grömmum af kókaíni til landsins í mars hefur verið dæmd í Héraðsdómi Norðurlands eystra í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi.**

**Hún var átján ára þegar hún framdi brot sitt.**

**Stúlkan flutti efnið hingað til lands frá Amsterdam og hafði falið það í líkama sínum. Hún var handtekin eftir komu til Keflavíkurflugvallar og lagði lögreglan hald á efnið síðar sama dag.**

**Dómurinn gerði stúlkunni að greiða á fjórða hundrað þúsund krónur í sakarkostnað og sæta upptöku kókaínsins. - jss**

Framkvæmdastjórn ESB:

# Viðskiptavinir fastir í bönkum

**NEYTENDUR Hreyfanleiki viðskiptavina milli banka alls staðar í Evrópu er mjög lítill. Þetta segir í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB. Að því er segir í tilkynningu Neytendasamtakanna hamla fjölmörg atriði samkeppni í tengslum við greiðslukort, greiðslukerfi og þjónustuþætti á borð við tékkareikninga. Verðupplýsingar séu ógagnsæjar, erfitt sé að meta gæði þjónustunnar, kostnaður vegna flutnings og lokun viðskiptareikninga sé hár og viðskiptavinir séu bundnir er þeim bjóðist betri lánakjör ef þeir kaupi viðbótarþjónustu. - gar**



**PÓSTURINN** Reynt var að smygla fíkniefnum með póstinum. Myndin er úr safni.

Tveir í gæsluvarðhaldi:

# Fíkniefni tekin í póstsendingu

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnasmygl það sem lögreglan í Árnessýslu rannsakar nú varð með þeim hætti að efnið var sent til landsins með pósti, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Magn fíkniefnanna er það mikið að allar líkur benda til þess að þau hafi verið ætluð til dreifingar og sölu.

Það var í fyrrakvöld sem Héraðsdómur Suðurlands úrskurðaði tvo menn í gæsluvarðhald vegna málsins. Þeir eru báðir á á þrítugsaldri. Annar mannanna var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 9. febrúar og hinn til 6. febrúar, að kröfu lögreglunnar í Árnessýslu. **- jss**

# Játar að hafa kveikt í íbúð í Þorlákshöfn

**Karlmaður á þrítugsaldri hefur játað að hafa brotist inn og kveikt í íbúðarhúsi í Þorlákshöfn í síðustu viku. Bensínbrúsi og þýfi úr innbrotinu fannst á heimili unnustu hans. Vopn og fíkniefni voru gerð upptæk við handtöku mannsins.**

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri játaði á miðvikudagskvöld að hafa kveikt í íbúðarhúsi í Þorlákshöfn aðfaranótt 20. janúar síðastliðins. Hann hafði áður viðurkennt að hafa brotist inn í húsið en neitaði stöðugt að hafa borið eld að því. Húsið brann til kaldra kola og eigandi þess stóð eftir með ekkert nema vinnufötin sem hann var í og það sem stolið hafði verið. Kona og tvö börn voru sofandi í samliggjandi húsi en árvökulum nágranna tókst að vekja þau og sluppu þau því ómeidd. Að sögn lögreglunnar á Selfossi sagðist maðurinn hafa ætlað sér að eyða verksummerkjum með því að skvetta bensíni víðs vegar um húsið og kveikja í. Rannsókn hennar bendir til þess að hann hafi verið einn að verki.

Maðurinn var handtekinn þegar hann reyndi að nota greiðslukort úr innbrotinu til að kaupa sér dekk á höfuðborgarsvæðinu stuttu eftir eldsvoðann. Hann hafði áður hringt í þjónustufulltrúa hjá banka eiganda kortsins og látið flytja fé yfir á greiðslukortið. Gaf hann þær skýringar að brunnið hefði ofan af honum og heimildin á kortinu væri fullnýtt. Þjónustufulltrúinn framkvæmdi millifærsluna án þess að maðurinn hefði getað gefið upp leyniorð reikningsins. Grunsemdir vöknuðu skömmu síðar þegar réttmætur eigandi kortsins hringdi í bankann og óskaði eftir sömu fyrirgreiðslu. Þjófurinn hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan.

Við handtöku mannsins fundust tveir hnífar, amfetamín, grammavog og ætlaður skuldalisti vegna fíkniefnakaupa í bifreið hans. Við húsleit á heimili unnustu mannsins fannst síðan þýfi úr innbrotinu og grænn bensínbrúsi. Unnustunni var sleppt í síðustu viku þar sem ekki þótti nauðsynlegt rannsóknarinnar vegna að halda henni lengur. Hún er þó enn til rannsóknar vegna meðferðar á þýfinu sem fannst á heimili hennar.

Bráðabirgðaniðurstöður tæknideildar sýndu að notaður hefði verið eldfimur vökvi til að kveikja eldinn og hefur lögreglan á Selfossi staðfest að hann hafi komið upp á fleiri en einum stað. Maðurinn sem er í haldi hefur margsinnis áður komið við sögu lögreglu vegna ýmissa brota. Hann er af höfuðborgarsvæðinu en dvaldist tíluvert í Þorlákshöfn á heimili unnustu sinnar. Gæsluvarðhald yfir honum var í gær framlengt til 9. mars og verður málið sent ríkissaksóknara þegar rannsókn þess lýkur, en hún er að sögn lögreglu vel á veg komin. thordur@frettabladid.is




**NORÐURBYGGÐ 18A** Að sögn lögreglu ætlaði maðurinn að eyða verksummerkjum innbrotsins með því að skvetta bensíni víðs vegar um húsið og bera eld að. Gæsluvarðhald yfir honum hefur verið framlengt til 9. mars næstkomandi.



**FJÁRSJÓÐUR** Gullslíður úr eigu afganska þjóðminjasafnsins. NORDICPHOTOS/AFP

Ástandið í Afganistan:

# Fornleifarán valda áhyggjum

**AFGANISTAN, AP** Fornleifarængingar eru enn stórtækir í Afganistan, þar sem ofstækisstjórn talíbana eyddi á sínum tíma skipulega stórum hluta þeirra fornmuna sem til voru í landinu. Alþjóðaráð minjasafna hóf í gær aðgerðir sem miða að því að stemma stigu við ólöglegum viðskiptum með fornmuni frá Afganistan.

Ráðið birti í gær válista yfir horfna afganska fornmuni í von um að einkasafnarar, fornmunasalar og umboðsmenn safna verði vakandi fyrir því ef slíkir munir, sem kunna að vera þjófstolnir, koma upp á yfirborðið. **- aa**

Tvö framhaldsskólaböll:

# Á slysadeild eftir ofdrykkju

**LÖGREGLUMÁL Eitt ungmenni á dansleik framhaldsskólanema í fyrrakvöld var svo illa haldið af áfengisdrykkju að því var ekið á slysadeild, að sögn lögreglu.**

**Nokkur ölvun var á tveimur skólaböllum framhaldsskólanema sem haldin voru í borginni í fyrrakvöld. Alls var haft samband við foreldra um fimmtíu unglinga og þeir beðnir að sækja börn sín. Mörg ungmennanna höfðu drukkið ótæpilega en þess ber að geta að bæði böllin áttu að sjálfsögðu að vera áfengislaus. - jss**

**BÍLL DAGSINS**

**TOYOTA COROLLA WAGON**

Nýskr. 03.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 62 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Ágóði af minningardisk um Svandísi Þulu Ásgeirsdóttur er þrjár milljónir króna:

# Nýtist Nónu Sæ í framtíðinni

**STYRKUR** „Við finnum fyrir miklum hlýhug og erum öllum þakklát,“ segir Hrefna Björk Sigurðardóttir. Börnin hennar Svandís Þula og Nóni Sær lentu í alvarlegu bílslysi 2. desember síðastliðinn. Svandís Þula, fimm ára gömul, lét lífið í slysinu en Nóni Sær lamaðist fyrir neðan mitti. Faðir systkinanna lenti einnig í slysinu en slapp án alvarlegra meiðsla.

Eftir hið hörmulega slys tóku nokkur fyrirtæki og listamenn sig saman, undir forystu Leones Tinganelli, og gáfu út geisladisk til minningar um litlu stúlkuna. Diskurinn sem ber titilinn Svandís Þula – minning hefur selst vel. Á tveimur vikum hafa um þrjú þúsund eintök selst og nemur ágóðinn um þremur milljónum króna sem renna óskiptar til Nóna Sæs.

„Lömunin er óbreytt en þetta horfir allt í rétta átt. Nóni hefur verið með meltingartruflanir og er enn innskrifaður á spítalann en getur sofið heima um nætur. Hann fer í endurhæfingu og í skólann á hverjum degi,“ segir Hrefna. Hún vill nota tækifærið og skila þakklæti til starfsfólks og nemenda í Norðlingaskóla þar sem Nóni stundar nám.

„Við höfum það eins gott og hægt er miðað við aðstæður og erum einstaklega þakklát fyrir allt það sem fólk hefur gert fyrir okkur,“ segir Hrefna.



**MÆÐGININ SAMAN** Hrefna Björk segir fjölskylduna afar þakkláta fyrir þann stuðning sem hún hefur fengið eftir slysið. Með henni á myndinni eru synir hennar Pálmi Freyr Steingrímsson og Nóni Sær Ásgeirsson. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fjárstyrkinn segir hún verða lagðan inn á framtíðarreikning Nóna og vonast hún til að féð muni hjálpa honum í framtíðinni. **- kdk**


Útsala
Götumarkaður og útsölulok!
Nú er síðasta helgi útsölunnar í Kringlunni með enn meiri verðlækkunum. Komdu og gerðu stórkostleg kaup á götumarkaðinum.
Opið 10–18 í dag
Mán. til mið. 10.00–18.30
Fimmtudagur 10.00–21.00
Föstudagur 10.00–19.00
Laugardagur 10.00–18.00
Sunnudagur 13.00–17.00
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200
Kringlan

## GENGIÐ 02.02.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,29 | 68,61 |
| Sterlingspund | 134,32 | 134,98 |
| Evra | 88,88 | 89,38 |
| Dönsk króna | 11,922 | 11,992 |
| Norsk króna | 10,931 | 10,995 |
| Sænsk króna | 9,809 | 9,867 |
| Japanskt jen | 0,5643 | 0,5677 |
| SDR | 102,08 | 102,68 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
122,3012

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

35 ára gamall Portúgali dæmdur fyrir nauðgun og stórfellda líkamsárás:

# 4 ára fangelsi fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** 35 ára gamall portúgalskur karlmaður, Americo Luis Da Silva Gonçalves, var á fimmtudag dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir nauðgun og stórfellda líkamsárás gegn 45 ára konu. Maðurinn nauðgaði konunni á heimili hennar í Vesturbænum hinn 10. september síðastliðinn. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóminn.

Maðurinn hefur ekki áður gerst sekur um brot en við ákvörðun dómsins var litið til þess hversu hrottafengið brot hans var. Maðurinn kleip í kynfæri og brjóst konunnar, sló hana bæði með flötum lófum og krepptum hnefum, sneri upp á ökkla hennar og sló honum upp við vegg. Konan hlaut eymsli víðs vegar á líkamanum í árásinni, meðal annars sprungur og bjúg á kynfærum sem reyndust svo illa leikin að ekki var unnt að skoða þau. Maðurinn hætti ekki þrátt fyrir að konan hefði margsinnis beðið hann um það.

Konan hefur þurft að glíma við alvarlegar afleiðingar árásarinnar, bæði líkamlegar og andlegar. Hún var rúmföst í viku eftir árásina, átti erfitt með svefn, fékk martraðir og átti erfitt með að fara út úr húsi. Þess vegna fór konan fram á að maðurinn greiddi henni skaðabætur og ákvað dómurinn þær skyldu vera 1.200 þúsund krónur. Manninum var og gert að greiða sakarkostnað að upphæð tæplega 700 þúsund krónur. - ifv



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Fórnarlambið hefur þurft að glíma við afleiðingar árásarinnar.

Raflínur girða borgina af:

# Matsáætlun verði frestað

**STÓRIÐJA** Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi þingmaður, hefur sent Skipulagsstofnun athugasemdir við tillögu Landsnets hf. að matsáætlun um lagningu háspennulína frá virkjunum á Hellisheiði að Straumsvík og Geithálsi. Hann vill að vinnu við áætlunina verði frestað.

Línumannvirkin eiga að bera rafmagn frá fyrirhuguðum Þjórsárvirkjunum til uppbyggingar stóriðjuvera í Straumsvík og á Grundartanga.

Hjörleifur rökstyður kröfuna um frestun með því að lögð verði fyrir í umhverfismat heildstæð áætlun um öll stóriðjuáform suðvestanlands. - ifv

Rannsókn Byrgismálsins:

# Guðmundur kærði ekki

**LÖGREGLUMÁL** Guðmundur Jónsson, fyrrverandi forstöðumaður Byrgisins, lagði ekki fram boðaða kæru hjá sýslumannsembættinu á Selfossi í fyrradag þegar hann mætti þar til skýrslutöku. Þetta staðfesti Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður.



GUÐMUNDUR JÓNSSON

Guðmundur hafði sagt í fjölmiðlum að hann myndi kæra eina af stúlkunum fjórum sem kært hafa hann fyrir kynferðislega misbeitingu meðan þær voru skjólstæðingar Byrgisins. Kvaðst Guðmundur myndu kæra stúlkuna fyrir nauðgun. Af því hefur ekki orðið enn. - jss

Maðurinn sem lenti í snjóflóði:

# Kominn til meðvitundar

**SLYS Maðurinn sem slasaðist í snjóflóði í Hrappsstaðaskál í Hlíðarfjalli 21. janúar síðastliðinn er kominn til meðvitundar. Honum er þó enn haldið í öndunarvél.**

**Læknir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri segir manninn á batavegi, en of snemmt sé að segja til um hvort hann nær fullum bata.** - sþs

## LEIÐRÉTTING

Á síðu 6 í Fréttablaðinu í gær var frétt um útkall slökkviliðs að veitingastaðnum Caruso. Vegna mistaka vantaði hluta málsgreinar þar sem eigandi staðarins lýsti yfir ánægju með viðbrögð slökkviliðsins. Þá skal ítrekað að ekki var um eldsvoða að ræða heldur var verið að ræsa pítsuofn.

# Iðnaðarráðherra vill stofna auðlindasjóð

**Gert er ráð fyrir auðlindagjaldi í heildaráætlun um nýtingu og vernd náttúruauðlinda. Hægt að byggja upp sjóð sem tekur þátt í nýsköpun, segir ráðherra. Gjaldið mun leggjast á neytendur og nýja stóriðjusamninga, segir forstjóri OR.**

**STÓRIÐJA** Í væntanlegri skipan heildaráætlunar um nýtingu og vernd náttúruauðlindanna er gert ráð fyrir því að tekið verði gjald fyrir leyfi og nýtingu. Þetta kom fram í máli Jóns Sigurðssonar, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, þegar hann setti Sprotaþing 2007 í Laugardalshöll í gær.



FRIÐRIK SOPHUSSON



GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON

„Með slíku auðlindagjaldi skapast tækifæri til að byggja upp á einhverju tímabili auðlindasjóð sem þjóðin getur notað til sérstakra þjóðþrifaverkefna. Alaskabúar hafa þegar góða reynslu á þessu sviði, en þeir endurgreiða líka öllum almenningi úr slíkum auðlindasjóði þegar arðstaða hans leyfir,“ sagði Jón.

„Ég tel að auðlindasjóður eigi að geta tekið virkan þátt í eflingu þess nýsköpunar- og sprotakerfis sem íslenska þjóðin þarf á að halda. Þá væri arðinum af auðlindum Íslendinga varið til að byggja hér undir framtíðarárangur og auk þess geta beinar greiðslur til almennings, þegar þannig ber undir, orðið öflug samfélagsstoð,“ sagði ráðherra ennfremur.





**SPROTAÞING** Alaskabúar endurgreiða öllum almenningi úr sínum auðlindasjóði þegar staða sjóðsins leyfir, sagði Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, á Sprotaþingi 2007 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þessi hugmynd er ekki algerlega ný af nálinni, því hugmyndin að stofnun auðlindasjóðs kom fram í máli Víglundar Þorsteinssonar, stjórnarformanns BM-Vallár, á fundi Samtaka iðnaðarins í lok nóvember á síðasta ári.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir að miklu skipti hvernig útfærsla auðlindagjalds geti orðið, til dæmis hvort greiða þurfi þegar virkjað er á eignarlandi.

Einhver þurfi að borga brúsann og þeir sem geri það alltaf að endingu séu kaupendur raforkunnar. Guðmundur bendir á að samningar um sölu á raforku til stóriðju séu bundnir til 20–30 ára og við þeim verði ekki hróflað. Þá leggist gjaldið á almenna notendur og nýja stóriðjusamninga.

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að samkvæmt lýsingum af ræðu ráðherra sé ekki sé ljóst nákvæmlega hvaða útfærslu hann sé að tala um, en tekur fram að hann hafi ekki heyrt ræðu Jóns Sigurðssonar í gær.

Friðrik segir að ekkert sé við því að segja ef ríkið kjósi að innheimta gjald sé virkjað á þjóðlendum eða ríkislandi, það verði þá eins og hver önnur leiga. Önnur staða sé uppi séu auðlindir á einkalandi nýttar. Þá sé þegar búið að greiða fyrir réttinn til að nýta landið og alveg út í bláinn að taka sérstakt auðlindagjald til viðbótar við það. brjann@frettabladid.is

Íslensk fyrirtæki kynna sig:

# Viðskiptanefnd til Suður-Afríku

**UTANRÍKISMÁL Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra leiðir viðskiptanefnd Útflutningsráðs til Suður-Afríku í lok þessa mánaðar. Um fimmtán fyrirtæki hafa staðfest þátttöku í ferðinni, meðal annars Icelandair, Landsbankinn og Landsvirkjun.**

**Lagt verður af stað 24. febrúar og er ferðinni heitið til Jóhannesarborgar, Pretoríu og Höfðaborgar.** - sþs



**BORINN TIL GRAFAR** Átökin hafa kostað yfir 100 manns lífið frá því Hamas komst til valda. NORDICPHOTOS/AFP

Átök Fatah og Hamas á Gaza:

# Leiðtogar boða nýtt vopnahlé

**GAZA, AP** Vopnaðir liðsmenn Fatahhreyfingarinnar gerðu árás á háskóla sem er tengdur Hamassamtökunum og kveiktu þar í byggingum í gær. Sautján manns, þar á meðal fjögur börn, létust í átökum fylkinganna, sem er mesta mannfall sem orðið hefur á einum degi frá því að í brýnu sló fyrst milli Fatah og Hamas.

Frá því skammvinnt vopnahlé var rofið á fimmtudag höfðu í gær alls 24 látið lífið og 245 særst í skotbardögum.

Leiðtogar fylkinganna sögðust í gær hafa fallist í grundvallaratriðum á nýtt vopnahlé, á fundi í egypska sendiráðinu. Fleiri fundi þyrfti til að semja um framkvæmdaatriði. Síðasta vopnahlé hélt aðeins í tvo sólarhringa. - aa







## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KÓLNAR Á SUNNUDAG**

Gangi spár eftir sjáum við bláar tölur víða á landinu á sunnudag. Eru horfur á að hann snúist í norðlægar áttir með snjókomu eða éljum á Norður- og Austurlandi en þá léttir til syðra. Við kunnum því að vera að sjá fyrir endann á hlýindunum sem leikið hafa um okkur síðustu daga. Sé horft enn lengra í kortin má greina harðnandi frost eftir helgina.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Vaxandi suðaustanátt í dag, 8-10 m/s síðdegis. Úrkomulítið í fyrstu en fer að rigna nálægt hádegi. Hiti 2-6 stig.

um hádegi »





» á morgun





5-13 m/s hægastur á Norðausturlandi. Bætir í vind um kvöldið.

» föstudagur





Vaxandi suðaustanátt vestan til síðdegis.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skúrir | London | 10°C heiðskírt | Alicante | 17°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 7°C hálfskýjað | París | 10°C heiðskírt | Mallorca | 15°C léttskýjað |
| Osló | 2°C snjóél | Frankfurt | 8°C skúrir | Algarve | 15°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 1°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 7°C hálfskýjað | Krít | 15°C heiðskírt |
| Gautaborg | 6°C skúrir | Berlín | 7°C skúrir | Las Palmas | 19°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

## Nýtt og glæsilegt Húsasmiðjublað

er komið inn á öll heimili landsins






# 40% afsláttur

## af **öllum** ljósum, auk fjölda annarra tilboða



695
1.395

**Rúlla og bakki**
25 sm
7010210



2.995
5.358

**Verkfærasett, Toolux, 24 stk**
5052769




3.990
6.990

**Veggmálning, Jotaplast**
Til notkunar á stofur og herbergi
7119800

**10 ltr.**



4.990
7.690

**Lóðasett, karla**
DS02. 18 kg handlóðasett. 2x14". Krómaður stangir m/skrúfaðri læsingu. Lóð 4x1,1 kg, 4x2,2 kg.
3899533




399
999

**Bitasett, 11 stk**
5010750

**Nauðsynlegur** í bílskúrinn



1.799
3.499

**Bílkústur, Claber**
5081645

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú með yfirdrátt?*

| | |
|---|---|
| Já | 51,8% |
| Nei | 48,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að orkufyrirtækin eigi að greiða auðlindagjald fyrir nýtingu á náttúruauðlindum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Björgólfur Thor Björgólfsson, einn fjögurra sem buðu í húsið á Fríkirkjuvegi 11:

# Ekkert gefið upp um tilboðin

**STJÓRNSÝSLA** Leynd hvílir yfir þeim fjórum tilboðum sem bárust Reykjavíkurborg í húseignina Fríkirkjuveg 11.

„Það er borgarráð sem ákveður að selja og þess vegna er ekki óeðlilegt að það sé farið eftir því sem var gefið upp í upphafi, að það sé farið með tilboð sem trúnaðarmál,“ segir Björn Ingi Hrafnsson, fulltrúi Framsóknarflokks í borgarráði.

Fresturinn til að skila inn tilboðum Fríkirkjuveg 11 rann út klukkan þrjú í gær. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er Björgólfur Thor Björgólfsson einn fjögurra sem buðu í húsið.



**FRÍKIRKJUVEGUR 11** Styttist í að þetta hús hverfi úr eigu Reykjavíkurborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óli Jón Hertervig hjá framkvæmdasviði borgarinnar segir að í samræmi við skilmála sem borgarráð ákvað verði ekkert gefið upp um nöfn tilboðsgjafanna eða innihald tilboðanna. Aðeins verði greint frá því tilboði sem kunni að verða tekið.

Björn Ingi segir ástæðu þess að skilmáli var settur um trúnað vera viðskiptahagsmuni bæði kaupanda og seljanda. Tilboðin verði sennilega til umræðu á fundi borgarráðs á fimmtudag. „Ég er afskaplega ánægður með tilboðin. Þau eru að vísu misgóð. Sum þeirra eru mjög ítarleg og það tekur meira en nokkrar mínútur að meta þau. Það lá fyrir í skilmálum borgarráðs að það yrði ekki bara farið eftir verðinu heldur einnig sögu hússins og fleiru,“ segir Björn Ingi. **- gar**

Leyniþjónustumat á Íraksmáli:

# Mjög á brattann að sækja

**BANDARÍKIN, AP Ráðamenn í Írak munu eiga mjög á brattann að sækja í tilraunum sínum til að koma á pólitískum sáttum í landinu á næstu tólf til átján mánuðum. Að þessari niðurstöðu er komist í nýrri samantektarskýrslu sextán leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna um ástand og horfur í Írak.**

**Í hinni nýju „Þjóðaröryggismatsskýrslu“ segir enn fremur að vaxandi klofningur milli stríðandi fylkinga í Írak, vanmáttugar öryggissveitir og tilhneiging til ofbeldis skapi eldfima blöndu sem ekki gefi tilefni til bjartsýni.** **- aa**

Krónikan
NÝTT VIKURIT
KEMUR 15. FEBRÚAR
AUGLÝSINGASÍMI 414 9410
ÁSKRIFTARSÍMI 414 9414

# Tvímæli um hlýnun tekin af í skýrslu SÞ

**Hlýnun jarðar er mjög líklega af mannavöldum samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna. Skýrsluhöfundar hvetja stjórnvöld til að grípa til aðgerða. Bandarísk stjórnvöld ítreka andstöðu sína við reglur um losun gróðurhúsalofttegunda.**

**PARÍS, AP** Niðurstöður nýrrar skýrslu sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eru skýrar: hlýnun loftslagskerfisins er ótvíræð, orsökin er mjög líklega af mannavöldum og ógnin sem af þessu stafar mun vera til staðar um komandi aldir.

Samkvæmt skýrslunni, sem var kynnt í gær, má kenna losun mannsins á gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið um færri kalda daga, heitari nætur, mannskæðar hitabylgjur, flóð og úrhellisrigningar, hrikalega þurrka, aukna tíðni fellibylja og aukinn styrk hitabeltisstorma.

Skýrslan, sem á þriðja þúsund vísindamanna frá 113 ríkjum unnu, lýsir einungis ástandi og þróun loftslagsmála í heiminum og bendir ekki á nein úrræði. Skýrsluhöfundar beina því þó til stjórnvalda í heiminum að hætta öllum vífilengjum og grípa til aðgerða. Seinna á þessu ári mun nefndin skila annarri skýrslu þar sem fjallað verður um áhrifaríkustu leiðir til að hægja á hlýnun lofthjúps jarðar.

Ráðamenn víða um heim lýstu í gær yfir áhyggjum af þeirri dökku mynd sem dregin er upp í skýrslunni. „Við erum á sögulegum þröskuldi hins óafturkræfa,“ sagði Jacques Chirac, forseti Frakklands, sem kallaði eftir efnahagslegri og pólitískri byltingu til að bjarga jörðinni. „Á meðan loftslagsbreytingar verða á hlaupahraða hérans eru stjórnmálin á hraða snigils, annað hvort aukum við hraðann eða við hættum á stórslys,“ sagði umhverfisráðherra Ítalíu, Alfonso Pecoraro Scanio.

Stjórnvöld í Bandaríkjunum, sem losa mest allra þjóða af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið, gáfu út yfirlýsingu í gær þar sem þau ítrekuðu andstöðu sína við reglur um leyfilega losun gróðurhúsalofttegunda sem margar þjóðir hafa lýst sig fylgjandi. **sdg@frettabladid.is**



**ÍSBIRNIR Í SJÁLFHELDU** Talið er að hafís í heimskautahöfunum hverfi með öllu yfir sumartímann á seinni hluta 21. aldarinnar vegna hlýnunar jarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR SKÝRSLUNNAR

**ORSÖK:** Hlýnun jarðar er sögð vera mjög líklega af manna völdum og er það afdráttarlausasta niðurstaða sem fengist hefur hingað til. Gróðurhúsalofttegundir í andrúmsloftinu hafa greinilega aukist sökum athafna mannsins síðan 1750, aðallega vegna notkunar jarðefnaeldsneytis á borð við olíu, gas og kol, og vegna landbúnaðar.

**HORFUR:** Með þeirri hlýnun jarðar sem nú er hafin mun hækkun hitastigs og hækkun sjávarmáls halda áfram um komandi aldir burtséð frá hvernig mannkynið nær að stýra mengun. Það er mjög líklegt að hitabylgjur og úrhellisrigningar muni halda áfram að aukast. Undir lok þessarar aldar mun hafís í Norður-Íshafinu hugsanlega hverfa nánast alveg yfir sumartímann.

**HITASTIGSBREYTINGAR:** Spáð er að hitastig hækki um 1,1 til 6,4 gráður á Celsíus fram til ársins 2100. Vísindamenn sögðust vissari en nokkru sinni fyrr um hækkun hitastigs.

**SJÁVARMÁL:** Áætlað að það muni hafa hækkað um 18 til 58 sentímetra við lok þessarar aldar. Tíu til tuttugu sentímetra viðbótarhækkun er möguleg ef nýleg, óvænt bráðnun heimskautaíss heldur áfram.

**HVIRFILBYLJIR:** Meiri líkur en minni eru á að aukna tíðni hvirfilbylja og aukinn styrk hitabeltisstorma frá árinu 1970 megi rekja til hlýnunar jarðar af mannavöldum.

Aðgerðir íslenskra stjórnvalda:

# Stefna kynnt á næstu vikum

**LOFTSLAGSMÁL** „Alþjóðasamfélagið, sem við Íslendingar erum hluti af, þarf að taka þessa spá alvarlega og bregðast við,“ segir Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra um skýrslu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Á næstu vikum verður kynnt ný stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum.



**JÓNÍNA BJARTMARZ**

„Stefnan gengur annars vegar út á aðgerðir til að draga úr losun og hins vegar aðlögun að loftslagsbreytingum.“

Jónína segir spár um hækkun sjávarmáls og að Norður-Íshaf verði íslaust að sumarlagi um miðja öldina sérstaklega snúa að Íslandi.

„Hækkun sjávarborðs skiptir máli fyrir hvers konar hafnarmannvirki. Þá þurfum við að bregðast við auknum og breyttum siglingaleiðum í Norður-Íshafi.“ **- sdg**

NLP Námskeið
Neuro - Linguistic - Programming

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Langar þig í betri líðan?
- Finnst þér að fáir skilji þig?
- Er eitthvað í fari þínu sem þú vilt vinna bug á?
- Finnst þér að öðrum gangi betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni sem þú byrjar á?
- Finnst þér erfitt að höndla gagnrýni?

Með NLP aðferðum getur þú auðveldlega breytt lífi þínu og skapað þína eigin framtíð.
NLP er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu.

NLP Námskeið verður haldið 9.-11. og 16.-18. febrúar.

Leiðbeinandi: Kári Eyþórsson MPNLP.
Upplýsingar í síma: 894-2992
Netfang: kari@ckari.com
Nánari upplýsingar um NLP má finna á: www.ckari.com



Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.




REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar


Útsala
Útsala
Útsala
ALLA HELGINA
ÚTSÖLULOK
GÖTUMARKAÐUR OG EKTA MARKAÐSSTEMNING
ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hver var valin söngkona ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum?*

*2 Hvað heitir nýja Rocky-myndin?*

*3 Hver er forseti Venesúela?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 58

Erindreki SÞ kynnir áætlun sína um framtíðarstöðu Kosovo:

# Serbar hafna tillögunum

**SERBÍA, AP** Martti Ahtisaari, sérlegur erindreki Sameinuðu þjóðanna í Kosovo-málinu, kynnti í gær miðlunartillögu sína um framtíðarstöðu Kosovo fyrir fulltrúum Serbíustjórnar í Belgrad og hinnar kjörnu bráðabirgðaheráðsstjórnar í Pristina.

Í áætluninni leggur Ahtisaari til að Kosovo verði sjálfráða eining undir alþjóðlegu eftirliti, sem geti sett sér sína eigin stjórnarskrá og sótt um sjálfstæða aðild að alþjóðastofnunum. Þess er annars gætt að nefna hvergi orðið „sjálfstæði“.

Það dugar þó Serbíustjórn ekki. Boris Tadic Serbíuforseti hafnaði áætluninni snarlega. „Ég tjáði herra Ahtisaari að Serbía og ég, sem forseti landsins, mundum aldrei fallast á sjálfstæði Kosovo,“ lýsti Tadic yfir að loknum fundi þeirra Ahtisaaris.

Talsmenn Kosovo-Albana voru heldur ekki sáttir, en þeir krefjast fulls sjálfstæðis. „Þetta er miðlunartillaga,“ sagði Ahtisaari.

Serbar rekja sögulegan uppruna þjóðarinnar til Kosovo, en níu af hverjum tíu núverandi íbúum héraðsins eru Kosovo-Albanar. **- aa**



**MARTTI AHTISAARI** Erindreki SÞ, til hægri, heilsar forseta Kosovo-stjórnar, Fatmir Sejdiu, í Pristina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

6 mánaða fangelsisdómur:

## Sló og sparkaði í höfuð manns

**DÓMSMÁL Tæplega fimmtugur síbrotamaður hefur verið dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás sem hann framdi á skemmtistaðnum Mónakó á Laugavegi í september árið 2005. Maðurinn hrinti öðrum manni af stól og sló og sparkaði í höfuð hans og líkama. Fórnarlambið marðist í andliti, á höfði og brjóstkassa í árásinni.**

**Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóminn og eru 4 mánuðir hans skilorðsbundnir.**

**Maðurinn hefur 17 sinnum hlotið refsidóma fyrir margvísleg brot. Honum var einnig gert að greiða sakarkostnað í málinu, rúmlega 200 þúsund krónur. - ifv**

Samgönguráðuneytið:

## Kjartan stýrir Umferðarráði

**SAMGÖNGUR** Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, hefur verið skipaður formaður Umferðarráðs af Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra.

Kjartan hefur áður setið í samgöngunefnd Reykjavíkur, umhverfisráði og skipulagsráði. Einnig var hann lengi formaður nefndar um gerð umferðaröryggisáætlunar í Reykjavík.

Óli H. Þórðarson, sem hefur verið formaður Umferðarráðs um árabil, lét af störfum síðastliðið haust. **- kóþ**

**UMFERÐIN**

### Tveir fullir fyrir kvöldmat

Lögreglan hafði hendur í hári tveggja ökumanna, sem voru teknir ölvaðir undir stýri síðdegis í gær. Annar maðurinn var gómaður á Arnarnesinu en hinn á Höfðabakka.

**BANDARÍKIN**

### Hryðjuverkaótti í Boston

Tveir karlmenn á þrítugsaldri voru í gær dæmdir í gæsluvarðhald fyrir að hafa komið upp rafmagnslýstum auglýsingabúnaði á áberandi stöðum í Bostonborg og hafa með því valdið umferðaröngþveiti þar sem útlit búnaðarins kveikti ótta um að um sprengjur væri að ræða.

# Rannveig segir framtíð álvers og starfsmanna í húfi

**Rannveig Rist segir að stækka þurfi álverið, þannig að framleiðslugeta þess verði 460 þúsund tonn í stað 180 þúsund, til að tryggja samkeppnishæfni þess. Hannes G. Sigurðsson segir stækkað álver auka tekjur Hafnarfjarðarbæjar um tæpan milljarð. Tekjur ríkisins af stækkuðu álveri verða á milli fjórir og fimm milljarðar.**

**STÓRIÐJA** Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, segir framtíð Alcan á Íslandi og starfsmanna álversins í Straumsvík velta á því hvort Hafnfirðingar samþykki fyrirhugaða stækkun álversins í íbúakosningu þann 31. mars. Rannveig sagði þetta í fyrirlestri á stefnumóti Alcan og Samtaka atvinnulífsins í Hafnarborg í Hafnarfirði í gær. Yfirskrift stefnumótsins var Hagsæld í Hafnarfirði. Þar var fjallað um atvinnulífið í bænum og fyrirhugaða stækkun álversins.

Rannveig sýndi graf á stefnumótinu um samkeppnishæfni álversins í Straumsvík í alþjóðlegu samhengi og sagði að það þyrfti að stækka álverið til að tryggja samkeppnishæfni þess. „Þau álver sem eru efst á kúrfunni yfir háan framleiðslukostnað detta smám saman upp fyrir í bókstaflegri merkingu, þeim er lokað. Það má segja að með því að stækka ekki verksmiðjuna, á meðan aðrar verksmiðjur stækka eða stærri verksmiðjur eru byggðar, þá ýtumst við ofar á kúrfuna. Án þess að halda áfram að þróa fyrirtækið þá verður það smám saman ósamkeppnisfært. Það er þróunin sem við óttumst,“ segir Rannveig.

Jafnframt sagði hún, og varpaði mynd af dreng í FH-búningi á skjáinn, að Alcan vildi sýna mikla samfélagslega ábyrgð. „Ef fyrirtækið stækkar og blómstrar munu styrkir frá fyrirtækinu aukast eftir því sem árin líða,“ sagði Rannveig.

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði í sínum fyrirlestri að með stækkun álversins myndu skapast 303 ný störf hjá Alcan og að launagreiðslur ykust um tæpa 2 milljarða. Hannes sagði að tekjur Hafnarfjarðarbæjar myndu hækka úr tæpum 500 milljónum í rúmar 1.400 ef af stækkun yrði. Jafnframt sagði Hannes að eftir að Alcan hefði fært sig yfir í íslenskt skattaumhverfi og greiddi 18 prósenta tekjuskatt myndu árlegar tekjur ríkisins vegna starfsemi Alcan verða 4 til 5 milljarðar ef álverið yrði stækkað.

Undir lok stefnumótsins skoraði fundarstjórinn Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, á Hafnfirðinga að greiða atkvæði með stækkun álversins í Straumsvík, því með því myndu skapast störf sem færðu verkamönnum um 300 þúsund krónur á mánuði og iðnaðarmönnum um 450 þúsund krónur á mánuði. Vilhjálmur sagði að þetta væru störf sem yrðu ekki til nema með „vinnu, vinnu, vinnu“ og yrðu ekki til á kaffihúsum.

ingifreyr@frettabladid.is



**RANNVEIG RIST** Segir framtíð Alcan á Íslandi og starfsmanna álversins í Straumsvík í húfi þegar Hafnfirðingar kjósa um deiliskipulag, sem felur í sér stækkun álversins í Straumsvík, hinn 31. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Reykjavíkurborg:

## Nýr sviðsstjóri Menntasviðs

**BORGARMÁL** Ragnar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, hefur verið ráðinn sviðsstjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar.



**RAGNAR ÞORSTEINSSON**

Ragnar lauk meistaraprófi í stjórnun frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, hann er einnig menntaður grunn- og framhaldsskólakennari frá Kennaraháskóla Íslands og með BS-próf í landafræði og jarðfræði. **- kdk**

**ÞÝSKALAND**

### Umbótaáætlun samþykkt

Umbótaáætlun þýsku stjórnarinnar í heilbrigðismálum, sem hún hefur svo að segja lagt líf sitt við, var samþykkt í neðri deild þingsins í gær. 43 af 448 þingmönnum stjórnarflokkanna, jafnaðarmanna og kristilegra demókrata, greiddu atkvæði á móti.

**SÓMALÍA**

### Skæruliðar láta að sér kveða

Eftirleguskæruliðar efndu til árása hér og þar í Sómalíu í gær. Stúlka dó er sprengja sprakk í stúlknaskóla í Mogadishu og sprengjuvörpuárásir í fyrrinótt bönuðu að minnsta kosti átta manns í höfuðborginni.

# Hönnunarkeppni
## Hagkaupa

Frábærar viðtökur voru við Hönnunarkeppni Hagkaupa sem haldin var í fyrsta skipti í fyrra. Met þátttaka var í keppninni og bárust yfir 100 umsóknir. Síðast liðið haust kom í sölu í Hagkaupum fatalína frá sigurvegaranum Sunnu Dögg Ásgeirsdóttur og einnig barnafatalína frá Helgu Ólafsdóttur sem varð í öðru sæti.

**Í ár verður Hönnunarkeppni Hagkaupa með öðru sniði en í fyrra. Keppt er í hönnun á grafík til að prenta á fatnað og selja í verslunum. Með þessu framtaki vilja Hagkaup styðja við bakið á íslenskum hönnuðum og gera þeim kleift að koma hönnun sinni á framfæri.**

**Hagkaup leita eftir grafík (prentverki) til að prenta á hvaða fatnað sem er (t.d. boli, náttföt, nærföt, skó ofl. ) fyrir alla aldurshópa.**

Öllum er heimil þátttaka og engar hömlur eru settar á fjölda hugmynda frá hverjum þátttakenda. Bestu hugmyndirnar verða valdar og hönnuðir þeirra beðnir um að útfæra hönnun sína enn frekar fyrir tískusýningu sem verður haldin í Smáralind í apríl.

Vegleg verðlaun eru í boði og vinningshafar fá einnig að fylgjast með framleiðslu og sölu á sinni hönnun.

**Veitt verða þrenn verðlaun:**

| | |
|---|---|
| **1. Verðlaun** | **150.000kr** |
| **2. Verðlaun** | **100.000kr** |
| **3. Verðlaun** | **70.000kr** |

Hugmyndir óskast sendar á skrifstofu Hagkaupa í Skeifunni 15, 108 Reykjavík, merktar Hönnunarkeppni Hagkaupa. Skilafrestur er til 1. mars næstkomandi.

Framkvæmdarstjóri keppninnar er Hildur Guðný Guðlaugsdóttir, innkaupamaður hjá Hagkaupum. Allar nánari upplýsingar um keppnina er að finna á www.hagkaup.is. Vinsamlegast beinið fyrirspurnum á netfangið hildur@hagkaup.is.



**Í dómnefnd eru:**

**Erpur Eyvindarson,** listamaður
**Sunna Dögg Ásgeirsdóttir,** sigurvegari í fyrra
**Sigríður Gröndal,** innkaupastjóri sérvöru Hagkaupa
**Herdís Hrönn Árnadóttir,** fatahönnuður hjá Hagkaupum
**Olga Gunnarsdóttir,** fatahönnuður hjá Hagkaupum
**Valgerður Helga Schopka,** fatahönnuður hjá Hagkaupum

Hagkaup áskilja sér rétt til að nota þær hugmyndir sem verðlaunaðar verða til fjöldaframleiðslu en semja um hugsanlega notkun á öðrum hugmyndum.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**FRUMLEG MARKAÐSSETNING** Japanskt kynningarfyrirtæki hefur hafið auglýsingaherferð á eggjum. Límmiðar sem auglýsa skyndinúðlur með kjúklingabragði prýða þessi egg. NORDICPHOTOS/AFP

Starfsemi og umfang flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli hefur aukist til muna:

# Allur völlurinn á einni hendi

**SAMGÖNGUMÁL** Yfirfærsla á flugtengdum verkefnum varnarliðsins yfir til flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar lauk síðastliðið haust. Við það urðu töluverðar breytingar á umsvifum og rekstri stjórnarinnar, enda gífurleg viðbót við þá starfsemi sem áður heyrði undir embættið. Meðal þeirra deilda sem fluttust yfir voru slökkvilið og þjónustudeild flugvallarins. Alls fjölgaði starfsmönnum flugmálastjórnarinnar um 135 við þessar breytingar.

Björn Ingi Knútsson flugvallarstjóri segir að yfirfærslan hafi gengið vel og að starfsemin hafi slípast til á skömmum tíma. „Þetta var og er ansi mikið verkefni en samstilltur hópur starfsmanna, hvort sem þeir voru starfsmenn flugmálastjórnar eða þeir starfsmenn sem voru að flytjast yfir frá varnarliðinu, gerði það að verkum að þetta hefur gengið vonum framar.“



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Starfsmönnum hefur fjölgað úr 70 í 205.

Hann segir auðveldara að reka flugvöllinn nú en áður þegar hann heyrir undir færri aðila. „Nú er þetta á einni hendi á forræði flugvallarstjóra. En þetta hefur auðvitað heilmikla kostnaðaraukningu í för með sér. Aukin framlög beint úr ríkissjóði til okkar á árinu 2007 nema tæpum einum og hálfum milljarði og tekjur okkar eru áætlaðar í kringum 1.100 milljónir. Við erum líka að fara úr því að vera með um 70 starfsmenn hér áður í 205 starfsmenn. Það er því tvöföldun í veltu og þreföldun í starfsmannahaldi.“ - þsj

Karlmaður dæmdur:

# Smyglaði 730 hassgrömmum

**DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að smygla 730 grömmum af hassi innvortis hingað til lands frá Spáni. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóminn.**

**Maðurinn var handtekinn þegar hann kom hingað til lands í ágúst 2006 og lagði lögreglan hald á hassið næstu daga á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í Reykjavík. Ákærði játaði brot sitt og sýndi iðrun og var litið til þess við ákvörðun dómsins. Honum var gert að greiða 240 þúsund króna sakarkostnað.** - ifv

Ekið á hreindýr:

# Nauðsynlegt að aflífa dýrið

**LÖGREGLUMÁL** Ekið var á hreindýr við Þorgeirsstaðaá í Lóni í nágrenni Hafnar í Hornafirði í fyrrinótt. Lögreglan segir að ekki hafi orðið slys á fólki en nauðsynlegt hafi verið að aflífa hreindýrið, sem var mikið sært eftir áreksturinn. Bíllinn skemmdist þó lítillega.

Lögreglan ítrekar við ökumenn að aka varlega á þessum slóðum og hefur farið í gang með umferðarátak. - kdk

**ÚTIVIST**

### Frítt á gönguskíði í Ásbyrgi

Þjóðgarðurinn í Ásbyrgi ætlar að bjóða upp á skíðagöngukennslu í samstarfi við Skíðasamband Íslands og lána áhugasömum búnað án endurgjalds. Opið verður allar helgar í vetur þar til snjó tekur upp.

Skólastjóri Álftanesskóla segir umræður um Vinaleið Þjóðkirkjunnar á misskilningi reistar:

# Skóli sé fyrirmynd frekar en spegilmynd

**MENNTUN** „Ég sé ekki að nærvera prests hér innan skólans hafi truflað einn eða neinn,“ segir Sveinbjörn Markús Njálsson, skólastjóri Álftanesskóla. „Enda á Vinaleiðin vel saman við þá mannræktarstefnu sem við erum með í skólanum.“

Sveinbjörn fer ekki leynt með þá skoðun sína að í ljósi þess að meirihlutinn aðhyllist Þjóðkirkjuna og í ljósi hefðarinnar eigi Þjóðkirkjan að fá pláss í skólastarfi umfram önnur trúfélög. Skólinn eigi ekki endilega að vera spegilmynd alls þjóðfélagsins heldur fyrirmynd fyrir börnin.

„Og það er mjög gott að umræða sé um sálgæsluna,“ segir Sveinbjörn. „Hún er framlenging á þeirri stoðþjónustu sem kirkjan hefur boðið sínum sóknarbörnum og er okkur mjög mikilvæg. Hún er að hlusta á og hlúa að tilfinningum, en ekki trúboð.“ Að mati Sveinbjörns er það misskilningur að sálgæsla eigi að vera í höndum sálfræðinga því hún snúist um að rækta gildi og læra af mistökum. Að auki hafi fólk mismunandi hugmyndir um hlutverk sálfræðinga í skólanum.

Góð reynsla er af ýmiss konar starfsemi félagasamtaka innan skólans, segir Sveinbjörn. Ungmennafélagið hafi lengi verið virkur samstarfsaðili. Einnig hafi Gídeonfélagið gefið Nýja testamentið um áraraðir.

Aðspurður vill Sveinbjörn þó ekki að Kóraninum verði dreift í skólanum. „Það byggist á því að ég þekki ekki og hef ekki kynnt mér með sama hætti Múhameðstrú. Það þýðir ekki að ég treysti þeim ekki, en hér erum við auðvitað með áttatíu prósent nemenda sem tilheyra Þjóðkirkjunni.“ - kóþ



**SVEINBJÖRN MARKÚS NJÁLSSON ÁSAMT NEMENDUM** Segir Vinaleiðina góðan farveg fyrir þau áttatíu prósent nemenda sem séu í Þjóðkirkjunni. Þróunarverkefnið sé á forsendum skóla og kirkju, en á ábyrgð skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


# Skipuleggjum skpiulagið



**KOMPLEMENT** fataslá 100 cm **695,-**

**KOMPLEMENT** skúffa með hólfum **3.790,-**

**KOMPLEMENT** buxnaslá 100 cm **2.790,-**

**PAX** fataskápur 100x58x236 cm birkiáferð **9.450,-**

**PAX** fataskápur 50x58x236 cm birkiáferð **8.450,-**

**KOMPLEMENT** vírkarfa 50x58x16 cm **895,-**

**KOMPLEMENT** skartgripakassi með lás **4.990,-**

**KOMPLEMENT** skúffa 100x58x16 cm **3.990,-**

**KOMPLEMENT** geymslukassar 30x35 cm 3 stk. í pk. **1.990,-**

**KOMPLEMENT** innskotshilla 100 cm **2.290,-**

**KOMPLEMENT** skórekki 100 cm **4.990,-**

©Inter IKEA Systems B.V. 2007

## PAX & KOMPLEMENT hirslur

Í nýrri verslun IKEA í Garðabæ getur að líta glæsilegt úrval af PAX fataskápum og geymslulausnum. Hér sést aðeins brot af þeim.
PAX fataskáparnir fást í tveimur dýptum, 50 og 35 cm, og þremur hæðum, 77, 201 og 236 cm. Til eru 17 mismunandi gerðir af PAX hurðum/rennihurðum og í 8 stærðum. Þú getur einnig raðað saman mismunandi hurðum til að skapa meiri fjölbreytni og persónuleika. Hér er aðeins brot af þeim útfærslum sem hægt er að fá. Komdu við hjá okkur og skoðaðu úrvalið, einnig er skemmtilegt PAX skipulagsforrit á netinu, þar sem þú getur sett upp þinn eigin draumaskáp.
**http://ikea.is/start.htm**

Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga



195,-

IKEA Restaurant & Café

Grænmetisbuff
með graslaukssósu, kúskús og grænmeti



290,-

IKEA Restaurant & Café

IKEA®

Opið virka daga 10.00 - 20.00
Opið laugardaga 10.00 - 18.00
Opið sunnudaga 12.00 - 18.00
Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun

**www.IKEA.is**

www.toyota.is




## Nýr Corolla - frumsýndur 3. febrúar

Núna kynnist þú stærri Corolla en þú hefur áður þekkt. Hann er glæsilega hannaður og hefur framúrskarandi aksturseiginleika. Innanrýmið er meira en áður og þar hefur verið nostrað við hvert smáatriði til að tryggja öryggi og þægindi farþega og ökumanns. Nýr Corolla er bíllinn sem þig langar í, bíllinn sem leyfir þér að vera eins og þú vilt vera, þar sem þú nýtur þín best.

Komdu á frumsýningu á nýjum Corolla um helgina hjá umboðsmönnum Toyota um allt land.

Opið í dag laugardag 12-16 og sunnudag 13-16.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.093 **+0,02%** **Fjöldi viðskipta:** 504 **Velta:** 9.920 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Kaupþing** | +0,42% | **Tryggingamiðstöðin** | -1,43% |
| **FL Group** | +0,34% | **Bakkavör** | -1,34% |
| | | **Eimskipafélagið** | -0,93% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,19 +0,00% ... Actavis 70,00 -0,57% ... Alfesca 4,83 +0,00% ... Atlantic Petroleum 573,00 +0,00% ... Atorka 6,60 +0,00% ... Bakkavör 66,30 -1,34% ... Eimskipafélagið 31,90 -0,93% ... FL Group 29,70 +0,34% ... Glitnir 25,60 +0,00% ... Kaupþing 956,00 +0,42% ... Landsbankinn 30,00 -0,33% ... Marel 73,70 -0,14% ... Mosaic Fashions 14,40 -0,35% ... Straumur-Burðarás 19,20 +0,00% ... Össur 110,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Neytendaþrýstingur á netinu**
Tölvupóstur gengur nú manna í millum þar sem neytendur eru hvattir til að fylgjast með þeim birgjum sem vörur frá hafa hækkað að undanförnu. Síðan fylgir langur listi af ýmis konar þekktum neysluvörum sem eiga það allar sameiginlegt að vera innfluttar, framleiddar úr innfluttri vöru eða vera innlendar landbúnaðarvörur. Margir birgjar verslana barma sér undan þessari nýstárlegu neytendavakningu og benda á þá glímu sem fylgir óstöðugri mynt og samningsbundnum verðhækkunum til bænda. Hitt er ljóst að yfir þeim voma vökulli augu en oft áður, enda íslenskir neytendur ekki þekktir að mikilli verðvitund, sérstaklega þeir sem ólust upp á verðbólguárunum.

**Rokur um okur**
Mikill hagnaður bankanna hefur farið fyrir brjóstið á mörgum. Mikill hagnaður á sér ekki langa sögu í rekstri íslenskra fyrirtækja og stutt síðan að allur hagnaður var afgreiddur sem illa fengið fé. Hagnaður er lífsnauðsynlegur fyrirtækjum og án hans hrörna þau og fara á hausinn. Þegar fyrirtæki hagnast, gera þau eitthvað við hagnaðinn. Hluti fer til hluthafa og hluti í nýjar fjárfestingar sem aftur skapar vinnu og tækifæri. Þannig virkar nú þessi hringrás og fyrir þá sem hugsa meira á þeim nótunum er hagnaðurinn frekar jákvætt fyrirbæri. Árferði í rekstri virðist víðar gott en hér og skila til að mynda olíufélög heimsins nú methagnaði hvert af öðru. Google skilaði líka methagnaði og spurning á hverjum þeir eru að okra?

## MARKAÐSPUNKTAR...

Hagnaður Eyris Invest árið 2006 nam 1.664 milljónum króna eftir skatta sem jafngildir 17,5 prósenta arðsemi eiginfjár á árinu. Eyrir Invest á meðal annars 30 prósenta eignarhlut í Marel og 16 prósenta hlut í Össuri.

Samkvæmt spá Greiningar Glitnis mun gengisvísitalan sveiflast á milli 122 og 130 stiga á árinu. Á seinni hluta árs er svo gert ráð fyrir að gengið lækki í kjölfar stýrivaxtalækkana og gengisvísitalan verði í kringum 130 stig.

Um fimmtán íslensk fyrirtæki hafa staðfest þátttöku í ferð viðskiptasendinefndar Útflutningsráðs til Suður-Afríku í lok mánaðarins. Meðal þeirra eru Icelandair, Landsbankinn, Marel og Landsvirkjun.



**Í SUNDAHÖFN** Erlendir sérfræðingar ræddu viðskiptahalla landsins og efnahagsumhverfi í tengslum við rekstrarumhverfi bankanna í fyrra. Þeir hafa með uppgjörum sínum hrakið hrakspár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bankarnir fá hrós

### Moody's segir bönkunum hafa orðið „vel ágengt".

Þremur stærstu bönkum Íslands hefur orðið „vel ágengt" eftir að hafa fjölgað fjármögnunarleiðum og bætt lausafjárstöðu sína í kjölfar vangaveltna fjárfesta um stöðu þeirra, að mati Moody's Investor Service. Í viðtali við fréttaveitu Bloomberg bendir Lynn Valkenaar, sérfræðingur fyrirtækisins á að allir séu bankarnir nú í þeirri stöðu að geta í 12 mánuði látið hjá líða að sækja sér fjármagn.

Moody's bendir á að uppgjör bankanna hafi verið góð og hagnaður aukist mikið hjá þeim öllum. „Við höfum séð getu þeirra til að skila góðri niðurstöðu þrátt fyrir að markaðir hafi haft áhyggjur af íslensku efnahagslífi og skuldastöðu þjóðarbúsins," segir Lynn Valkenaar. **- óká**

# Ráðuneytið hugleiðir breytingar á skattalögum

### Skattlagning söluhagnaðar fyrirtækja af hlutabréfum er umdeild. Fjármálaráðuneytið hefur framkvæmdina til skoðunar.

Fjármálaráðuneytið hefur í skoðun skattalagabreytingar sem meðal annars gætu falið í sér niðurfellingu skatta af söluhagnaði fyrirtækja á hlutafé. Skattur þessi er reyndar lítið innheimtur þar sem fyrirtæki geta frestað honum með endurfjárfestingu.

Þannig frestaði Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki tíu milljarða króna skattgreiðslu með því að fjárfesta í dótturfélagi sínu. Þar sem ekki stendur til að selja þann hlut á ný þarf bankinn ekki að taka skattaskuldbindinguna fram í ársuppgjöri sem fegrast að sama skapi. Eins og lögum er háttað hverfur þó ekki skuldbindingin kæmi til þess að bankinn myndi selja á ný.



**BIRKIR LEÓSSON**

„Almennt séð gildir varðandi söluhagnað félaga af hlutabréfum að þeim er heimilt að fresta söluhagnaðinum með kaupum á öðrum hlutabréfum," segir Birkir Leósson, yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte, og bætir við að í því sambandi skipti í raun engu máli í hvaða félagi sé keypt, í hverra eigu það sé eða hvers lenskt. Þá bætir hann við að skattanefnd Félags löggiltra endurskoðenda hafi lagt til við fjármálaráðuneytið að skattskylda söluhagnaðar af hlutabréfum yrði felld niður. „Eins og raunin er víðast hvar í nágrannalöndum okkar, í það minnsta að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þetta er svipað og með arðinn sem er skattfrjáls á milli tveggja félaga, á endanum borgar hluthafinn fjármagnstekjuskattinn þegar hann fær arðinn til sín. Sama myndi gilda um söluhagnaðinn af hlutabréfunum."

Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, segir skattamál í stöðugri skoðun í ráðuneytinu. „En í skýrslu nefndar um alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi voru reifaðar ýmsar hugmyndir, þar á meðal að breyting yrði gerð á skattalegri meðferð söluhagnaðar hjá lögaðilum. Yfir það er verið að fara, ásamt ýmsum öðrum hugmyndum sem settar voru fram í þessari skýrslu." Baldur segir vinnuna enn ekki komna á það stig að farið sé að huga að smíði lagafrumvarps. „Og þótt komið hafi upp í fréttaflutningi tilfærslur á félögum til Hollands þá breytir það ekki því að hugmyndin um breytingu á skattalegri meðferð lögaðila hér var þegar komin upp á borðið og er til skoðunar."

**olikr@frettabladid.is**







# Jón Diðrik nýr forstjóri Glitnis á Íslandi

Jón Diðrik Jónsson hefur verið skipaður forstjóri Glitnis á Íslandi. Þetta var meðal þeirra breytinga á skipulagi Glitnis sem kynntar voru í gær. Er þeim ætlað að efla starfsemi bankans á Íslandi og laga skipulagið að þeim breytingum sem orðið hafa á bankanum með hröðum vexti á erlendum mörkuðum.

Jafnframt var tilkynnt um opnun skrifstofu í New York sem ætlað er að styðja við frekari vöxt bankans í Norður-Ameríku.

Nýtt skipulag Glitnis greinist í þrennt; þjónustusvið, landsvæði og stoðsvið. Þjónustusviðin skiptast í markaðsviðskipti, fjárfestingabankasvið, fyrirtækjasvið og eignastýringasvið. Landfræðilega mun starfsemin greinast í landsvæðin Ísland, Norðurlönd, Evrópu og Alþjóðasvið. Stoðsviðin eru sem fyrr fjármálasvið, rekstrarsvið og þróunarsvið.



**JÓN DIÐRIK JÓNSSON, NÝR FORSTJÓRI GLITNIS Á ÍSLANDI** Glitnir kynnti í gær breytingar sem ætlað er að efla starfsemi bankans á Íslandi.

Í fréttatilkynningu er haft eftir Bjarna Ármannssyni, forstjóra Glitnis, að markmið skipulagsbreytinganna sé að tryggja markvissa og arðsama samþættingu allra rekstrareininga bankans og undirbúa jarðveginn fyrir frekari vöxt. **- hhs**

Krónikan
NÝTT VIKURIT
KEMUR 15. FEBRÚAR
AUGLÝSINGASÍMI 414 9410
ÁSKRIFTARSÍMI 414 9414

# Metár FL Group í takti við væntingar

FL Group skilaði 44,6 milljarða króna hagnaði á síðasta ári samanborið við 17,5 milljarða hagnað ári fyrr. Aukningin nemur 158 prósentum á milli ára. Þar af nam hagnaður FL Group á fjórða ársfjórðungi 33,6 milljörðum króna en það er 215 prósenta aukning á milli ára og nokkuð yfir meðalspá greiningardeilda bankanna.

Eigið fé FL Group nam 142,6 milljörðum króna við síðustu áramót en það er 92 prósenta aukning og var arðsemi eigin fjár 42,9 prósent.

FL Group varð hreint fjárfestingafélag á árinu eftir að það seldi flugfélögin Icelandair Group með 23 milljarða króna hagnaði og danska flugfélagið Sterling Airlines til Northern Travel Holding ehf. á síðasta ársfjórðungi. FL Group eignaðist 34,8 prósenta hlut í félaginu í kjölfarið. Þá seldi félagið jafnframt 16,9 prósenta hlut sinn í breska lággjaldaflugfélaginu EasyJet og bæði keypti og seldi 22,6 prósenta hlut sinn í Straumi-Burðarási. Á móti jók FL Group við sig í Glitni, finnska flugfélaginu Finnair og keypti tæpan 6 prósenta hlut í bandaríska flugrekstrarfélaginu AMR Corporation undir lok árs.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, segir í uppgjörinu að árangurinn sé einstaklega góður. „Við horfum til ársins 2007 með mikilli bjartsýni og markmið okkar er að ná enn betri árangri.“ - jab

**SPÁR OG AFKOMA FL GROUP Á 4. ÁRSFJ. 2006 ***

| | |
|---|---|
| Spá Glitnis | 35.542 |
| Spá Kaupþings | 32.662 |
| Spá Landsbankans | 27.499 |
| Meðalstalsspá | 31.901 |
| Niðurstaða | 33.600 |

* Í milljónum króna



**HANNES SMÁRASON, FORSTJÓRI FL GROUP** Fjárfestingarfélagið FL Group skilaði methagnaði á síðasta ári. Flugfélagið seldi meðal annars Icelandair Group á síðasta fjórðungi nýliðins árs. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**MEÐ FYRSTU LEIKJATÖLVUNA** Hagnaður japanska tæknirisans Sony dróst saman á síðasta ársfjórðungi.

## Samdráttur hjá Sony

Japanski tæknirisinn Sony skilaði tæplega 160 milljarða jena hagnaði á síðasta fjórðungi liðins árs. Það svarar til 90,3 milljarða íslenskra króna. Til samanburðar nam hagnaður Sony fyrir ári 95,4 milljarða króna.

Helsta ástæðan fyrir samdrættinum er taprekstur á leikjatölvudeild fyrirtæksins sem er tilkominn vegna seinkunar á markaðssetningu á PlayStation 3 (PS3) leikjatölvunni um allan heim og lélegri sölu á PSP-handleikjatölvunni en búist var við. Forsvarsmenn Sony eru engu að síður bjartsýnir í afkomuspá fyrir yfirstandandi rekstrarfjórðung og telja að hagnaðurinn muni nema 60 milljörðum jena, eða 33,9 milljörðum króna, á tímabilinu. - jab

## Hækka verðmat á Landsbankanum

Greiningardeild Glitnis hefur hækkað verðmat sitt á Landsbankanum úr 28 krónum í 33 krónur á hlut. Hækkunin kemur í kjölfar birtingar Landsbankans á uppgjöri fjórða ársfjórðungs sem var langt yfir væntingum greiningardeildarinnar. Telur hún nú að vöxtur bankans verði hraðari en áður var áætlað.

Greining Glitnis mælir með því að fjárfestar haldi bréfum sínum í félaginu, horft til langs tíma. Verðmatið er 9,6 prósentum hærra en verð hlutabréfanna á markaði á þeim tíma sem það var gefið út, sem var 30,1. Telur því greiningardeildin gott rými fyrir hækkun hlutabréfa bankans. Er því spáð að eftir sex mánuði muni gengi bréfa í félaginu standa í 33,0. - hhs

## Shell skilar góðu ári

Olíurísinn Shell skilaði 25,36 milljarða bandaríkjadala hagnaði á síðasta ári. Þetta jafngildir 1.738 milljörðum íslenskra króna sem er methagnaður í sögu olíufélagsins. Afkoman svarar til þess að Shell hafi hagnast um 201 milljón króna á hverri klukkustund í fyrra.

Helstu ástæðurnar fyrir metafkomunni er vöxtur olíugeirans í Bandaríkjunum og aukin gasframleiðsla í Nígeríu. Greinendur vara við því að vegna lágs olíuverðs á þessu ári geti aðstæður á olíumarkaði orðið erfiðari og því geti harðnað eitthvað í ári hjá olíurisanum Shell. - jab

## Hilton-keðjan mokgræðir

Hilton-hótelkeðjan, sem er ein sú stærsta í heimi, skilaði 207 milljón dala hagnaði á síðustu þremur mánuðum liðins árs. Það jafngildir tæpum 14,2 milljörðum íslenskra króna. Til samanburðar nam hagnaður keðjunnar 105 milljónum dala, eða tæpum 7,2 milljörðum kóna, á sama tíma í fyrra. Afkoman er í takt við spár markaðsaðila í Bandaríkjunum.



**PARIS HILTON**

Tekjur hótelkeðjunnar námu 2,23 milljörðum dala á tímabilinu en það svarar til 152,9 milljarða íslenskra króna sem er rúm tvöföldun á milli ára. - jab

Fræðslufundaröð SPRON



Fræðslufundir SPRON
um fjármál einstaklinga og heimila

Á næstu vikum býður SPRON viðskiptavinum sínum til fræðslufunda um lífeyrismál, fjármál heimilanna, sparnað og fjárfestingar og skattaskil á Hótel Nordica.

**Lífeyrismál**
6. febrúar kl. 17–19

**Fjármál heimilanna**
13. febrúar kl. 17–19

**Sparnaður og fjárfestingar**
20. febrúar kl. 17–19

**Skattaskil**
13. mars kl. 17–19

Nánari upplýsingar og skráning á **spron.is**
eða í þjónustuveri í **síma 550 1400**.

spron




## NÝR KIA CARENS

Nýi fjölnotabíllinn frá Kia er kominn og sameinar glæsilegt útlit, sveigjanlegt rými og ríkulegan staðalbúnað. Kia Carens rúmar allt að sjö manns, en gefur líka endalausa notkunarmöguleika. Að sjálfsögðu er verðið eftir sem áður í anda Kia.

- **ABS og EBD hemlakerfi**
- **ESP stöðugleikastýring**
- **Aksturstölva**
- **Ræsitengd þjófavörn**
- **15" álfelgur**
- **Þokuljós að framan og aftan**
- **Rafstýrt bílstjórasæti**
- **Regnskynjari á þurrkum**
- **Bakkskynjari**
- **Loftkæling**
- **Ljósnæmur baksýnisspegill**
- **Rafgeymavaktari**
- **Langbogar og þverbogar á toppi**
- **3ja punkta öryggisbelti fyrir sjö farþega**
- **Hraðastillir**

**... og margt fleira**




**Kia Carens CRDi dísil, sjálfskiptur, 2,0 l, 140 hö. Verð frá 2.850.000 kr.**

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is






fyrir fyrirtækið



fyrir uppátækin



fyrir fjölskylduna



fyrir tómstundirnar

KIA MOTORS
*The Power to Surprise™*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Framkvæmdavaldið og þingið:

## Þingræðisreglan

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Forseti Íslands lýtur ekki húsbóndavaldi Alþingis þó að hann sé hluti af framkvæmdavaldinu. Það gera ráðherrar á hinn bóginn. Í þingræðisreglunni felst að þingið getur krafið framkvæmdavaldið reikningsskapar fyrir allar ákvarðanir, stórar sem smáar. Forsetinn er ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum beinlínis til þess að þingið geti komið fram ábyrgð gagnvart ráðherrunum. Friðhelgi forsetans byggist á ábyrgð ráðherra.

Þegar fulltrúi framkvæmdavaldsins tekur sæti í þróunarráði indverskra stórfyrirtækja ber utanríkisráðherra ábyrgð á því gagnvart Alþingi. Spurningar sem vakna um það mál snúast ekki um persónu forseta Íslands heldur þingræðisregluna.

Það er því bæði óviðeigandi og ómálefnalegt af þessu tilefni að núa forsetanum því um nasir að hann sé of frekur til fjörsins eða hafi of ríkan metnað. Slíkir eiginleikar eru þjóðhöfðingja að öðru jöfnu fremur til álitsauka.

Þau indversku stórfyrirtæki sem annast rekstur þróunarráðs Indlands fylgja öll metnaðarfullri stefnu í umhverfismálum. Þau standast fyllilega samanburð við stefnu Alcoa í Reyðarfirði, sem á alþjóðlega vísu þykir skara fram úr á þessu sviði. Alcoa á Indlandi á reyndar samstarf við opinbert rannsóknarráð þar.

Seta eins handhafa framkvæmdavaldsins í þróunarráði á vegum þessara fyrirtækja stangast því ekki á við stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfis- og auðlindanýtingarmálum, að því er séð verður. Það er fremur að hún halli á stjórnarandstöðuna. Í því ljósi er skiljanlegt að ráðherra afturkalli ekki ákvörðunina.

Þær spurningar sem settar hafa verið fram á þessum vettvangi snúast hins vegar ekki um hugsanlegar pólitískar hliðar á málinu. Kjarni þess er sá að þetta er í fyrsta skipti sem einn af handhöfum framkvæmdavaldsins í landinu tekur sæti í ráði sem rekið er á vegum samtaka atvinnufyrirtækja í öðru ríki í þeim tilgangi að hafa áhrif á stefnu þarlendra stjórnvalda.

Hér er því um nýmæli í utanríkisviðskiptapólitík að ræða sem ráðherra þarf að gera almenningi grein fyrir og hann ber samkvæmt þingræðisreglunni ábyrgð á gagnvart Alþingi. Eitt af því sem ráðherra þarf að upplýsa er í umboði hverra handhafi framkvæmdavaldsins situr í ráði á vegum erlendra stórfyrirtækja og hverjir bera á því fjármálalega ábyrgð. Þetta er ekki spurning um innbyrðis átök milli framkvæmdavaldshafa, forseta og ráðherra, heldur rétt Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu og kröfu almennings á upplýsingum.

Ef ráðherrar framselja með virkum eða óvirkum hætti vald og ábyrgð sem stjórnarskráin mælir fyrir um að hvíli á þeirra herðum eru þeir um leið að svipta þingið því húsbóndavaldi sem það hefur samkvæmt þingræðisreglunni.

Alþingismenn eru þjóðkjörnir. Vald þeirra er eigi að síður þeim takmörkunum háð sem stjórnarskráin ákveður. Þeir geta hvorki aukið það né skert með tilvísun til þess að þeir bera ábyrgð gagnvart þjóðinni.

Eins er með framkvæmdavaldið. Ráðherrar geta ekki skotið sér undan ábyrgð þingræðisreglunnar með því að færa vald til forsetans eða láta hann taka sér vald á þeim forsendum að hann er þjóðkjörinn. Hvorki ráðherra né forseti geta þannig gengið á svig við þingræðisregluna. Hana ber að virða svo lengi sem hún gildir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vistaskipti blaðamanna

Krónikunni, vikublaði Sigríðar Daggar Auðunsdóttur, hefur bæst liðsauki tveggja blaðamanna, Helgu Kristínar Einarsdóttur og Kristjáns Torfa Einarssonar. Bæði hafa unnið á Morgunblaðinu um skeið, Kristján Torfi í tvö ár en Helga Kristín í heil fimmtán. Svo mikill reynslubolti er mikill fengur fyrir vikuritið og hlýtur að sama skapi að vera verulegur missir fyrir Morgunblaðið. Bæði hefja störf innan tíðar á blaðinu en ritstjórn þess er nú fullskipuð og telur níu blaðamenn, þar af tvo karlmenn.



### Aukin samkeppni

Krónikan er komin með aðsetur á Hverfisgötu 4, í sama húsi og skrifstofur stjórnarráðs og forsætisráðuneytis, og kemur fyrsta tölublað út 15. febrúar. Viðskiptablaðið verður að dagblaði innan tíðar og DV sömuleiðis. DV verður til húsa í Brautarholti en fyrirhugaður flutningur þangað varð þó ekki í gær eins og til stóð. Stóraukin útgáfa er fram undan og mikil samkeppni um lesendur.



### Gulur Moggi

Lesendur Morgunblaðsins ráku eflaust margir upp stór augu þegar þeir tóku upp blaðið í gærmorgun. Þar gaf að líta flennistóra fyrirsögn: „Milduðu dóminn“ og myndir af hæstaréttardómurum sem í fyrradag styttu dóm yfir manni sem misnotaði börn. Forsíðan minnti meira á blöð sem kennd eru við gula pressu en hið íhaldssama Morgunblað. Hvort forsíðan er upphaf nýrrar fréttastefnu verður að koma í ljós. Og sömuleiðis hvort slík breyting færir Morgunblaðinu fleiri lesendur.

sigridur@frettabladid.is

# Sjálfseyðingarhvötin



ELLERT B. SCHRAM

Í DAG | Sérframboð

Þegar ég var í Sjálfstæðisflokknum fyrr á árum var hverjum manni ljóst að flokkurinn hafði breiðan faðm. Allt frá öfgafullum frjálshyggjupostulum til jarðbundinna jafnaðarmanna. Stórkapítalistar og eignamenn rugluðu saman reytum með launafólki og nytsömum sakleysingjum. Sumt af þessu fólki hafði jafnvel enga pólitíska skoðun aðra en þá að vera í flokknum. Þetta var líkast því að koma á trúarsamkomu þar sem fólk safnast saman sitt úr hverri áttinni án þess að þekkjast að öðru leyti. Þeir höfðu sem sagt vit á því að standa saman í flokknum um völd og áhrif. Þannig hafa þeir haldið völdunum og áhrifunum. Ólíkir eins og þeir voru og eru.

Andspænis slóst svo hin pólitíkin, innbyrðis, í keimlíkum litlum flokkum og var þeim verst sem hún unni mest.

Svo var það sem frjálshyggjuæðið greip um sig í Sjálfstæðisflokknum, stóriðjudraumar, græðgi og sérgæska var yfirþyrmandi leiðarljós á bænum þeim. Auðlindin í sjónum var afhent ókeypis til velunnara og vildarmanna, almannaeignir seldar á gjafaprísum og hlaðið undir misskiptingu og ójöfnuð. Þá þótti mörgum nóg um og hættu að mæta á trúarsamkomurnar.

Á sama tíma gerðust þau undur og stórmerki að félagshyggjuflokkarnir gengu í eina sæng undir merkjum jafnaðarstefnunnar. Regnhlífarsamtök frjálslynds og hófsams félagshyggjufólks voru í burðarliðnum og von kviknaði um nýjar áherslur og jafnvel straumhvörf í íslenskum stjórnmálum. Ég var einn af mörgum sem gekk til liðs við þessa fylkingu í þeirri von að manneskjuleg lífsgildi fengju brautargengi. Þetta var ekki spurning um vinstri eða hægri heldur um mannréttindi og jöfnuð. Enda fór þetta vel af stað. Í síðustu kosningum hrapaði Sjálfstæðisflokkurinn niður í sögulegt lágmark og hékk aðeins á völdunum í skjóli lítils Framsóknarflokks. Og nú þegar kosningaár var aftur að ganga í garð, var tækifæri til að láta kné fylgja kviði.

En það blæs ekki byrlega. Enn og aftur, rétt eins og í gamla daga, ætlar andstæðingum Sjálfstæðisflokksins að takast að klúðra sinni eigin stöðu. Allt það góða fólk sem vill styrkja velferðarkerfið, auka félagslegt réttlæti, draga úr stóriðjuframkvæmdum og náttúruspjöllum, koma til móts við aldraða og öryrkja, allt fólkið sem er andvígt frjálshyggjuæðinu og lögmáli frumskógarins, sýnist ætla að ganga til kosninga í krafti sundurlyndisfjandans. Hver upp á eigin spýtur, hver í sínum litla sjálfumglaða heimi, nákvæmlega eins og Sjálfstæðisflokkurinn hefði hannað þessa kosningabaráttu fyrir sjálfan sig. Og að loknum kosningum getur hann valið sér undirgefinn meðreiðarsvein, eins og gerðist í kosningunum í Reykavík í vor.

Skoðum stöðuna. Til að ná vopnum sínum gagnvart ríkisstjórninni eru ráðagerðir uppi meðal öryrkja að bjóða fram sér. Manni skilst að tvö framboð séu í undirbúningi í nafni aldraðra. Framtíðarlandið íhugar að bjóða fram sér. Frjálslyndir tvístrast hugsanlega í tvö framboð. Allt er þetta fólk óánægt og gagnrýnið á ráðslag stjórnvalda (les. Sjálfstæðisflokksins), á sínum málum, en veður síðan áfram í þeirri skammsýni að stofna til fleiri framboða, sem allt mun verða vatn á myllu Sjálfstæðisflokksins. Eða hvaðan munu þau atkvæði koma, sem þessi sérframboð sækjast eftir nema frá þeim sem eru andvígir núverandi ríkisstjórn?

Jafnvel Jón Baldvin, maðurinn sem hefur það fyrir hugsjón að búa til sterkan jafnaðarmannaflokk, reifar þá hugmynd frammi fyrir alþjóð að til greina komi að efna til sérframboðs!

Manni fallast hendur. Hvenær ætla frjálslyndir jafnaðarmenn þessa lands að átta sig á því að þeir eru að grafa sína eigin gröf með þessum smáflokkasérframboðum? Sjálfstæðisflokkurinn fitnar á fjósbitanum í hvert skipti sem nýtt framboð stingur upp kollinum. Það verður engin breyting í íslenskum stjórnmálum, ekki um einn þumlung, meðan jafnaðar- og félagshyggjumenn allra flokka berast á banaspjótum hver gegn öðrum. Þetta er óskastaða fyrir íhaldið. Þá getur það deilt og drottnað, þá eiga stjórnarandstæðingar, umhverfissinnar, aldraðir, öryrkjar og allir þeir sem vilja núverandi valdhafa út úr stjórnarráðinu, síþverrandi möguleika á að koma málum sínum í höfn. Þeir mála sig út í horn.

Maður skyldi halda að þetta annars góða fólk sé haldið sjálfseyðingarhvöt. Hafi skipað sér í raðir sjálfsmorðssveita íslenskra stjórnmála. Þetta væri svo sem allt í lagi ef hér væri ekkert annað undir en kapphlaup um að gerast hækja stærsta andstæðingsins. En ég hélt að stjórnmál gengju út á það að láta sameiginlegan málstað ráða för. Og sá málstaður hefur meirihluta þjóðarinnar á bak við sig ef honum auðnaðist að standa saman í einu liði, einni órjúfandi fylkingu.

Hversu oft þurfa menn að tapa í kosningum til að átta sig á þessum veruleika?

# Hið rétta um samning Háskólans

UMRÆÐAN

Menntamál



JÓN ATLI BENEDIKTSSON

Nokkrir kennarar við Háskólann í Reykjavík gagnrýndu í Fréttablaðinu 31. jan. nýjan samning Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins um kennslu og rannsóknir. Þeir segja að samkvæmt honum muni HÍ fá 3 milljarða á ári í viðbótarframlag til rannsókna. Einnig láta þeir að því liggja að þessu fé verði dreift gagnrýnislaust innan HÍ og að samningurinn gangi þvert á stefnu Vísinda- og tækniráðs. Hér gætir nokkurs misskilnings. Í ályktun Vísinda- og tækniráðs frá des. 2005 segir „Háskóli Íslands er elsti og stærsti háskóli landsins og þar er þungamiðja háskólarannsókna. Til hans eru gerðar kröfur um fjölbreyttar námsleiðir og rannsóknir á mörgum sviðum.“ Einnig segir „Vísinda- og tækniráð [...] styður þá sýn forsvarsmanna skólans að með öflugri rannsóknastarfsemi skipi hann sér í hóp með bestu erlendu háskólum á þeim sviðum þar sem styrkur hans er mestur.“

Það er heldur ekki rétt að ríkið muni skv. samningnum greiða þrjá milljarða á ári sem viðbótarframlag til rannsókna við HÍ. Hið rétta er að framlög til kennslu og rannsókna munu frá 2008 til 2011 hækka árlega um 640 milljónir. Hækkunin í ár er hins vegar 300 milljónir. Til að fá þetta fé verður HÍ þó að uppfylla mörg skilyrði m.a. um aukningu á birtingum rita á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur og fjölgun útskrifaðra doktora. Nú þegar er unnið að því að efla gæðaferla innan HÍ. Verður fénu eingöngu varið til þeirra þátta sem hjálpa skólanum að ná fram metnaðarfullum markmiðum sínum og til að uppfylla ákvæði samningsins. Slík markmið nást ekki eingöngu með fjármagni úr verkefnistengdum samkeppnissjóðum því ekki er hægt að halda uppi háskólastarfi með ótryggu fjármagni. Stúdentar verða t.d. að geta gengið að því vísu að námsframboð, rannsóknaverkefni og aðstaða verði til staðar á þeim tíma sem þeir eru við nám.

Í samningnum kemur líka fram að ríkið hyggst tryggja aðgengi Íslendinga að erlendum rannsóknasjóðum auk þess að efla innlenda samkeppnissjóði. Þetta er eins og annað í samningnum í góðu samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs.

*Höfundur er þróunarstjóri Háskóla Íslands og aðstoðarmaður rektors.*




# GÓÐ ÁVÖXTUN

## NAFNÁVÖXTUN 19,6% OG RÉTTINDI SJÓÐFÉLAGA HÆKKUÐ

Góð ávöxtun var hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum á árinu 2006. Nafnávöxtun var 19,6% sem jafngildir 11,8% raunávöxtun. Þessi árangur skýrist m.a. af mikilli hækkun á erlendum hlutabréfum í eigu sjóðsins en þau hækkuðu um 39,8%, sem er 3,2% umfram hækkun heimsvísitölu Morgan Stanley. Þá var ávöxtun innlendra hlutabréfa sjóðsins í félögum sem skráð eru á aðallista Kauphallar Íslands 17,4%, og var það einnig nokkuð yfir vísitöluhækkun þessara félaga á árinu.

### Skipting verðbréfaeignar 31.12. 2006




### Helstu niðurstöður ársreiknings 2006

| | 2006 | Breyting frá 2005 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 4.392 millj. kr. | +10,1% |
| Lífeyrisgreiðslur | 2.100 millj. kr. | +10,5% |
| Fjárfestingartekjur umfram fjárf.gjöld | 14.257 millj. kr. | +40,5% |
| Rekstrarkostnaður | 99 millj. kr. | +5,4% |
| Rekstrarkostnaður sem hlutfall eigna | 0,11% | -14,2% |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 88.373 millj. kr. | +22,9% |

### Réttindi hækkuð

Í ljósi sterkrar stöðu sjóðsins hefur stjórn hans samþykkt að hækka áunninn lífeyrisrétt í aldursdeild um 8% frá 1. janúar 2007. Samtals hefur því lífeyrisréttur deildarinnar hækkað um 15% á tveimur árum, þar sem réttindin voru hækkuð um 7% frá upphafi árs 2006.

### Góð ávöxtun séreignarsparnaðar

Ávöxtun fjölbreyttra ávöxtunarleiða Sameinaða lífeyrissjóðsins í séreignarsparnaði var einnig mjög góð á árinu. Hækkunin var mest á innlendum og erlendum hlutabréfum og nutu því þær ávöxtunarleiðir sem hafa hátt hlutfall þeirra í fjárfestingum sínum mestrar hækkunar. Þannig var t.d. nafnávöxtun Aldursleiða 1-5 á bilinu 12,9% til 18,9%. **Hæst var hins vegar ávöxtunin í Evrópskum vísitölusjóði hlutabréfa eða 47,7%.**

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • Sími 510 5000 • **lifeyrir.is**

ENNEMM / SÍA / NM25844




MAÐUR VIKUNNAR

# Hógvær húmoristi með mikinn metnað

**SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON**
LANDSLIÐSMAÐUR Í HANDBOLTA

Snorri Steinn Guðjónsson, atvinnumaður í handbolta hjá GW Minden í Þýskalandi og leikstjórnandi íslenska landsliðsins í handbolta, er maður vikunnar að þessu sinni.

Snorri Steinn er fæddur 17. október 1981 og er sonur Guðjóns Guðmundssonar íþróttafréttamanns og Karenar Christensen, bókara við Iðnskólann í Reykjavík. Snorri Steinn á eina systur, Dórótheu Guðjónsdóttur, en hún er sex árum yngri en hann. Snorri Steinn býr með jafnöldru sinni, Marín Sörens Madsen, og hafa þau verið saman síðan þau voru unglingar. Snorri og Marín kynntust í gegnum handboltann í Val. Snorri Steinn bjó í Hlíðahverfinu og gekk í Hlíðaskóla áður en hann fór í Menntaskólann við Hamrahlíð. Þar hentaði skólinn illa með miklum æfingum og svo fór að Snorri skipti yfir í Fjölbrautaskólann við Ármúla þar sem hann lauk stúdentsprófi áður en hann lagði af stað í atvinnumennsku til Þýskalands.

Snorri Steinn hefur spilað með tveimur liðum í Þýskalandi en allan sinn feril hér heima spilaði hann með Val. Snorri hóf atvinnumennsku sína með TV Grosswallstadt haustið 2003 en hefur frá árinu 2005 spilað með GWD Minden. Hann hefur skorað 499 mörk í 117 leikjum í þýsku úrvalsdeildinni sem er frábær árangur.

Vinahópur Snorra Steins er stór og félagar hans í gegnum tíðina í handboltanum eru þar áberandi. Meðal bestu vina hans er línumaður íslenska landsliðsins, Róbert Gunnarsson, en þeir voru miklir keppinautar upp alla yngri flokka í bæði fótbolta og handbolta. Þrátt fyrir harða baráttu inni á vellinum tókst með þeim mikill vinskapur þegar þeir komu saman í landsliðinu og kunnugir menn kalla þá hjónin í landsliðsferðum því þar sem Snorri er þar er Róbert og svo öfugt.

Snorri Steinn hefur alla tíð lifað fyrir handboltann, sumir þjálfarar þurfa oft að hafa mest fyrir því að fá sína menn til þess að mæta á allar æfingar en í tilfelli Snorra Steins voru mestu áhyggjurnar fólgnar í því að Snorri myndi æfa of mikið. Hann var alltaf frekar til í að fara á æfingu en í partí og hann var mættur fyrir æfingar og var lengur eftir allar æfingar.



Vinir Snorra Steins tala um hann sem góðan vin og að þeir viti alltaf hvar þeir hafi hann. Þrátt fyrir að vera einbeittur og jarðbundinn býr í honum mikill húmor sem brýst út á réttum augnablikum. Það trúa því kannski ekki allir að oftast er hann mesti vitleysingurinn í hópnum, eitthvað sem mönnum dettur kannski ekki í hug í fyrsta skipti sem þeir hitta hann. Ábyrgðarfullur og alvarlegur 90% af deginum en þegar hann má leyfa sér það þá gerir hann það með skemmtilegum húmor og óvæntum uppákomum.

Snorri Steinn hafði mikla hæfilega á knattspyrnusviðinu og það voru margir hissa að sjá hann velja handboltann fram yfir fótboltann. Handboltafræinu hafði hins vegar verið sáð þegar hann frá fjögurra ára aldri fékk að fylgja föður sínum á landsliðsæfingar þar sem hann fékk handboltabakteríuna beint í æð.

Snorri Steinn er mikill leiðtogi, hann var orðinn fyrirliði meistaraflokks Vals 19 ára gamall og hefur alltaf tekið mikla ábyrgð með íslenska landsliðinu. Hann hefur líka alltaf tekið sínar stóru ákvarðanir sjálfur og út frá vandhugsuðu máli. Hann er skemmtilegur og hógvær en það fer samt ekki mikið fyrir honum. Snorri er afreksmaður í íþróttum en hann er síðasti maðurinn sem þú færð til þess að hrósa eigin afrekum. Hann er því kannski ekki þessi fjölmiðlatýpa sem sækist eftir athygli heldur liðsmaður fram í fingurgóma sem hugsar fyrst og fremst um félaga sína í liðinu.

Snorri Steinn hefur eins og aðrir þurft að ganga í gegnum mótlæti. Hann var sem dæmi settur út úr landsliðinu fyrir HM í Túnis 2005 en í stað þess að kvarta og kveina fór Snorri Steinn aðrar leiðir að því að sýna það og sanna að hann ætti heima í íslenska landsliðinu. Snorri lagði í framhaldinu ofurkapp á æfingar og kom gríðarlega sterkur til baka. Um vorið var hann valinn besti leikstjórnandi þýsku úrvalsdeildarinnar og þegar hann var valinn í landsliðið fyrir Evrópumótið í Sviss var hann ekki aðeins í hópnum heldur í lykilhlutverki í liðinu.

Vinir hans lýsa honum sem fylgnum sér, ákveðnum og hrikalega metnaðarfullum manni. Snorri hefur alltaf ætlað sér mikið í handboltanum og hefur lagt gríðarlega mikið á sig við æfingar, ekki síst skot- og tækniæfingar. Þegar hann stóð á vítalínunni gegn Dönum og jafnaði leikinn með því að snúa boltann í markið urðu margir hissa á því að hann skyldi þora það. Þeim sem höfðu umgengist hann mest á Hlíðarenda varð hins vegar hugsað til þess tíma þegar þeir sáu hann einmitt æfa þennan snúning hundrað sinnum. Það er enn eitt dæmið um að metnaður og ákveðni hans við æfingar hafi skilað sér á úrslitastundu.

# Bílar og brjálæði í umferðinni

**UMRÆÐAN**
Umferðin



**VALDIMAR ELÍASSON**

Sú var tíðin fyrr á árum að ökutæki og vegakerfið voru í því ástandi að vart náðist meiri ökuhraði en 80 km á klukkustund.

Holótt vegakerfið með sínum drullupyttum var þá meiriháttar hraðahindrun auk þess sem bæði hjólkoppar og jafnvel púströr urðu eftir í öllu damminu. Minni fólksbílar urðu oft sýnu verr leiknir, þegar farið var milli landshluta og slöngudekkin springandi á leiðinni. Við því þurfti að bregðast á staðnum.

Ökumaður var þá oft úttaugaður þegar komið var á leiðarenda, þá átti eftir að glíma við þykka drulluna á bílnum – aðeins framrúðan var hrein.

Jepparnir voru áður fyrr mjög öflug landbúnaðartæki, hægfara og sterk. Háværi vélbúnaður og stirður stýrisbúnaður olli því að það gat tekið heilan dag fyrir bændur ef erinda þurfti í kaupstaðinn. Það gat því orðið meiriháttar kvöl og pína fyrir fólk í mjög höstum jeppa því fólk með gervitennur varð að taka þær út úr sér.

Núna er víst öldin önnur og komin mýkri og öflugri ökutæki sem sum hver fá að njóta sín í botn.

Mýktin mátti breytast enda eru þægindin orðin nálægt því að sitja í hægindastól. Það er annað og verra með vélaraflið, því það er mjög oft misnotað til að upplifa spennu eftir eitthvað stundargaman. Þar er yfirleitt af nægu að taka og ökutækið virkar eins og flugvél í flugtaki – ekki einu sinni hægt að ná númerinu.

Þó svo að reynt sé af mjög veikum mætti að höfða til svonefndrar skynsemi ökumanns þá dugar það skammt. Ökuníðingum hentar ekki að hlusta á slíkar predikanir, hvað þá að fara eftir þeim.

Ef það kraftaverk tækist að koma einhverjum böndum á þetta brjálæði þá yrði engin smá vinna að koma orðunum kurteisi og tillitssemi til skila. Margir sem þekkja ekki þessi hugtök myndu

*Þó svo að reynt sé af mjög veikum mætti að höfða til svonefndrar skynsemi ökumanns þá dugar það skammt.*

bera fyrir sig brotum á mannréttindum að mega ekki lengur láta gamminn geisa.

Til að auka á alla þessa hringavitleysu eru þeir sem aka undir áhrifum eiturlyfja og valda ómældum skaða. það er því aldrei að vita, ef maður mætti slíkum ökumanni sem væri út úr dópaður hvernig útkoman yrði.

Undirritaður er meðlimur í Sniglunum og hefur oft verið boðið í spyrnu en þá jafnan gripið til orða sem gerast æ vinsælli – „ég nenni því ekki.“

Það er töluvert leggjandi á sig til að láta ekki augnabliks háspennu koma sér í langdvöl í hjólastól eða í líkhúsið.

Hvað finnst ykkur?

# TIL HAMINGJU

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN 2006

Vinsælasta smásagnasafn ársins, **Aldingarðurinn** eftir Ólaf Jóhann Ólafsson og áhrifamesta bók ársins, **Draumalandið** eftir Andra Snæ Magnason hlutu Íslensku bókmenntverðlaunin 2006. Við óskum Ólafi Jóhanni og Andra Snæ hjartanlega til hamingju með þennan verðskuldaða árangur.

Tímabundið tilboðsverð í tilefni af Íslensku bókmenntaverðlaununum

**1.990 kr.** hvor bók






„Ólafur Jóhann skrifar agaðan stíl sem er gífurlega áhrifamikill ... bók sem er skelfilega heillandi."

Publishers Weekly

„Maður getur ekki hætt að lesa ... sögurnar tvinna saman spennu, sorg og tilfinningalífi fólks á meistaralegan máta."

★★★★

Óttar M. Norðfjörð, DV






„Þessi bók á erindi við okkur öll á Íslandi, hvaða skoðun sem við kunnum að hafa á því hvernig atvinnuvegum okkar skal háttað. Draumalandið hans Andra Snæs vekur til umhugsunar með því að segja okkur ýmislegt sem við vissum ekki og höfum því ekki haft tök á að hugleiða og ræða opinskátt."

– Vigdís Finnbogadóttir

„Allt það sem stjórnvöld vildu að þú fengir ekki vita, færðu að vita í þessari bók."

– Bubbi Morthens

Edda



Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar
199
kr. kg
GRÍSABÓGUR
HRINGSKORINN
499 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar
500
kr. kg
LAMBAGRILLSTEIK
Í TÓMAT OG BASIL
2.698 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
Þú sparar
500
kr. kg
STEINBÍTSSTEIK
MEÐ KARRÝ OG SALTHNETUM
998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
44% afsláttur
LAMBA FRAMHRYGGSNEIÐAR
ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar
400
kr. kg
LAMBAKÓTELETTUR
ÚR KJÖTBORÐI
1.498 kr. kg
25% afsláttur
GOURMET LAMBALÆRI
RAUÐVÍNSLEGIÐ
1.398 kr. kg
Coca-Cola light
COKE LIGHT
2 LÍTRAR
139 kr. stk.
Grand'Italia sósur
Grand'Italia
Napoletana
Toscana
Carbonara
Passata
MAGGI
25% afsláttur
Cheerios
Úr heilum próteinríkum höfrum
CHEERIOS
567 GR.
349 kr. pk.


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Útsala
á lambakjöti!
30%
afsláttur
LAMBALUNDIR
ÚR KJÖTBORÐI
2.698 kr. kg
Mundu eftir
Gourmet barnum
í Smáralind!
Einfalt og fljótlegt salat
Rucola salat, Líf furuhnetur,
cherry tómatar og íslenskur mozarella
Filippo Berio
499 kr. 500 ml
25%
afsláttur
Hunts Pastasósur
Verði ykkur að góðu!

# „...að brjótast undan ofríki innlendra sérhagsmuna...“

Kæra Dagbók



Þráinn Bertelsson skrifar

*Í Dagbók* ***Þráins Bertelssonar*** *er fjallað um húsbændur og hjú og stéttaskiptingu á Íslandi. Þá er vikið að verðtryggingu, handknattleik, fáfróðum viðskiptaráðherra, silfri Jóns Baldvins og sóma Alþingis.*



**Núll í reikningi!**

janúar 27 LAUGARDAGUR

Ekki virðist þekking á bankaviðskiptum íþyngja viðskiptaráðherranum okkar.



Nú síðast er það eftir honum haft að það sé erfitt að afnema verðtryggingu vegna verðtryggðra lána sem þegar eru í kerfinu og verða það næstu 40 árin.

Út úr hvaða hól steig þessi vesalings maður?

Ég hélt að hvert mannsbarn vissi að í öllum bönkum standa til boða bæði verðtryggð lán og óverðtryggð svo að engin hætta er á að við þurfum að sitja uppi með verðtryggingu til eilífðar. Við þurfum bara að rogast með verðtrygginguna þar til okkur hefur tekist að koma stjórnmálamönnum í skilning um að þeirra frumskyldur eru við almenning í landinu en ekki við bankana.

Verðtrygging var heimskuleg bráðabirgðaráðstöfun – sem við höfum nú þurft að dragnast með í meira en 20 ár og mál er að linni.

Ég skal glaður kjósa þann stjórnmálaflokk sem léttir þessari martröð af fólki.

**Silfur Jóns Baldvins**

janúar 28 SUNNUDAGUR

Ég lofaði hinum ágæta sjónvarpsmanni Agli Helgasyni að koma í Silfur Egils og mætti þar í hádeginu.

Það var fyrirtaksfólk með mér í



þættinum: Oddný Sturludóttir, Illugi Gunnarsson og Garðar Sverrisson. Það var gaman að spjalla við þau. Stundum hef ég í Silfrinu lent í því að karpa við einhverja pólitíska einnarbókarmenn en þeir fengu frí í dag.

Eftir að ég var farinn skilst mér að hafi dregið til tíðinda. Þá mætti Jón Baldvin og ku hafa húðskammað bæði Samfylkinguna og Ingibjörgu Sólrúnu. Ekki lái ég honum það.

Verst að hafa misst af þessu. Þetta minnir á ákveðinn fornkappa sem var orðinn of aldraður til að berjast og lét sig dreyma um að dreifa silfri sínu yfir Alþingi og geta þar með altént komið öðrum til að berjast.

**Síðasta aðvörun...**

janúar 29 MÁNUDAGUR

Skítaveður! Það er ekki fallegt orð – en það er eina orðið sem dugir til að lýsa veðráttunni.

Mér er það óskiljanlegt af hverju ég fæ rukkun frá Stöð 2 um þessi mánaðamót. Kannski í von um að ég borgi reikninginn í misgripum? En ástæðulaus innheimta varðar við lög.

Ég keypti áskrift yfir hátíðarnar og það var hið besta mál, nema hvað sendingin barst aðeins í annað af tveimur sjónvarpstækjum á heimilinu. Þess vegna hætti ég í janúar.

Það gefur augaleið að ef öll fyrirtæki á landinu sendu manni innheimtuseðla um hver mánaðamót í von um að maður borgaði þeim í misgripum þá væri fullt starf að fara yfir innheimtuseðlana.

Svo að þetta er síðasta aðvörun...

**!!)%/!(!#%#$Q!”#!!!!!**

janúar 30 ÞRIÐJUDAGUR

Strákarnir okkar og ég vorum að spila við Dani á heimsmeistaramótinu í handknattleik.

41:42!

!##%#$Q!”#!!!

**Húsbændur og hjú**

janúar 31 MIÐVIKUDAGUR

Við búum hérna við einhverja tröllasögu um að íslenska þjóðin sé laus við stéttaskiptingu frá náttúrunnar hendi, hafi alltaf verið stéttlaus og verði alltaf.

Sagan – og við þurfum ekki að leita langt aftur – segir okkur allt annað.

Hér voru landeigendur yfirstétt og höfðu landlausa fólkið fyrir vinnuhjú en svo reið yfir þjóðfélagsbreyting með tæknivæðingu og þéttbýli sem skildi landeigendurna eftir eins og álfa út úr hól.

Sigur samvinnu- og jafnaðarhugsjóna við uppbygginguna nútíma velferðarþjóðfélags gerði það að verkum að við sem nú erum fullorðin urðum þeirrar gæfu aðnjótandi að fæðast inn í þjóðfélag sem lagði áherslu á að tryggja öllum jafnan aðgang að menntun og tækifærum til að nýta krafta sína. Ekki nóg með það heldur ríkti hér samkomulag um að allar manneskjur ættu sama rétt til hinnar bestu heilbrigðisþjónustu sem samfélagið gæti veitt. Og að lokum var samkomulag um að gera öllum Íslendingum kleift að ganga með reisn til móts við sólsetrið að ævilokum.

Nú er þetta að breytast. Nýrík stétt manna sem sumpart hafa dottið í lukkupottinn og sumpart hagnast af eigin verðleikum kann sér ekki læti og sannar fyrir okkur hinum að siðfágun fylgir ekki endilega peningum, enda verður græðgi seint talin til mannasiða.

Það fylgjast fleiri en ég með þeirri óheillaþróun sem nú er hafin og miðar að því að hér hefjist stéttaskipting á nýjan leik.

Landeigendaaðallinn er að sönnu útdauður en hinn nýi aðall tekur forverum sínum langt fram að útsjónarsemi og hefur nú þegar lagt undir sig bæði landið og miðin.



Mín vegna má hver sem er sóa ævi sinni í að sanka að sér meiri peningum en hann eða hún hefur nokkra þörf fyrir – svo lengi sem þjóðfélagið tryggir öllum börnum jöfn tækifæri til að komast til þroska; svo lengi sem allir þjóðfélagsþegnar njóta sömu réttinda og hafa sömu skyldur; svo lengi sem manngildi er metið ofar auðgildi.

Þjóðfélag sem aðskilur hjón sem hafa þolað saman súrt og sætt í meira en sex áratugi og eru komin á tíræðisaldur er ekki þjóðfélag sem ég get verið stoltur af að hafa tekið þátt í að byggja.

Það er kominn tími til að við stöldrum við og hugsum okkar gang. Hver erum við og hvert ætlum við að stefna?

Spurningin snýst ekki um hvort maður er með eða móti stóriðju, spurningin er hvort við viljum vera mennsk eða ekki.

**Að hitta naglann á höfuðið!**

febrúar 1 FIMMTUDAGUR

Halldór Blöndal hefur löngum verið kjósendum sínum og Alþingi til sóma.

Núna er hann formaður utanríkismálanefndar. Sem slíkur vill hann kalla á sinn fund fulltrúa forseta Íslands til að yfirheyra hann um þann virðingarvott sem Indverjar sýndu forsetanum okkar þegar þeir buðu honum að taka sæti í þróunarráði Indlands.

Maður hefði haldið að frekar en að abbast upp á forsetann fyrir að afla sér og þjóð sinni virðingar erlendis stæði það utanríkismálanefnd nær að komast til botns í því hvernig íslenska þjóðin að sjálfri sér og þingi sínu forspurðu komst allt í einu á lista yfir hinar vígfúsu þjóðir sem bera ábyrgð á blóðbaðinu í Írak – sem ekki sér fyrir endann á.

Ég er ekki forfallinn blaðalesandi en ef ég sé að prófessor Þorvaldur Gylfason stingur niður penna set ég á mig lesgleraugun.

Mögnuð grein eftir hann í Fréttablaðinu í dag um málið sem enginn þorir að ræða í alvöru, það er að segja hvort við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu eður ei.

Þorvaldur þorir að hafa skoðun:

„Við þurfum einmitt á ESB-aðild að halda til að brjótast undan ofríki innlendra sérhagsmuna, sem halda matarverði, vöxtum og verðbólgu langt fyrir ofan viðunandi velsæmismörk.“

Þetta kalla ég að hitta naglann á höfuðið.









10 stk
túlípanar
599
Allar
pottaplöntur
50%
afsláttur
Útsala
á pottaplöntum
Munið
afsláttarmiðann
20%
afsláttur af öllu sem
þú kaupir fyrir
ferminguna
Fermingarsýningin 2007
Líttu við og fáðu frábærar
hugmyndir fyrir fermingardaginn
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Ég bið hæstvirta þingmenn að hugsa um fleira en Suðurlandsveg-inn.“*

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.

*„Og nú er ég, hæstvirtur forseti, að hugsa um að labba til vinar míns og fá mér í nefið.“*

Guðjón Arnar Kristjánsson Frjálslynda flokknum.

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## Gamall kunningi dúkkar upp

Það var eins og að hverfa nokkur ár aftur í tímann að hlusta á umræður á Alþingi á fimmtudag. Sjávarútvegsmál voru á dagskrá.

Í seinni tíð hefur lítið farið fyrir umræðum um stjórn fiskveiða, hvort heldur er á þingi eða í fjölmiðlum. Mætti ætla að allir séu sammála og aldrei nokkurn tíma hafi minnsti ágreiningur ríkt um málið.

En svo er nú ekki og þó sjávarútvegsmál séu æ sjaldnar á dagskrá óma óánægjuraddirnar hátt þegar stjórn fiskveiða er til umræðu.

Á fimmtudaginn dúkkaði þessi gamli kunningi þjóðmálaumræðunnar upp í þinginu undir nokkrum dagskrárliðum.

Í umræðunum, sem samtals stóðu í nokkrar klukkustundir, töluðu nokkrir þingmenn – nokkrir karlkyns þingmenn.

Konur á þingi virðast snúa sér að einhverju öðru þegar rætt er um sjávarútveg.



## MRGKHLJ

Eins og með aðra menn er misjafnt hvort þingmenn noti þau millinöfn sem þeim voru gefin. Ingibjörg Sólrún, Einar Oddur, Guðjón Ólafur, Sigurður Kári og Magnús Þór eru þekktar stærðir en sumir kjósa að nota aðeins upphafsstaf millinafns síns.

Til gamans og upplýsingar fylgja hér nokkur millinöfn sem sjaldan eru nefnd.

- Árni Matthías Mathiesen
- Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir
- Björgvin Guðni Sigurðsson
- Einar Kristinn Guðfinnsson
- Geir Hilmar Haarde
- Kristinn Halldór Gunnarsson
- Kristján Lúðvík Möller
- Steingrímur Jóhann Sigfússon

## VIKA Í PÓLITÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

# Pólitíkin færist til ímyndarfræðinga



Í dag eru fjórtán vikur til kosninga, 98 dagar. Fyrir suma stjórnmálaflokka er það stuttur tími en langur fyrir aðra. Fylgi Framsóknarflokks og Samfylkingarinnar mælist fjarri því sem flokksmenn stefna að en fylgi Frjálslynda flokksins og VG er talsvert yfir því sem það var í síðustu kosningum.

Í fyrrnefndu flokkunum er staðan eins og hjá manni sem á Þorláksmessu ráfar örvæntingarfullur um Laugaveginn í leit að jólagjöf handa eiginkonu sinni. Hann óskar sér þess helst að jólin komi ekki á morgun heldur einhvern tíma seinna. Frjálslyndir og VG vilja að jólin verði hringd inn sem fyrst. Á meðan anda Sjálfstæðismenn rólegir með stillt á Ríkisútvarpið ohf. og bíða klukknaómsins.

Þó við vitum ekki alveg fyrir víst hvað framtíðin ber í skauti sér eru næstu vikur að mörgu leyti fyrirsjáanlegar í pólitíkinni. Í þinginu nota stjórnarandstæðingar hvert tækifæri sem gefst til að benda á slappleika ríkisstjórnarinnar en fá til baka glósur um að sjálfir séu þeir ótrúverðugir. Nokkrar slíkar uppákomur voru í vikunni og þeim mun fjölga.

Á sama tíma verða ráðherrar duglegir að halda blaðamannafundi og boða bót og betrun í ýmsum málaflokkum. Í raun breytast ráðuneytin í risastórar kosningaskrifstofur síðustu mánuði fyrir kjördag.

Slagurinn hefst svo fyrir alvöru þegar þingi verður slitið um miðjan mars. Þá fáum við bæklingana með kosningaloforðunum sem búin eru til í herráðum flokkanna. Þar koma ekki frambjóðendur einir að verki heldur líka – og kannski fyrst og fremst – sérfræðingar í ímynd, almannatengslum og sölumennsku. Fagmennska í pólitík dugar ekki ein og sér í kosningabaráttu. Hún þarfnast líka fagmennsku á öðrum sviðum.

Það stefnir annars í að Byrgismálið verði að kosningamáli. Stjórnarflokkarnir, og þá sérstaklega Framsóknarflokkurinn, verða minntir á klúðrið fram á kjördag. Það er svo spurning hvaða svör ímyndarsérfræðingarnir hafa fyrir þá.



**KEYPT OG SELT** Viðskiptabankarnir þrír högnuðust um 163,7 milljarða króna á síðasta ári. Þingmenn telja þá góðu afkomu sýna að lag sé til lækkunar vaxta og þjónustugjalda.

# Bankarnir eiga að lækka vexti og þjónustugjöld

**Ásta R. Jóhannesdóttir Samfylkingunni segir að bankarnir eigi að lækka vexti og þjónustugjöld í ljósi góðrar afkomu. Ögmundur Jónasson VG segir ríkisbankana hafa nánast verið gefna. Sæunni Stefánsdóttur Framsóknarflokki finnst bönkunum bera siðferðisleg skylda til bjóða upp á eins hagstæð kjör og þeir geta.**

„Að sjálfsögðu eiga þeir að lækka vextina og þjónustugjöldin, þessi afkoma segir allt um það,“ segir Ásta, enda séu gjöld íslensku bankanna hærri en í öðrum löndum. Hún kveðst vona innilega að bankarnir endurskoði gjaldskrár sínar en þorir ekki að segja til um hvort ástæða sé til bjartsýni.

Sæunn Stefánsdóttir Framsóknarflokki gleðst yfir þessari góðu afkomu og bendir á að hún skili sér í ríkiskassann sem stendur undir velferðar- og menntakerfi þjóðarinnar. „En óneitanlega reikar hugurinn til neytendanna og þó Seðlabankinn spili stórt hlutverk finnst mér bönkunum bera siðferðisleg skylda til að bjóða upp á eins hagstæð kjör og þeir geta og þeir hljóta að leita allra leiða til þess.“

„Tvímælalaust,“ svarar Valdimar L. Friðriksson Frjálslynda flokknum, spurður hvort hann telji lag til lækkunar vaxta og gjalda. „Það er talað um að þessi afkoma byggist mikið til á erlendum viðskiptum en bankarnir væru ekki til ef þjóðin væri ekki til og mér finnst að þeir eigi að skila einhverju til baka.“ Valdimar segir bankana bera bæði belti og axlabönd með verðtryggingunni og því sé þeim í lófa lagið að lækka vextina.

Arnbjörgu Sveinsdóttur Sjálfstæðisflokki sýnist vera lag til til lækkunar en tekur fram að hún sé ekki of vel að sér í rekstri bankanna. Hún hafi þó alla tíð litið þannig á að með samkeppni á bankamarkaði hlyti að koma að því að vextir og þjónustugjöld myndu lækka. „En á það ber að líta að hagnaðurinn nú er mikið til af starfsemi annars staðar og það er auðvitað mikill kostur fyrir ríkissjóð að bankarnir hagnist í útlöndum.“

Ögmundur Jónasson VG segir að sú krafa hljóti að vera reist á bankana að þeir endurskoði stefnuna í vaxtamálum og þjónustugjöldum. „Mér finnst það liggja á borðinu og nú verður ekki undan því vikist. Það er kominn tími til að þeir hætti að seilast ofan í vasa viðskiptavina í þeim mæli sem þeir gera.“ Hann segir um helming hagnaðarins fenginn af viðskiptum á Íslandi og hann komi að stórum hluta af háum vaxtakostnaði og þjónustugjöldum. Því sé lag.

Þingmennirnir hafa ólíkar skoðanir á hvort ríkið hafi selt bankana sína of lágu verði á sínum tíma miðað við hagnaðinn sem nú fæst af starfsemi þeirra. Ögmundur kveður fastast að orði í þeim efnum. „Það hefur alltaf legið fyrir að bankarnir voru nánast gefnir.“ Ásta segist alltaf hafa haft grun um að lægra verð hafi fengist fyrir þá en efni stóðu til og fullyrðir að sala þeirra hafi verið hluti af helmingaskiptareglu ríkisstjórnarinnar á þeim tíma. Valdimar tekur í sama streng, verðið hafi verið of lágt og kaupendurnir valdir út frá pólitískum forsendum. Arnbjörg er á öndverði skoðun og telur að markaðsvirði þess tíma hafi fengist fyrir ríkisbankana. „Það var ekki hægt með miklum rökum að sýna fram á að duglegir og framsýnir menn kæmu inn í þetta og næðu þessum árangri sem við sjáum núna,“ segir hún og kveðst þess fullviss að væru bankarnir áfram í ríkiseigu væri hagnaður þeirra allt annar og minni en raunin er. Sæunn minnir á að ríkið borgaði með viðskiptabönkunum sínum en í dag standi skatttekjur af þeim undir öllu háskólastigi landsins. „Peningarnir hafa verið settir í vinnu sem skilar arði,“ segir hún og minnir jafnframt á að ekki var hæsta tilboði tekið í annan bankann. Það sé staðreynd sem menn verði að horfast í augu við og læra af.

Sæunn, Arnbjörg og Valdimar segja að rétt hafi verið að selja ríkisbankana en Ögmundur áréttar þá skoðun sína að heppilegt væri að hafa einn öflugan ríkisbanka sem kjölfestu í íslensku fjármálalífi enda sé viðskiptaheimurinn fallvaltur þó vel ári nú. Ásta svarar hvorki af né á en segist sjá svolítið eftir bönkunum úr ríkiseigu, þó sér í lagi listaverkasöfnum þeirra.



ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR | ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR | VALDIMAR L. FRIÐRIKSSON | SÆUNN STEFÁNSDÓTTIR | ÖGMUNDUR JÓNASSON




Útsölulok
í Kringlunni, Smáralind og Firði
um helgina
RICOH CAPLIO R30
29% AFSLÁTTUR
TILBOÐ Kr. 24.900,-
Kr. 34.980,-
SAMSUNG DIGIMAX L85
26% AFSLÁTTUR
TILBOÐ Kr. 34.900,-
Kr. 46.900,-
SAMSUNG DIGIMAX S600
26% AFSLÁTTUR
TILBOÐ Kr. 16.900,-
Kr. 22.900,-
Logitech ALLAR VÖRUR 35% AFSLÁTTUR
35% AFSLÁTTUR
LITEON DVD spilari með hörðum disk
DivX
14% AFSLÁTTUR
TILBOÐ Kr. 30.775,-
Kr. 35.905,-
Lenco DVP 702
TILBOÐ Kr. 16.290,-
Kr. 20.990,-
Bushnell Powerview 12x50
32% AFSLÁTTUR
TILBOÐ Kr. 8.590,-
Kr. 12.590,-
SAMSUNG DIGIMAX i6
23% AFSLÁTTUR
TILBOÐ Kr. 29.900,-
Kr. 38.900,-
EPSON Stylus C 46
55% AFSLÁTTUR
TILBOÐ Kr. 5.390,-
Kr. 11.870,-
CHILI hljómtæki
21% AFSLÁTTUR
TILBOÐ Kr. 32.990,-
Kr. 41.895,-
Lenco MP3 spilarar
42% AFSLÁTTUR
TILBOÐ Kr. 6.100,-
Kr. 10.490,-
Lenco DVP 852
TILBOÐ Kr. 23.990,-
Kr. 30.345,-
EPSON Stylus RX520
29% AFSLÁTTUR
TILBOÐ Kr. 23.990,-
Kr. 33.595,-
NOKIA 2610
30% AFSLÁTTUR
TILBOÐ Kr. 9.797,-
Kr. 13.995,-
Logitech ALLAR VÖRUR 35% AFSLÁTTUR
35% AFSLÁTTUR
NOKIA 2310
20% AFSLÁTTUR
TILBOÐ Kr. 8.796,-
Kr. 10.995,-
Ripley's Ótrúlegt en Satt!
50% AFSLÁTTUR
RICOH CAPLIO R4
25% AFSLÁTTUR
TILBOÐ Kr. 29.900,-
Kr. 39.900,-
Rammar allt að 60% afsláttur
60% AFSLÁTTUR
100 ára
HANS PETERSEN
1907–2007
Fjörður · Kringlan · Smáralind


Skynsemin
Bónustilboð í 5. viku 2007
500g 199 KR.
Bónuskaffi
500 GRÖMM BÓNUS kaffi
ENGIN VERÐHÆKKUN
BLANDAÐ FYRIR BÓNUS
Beinhreinsaðir íslenskir laxabitar
norðanfiskur
Íslenskir laxabitar kílóverð nú: 798 KR.
Merkt verð 999KR.
Ferskir blandaðir bitar kílóverð nú: 291 KR.
Merkt verð 530KR.
Ferskir bitar
45% afsláttur við kassann
Bónus býður betur!
EKKERT BRUDL
40% afsláttur við kassann
ÍSLANDS LAMB
Weekend steak
Beinlaus lambasteik kílóverð nú: 1019 KR.
Merkt verð 1698KR.
Beinlaus lamba helgarsteik
ERAN/Landlist
Ferskar Ali svínakótelettur
Ferskar svínakótelettur kílóverð nú: 1101 KR.
Merkt verð 1573KR.
SVÍNAKJÖT
30% afsláttur við kassann
Á erfiðu blettina: BÓNUS Scrubstone
Skrúbbsteinn 298 KR.
400g + svampur
Bónus HREINSISTEINN m/SVAMPI 400g dós
Nýtt!
BÓNUS
Leðurfeiti 398 KR.
200g
LEÐURÁBURÐUR 200g
Appelsínur 89 KR. kílóverð
Gul epli 89 KR. kílóverð
HREINGERNINGARLÖGUR
Bónus OXY 750 ml og
Bónus hreingerningarlögur
1.5 lítri
Hreingerningarlögur 259 KR.
1.5 lítri
BÓNUS
UPPÞVOTTAVÉLADUFT
1.5 kíló um 75 þvottar
Uppþvottaduft 298 KR.
1.5 kíló
BÓNUS Uppþvottavéla duft
SÉRFRAMLEITT ÞVOTTAEFNI Í ÚRVALI í 1.5 lítra brúsum
Fyrir ullina, silkið, litaða þvottinn og ALLT!
Þvottalögur 398 KR.
1.5 lítrar
Þvottalögur 398 KR.
1.5 lítrar
Nýtt!
BÓNUS Alhliða Fljótandi þvottaefni
BÓNUS
BÓNUS COLOR Fljótandi þvottaefni
Bónus OXY blettahreinsibrúsi
Bónus OXY hreinsilagarbrúsi
750ml
OXY 750 ml 259 KR.
HREINSIEFNI/BLETTA
Nýjar Bónusvörur á betra verði!



velur Bónus!
Frosið og snyrt lambalæri
Tilboðsverð nú:
878 KR.kg
og undir 1000 KR. kílóið ALLA DAGA!
...fyrir góðan dag!
EKKERT BRUÐL
Ferskar bringur
37,5% afsláttur við kassann
FERSKAR BRINGUR kílóverð nú:
1599 KR.
Merkt verð 2565 KR.
ENGIN VERÐHÆKKUN
LAMBALÆRI FROSIÐ OG SNYRT KÍLÓVERÐ NÚNA:
878 KR.
Venjulegt verð í Bónus 989 KR.
Merkt verð er 1098 KR.
Bónus hangiálegg KÍLÓVERÐ:
1998 KR.
Samlokuskinka KÍLÓVERÐ NÚ:
699 KR.
Merkt verð 776 KR.
Reykt skinka KÍLÓVERÐ NÚ:
799 KR.
Merkt verð 888 KR.
Bónus vínarpylsur kílóverð nú:
539 KR.
Merkt verð 599 KR.
ENGIN VERÐHÆKKUN
Þessar Bónusvörur frá Síld og fisk hafa ekki hækkað í verði!
EKKERT BRUÐL
2 lítrar
279 KR.
Allar tegundir
Sítrónur
89 KR.
kílóverð
Sjáðu verðið!
Vitality
Chiquita
ACE
Orange, Carrot, Lemon
ENGIN VERÐHÆKKUN
Nettare d'ARANCIA
ORANGE nectar
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



†

*Ástkær móðir mín, systir og amma,*

**Ragnheiður L. Ólafsdóttir Nielsen,**

lést hinn 19. janúar í Danmörku. Útförin fór fram hinn 21. janúar í Sankt Johanneskirke í Kaupmannahöfn.

**Heidi Maria Pajusalo**
**Daggeir H. Pálsson**
**Helgi Benediktsson**
**Unnur María Benediktsdóttir**
**Brynja Benediktsdóttir**
**barnabörn, Silas og Lucoa María.**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Finnur Einarsson**
frá Gufuá, Ánahlíð 2, Borgarnesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness þ. 31. janúar sl. Jarðarför verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Sólveig Sigríður Finnsdóttir** | **Þorsteinn Vilhjálmsson** |
| **Guðmundur Finnsson** | **Jenný Halldórsdóttir** |
| **Sesselja Valdís Finnsdóttir** | **Kristján Björnsson** |
| **Gróa Finnsdóttir** | **Ólafur Ingi Jónsson** |

**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur sambýlismaður minn,*

**Jóhannes Ólafsson**
(áður Olsen), Klapparhlíð 2, Mosfellsbæ,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 29. janúar.

**Unnur Finnbogadóttir**

| | |
|---|---|
| **Ingólfur Jóhannesson** | **Svala Ingvarsdóttir** |
| **Björn Jóhannesson** | **Jóhanna Birgisdóttir** |
| **Kristín Ólafsdóttir** | **Eiður Magnúsdóttir** |
| **Finnbogi Óskarsson** | **Jóhanna Karlsdóttir** |

**og barnabörn.**



†

*Ástkær dóttir okkar, litla systir og barnabarn,*

**Katla Rún Jónsdóttir,**

lést á Barnaspítala Hringsins mánudaginn 29. janúar. Útför hennar fer fram frá Blönduóskirkju laugardaginn 3. febrúar kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Jón Ölver Kristjánsson** | **Guðrún Birna Hagalínsdóttir** |
| **Kristján Hagalín Jónsson** | |
| **Kristján Jónsson** | **Margrét Rósa Jónsdóttir** |
| **Guðm. Hagalín Guðmundsson** | **Kristjana Arnardóttir** |

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.



†

**Jón Ævar Ármannsson**

Við viljum þakka öllum þeim sem með bænum, kertalogum, blómum, gjöfum, fallegum orðum, faðmlögum, samúðarkveðjum og ýmiss konar hjálp og hafa sýnt minningu ástkærs sonar okkar og bróður virðingu. Sérstakar þakkir viljum við senda starfsfólki gjörgæsludeildar Landspítalans við Fossvog. Hjartans kveðjur til ykkar allra og Guð blessi ykkur.

**Ármann Rögnvaldsson** **Elísabet Unnur Jónsdóttir**
**Steinunn Birna Ármannsdóttir**
**Ásdís Ósk Ármannsdóttir.**

**ALVAR AALTO (1898-1976) FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI**

*„Við lifum á tímum sérþekkingar. Fólk veit ýmist meira og meira eða minna og minna.“*



***Finnski arkitektinn Alvar Aalto hannaði meðal annars Norræna húsið.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 3. FEBRÚAR 1966**

## *Tunglfarslending heppnast*



Þennan dag árið 1966 heppnaðist Sovétmönnum að farsællega að stýra ómönnuðu geimfari að nafni Lunik 9 inn til lendingar á svæði sem nefnist „Vindahafið“ á tunglinu.

Eftir lendinguna opnaðist á farinu hringlaga hylki, líkt og þegar blóm opna krónu sína, þannig að úr varð loftnet og farið hóf að senda ljósmyndir og sjónvarpsefni til jarðarinnar. Var þetta í fyrsta sinn sem sjá mátti tunglið frá yfirborði þess. Svæðið sem hægt var að skoða var vestan við gígana Reiner og Marius.

Farinu, sem vó um 100 kíló, var skotið frá jörðu 31. janúar, en Lunik 9 var þriðja stóra tunglferðin í geimáætlun Sovétríkjanna. 14. september árið 1959 var Lunik 2 fyrsti manngerði hluturinn til að ná til tunglsins þegar hann skall á yfirborði þess og 7. október sama ár flaug Lunik 3 umhverfis tunglið og sendi aftur til jarðar fyrstu myndirnar af myrku hlið tunglsins.

Á síðari hluta sjötta og fyrri hluta sjöunda áratugar síðustu aldar voru Bandaríkin ávallt skrefi á eftir Sovétríkjunum í að ná áföngum í geimferðum. Júrí Gagarín var til að mynda fyrsti geimfarinn. Með Apollo-tunglsáætluninni tókst Bandaríkjunum þó að snúa við spilinu og urðu fyrri til að koma mönnum á tunglið á síðari hluta sjöunda áratugarins.

# Gáfu málverk af Gylfa Þ. Gíslasyni



**FRÁ AFHENDINGUNNI** Það kom í hlut Gylfa Þorsteins Gunnlaugssonar, barnabarnabarns Gylfa heitins, að afhjúpa málverkið.

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands var í gær afhent málverk af dr. Gylfa Þór Gíslasyni, fyrrverandi prófessor deildarinnar.

Málverkið er gjöf frá nokkrum af fyrrverandi nemendum Gylfa og velunnurum hans sem vildu heiðra minningu hans með þessum hætti. Gylfi Þ. Gíslason var einn af stofnendum viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands. Hann starfaði fyrst sem hagfræðingur við Landsbanka Íslands og stundakennari og dósent við Viðskiptaskóla Íslands 1939-41, forvera viðskipta- og hagfræðideildar. Gylfi gegndi stöðu prófessors við deildina, með nokkurra ára hléi þó, fram til ársins 1987. Gylfi hefði orðið níræður miðvikudaginn 7. febrúar, en hann lést árið 2004.

Bolli Héðinsson, hagfræðingur og fyrrverandi nemandi Gylfa, afhenti málverkið við hátíðlega athöfn í Hátíðarsal Háskóla Íslands en það kom í hlut Gylfa Þorsteins Gunnlaugssonar, barnabarnabarns Gylfa, að afhjúpa málverkið.

Auk þess flutti Jón Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri NIB, ávarp um Gylfa, Karlakórinn Fóstbræður söng lög og Friðrik Már Baldursson, forseti viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands, flutti þakkarávarp.



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Jóhönnu H. Stefánsdóttur**
Hrafnistu Reykjavík, áður til heimilis á Hólagötu 3, Ytri-Njarðvík.

**Ólína H. Guðmundsdóttir, Kristófer T. S. Valdimarsson, Júlíana Guðmundsdóttir, Hulda Guðmundsdóttir, Þór P. Magnússon, Páll G. Guðmundsson, ömmubörn, langömmubörn og fjölskyldur.**



†

*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru*

**Jóhönnu Björnsdóttur**
læknis, Bergþórugötu 9, Reykjavík

| | |
|---|---|
| **Ásta Ásbjörnsdóttir** | **Hulda Ásbjörnsdóttir** |
| **Jónína Ósk Pétursdóttir** | |
| **Pétur Björnsson** | **Margrét Þorvaldsdóttir** |
| **Hólmsteinn Björnsson** | **Þorgerður Ása Tryggvadóttir** |
| **Guðrún R. Björnsdóttir** | |
| **Lilja V. Björnsdóttir** | **Jón Ómar Finnsson** |
| **Birna Björnsdóttir** | **Ríkharður Reynisson** |

**og fjölskyldur.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát eiginmanns míns,*

**Ara Jónssonar**
Sólbergi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæslu- og lyflækningadeildar FSA fyrir góða umönnun og hlýju.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Svanhildur Friðriksdóttir.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Hámundur Valdimarsson,**
fv. lögreglustjóri á Keflavíkurvelli,

lést á Garðvangi, Garði, miðvikudaginn 31. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Gunnar Björn Gunnarsson** | **Sigríður Birna Björnsdóttir** |
| **Valdimar Ragnar Gunnarsson** | **Sjöfn Eysteinsdóttir** |
| **Kolbrún Gunnarsdóttir** | **Birgir Bjarnason** |
| **Jóna Gunnarsdóttir** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorsteinn Arnar Andrésson**
Bröttuhlíð 8, Mosfellsbæ,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir hinn 1. febrúar sl. Jarðsungið verður hinn 7. febrúar nk. kl. 13 í Fríkirkjunni í Reykjavík. Blóm eru vinsamlega afþökkuð en bent er á minningarsjóð FAAS, félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga.

**Friðbjörg Óskarsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Lilja Þorsteinsdóttir** | **Snorri Árnason** |
| **Kristín Þorsteinsdóttir** | **Aðalsteinn Leví Pálmason** |
| **Alda Þorsteinsdóttir** | **Vignir Pétursson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



**60 ára**
er í dag
**Baldur Björn Borgþórsson**
húsgagnasmiður,
Hlíðarhjalla 14 í Kópavogi.




**PLASTIC CHAIR**
HÖNNUÐIR
CHARLES & RAY EAMES, 1950
VERÐ
19.900 KR.

# HEIMILIÐ ER HEILAGT, ÞESS VEGNA SKIPTIR ÖLLU HVAÐ ÞAR ER INNANSTOKKS

**PLASTIC ARMCHAIR**
HÖNNUÐIR
CHARLES & RAY EAMES, 1950
VERÐ
31.900 KR.





**GAUKSKLUKKA**
HÖNNUÐUR
DIAMANTINI & DOMENICONI
VERÐ
19.500 KR.

**BABELL**
HÖNNUÐUR
HINTS-WIEN, 1996
VERÐ
2.500 KR.





**RANDOMLIGHT (50 cm)**
HÖNNUÐUR
BERTJAN POT, 2001
VERÐ
46.780 KR.

**CYLINDER LAMP**
HÖNNUÐUR
ISAMU NOGUCHI, 1944
VERÐ
22.500 KR.



Nú hefur **Kokka** bæst í hópinn með **Lumex, Pennanum** og **Eymundsson** og opnað glæsilega verslun með eldhúsvörur í Saltfélaginu.
Á kaffihúsinu sem **Te og kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga, 11-17 laugardaga og 12-16 sunnudaga.**

ENNEMM / SÍA / NM25937

# Ég meina það sem ég segi

Gagnrýnisröddum á Samfylkinguna virðist fjölga, ef mark er tekið á niðurstöðum nýlegra skoðanakannana. Teikn eru á lofti í íslenskum stjórnmálum og *Svavar Håvarðsson* spurði því **Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur**, formann Samfylkingarinnar, hvernig hún læsi í þau.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Segir að gagnrýni á Samfylkinguna sé til komin vegna þess að flokkurinn eigi góða möguleika á því að taka frjálslynt fylgi frá öllum hinum flokkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

*Það hefur ekki farið fram hjá áhugafólki um stjórnmál að mikil ólga er í íslenskum stjórnmálum um þessar mundir. Frjálslyndir sleikja sárin eftir innanflokksátök og Jón Baldvin Hannibalsson hefur komið inn í umræðuna með eftirtektarverðum hætti. Finnst þér það óheppilegt að hann kom fram með gagnrýni á Samfylkinguna sem kristallast í orðum hans um að flokknum hafi mistekist að vera valkostur við Sjálfstæðisflokkinn?*

Ég lít svo á að Jón Baldvin sé að brýna okkur til dáða. Jón Baldvin er ákafamaður og það er greinilegt að hann er mjög óþreyjufullur að sjá þessa ríkisstjórn fara frá. Hins vegar mega menn ekki gefast upp þó á móti blási. Við höfum áður séð vondar tölur í skoðanakönnunum og það er engin ástæða til að fara á taugum yfir því. Ég er sannfærð um að ný ríkisstjórn verður ekki mynduð án þess að Samfylkingin fái það góðan stuðning að hún gegni þar lykilhlutverki. Þetta eru sennilega mikilvægustu kosningar í marga áratugi og því skiptir miklu máli að menn stökkvi ekki frá borði þó það gefi tímabundið á bátinn.

*Þú hefur tjáð þig um að umræða um sérframboð Jóns Baldvins eða að hann sé að safna til sín fólki sé tilhæfulaus. Veistu það með vissu að hann ætli sér ekki að taka höndum saman undir merkjum annars framboðs en Samfylkingarinnar?*

Ég myndi láta segja mér það tvisvar. Ég átti mjög langt og hreinskiptið samtal við Jón Baldvin og við komumst að sameiginlegri niðurstöðu eftir það samtal. Samfylkingin mun einfaldlega halda sínu striki.

*Má eiga von á því að sjá Jón Baldvin með sýnilegri hætti í starfi Samfylkingarinnar? Það hefur verið sagt að hann yrði hugsanlega utanþingsráðherra komist Samfylkingin í ríkisstjórn. Hafa slíkir möguleikar verið ræddir ykkar á milli?*

Nei, en ég vil ekki tjá mig frekar um það sem okkur Jóni fór á milli. Hitt er annað mál að ég er ekki að stilla upp ráðherralista núna. Fyrst þarf að vinna kosningarnar.

### Geðþekkt andlit

*Það hafa verið miklar sviptingar innan Frjálslynda flokksins. Margrét Sverrisdóttir hefur sagt sig frá flokknum og ætlar eigin leiðir. Hafið þið Margrét talað saman um að hún komi til samstarfs við Samfylkinguna?*

Margrét hefur verið geðþekkt andlit í þessum flokki á undanförnum árum og ég held að það hafi verið pólitísk mistök sem þarna áttu sér stað með brotthvarfi hennar. Ég er þeirrar skoðunar að hún sé jafnaðarmaður í eðli sínu og ætti mjög vel heima í okkar flokki. En hún verður auðvitað sjálf að taka ákvörðun um það hvernig hún hagar sínu lífi og hvort hún vill bera einhvers staðar niður pólitískt eða ekki. En hún og fólkið í kringum hana er í mínum huga jafnaðarfólk í eðli sínu og sinni lífssýn.

### Framsókn í kaffi

*Þú hefur sagt að kosningarnar í vor megi sjá sem ögurstund í íslenskum stjórnmálum. Næsta ríkisstjórn skuli skoðast í þessu ljósi. Núna þegar Frjálslyndir eru vart hluti af svokölluðu kaffibandalagi, gæti hugsast að Framsóknarflokkurinn kæmi í þeirra stað?*

Ég kannast ekki við að Frjálslyndir séu ekki ennþá hluti af svokölluðu kaffibandalagi enda er það ekki kosningabandalag heldur samstarf stjórnarandstöðunnar á þingi og sammæli um að við munum tala fyrst saman eftir kosningar ef ríkisstjórnin fellur. Á því hefur enn engin breyting orðið. Ég lít svo á að enginn geti útilokað neitt í þeim efnum. Það er fátítt í íslenskum stjórnmálum að flokkur útiloki samstarf. Við verðum einfaldlega að lúta þeim dómi sem kjósendur fella í kosningum og taka mið af þeirri niðurstöðu sem þar fæst. Hins vegar er alveg ljóst að ég er þeirrar skoðunar að Framsóknarflokkurinn hafi alltof mikil völd í íslensku samfélagi og langt umfram það sem lýðræðislegt umboð hans hrekkur til. Sjálfstæðisflokkurinn hefur hins vegar verið gjarn á að fela sitt raunverulega eðli fyrir kosningar en framkvæma svo hefðbundna hægri pólitík sem hefur stóraukið ójöfnuð á Íslandi á sama tíma og stórir hópar eins og eldri borgarar og öryrkjar hafa mátt sætta sig við smánarleg kjör. Samfylkingin lítur á það sem forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar að endurreisa velferðarkerfið svo allir geti lifað mannsæmandi lífi – ekki bara sumir.

hvernig þeir ætla að standa að framkvæmd þeirra.

**MILLILIÐALAUST**
**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

*Nú hefur gagnrýni á Samfylkinguna verið áberandi að undanförnu. Hver er þín sýn á þessa gagnrýni?*

Já, það er ekkert ofmælt að spjótin standa á okkur þessa dagana og það er heldur ekkert óeðlilegt við það. Samfylkingin er flokkur sem á góða möguleika á því að taka frjálslynt fylgi frá öllum hinum flokkunum og þeir reyna að verjast því. Samfylkingin er framsækin og setur mál á dagskrá. Hún er umbótaflokkur sem vill stuðla að breytingum þar sem almannahagsmunir eru hafðir að leiðarljósi í stað sérhagsmuna. Því verðum við að taka upp umdeild mál sem þarf að ryðja braut.

*Tekur þú gagnrýni á flokkinn til þín persónulega?*

Nei, ekki umfram það sem eðlilegt er. Það er auðvitað erfitt að aðgreina flokk og formann þannig að gagnrýni á flokkinn beinist líka að mér. En ég hef ekki tekið það persónulega, nei. Sá sem vill setja mark sitt á pólitíkina verður að þola gagnrýni. Ég reyni að segja það sem ég meina og meina það sem ég segi.

### Ríkisstjórnin firrir sig ábyrgð

*Af hverju er Samfylkingarfólk í sveitarstjórnum ekki í öllum tilfellum samstíga flokkslínunni í virkjana- og stóriðjumálum, eins og með virkjun jökulánna í Skagafirði?*

Ríkisstjórnin firrir sig ábyrgð í stefnumótun í virkjana- og stóriðjumálum og er búin að tvístra henni til orku- og stóriðjufyrirtækjanna og sveitarfélaganna. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vernda jökulárnar í Skagafirði og treysti okkar fólki í sveitarstjórn til að leysa það mál farsællega. Ríkisstjórnin hefur hins vegar att fólki og fyrirtækjum saman, efnt til kapphlaups, sem þýðir að sveitarstjórnarmenn á landsbyggðinni óttast það að ef þeir hafa sig ekki í frammi þá sitji þeir eftir. Ýmsir sveitarstjórnarmenn liggja undir ámælum fyrir þetta en ég veit að tvennt er rauði þráðurinn í þeirra starfi. Að sjá til þess að það sé atvinna í byggðarlaginu og hins vegar þjónusta. Ég hef ekki enn kynnst þeim sveitarstjórnarmanni sem ber ábyrgð á rekstri sveitarfélags sem treystir sér til þess að hafna atvinnutækifæri sem býðst fyrir byggðarlagið.

> Ég átti mjög langt og hreinskiptið samtal við Jón Baldvin og við komumst að sameiginlegri niðurstöðu eftir það samtal. Samfylkingin mun einfaldlega halda sínu striki.

### Of pólitískur flokkur?

*Þú sagðir í ræðu nýlega að Samfylkingin gyldi fyrir að vera of pólitískur flokkur. Hvað áttirðu við með því?*

Eitt er að hafa skoðanir og annað er að benda á lausnir til að leiða mál til lykta. Þar stendur Samfylkingin sterkust allra flokka. Ég fullyrði að enginn flokkur hefur mótað jafn skýra stefnu eins og birtist til dæmis í virkjana- stóriðju- og náttúruverndarmálum. Við erum óhrædd við að tala um pólitík. Þetta er pólitík; að setja fram sýn og benda á leiðir í stað þess að þegja og bíða af sér kosningar. Kjósendur eiga rétt á því að vita fyrir hvað flokkarnir standa, hvaða grunngildi þeir hafa og ana og það er heldur ekkert óeðlilegt við það.

### Mennta- og samgöngumál mikilvæg kosningamál

*Hver telur þú verða mikilvægustu málin í komandi kosningabaráttu?*

Mennta- og samgöngumál eru í mínum huga meðal mikilvægustu kosningamálanna því þau eru afgerandi fyrir framtíðina. Ég er sannfærð um að framundan sé mikið vaxtarskeið og það er verkefni stjórnmálamanna að sjá til þess að vöxturinn verði stöðugur og í jafnvægi þannig að allir hópar samfélagsins njóti góðs af honum. Einnig málefni aldraðra og öryrkja sem eru dæmdir til fátæktar sökum gallaðs bótakerfis og harðra tekjutenginga. Það verður að gefa fólki kost á því að afla sér aukatekna og taka þátt í samfélaginu á sínum forsendum. Það er ekki mikil mannúð að setja fólki stólinn fyrir dyrnar með þessum hætti.

*Á Ísland að ganga í Evrópusambandið? Treystir þú þér til að svara því afdráttarlaust?*

Ég er þeirrar skoðunar já, að við eigum að láta reyna á umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Við eigum að vera þar sem ákvarðanir eru teknar. Það skiptir máli fyrir okkur sem þjóð og alla okkar hagsmuni. Við verðum að tryggja hér jafnvægi og ég held að krónan sé ekki gott tæki til þess. Við eigum að láta reyna á samninga við ESB en svo er það þjóðarinnar að dæma um hvort þeir samningar sem nást séu fullnægjandi. Það má síðan spyrja hvort íslenskt viðskiptalíf sé ekki að taka þessa ákvörðun fyrir okkur. Mér sýnist allt benda til þess að fyrirtækin leiði þessa þróun en stjórnmálamenn muni í fyllingu tímans fylgja í humátt á eftir. Samfylkingin nýtur þar algjörrar sérstöðu sem eini flokkurinn með skýra og jákvæða afstöðu til Evrópusambandsins. Evrópumálin munu samt ekki brenna á fólki sem kosningamál núna, því þau eru í eðli sínu langtímaverkefni.

### Spennandi tímar

*Ef horft er fram yfir kosningar og Samfylkingin nær ekki sínu kjörfylgi munt þú þá líta á það sem vantraust á þig og jafnvel snúa þér að öðrum verkefnum?*

Ég vinn út frá þeirri fullvissu að Samfylkingin nái góðum árangri í næstu kosningum og verði ekki með minna fylgi en hún hafði í síðustu kosningum. Það er það verkefni sem við munum einhenda okkur í fram að kosningum. Eftir kosningar tekst ég á við þann veruleika sem þá blasir við. En ég hlakka mjög til baráttunnar, nú fer í hönd spennandi og skemmtilegur tími. ■



## DRAUMASTELPUR
Dýrðlegir kjólar, glys og glamúr einkenna búningana í kvikmyndinni Dreamgirls og eiga þeir eflaust eftir að hafa áhrif á tískustraumana.
TÍSKA 8

## REYNSLUAKSTUR
Skoda Roomster, nýjasta afurð Volkswagen, er léttur og lipur bíll. Frumraun sem lofar góðu.
BÍLAR 2



# allt



## ALLT HITT
**BÍLAR FERÐIR TÍSKA**

**Nýr Corolla** er kynntur í dag hjá umboðsmönnum Toyota um allt land. Bíllinn hefur verið endurhannaður og endurskilgreindur sem fólksbíll, segir á vefsíðu Toyota. Opið er í dag kl. 12–16 en á morgun kl. 13–16.

**Stóra Vatnsleysa – Vogar** er yfirskrift göngu sem farin verður á vegum Útivistar á morgun, sunnudag. Brottför er frá BSÍ kl. 10.30. Vegalengd 13 km og göngutími 5 klst. Verð 2.400/2.900 krónur.



**Phoebe Philo** hefur verið orðuð við nýja tískulínu undir eigin nafni. Hún hætti hjá tískuhúsinu Chloe fyrir ári síðan og beðið er með eftirvæntingu eftir að hún staðfesti orðróminn og tilkynni um nýju línuna. Talið er víst að hún muni slá í gegn ef marka má vinsældir Philo hjá Chloe.

## GÓÐAN DAG
**Í dag er laugardagurinn 3. febrúar, 34. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.03 | 13.41 | 17.21 |
| Akureyri | 9.59 | 13.26 | 16.54 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is


Agnes Karen Sigurðardóttir er í stjórn ferðaklúbbsins 4x4 sem stundar reglulegar jeppaferðir. Í byrjun mars fer síðan fram hin árlega stelpuferð klúbbsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Fjör með stelpunum

***Agnes Karen Sigurðardóttir á Nissan Patrol árgerð 93 sem hefur reynst henni gífurlega vel. Hún er í stjórn ferðaklúbbsins 4x4 og fer oft í jeppaferðir með félögunum þar.***

„Við hjónin eigum þrjá bíla en Patrolinn fer bara í fjallaferðirnar,“ segir Agnes Karen Sigurðardóttir sem er í stjórn ferðaklúbbs 4x4.

Jeppinn hefur oftast reynst vel en allur er þó varinn góður. „Við förum alltaf vel yfir bílana áður en lagt er í hann og kíkjum undir húddið til að rifja upp hvernig á að gera við enda er langt í næsta verkstæði á þessum ferðum,“ segir Agnes.

Það er mikil stemning í stelpuferðunum og Agnes segir aðalatriðið að vera með góðan útbúnað, slatta af varahlutum og gott nesti. Hún reynir að komast í sem flestar ferðir með klúbbnum en hin árlega kvennaferð klúbbsins sem verður farin 3.-5. mars næstkomandi er alltaf í mestu uppáhaldi. Agnes tekur það fram að konur þurfa ekki að vera meðlimir til að taka þátt í ferðinni og vonast til að sjá ný andlit í ár. „Það eru alltaf að bætast við nýjar stelpur á hverju ári og það finnst mér alveg frábært,“segir Agnes.

„Stelpurnar eru snillingar í jeppaviðgerðum og á góðum bílum sem þær kunna vel á. Ég lenti einu sinni í vanda og þá kom sér vel að vinkona mín er á 49 tommu dekkjum og gat dregið mig,“ segir Agnes brosandi.

*rh@frettabladid.is*






**Vélsleðar eru frábærir á veturna, sérstaklega uppi á hálendinu þar sem hægt er að þeysast um.** Sleðarnir þurfa að vera í góðu ásigkomulagi og það er aldrei of varlega farið. Landssamband vélsleðamanna er með góðar upplýsingar um íþróttina á www.liv.is



Omega
The Ultimate Lubricant
Enginn veit hvað gæði eru fyrr en reynt hefur Omega smurefnin !
Hamraberg ehf
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ
S: 5667450
e-mail: magnusmv@simnet.is

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

KERRUÖXLAR Í ÚRVALI
og hlutir til kerrusmíða





FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Höfum til afhendingar strax




Mercedes Benz 2660 EURO 5
600 hestafla Dráttarbíll. Sjálfskiptur, Retarder Megaspace hús með slettu gólfi, sturtukerfi með tveimur lögnum
10,9 m.kr. + vsk



Man 18.430 Flas EURO 3
fyrst skráður 03-04-2006. 4x4 dráttarbíll á lofti að aftan LX kojuhús með háum topp. Ekinn 85,000 km. 3 öxla malarvagn á loftpúðum. sama árgerð 2006
samtals verð 10 m.kr. + vsk



Scania R500 EURO 3
fyrst skráður 29-12-2005 tveggjadrifa dráttarbíll. Sjálfskiptur, retarder, Kojuhús með spoilerum + spoilerar á milli dekkja, ekinn 53,000 km. Verð 9,2 m.kr. + vsk
Bílexport ehf.
www.bilexport.dk • boas@bilexport.dk
Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson s. 0049 1752711783

REYNSLUAKSTUR



Helsti kostur Roomster verður að teljast öryggisbúnaður hans en bíllinn hlaut 5 stjörnur, fullt hús, í EuroNCAP árekstrarprófinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Frumraun sem lofar góðu

*Hvað færðu þegar þú blandar saman framenda og framfjöðrun úr Skoda Fabia, afturfjöðrun úr gömlum Skoda Octavia, stýrisbúnaði úr nýjum Octavia, sendibíl og hálf klaufalegu nafni? Svarið er Skoda Roomster.*

Skoda Roomster er forvitnileg blanda af því sem gamalt og þaulreynt er, og nýrri hugsun. Bíllinn fylgir í fótspor Citroën Berlingo, Renault Kangoo og Fiat Doblo sem allir líta út eins og sendibílar sem búið er að setja í slípirokk og bæta gluggum og sætum aftur í. Roomster ber það utan á sér og mun seint teljast fallegur. Hann hefur hins vegar það sem marga aðra bíla skortir. Karakter sem sker hann frá öllum öðrum í blautu skammdeginu.

Hjólin á Roomster eru mjög framarlega og aftarlega á bílnum og gefur það meira pláss innan í bílnum og minnkar sendibílaútlitið. Afturgluggarnir ná bæði ofar og neðar en framglugginn og brýtur það útlitið upp enn frekar. Hurðaopnarar afturhurða eru á hurðarkarminum í stað hinnar klassísku staðsetningar á miðri hurðinni. Þetta er skemmtilegt í útliti en að sama skapi ekki jafn praktískt og hin hefðbundna staðsetning.

Roomster er mjög rúmgóður og höfuðpláss er með því mesta sem gerist. Annað væri hálf slappt miðað við nafngiftina. Fjórir fullvaxta, og þá meina ég fullvaxta en ekki 18 ára unglingsstúlkur, komast auðveldlega fyrir í bílnum en illa færi um þann fimmta í miðjunni. Nóg er af fótaplássi aftur í jafnvel fyrir menn eins og Sigfús Sigurðsson.

Mælaborðið er einkar aðlaðandi og er ljóst að Tékkar kunna sitthvað fyrir sér í hönnun. Innviðir bílsins virka vandaðir og traustir þrátt fyrir að þeir hlutir í bílnum sem eru úr plasti (sem er nær allur hluti mælaborðsins) sé ekki úr dýrasta hráefni sem völ er á.

Bíllinn sem var prufukeyrður var með 1,4 lítra dísilvél. Að segja að bíllinn sé hljóðlátur væri lygi, og að segja hann háværan væri of vægt til orða tekið. Ekki er hægt að eiga samtal á meðan bíllinn er á ferð nema slökkva á útvarpinu og brýna raustina. Vélin skilaði ágætis afli þótt hún væri ekki sú snarpasta, eins og gengur og gerist með dísilvélar.

Hvað varðar aksturseiginleika kemur bíllinn skemmtilega á óvart. Hann er lipur og lætur vel að stjórn og hentar vel innan borgarmarkanna.

Helsti kostur Roomster verður að teljast öryggisbúnaður hans en bíllinn hlaut 5 stjörnur, fullt hús, í EuroNCAP árekstrarprófinu. Bíllinn er búinn meðal annars loftpúðagardínu auk hliðarpúða og hefðbundinna púða.

Skoda Roomster er í raun fyrsti bíllinn sem er hannaður út frá nýrri hugmynd eftir að Volkswagen kom fyrirtækinu aftur á kortið. Eins og flestar frumraunir lofar hann góðu en ýmislegt þarf að laga. *tryggvi@frettabladid.is*



Mælaborðið kemur vel út og hefur Tékkunum tekist vel til með hönnunina.



Hægt er að fella miðjusætið afturí niður sem býr til meira pláss í skottinu.



Armpúðinn er furðulega staðsettur. Erfitt er að skipta um gír með hann niðri og hann er svo hár að hann kallar á ónýta öxl.

Traust dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.





VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

## Umhverfisvænstur allra bíla árið 2006

CHEVROLET VOLT ÚTNEFNDUR UMHVERFISVÆNSTI BÍLLINN Í DETROIT.

Frumgerð Chevrolet Volt sportbílsins var valin umhverfisvænsti bíll ársins á bílasýningunni í Detroit, sem var haldin fyrir skemmstu. Sýningargestir og lesendur Detroit News stóðu fyrir valinu.

Talsmenn General Motors flokka Chevrolet Volt sportbílinn sem rafbíl með bensínknúinni ljósavél, það er að segja þriggja strokka EcoTec bensínvél, sem gengur jafnt á etanóli sem og bensíni. Hægt er að fá dísel-ljósavél í bílinn.

Aðalvélin er 160 hestafla rafmótor sem fær orku frá rafgeymi. Lítill 1000 cm3 þriggja strokka bensínmótor



með túrbínu, sér rafgeymi og -mótor fyrir „eldsneyti“.

Rúma sex klukkutíma tekur að fullhlaða geymana eftir að þeir tæmast. Er þeim einfaldlega stungið í samband heimafyrir.

Frá þessu er greint á vefsíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda, www.fib.ishann

-rve

# Hentar vel við íslenskar aðstæður

***Björgvin Steinarsson hjá Litlu-Bónstöðinni, segir bryngljáa góða lakkvörn.***

„Ein sterkasta lakkvörn sem völ er á er svokallaður bryngljái,“ segir Björgvin Steinarsson, eigandi Litlu-Bónstöðvarinnar. „Efnið hefur verið framleitt í Evrópu til fjölda ára og hefur þróast mikið á þeim tíma, enda prófað við ýmsar aðstæður.“

Að sögn Björgvins hefur brynglјáinn verið notaður hérlendis í tíu til fimmtán ár og gefið góða raun. Veðurskilyrði séu algjört aukaatriði. Einu gildi hvort það er glampandi sól eða rok og slydda. Þá sé engin hætta á að tjöru- eða olíuhreinsir éti brynglјáann af lakkinu.

„Það tekur ekki nema dag að setja efnið á bílinn,“ segir Björgvin. „Ef komið er með bílinn að morgni til, er þurrhreinsir fyrst borinn á hann. Svo er hann sápuþveginn með svömpum en ekki kústum, svo lakkið rispist ekki. Því næst er brynglјáinn borinn á hann og látinn þorna næstu fjóra til sex klukkutímana. Að þeim tíma liðnum er afgangsefnið þurrkað af lakkinu. Bíllinn ætti því að vera tilbúinn rétt fyrir lokun.

Upphaflega var þetta filma en er nú húð sem sett er á bílinn og flagnar ekki af. Húðin sjálf getur enst í þrjú til fimm ár. Mælt er með að bíllinn sé bónaður sex mánuðum eftir að hún er sett á til að viðhalda henni. Það auðveldar öll þrif.“

Björgvin mælir eindregið með að brynglјái sé notaður á bíla, einkum og sér í lagi á nýrri tegundir þar sem lakkið á þeim sé oft umhverfisvænt og þar af leiðandi ögn viðkvæmara en annað bílalakk.

*roald@frettabladid.is*



Björgvin Steinarsson segir brynglјáa góða lakkvörn sem hafi verið þróuð fyrir ýmsar aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


**1.** Fyrst er þurrhreinsir borinn á bílinn.


**2.** Bíllinn er þveginn vel og vandlega áður en brynglјái er borinn á.


**3.** Svampar eru notaðir í þvottinn en ekki kústar, til að fyrirbyggja að rispur myndist á lakkinu.


**4.** Litla-Bónstöðin er sú eina sem býður upp á brynglјáa, sem hefur gefið góða raun hérlendis.


**5.** Brynglјái var upphaflega filma, en er nú húð sem flagnar ekki af. Hún getur enst í allt að fimm ár.


**6.** Eftir að brynglјái hefur verið borinn á bifreiðina er hann látinn þorna næstu fjóra til sex klukkutímana. Að þeim tíma liðnum er afgangsefnið þurrkað af.

TUCSON SPORT

Hvað gerir góðan sportjeppa markvissan? Er hann með sjálfvirkt aldrif, stöðugleikastýringu, spólvörn, rafstýrða læsingu, mikið rými og framúrskarandi aksturseiginleika? Eða er það kannski hönnunin, öryggið eða **gæðin** sem ræður úrslitum? Eða staðalbúnaðurinn, loftkæling, leðurstýri og þannig? Vissulega, en þó vantar enn herslumuninn. Markviss sportjeppi hefur nefnilega allt þetta og getur að auki gert einmitt það sem þig langar til. Hefurðu prófað íshokkí?

**Veldu markvisst.**
**Vertu á nýjum Tucson Sport**

NÝR MARKVISS HYUNDAI
TUCSON SPORT
VERÐ KR. 2.790.000



BÍLL Á MYND: TUCSON SPORT

HYUNDAI hefur gæðin

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

Með bílinn handa þér

Alternatorar - Startarar



Í Vinnuvélar, Fólksbíla, Vörubíla, Jarðýtur, Dráttarvélar, Bátavélar o.fl.

Yfir 40 ára reynsla og þekking

Valeo truma Umboðið

Á lager-Hraðpantanir. Viðgerðir.

Einnig: Truma Gasmiðstöðvar

BÍLARAF Auðbrekku 20, Sími 564 0400



Allt á einum stað

SUMARDEKK HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
HEILSÁRSDEKK RAGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ BREMSUKLOSSAR
BÓN OG ÞVOTTUR PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066



allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



Meirapróf – Nýir tímar

Nýlegir kennslubílar sem uppfylla Euró 2 mengunarstaðal, lærðu í nútímanum



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið hefst 7. febrúar




Ferrari 612 Scaglietti í 60 ára afmælisútgáfu. Einungis 60 eintök verða framleidd af bílnum og verður hvert og eitt einstakt.

# Afmælisbíll Ferrari aðeins fyrir fáa útvalda

***Saga Ferrari spannar nú 60 ár. Af því tilefni verður farið í boðakstur og sérstök afmælisútgáfa framleidd af 612 Scaglietti.***

Ferrari hefur verið í fararbroddi á sínu sviði, hvort sem litið er til götubíla eða kappakstursbíla, allt frá stofnun fyrirtækisins. Nú er Ferrari 60 ára og ýmislegt verður gert til að halda upp á afmælisárið.

Fyrst ber að nefna eins konar boðakstur fyrirtækisins um Asíu, Mið-Austurlönd, Ástralíu, Suður-Afríku og Evrópu. Um 10.000 bílar taka þátt í akstrinum og flytja þeir með sér rauðan staf með 60 áföstum silfurplötum. Á hverja plötu er ritað um merkan áfanga í sögu Ferrari og efst á stafnum er Ferrari-hesturinn úr platínum og demöntum. Eitthvað hefur þetta kostað.

Lagt var af stað í boðaksturinn frá Abu Dhabi síðustu helgi. Af því tilefni tilkynnti Piero Ferrari, sonur Enzo Ferrari, stofnanda Ferrari, að búin yrði til sérstök afmælisútgáfa af 612 Scaglietti, en einungis 60 slíkir bílar verða framleiddir og verður hver og einn einstakur. Meðal sérstakra aukahluta er glerþak en ökumenn geta rafrænt stjórnað hversu gegnsætt það er. Inni í bílnum verður einnig Ferrari-merki svipað því sem er efst á stafnum góða.

Bílarnir verða dýrir, bæði í peningum og samböndum. Þú getur gleymt því að skokka niður í næsta Ferrari-umboð (sem hérlendis er Saga) og beðið um afmælisbíl, sama hversu vel þú býður. Líklegast mun Ferrari velja þá sem þeir telja verðuga að kaupa bílana og hafi frumkvæði að kaupunum. Þó svo góðærið sé að fara með okkur hérlendis er því afar ólíklegt að einn af bílunum 60 komi hingað norður að heimskautsbaug.

*- tg*



Stafurinn sem farið verður með í heimsreisu. Á honum er meðal annars Ferrari-hestur úr platínum og demöntum.


Höfum til afhendingar strax



Nýjir 2007



CHALLENGER GENESIS 38.
Lengd 6,7 metrar.
2,3 L. 130 Hestöfl. Svefnpláss fyrir 4.
L-laga eldhús. Hjónarúm afturí.
Verð 5.550.000 kr.

CHALLENGER MAGEO 109.
Lengd 7,04 metrar.
2,3 L. 130 Hestöfl. Svefnpláss fyrir 3.
Tvö einföld rúm afturí.
Verð 6.290.000 kr.

CHALLENGER MAGEO 108.
Lengd 6,58 metrar.
2,3 L. 130 hestöfl. Svefnpláss fyrir 4.
L-laga eldhús. Hjónarúm afturí.
Verð 6.290.000 kr

Bílexport ehf.
www.bilexport.dk • boas@bilexport.dk
Upplýsingar gefur Bóas sími 0049-175-271-1783


# Er etanól gagnslaust

***Vísindamaður segir lífrænt eldsneyti ekki borga sig.***

Lífrænt eldsneyti unnið úr plöntum og gróðurleifum er verkefni sem ekki borgar sig. Þetta er niðurstaða fjölda rannsókna sem sænskur vísindamaður að nafni Torbjörn Rydberg hefur komið nálægt.

Hefur Rydberg bæst í síStækkandi hóp manna sem telur of mikla vinnu og orku fara í framleiðsluna til að hún standi nokkru sinin undir sér. Telja þeir að lífrænt eldsneyti muni aldrei koma í stað olíu.

Frá þessu er greint á vefsíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda, www.fib.is

*-rve*



Jón Garðarsson við Shotmakerinn sem hann smíðaði sérstaklega fyrir íslenska kvikmyndagerð. Bíllinn er sex hjóla með drifi á öllum, búinn þremur öxum.

# Bílasirkus bíómyndanna

***Bílaævintýri Jóns Garðarssonar og Hildar Bruun hófst þegar þau voru fengin til að útvega farartæki fyrir erlenda víkingamynd. Síðan eru liðin rúm tíu ár og nú eru hjónin með yfir þrjátíu farartæki sem koma að flestum kvikmyndum sem teknar eru á Íslandi.***

„Þetta byrjaði allt fyrir tilviljun þegar ég tók að mér að útvega bíla fyrir erlenda víkingamynd sem var tekin hér á landi árið 1994. Þá vantaði bíla til að ferja fólk og tæki ásamt aðstöðu fyrir búninga og leikara,“ segir Jón Garðarsson sem ásamt konu sinni Hildi Bruun rekur kvikmyndafyrirtækið North by North West sem sér kvikmyndabransanum á Íslandi fyrir bílum og farartækjum.

Farartæki Jóns og Hildar eru innréttuð á margvíslegan hátt, bæði sem búninga- og förðunarherbergi eða mötuneyti en einnig sem íverustaðir fyrir leikstjóra og leikara. Jón tekur oft þátt í undirbúningi verkefna og er því oft fyrsti maður á staðinn, löngu áður en tökur hefjast.

„Mín undirbúningsvinna hefst á að finna leiðir og svæði fyrir bílana ásamt því að skoða tökustað í samvinnu við sviðsmyndadeild. Það þarf að flytja jarðveg eins og gert var fyrir Flags of our Fathers þar sem við fluttum tonn af sandi, eða þegar við stífluðum lón til að komast í tökur á James Bond á sínum tíma,“ segir Jón.

Það þarf oft að byggja heilu þorpin, koma fyrir íverustað fyrir leikara, salernisaðstöðu og mötuneyti sem síðan er rifið niður eftir tökur.



Einn sérstakasti bíllinn í flota Jóns og Hildar er gamall Chevrolette-kassi sem Jón segir vera fallega ljótan.



Rúturnar eru meira en þrjátíu talsins og eru innréttaðar ýmist fyrir búninga- eða förðunaraðstöðu, sem mötuneyti eða sem íverustaður leikara og tökuliðs.

Hjónin hafa komið að stórmyndum eins og Lara Croft Tomb Raider, James Bond, Batman Returns og Flags of our Fathers og segir Jón að hvert verkefni sé öðru ólíkt. „Nýjar áskoranir eru alltaf spennandi. Þetta er hálfgerð sirkus-vinna og maður veit aldrei hvað gerist á morgun, en það er það sem er skemmtilegt við starfið,“ segir Jón.

Ásamt því að vera með þrjátíu farartæki á sínum snærum eru Jón og Hildur oft í forsvari fyrir bílaflotann fyrir heila bíómynd og nú síðast fyrir Bjólfskviðu þar sem yfir 90 farartæki komu við sögu. Auk þess að vera með bíla eru þau Jón og Hildur með snjóbíla, vélsleða, hjólabáta en við gerð Lara Croft Tomb Raider var einmitt farið með þrjá hjólabáta upp Jökulsá og var það verkefni eitt mest spennandi sem hjónin hafa tekið þátt í.

Sérstakasti bíll Jóns og Hildar er sérsmíðaður tökubíll, svokallaður Shotmaker, sem er sex hjóla pallbíll með þremur öxlum og drifi á öllum.

„Þetta var hræ þegar ég fékk hann. Ég endursmíðaði hann til að geta tekið bílaskot sem myndi henta íslenskum aðstæðum enda eru menn alveg í skýjunum með hann,“ segir Jón.

Nánari upplýsingar um bílaflota Jóns og Hildar er að finna á netsíðu fyrirtækisins North by North West: www.nnw.is *- rh*

# WPSA-mótaröðin í snjókrossi hefst í dag á Húsavík

***WPSA-mótaröðin hefst í dag og endar á alþjóðlegu móti í apríl.***

Fyrsta umferð af sex í WPSA-mótaröðinni í snjókrossi fer fram við höfnina á Húsavík í dag, laugardaginn, 3. febrúar. Snjókross hefur notið vaxandi vinsælda í mótorsportinu á undanförnum árum og þetta árið mæta keppendur til leiks í enn öflugri keppnisliðum en fyrr. Síðasta keppni vetrarins er áformuð um miðjan apríl og verður þá alþjóðlegt mót með þátttöku erlendra ökumanna.

Keppt verður í þremur flokkum líkt og áður, þar af einum unglingaflokki. Samanlagður stigafjöldi úr keppnunum sex gefur Íslandsmeistaratitil í viðkomandi flokki.

Keppnin við Húsavík verður með hefðbundnu sniði. Æfingar hefjast kl. 11 í dag og keppnin sjálf kl. 13.



Fyrsta umferð af sex í WPSA-mótaröðinni í snjókrossi fer fram við höfnina í Húsavík í dag og hefst kl. 13.00.


Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

allt auglýsingasími 550 5880

HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM

Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum
Jafnvægisstillingar
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Viltu lengri endingu?

Láttu okkur pólýhúða felgurnar í hvaða lit sem er. Þær verða auðveldari í þrifum og endast lengur.
Pólýhúðun
Powder coating
Smiðjuvegi 1 • s. 544-5700 • www.polyhudun.is


Leiðangurssjóður Cintamani og Ísalp styrkir framúrskarandi fjallaleiðangur ár hvert.
Umsóknarfrestur er til loka mars. Nánari upplýsingar
www.isalp.is


**Skólahópar!**
Fljótasiglingar - Klettaklifur
Hestasýningar - Gönguferðir - Gisting
Veitingar - Ratleikir - Hestaleiga
Hafið samband og við gerum tilboð
*Verið velkomin! bakkaflot@islandia.is*
Sími 453-8245 & 899-8245 • Ferðaþjónustan Bakkaflöt
560 Varmahlíð, Skagafirði – www.bakkaflot.is


23. mars - 2. apríl
Golf í Túnis
Golfferðir til Túnis hafa áunnið sér fastan sess í vitund íslenskra golfara, því auk góðra golfvalla og þægilegs loftslags við Miðjarðarhafsströndina, býður Túnis upp á margbrotna sögu og menningu. Túnis er höfuðborg Túnis sem stendur við Túnisflóa. Á 12. – 16. öld var Túnis talin ein merkasta og ríkasta borg í hinum íslamska heimi. Margar merkar minjar er að finna í Túnis frá fyrri öldum og má þar nefna rústir Karþagó og Medínan, sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Að þessu sinni bjóðum við tvær 11 daga golfferðir til Túnis, þar sem ekkert er til sparað til að gera ánægjulega og eftirminnilega ferð. Gist er 5 nætur í Port El Kantoui við borgina Sousse og 5 nætur í Hammamet á 4* hótelum. Leikið verður á golfvöllum eins og Les Oliviers og La Forêt à Citrus, sem eru meðal eftirsóttra golfvalla á Citrus.
**Fararstjóri: Sigurður Pétursson golfkennari**
**Verð: 171.000 kr.**
ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR
www.baendaferdir.is s: 570 2790 ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

Ævintýraferð á ári Gríssins, 2007
til Kína með
KÍNAKLÚBBI UNNAR
19. APRÍL – 10. MAÍ
Farið verður til BEIJING, XIAN, GUILIN, YANGSHUO, SHANGHAI, SUZHOU, siglt á LÍ fljóti og gengið á KÍNAMÚRINN.
**Heildarverð á mann kr. 370. þús.**
**Allt innifalið:** þ.e. allar skoðunarferðir, gisting í tvíbýli á Lúxushótelum (einb. + 70þ.), fullt fæði, skattar og gjöld, staðarleiðsögumenn og fararstjórn Unnar Guðjónsdóttur.
Þetta verður 24. hópferðin sem hún skipuleggur og leiðir til Kína.
**Kínakvöld:** Hópar og einstaklingar geta pantað "Kínakvöld" á Njálsgötunni eða úti í bæ, með myndasýningu o.fl.

**Kínaklúbbur Unnar,**
Njálsgötu 33, 101 Rvk.
Sími/símbréf: 5
51-2596, farsími: 868-2726
Vefsíða: www.simnet.is/kinaklubbur
Netfang: kinaklubbur@simnet.is
Geymið auglýsinguna



Friðjón Þórleifsson fjallaleiðsögumaður hefur þeyst um hálendin á fjallaskíðum í mörg ár og hlakkar til að kynna íþróttina fyrir fleiri Íslendingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Á fjallaskíðum um hálendi Íslands

***Fjallaskíðamennska er óðum að ryðja sér til rúms á Íslandi þar sem bæði eru farnar skemmtiferðir á hálendinu ásamt því að keppnir eru haldnar reglulega. Í vetur standa íslenskir fjallaleiðsögumenn fyrir námskeiðum þar sem allir geta lært tæknina og kynnt sér almenna fjallamennsku.***

„Íslendingar hafa virkilega tekið við sér og uppgötvað fjalla- og telemarkskíði. Fjallaskíðin eru þó mun vinsælli og við förum í mjög margar ferðir á hálendið, bæði með Íslendinga og erlenda gesti,“ segir Friðjón Þórleifsson fjallaleiðsögumaður.

Hann skipuleggur skíðaferðir á hálendinu á vegum Íslenskra fjallaleiðsögumanna ásamt því að vera skíðakennari í Kanada mestan part vetrar.

Víða um Evrópu hafa fjallaskíðin verið stunduð í áraraðir en á Íslandi hófst þessi hefð með fjallafólki sem notuðu skíðin til að komast ferða sinna á hálendinu. „Skíðamenn hafa uppgötvað fjallaskíðin og möguleikana á hálendinu en einnig almenningur sem vill gott færi og skemmtilega upplifun,“ segir Friðjón. Víða um Evrópu er einnig keppt í íþróttinni en nýlega kom þó í ljós að ekki verður keppt í henni á vetrarólympíuleikunum árið 2014 en miklar vonir bundnar við þá næstu, árið 2018.



Friðjón skipuleggur skíðaferðir á hálendinu á vegum íslenskra fjallaleiðsögumanna.

Skíðin líkjast gönguskíðum að því leyti að skórinn er laus í bindingunni á meðan gengið er yfir flatlendi eða upp brekkur.

Undir skíðinu er síðan skinn með miklu gripi. Upphaflega var selskinn notað undir skíðin en nú er hins vegar notað gerviefni sem gerir sama gagn. Skórinn er festur í bindinguna og skinnið tekið undan skíðunum þegar þeyst er af stað niður brekkur. Skórnir eru í líkingu við svigskíðaklossa en þó léttari og mýkri.

Næsta námskeið í fjallaskíðamennsku fer fram á vegum Íslenskra fjallaleiðsögumanna 7. og 10.mars og þurfa þátttakendur ekki að búa yfir neinni fjallareynslu, aðeins að geta skíðað. „Markmiðið með námskeiðinu er að kynna fjallaskíðamennsku fyrir fólk svo það geti ferðast af öryggi og kunnáttu um fjalllendi og rennt sér utan brauta. Einnig er farið lauslega í möguleika á viðeigandi búnaði svo sem fjallaskíðum, fjallaskíðabindingum og fjallaskíðaskóm,“ segir Friðjón



Víða um Evrópu hafa fjallaskíðaferðir verið stundaðar í áraraðir.

Íslenskir fjallaleiðsögumenn bjóða árlega upp á fjallaskíðaferðir bæði á Íslandi og erlendis, auk fjallamennsku og snjóflóðanámskeiðs fyrir skíðamenn á hverjum vetri. Allar nánari upplýsingar er að finna: www.mountainguide.is/is

*- rh*



Fyrir þá sem ganga mikið á skíðum og hafa gaman af útiveru er fjallaskíðamennskan tilvalin íþrótt.



Friðjón á bruni niður fjallshlíðina. Á veturna starfar hann sem skíðakennari í Kanada.

# Leitað að ættingjum á Íslendingaslóðum

***Ferðaskrifstofan Vesturheimur sf. var stofnuð á síðasta ári og stendur hún fyrir ferðum á Íslendingaslóðir í Ameríku. Jónas Þór, eigandi ferðaskrifstofunnar þekkir vel til á slóðum Íslendinga fyrir vestan, því hann lauk magistersprófi í sagnfræði frá háskóla í Winnipeg og bjó þar í tíu ár.***

Síðustu fjögur ár hefur Jónas verið formaður ferða- og fræðslunefndar Þjóðræknisfélags Íslendinga á Íslandi en Þjóðræknisfélag Íslendinga var upphaflega stofnað árið 1919 í Norður-Ameríku. „Árið 1939 var svo stofnuð deild hér á landi sem hefur eiginlega starfað óslitið síðan,“ segir Jónas.

Þjóðræknisfélagið hefur staðið fyrir reglulegum ferðum á Íslendingaslóðirnar en eftir að ferðaskrifstofan Vesturheimur sf. var stofnuð hefur hún séð um flestar ferðir félagsins. „Núna erum við að skipuleggja ferðir þessa árs sem verða að minnsta kosti átta. Í ár fer ég til dæmis með kóra á sérstakar hátíðir og eins kennarahópa í kynnisferðir í skóla í Kanada. Svo erum við með þrjár opnar ferðir, vordaga og þjóðræknisþing í Winnipeg, bútasaumsferð um Amish-hérað í suðausturhluta Minnesota í vor og Austur-Kanadaferð í haust.“

Markmiðið með ferðum Vesturheims sf. er að sögn Jónasar að efla tengslin við afkomendur vesturfaranna og annað fólk af íslenskum ættum sem búsett er í Ameríku. „Tölvert er af Íslendingum og afkomendum þeirra í Ameríku, því á eftir vesturförunum hafa náttúrulega fleiri farið og má þar nefna konur sem giftust bandarískum hermönnum á sínum tíma,“ segir hann.

Jónas hefur mikla reynslu af því að skipuleggja ferðir fyrir bæði hópa og einstaklinga. „Ég undirbý alla dálítið vel hérna heima og fer í sögu þeirra svæða sem við ferðumst um. Síðan er ég í stöðugu sambandi við deildir Þjóðræknisfélagsins á hverjum stað og þær undirbúa komu hópanna, taka á móti þeim og hjálpa fólki að finna ættingja. Ég fór til dæmis út með átta manna fjölskyldu frá Akureyri í fyrra og nærri fjörutíu manns komu til fundar við hana alls staðar að úr Norður-Ameríku og það varð bara stórt fjölskyldumót.“

Jónas segir að fólk virðist leggja meiri áherslu á það nú en nokkru sinni fyrr að finna ættingja í Ameríku. „Áður fyrr var eins og fólk skammaðist sín svolítið fyrir það að einhver úr ættinni skyldi hafa farið til Ameríku en nú er það alveg horfið og fólk er virkilega spennt að finna afkomendur þeirra sem fóru vestur.“

Nánari upplýsingar um Þjóðræknisfélag Íslendinga og ferðaskrifstofuna Vesturheim sf. má finna á heimasíðunni www.inl.is

*emilia@frettabladid.is*



Kvöldsólin er falleg í Montreal.



Hús Stephans G. Stephanssonar í Markerville í Alberta í Norður-Dakota.



Jónas Þór hefur verið formaður ferða- og fræðslunefndar Þjóðræknisfélags Íslendinga í fjögur ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Íslenskt minnismerki í Spanish Fork í Utah.



Rótarý-félagar úr Kópavogi í Vesturheimi árið 2004.


**HLS kynnir:**

6 vikna heilsu-, lærdóms- og skemmtiferð um Suður Indland í byrjun mars.

Áhugasamir hafi samband í síma: 896-6548




allt matur

Alla föstudaga




Lalandia– leiktu þér í fríinu

Lalandia orlofshúsasvæðið í Danmörku er spennandi valkostur fyrir Íslendinga, aðeins 150 km frá Kaupmannahöfn

*Þar sameinast kostir sólarstrandar og rólegheitanna sem einkenna góða dvöl í orlofshúsi, með afslöppuðu andrúmslofti en samt er alltaf nóg að gera, bæði úti og inni. Frábært tækifæri til að verja góðum stundum með fjölskyldunni. Hægt er að hefja leigu á hvaða degi vikunnar sem er en lágmarksdvöl er 2 nætur.*

*Vatnagarður, golf, tennis, fótbolti, keila, íþróttasalur, mini-golf, skautasvell, nudd, veitingastaðir, strandblak, gönguferðir, líkamsrækt, alls konar keppnir og leikir fyrir alla aldurshópa og margt fleira.*

*Aðeins í boði hjá Ferðaskrifstofu Akureyrar. Lalandia – góðar stundir...*

*Allar nánari upplýsingar á www.aktravel.is og í síma 4 600 600*

Lalandia ICELANDAIR

FERÐASKRIFSTOFA AKUREYRAR

RÁÐHÚSTORGI 3 - 600 AKUREYRI

SÍMI 4 600 600 - WWW.AKTRAVEL.IS

**Rúnnuð tá sækir á. Támjóir skór hafa verið svo lengi í tísku að allir eru orðnir dauðleiðir á þeim.** En hællinn verður þó ennþá hár. Spurning hvort támjótt komi ekki bara aftur í tísku, svo það er ágætt að geyma þá upp á lofti til betri tíma.







AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

allt
heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga




Fagurbláir pallíettukjólarnir taka sig vel út með flugelda í baksýn.

# Dýrðlegar draumastelpur

***Í kvikmyndinni Dreamgirls er sixtís-stíllinn allsráðandi ásamt miklum íburði, glamúr og glæsileika.***

Kvikmyndin Dreamgirls var frumsýnd í gær en hér er um að ræða mynd sem byggð er á söngleik sem settur var upp á Broadway árið 1981.

Sagan fjallar um græðgi, hatur, rómantík og síðast en ekki síst, mikla drauma og háleit markmið.

Þrjár ungar konur, Deena Jones (Beyoncé Knowles), Effie White (Jennifer Hudson) og Lorrell Robinson (Anika Noni Rose) þrá ekkert heitar en að verða poppstjörnur og þegar söngvarinn James „Thunder“ Early (Eddie Murphy) ræður þær sem bakraddasöngkonur eru þær skrefi nær þeim draumi.

Í myndinni eru bæði flutt upprunaleg lög frá söngleiknum á Broadway, auk fjölda nýrra laga sem sérstaklega voru samin fyrir myndina og eru þau hvert öðru skemmtilegra en lagið Listen hefur verið tilnefnt til Óskarsverðlauna sem besta lagið. Það sama má segja um íburðarmikla búningana, en ásamt listrænni stjórn og hljóðblöndun voru þeir einnig tilnefndir til þessara mikilsmetnu verðlauna.



Hér minnir stíllinn óneitanlega á stílinn sem Audrey Hepburn gerði vinsælan. Svart og hvítt, ávalar línur og íburðarmiklir hattar.



Beyoncé Knowles er vægast sagt myndarleg kona. Hér er hún í kvenlegum og mjúkum hippastíl.

Það má því með sanni segja að Dreamgirls sé fyrirtaks skemmtun fyrir augu og eyru svo ekki sé minnst á þann innblástur sem aðdáendur sixtís- tískunnar munu eflaust upplifa. *- mhg*



Eldheitar og eldhressar draumastelpur í rauðu frá toppi til táar.



Það hefur örugglega verið erfitt fyrir söng- og leikkonuna að athafna sig í þessum hafmeyjarkjól sem er vel þröngur yfir lærin. Takið eftir silfurhönskunum, svona hanskar eru aftur orðnir vinsælir enda mjög kvenlegir og elegant.




**Erum að opna snyrtistofuna Facial á Tony&Guy**

**Í tilefni þess bjóðum við upp á opnunartilboð.**
Litun og plokkun á 2.320 í staðinn fyrir 2.900.
Andlitsbað + litun og plokkun á 6.990 í staðinn fyrir 9.690.
Fótsnyrting og vax að hnjám 4.700 í staðinn fyrir 8.400.

***Bjóðum gamla og nýja viðskiptavini velkomna***

Berglind Þóra og Ragnheiður

SNYRTISTOFAN Facial
Laugavegi 96 • Sími 511-6660





Hattur fyrir brúðkaupið. Fæst í Hattabúð Reykjavíkur á Laugavegi.



Svartur hattur sem fer vel við litla svarta kjólinn. Úr Hattabúð Reykjavíkur.

# Óði hattarinn

***Hattar og höfuðföt í mörgum stærðum og gerðum.***

Af mörgum æðislegum persónum í sögunni um Lísu í Undralandi er óði hattarinn einna minnistæðastur. Kannski svefnmúsin líka, en hattarinn alveg sérstaklega og kannski ekki síst vegna nafnsins (the Mad Hatter).

Fyrr á tímum báru allir hatta eða höfuðföt, bæði herrar og frúr og voru þau jafnmikilvæg eign og skyrtan eða pilsið. Því er svolítið miður að sá siður skuli hafa gufað upp. Það er bæði glæsilegt og svolítið dularfullt að sjá konu með fallegan hatt, barðastóran, eða lítinn með slöri. Eins herramenn með ekta gamaldags spæjarahatta, pípuhatta, afahatta, svo ekki sé talað um kúrekahatta. Vönduð höfuðföt eru ávallt prýði og þó maður þurfi ekki að ganga alla leið í framtíðarhöfuðbúnaði líkt og framúrstefnulegustu tískuhönnuðirnir gerðu í nýafstöðnum sýningum sínum, er um að gera að taka óða hattarann sér til fyrirmyndar og fá sér tebolla og eitt stykki góðan hatt.



Audrey Hepburn með glæsilegan hatt sem er sérstaklega flottur við svarta kjólinn.



Kúreka-lúkkið er alltaf flott., eins og sjá má á þessum hatti úr Hattabúð Reykjavíkur.



Tventís-tískan hefur verið áberandi og er þessi hattur úr Hattabúð Reykjavíkur í þeim stíl.



Heiða Jónsdóttir starfsstúlka í Dogma.

# Fólk er fífl

***Hjá Dogma fást bolir með áleitnum, fyndnum, rómantískum, djörfum og skemmtilegum yfirlýsingum.***

Verslunin Dogma opnaði á Laugaveginum árið 2002 en hana reka þrír bræður þeir Stefán, Jón og Guðni Valberg. Bræðurnir höfðu allir lengi vel haft gaman af því að klæðast stuttermabolum með skemmtilegum áletrunum, en fannst vanta slíka verslun í Reykjavík og því réðust þeir í það að opna bolabúð.

Hjá Dogma má fá boli, síðerma, stutterma, víða og þrönga fyrir bæði stelpur og stráka á öllum aldri. Margir þeirra eru hannaðir á Íslandi, en oftar en ekki fá bræðurnir sjálfir hugmyndir að því sem þeir vilja sjá framan á bolum. Til dæmis má nefna stuttermaboli með áletrunum eða merkjum fyrirtækja sem farin eru á hausinn, vörumerki sem hætt er að framleiða, íslensk slagorð, pólitískar yfirlýsingar og annað í þeim dúr.

Í versluninni er einnig hægt að fá margskonar peysur með áletrunum en þær kosta frá 4500 krónum. Margir hafa gaman af því að klæðast bolum með áletrunum, enda fáar leiðir auðsóttari til að tjá persónulegar skoðanir og smekk en að ganga í bol með yfirlýsingum á borð við Fólk er fífl, How do you like Iceland eða hreinlega Kill em all.

*mhg@frettabladid.is*



Fyndnir og skemmtilegir bolir sem flestir eru hannaðir af Guðna Valberg, einum eigenda Dogma.



Skrautlegar og skemmtilegar töskur frá 2.900-3.500 kr. Barmmerki, belti, nælur og bætur fást einnig í góðu úrvali hjá Dogma.



2 fyrir 1 bolur á 2.400 kr.



70´s bolur með mynd af sítt að aftan hetjunni Rod Stewart á 2.300 kr. Bolurinn er líka með í 2 fyrir 1 tilboði.





Hvaladrápsbolur á 2.500 kr.





Happy Tree Friends bolur á 1.990 kr



Boogie-bolur á 2 fyrir 1 tilboði.

# Ný síða tileinkuð tískuljósmyndum

***Vogue opnar nýja ljósmyndasíðu á veraldarvefnum.***





Opnað hefur verið fyrir nýja Vogue-vefsíðu, þar sem hægt er að verða sér úti um ljósmyndir eftir heimsþekkta tískuljósmyndara.

Síðan heitir Art on demand og er undir slóðinni www.vogueartgroup.com. Hún hýsir myndasöfn með ljósmyndum sem hafa einhverju sinni birst í tímaritinu Vogue og þykja nú orðið klassísk.

Ítalska leikkonan Elsa Martinelli í umdeildum kjól eftir Christian Dior frá árinu 1954 og fyrirsætan Jerry Hall að stinga sér til sunds í Rússlandi árið 1975 eru til að mynda á meðal viðfangsefna ljósmyndaranna Cliffords Coffin og Normans Parkinson svo dæmi séu nefnd.

Hægt er að velja á milli ólíkra þema, eftir því hvort maður vill forsíðu-, lit- eða svart/hvítar ljósmyndir. Einnig er hægt að velja á milli nokkurra ljósmyndara. Myndir má vista inni á svæði sem notandi getur búið sér til. Þá er hægt að panta myndir, eftir að hafa valið áferð og stærð. Nánar á www.vogueartgroup.com.

*-rve*

**Opið laugardag**



**Útsala 50%**

| | Áður | Nú |
|---|---|---|
| Ullarkápur | 29.900 | 15.000 |
| Mokkakápur | 25.900 | 13.500 |
| Ullarjakkar | 12.900 | 5.900 |
| Úlpur | 12.900 | 5.900 |
| Dúnkápur | 22.900 | 11.500 |
| Rússkinsjakkar | 16.900 | 8.500 |
| Pelsar | 26.900 | 13.500 |

**Mörg góð tilboð**

TOPP HÚSIÐ

Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími 588 5518

**Opið í dag laugardag 10 - 16**



## METÁR Í FRAMKVÆMDUM

*Gunnar Birgisson bæjarstjóri*

SJÁ BLS. 2



## Á SAMA STAÐ Í 46 ÁR

*Rakarastofan í Neðstutröð*

SJÁ BLS. 8

[ SÉRBLAÐ UM KÓPAVOG – LAUGARDAGUR 3. FEBRÚAR 2007 ]

# Kópavogur



Fréttablaðið/Valli

## EFNISYFIRLIT


**ÁR FRAMKVÆMDA**
*Gunnar Birgisson bæjarstjóri* BLS. 2

**FRAMTÍÐ KÁRSNESS**
*Þúsund íbúðir bætast við* BLS. 2





**Á RÖLTI Í VESTURBÆNUM**
*Heilsíða með fallegum myndum* BLS. 4

**SNYRTI-AKADEMÍAN**
*Þrír fegrunarskólar undir sama þaki* BLS. 6

**Á SAMA STAÐ Í 46 ÁR**
*Rakarastofan í Neðstutröð* BLS. 8

**LJÓÐSTAFUR JÓNS ÚR VÖR**
*Guðrún Hannesdóttir er handhafi verðlaunanna* BLS. 10

**KERAMIK-GALLERÝ**
*Framleiðir keramik í Kópavogi* BLS. 14



# Heimilislán SPK

*- þú færð betri kjör hjá okkur*



Hagstæð lán sem þú getur notað til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- til allt að 5 ára
- allt að 800.000 kr.
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur SPK

**Sparisjóður Kópavogs** • Hlíðasmára 19, Digranesvegi 10
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is

spk



Talsverð breyting verður á Kársnesinu ef hugmynd skipulagsnefndar verður að veruleika.

# Framtíðarskipulag Kársness

Bæjarstjórn Kópavogs er með áætlanir um miklar breytingar á Kársnesinu en þær voru kynntar á fundi í Salnum um miðjan desember.

Skipulagsnefnd Kópavogsbæjar kynnti í desembermánuði hugmyndir um uppbyggingu á Kársnesinu á næstu 15-20 árum. Fyrirhugað er að byggja höfn á nýrri landfyllingu, 230 íbúðir við Kársneshæli og 240 íbúðir í bryggjuhverfi á næstu fimm árum. Ef þessar hugmyndir ganga í gegn verður talverð breyting á umhverfi Kársnessins.

Á heimasíðu Kópavogsbæjar er kynning á þessum hugmyndum en þar kemur fram að Kársnesið sé vannýtt í dag, þar séu hús í niðurníðslu og umhverfið ósnyrtilegt. Samkvæmt þessum nýju hugmyndum er áætluð fjölgun íbúa 2.500-3.000. Heildarfjöldi íbúða verður rúmlega þúsund en þar á meðal eru 160 hugsaðar fyrir eldri borgara. Á Kársnesinu er meðal annars gert ráð fyrir átta hæða hóteli með ýmsa þjónustu.

54.000 fermetra svæði er hugsað undir atvinnustarfsemi. Talið er að með þessum breytingum verði fjölgun grunnskólabarna um 300 og leikskólabarna um 150 í hverfinu. Pláss er fyrir viðbyggingar á lóðum Kársnesskóla og í þeim viðbyggingum munu rúmast öll þau grunnskóla- og leikskólapláss sem þörf er fyrir samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Kópavogs.

Umferð á Kársnesi mun aukast vegna uppbyggingar en mest umferðaraukning verður á Kársnesbraut. Skapa á fallegt göngu- og útivistarsvæði og er reiknað með að söluverðmæti eigna í vesturbæ Kópavogs muni aukast um leið og ímyndin batnar. Lokað var fyrir ábendingar og tillögur síðasta fimmtudag,

Upplýsingar af Kópavogur.is



Áætluð fjölgun íbúa er 2.500 til 3.000 manns.

# Þetta ár verður metár í framkvæmdum

Gunnar Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir að árið sem nú er hafið verði metár hvað varðar framkvæmdir í bænum. Mest fer í íþróttamálin en stærsta íþróttamannvirki landsins mun rísa við Vallakór.



Gunnar Birgisson segist vera mjög stoltur af flestu því sem Kópavogur hefur upp á að bjóða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það verður sett met í framkvæmdum þetta ár,“ sagði Gunnar Birgisson þegar Fréttablaðið heimsótti hann í vikunni. Mest fer í íþróttamálin eða um 1,7 milljarður. Við munum halda Landsmót ungmennafélaganna og eru töluverðar framkvæmdir við það. Stúka mun rísa við Kópavogsvöll, það átti að byggja hana hvort sem var en framkvæmdum var flýtt.“

Stærsta íþróttamannvirki landsins mun rísa fyrir næsta haust að Vallakór 14 í Kópavogi. „Það verður fjölnota hús, bæði fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir og einnig hægt að nota fyrir tónleika. Við leigjum Knattspyrnuakademíu Íslands það hús og landsliðunum, þarna verða tveir grasvellir og einn gervigrasvöllur. Ég sagði við Eggert Magnússon að hann hefði byggt aðstöðu KSÍ á vitlausum stað, hún hefði frekar átt að vera þarna en í Laugardalnum,“ sagði Gunnar.

Árangur íþróttafélaganna í Kópavogi verður meiri samhliða aukinni aðstöðu. HK er í baráttu um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta og í fótboltanum mun Kópavogur eiga tvö lið í efstu deild á komandi sumri. „Okkur þótti það mjög hart á tímabili þegar við áttum ekkert lið í efstu deild því það er vel búið að þeim. Við byggðum Fífuna og félögin hafa hana nánast eingöngu fyrir sig í dag. Svo verða komin tvö hús í haust. Ef við horfum í kringum okkur er Reykjavík aðeins með eitt knattspyrnuhús, Garðabær hefur ekkert og Hafnarfjörður er með Risann sem er ekki í fullri stærð,“ sagði Gunnar.

„Við viljum búa til rammann og ef við höfum mannvirkin þá er ekki vandamál að fylla þau af ungmennum. Þetta er ein besta forvörnin sem hægt er að finna. Við erum stolt af því að á fáum stöðum er jafn vel búið að íþróttafólki eins og hér. Svo erum við að fara að bæta við sundlaugum í bænum og nýtt íþróttahús mun rísa fyrir HK í Fossvogsdal,“ sagði Gunnar.

Einnig mun fjármunum vera varið í uppbyggingu á skólahúsnæði og leikskólahúsnæði auk gatnagerðar. „Við munum breikka Nýbýlaveg og setja hringtorg. Þetta eru framkvæmdir sem við ætluðum að vera löngu farin í. Við munum breikka Smiðjuveg og Skemmuveg og svo verður mikið að gera í framkvæmdum í nýju hverfunum.“

Gunnar segist vera stoltur af mörgu sem sé að gerast í Kópavogi en nefnir sérstaklega að bærinn hefur farið aðrar leiðir í listum og menningu.

„Menningarhús fyrir ungt fólk tekur til starfa í haust og Tónminjasafnið fyrr. Þessar byggingar eru ekki reistar í hagnaðarskyni. Þá leggjum við mikla áherslu á umhverfismál og að skapa góð útivistarsvæði. Það er hvergi betra göngustígakerfi á landinu en hér og lögð áhersla að leggja göngustígana strax í nýjum hverfum,“ sagði Gunnar en bærinn gerði fyrir skömmu nýjan samning við Skógræktarfélagið.

Þá er vinna vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í Kársnesinu í fullum gangi. „Íbúar hafa skilað inn athugasemdum og verið er að moða úr því. Reynt er að gera sem flestum til geðs. Á undanförnum árum hefur íbúum á Kársnesinu fækkað en við viljum snúa því við. Þarna verður m.a. bryggjuhverfi byggt og gamlar byggingar verða rifnar. Svo er stefnt að því að byggja upp nýtt atvinnusvæði,“ sagði Gunnar Birgisson. *- egm*


BYLTING Í SVEFNLAUSNUM

BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.

FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.

20-65% AFSLÁTTUR



55 ÁRA

Húsgagnavinnustofa RH

Rúm Gott

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is


klinktilboð
i'm lovin' it
Lítill franskar
130-
Salsa
kjúklingaborgari
350-
Bacon Junior
300-
Stór Shake
250-
Coca-Cola



Hér búa greinilega litaglaðir Kópavogsbúar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Á rölti í Vesturbænum

Vesturbær Kópavogs er elsti hluti bæjarins. Þar leynast gömul og stæðileg hús milli hárra trjáa og krúttlegir kofar í skærum litum.

Kópavogur dregur nafn sitt af voginum sunnan Kársness og samnefndu býli sem stóð norðan Þinghóls en þar var annar af tveimur þingstöðum í heimalandi Kópavogsbæjar.

Upphaf byggðar var í landi jarðanna Kópavogs og Digraness sem voru í eigu ríkisins en búskap á þeim var hætt skömmu eftir 1930. Í sveitarstjórnarkosningum sumarið 1946 náðu íbúar Kópavogs meirihluta í hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps og öll stjórnsýsla fluttist til Kópavogs. Skipting sveitarfélagsins fór fram um áramótin 1947-48 og efnt var til kosninga í hinum nýja Kópavogshreppi í janúar 1948. Sama ár var reytum Seltjarnarneshrepps skipt. Jarðirnar Kópavogur, Digranes, Hvammkot (Fífuhvammur), Vatnsendi, Geirland, Gunnarshólmi og Lögberg (Lækjarbotnar) voru lagðar undir Kópavogshrepp. Fyrri hluta árs 1955 var Kópavogshreppur gerður að kaupstað.

Um þjóðsögur og sagnir, sem eiga rætur í Kópavogi, hefur lítið verið ritað. Þó eru þær nokkrar í bókinni Þjóðsögur og sagnir úr Kópavogi. Segir þar meðal annars frá Kársnesorminum sem átti að hafa búið í skeri skammt undan ysta odda Kársness. Lá ormurinn þar á gulli og beit í sporðinn á sér. Hélt ormurinn til í hellisskúta einum sem kallaður var kór. Sagt er að nesið allt hafi verið kennt við kór þennan. Hafi það því ekki alltaf verið nefnt Kársnes heldur kallað Kórsnes. Þá var oftar en ekki talað um kórinn í nesinu.

Upplýsingar af http://www.ismennt.is/not/ggg/kopavogur.htm



Mörg stór og stæðileg hús eru í vesturbænum líkt og þetta glæsihýsi.



Gróðursælt er í vesturbænum eins og þessi trjágöng bera vitni um.



Hrafnarnir leika listir sínar í rokinu. Í baksýn má sjá nýlegt Smárahverfið í Kópavogi.



Númer 5 og 7 eða 57?



Litríkir kofar leynast víða í vesturbænum.



Pírt í gegnum gróðurinn.





# Náttúrufræðistofa Kópavogs

• **Sýningarsalir** • **Fræðsla** • **Rannsóknir** • **Ráðgjöf**

Sýningarsalir opnir:
Mánudaga – fimmtudaga kl. 10–20
Föstudaga kl. 11–17
Laugardaga og sunnudaga kl. 13–17

Hópum veitt leiðsögn eftir samkomulagi
Pantanir í síma 570 0430
Ókeypis aðgangur

**Náttúrufræðistofa Kópavogs**
Natural History Museum of Kópavogur
Hamraborg 6 A · Kópavogi · Sími 570 0430 · Fax 570 0431 · www.natkop.is



NORM-X
Hita pottar

www.normx.is

**Mest seldu hita pottar á Íslandi**
Framleiddir með sérstöku tilliti til
íslenska hitaveituvatnsins






Endingargóðir – yfir 30 ára reynsla
Þúsundir ánægðra notenda

Snorralaug

**Íslensk framleiðsla**





Viðarkamínur á
ótrúlega góðu verði

# Þrír fegrunarskólar undir einu og sama þakinu

Nemendur frá Snyrti-Akademíunni eiga möguleika á því að stunda starfsþjálfun sína um borð í skemmtiferðaskipum um allan heim. Akademían er í raun þrír mismunandi fegrunarskólar undir einu þaki.

„Í Snyrti-Akademíunni, sem staðsett er í Hjallabrekku 1 í Kópavogi, er að finna þrjá skóla í glæsilegu húsnæði. Þeir eru allir á sviði fegrunar; þar er naglaskóli, Professionails förðunarskóli og snyrtiskóli,“ segir Kristín Stefánsdóttir hjá Snyrti-Akademíunni. Skólinn býður upp á ýmsa möguleika fyrir fólk sem stefnir að vinna á sviði fegrunar.

„Naglaskólinn stendur yfir í sex til tólf mánuði og þar geta konur lært naglaásetningu og fer kennsla fram tvisvar í viku. Förðunarskólinn er hins vegar fjórum sinnum í viku og stendur í þrjá mánuði en þar útskrifast nemendur sem förðunarfræðingar. Svo er það snyrtiskólinn sem er nám í heilt ár og útskrifar snyrtifræðinema. Eftir það tekur síðan við tíu mánaða starfsþjálfun á snyrtistofu. Þetta eru því þrjár ólíkar námsbrautir,“ segir Kristín.

„Þetta er mikið kvennaríki hjá okkur en gaman að segja frá því að í nóvember var fyrsti karlmaðurinn að byrja hjá okkur í Snyrtiskólanum. Það er mikil framtíð í þessu og vonandi eiga fleiri karlar eftir að koma í þetta nám. Þetta er óskaplega gefandi og skemmtilegt nám og markaðurinn í þessum geira er stór. Fólk er í æ ríkari mæli farið að dekra við sig,“ segir Kristín.

Nemendur skólans fá mikla starfsþjálfun á námstímanum og koma með módel sem þeir æfa sig á í hverri viku. Fjölskyldumeðlimir og vinir njóta góðs af og það er aldrei skortur á módelum. „Hins vegar erum við með opna stofutíma á mánudögum í Snyrtiskólanum og þá geta konur pantað tíma og fengið þjónustu á vægu verði. Það eru góðar æfingar fyrir nemendur sem undirbúa sig svona undir það að vinna á snyrtistofu,“ segir Kristín.

Á síðasta ári gerði Snyrti-Akademían stóran samning við Steiner Ltd, breskt fyrirtæki sem rekur snyrtistofur og spa á skemmtiferðaskipum um allan heim. „Með þessum samningi gefst okkar nemendum kostur á að taka út starfsþjálfun sína um borð í skemmtiferðaskipum ef þeir standast ákveðin próf. Það er náttúrulega ævintýri líkast, fá að skoða heiminn meðan þeir eru í starfsþjálfun og njóta lífsins á góðum launum. Þetta býður upp á mikla möguleika,“ segir Kristín.

Í mars næstkomandi verður boðið upp á Cidesco-próf í fyrsta sinn í Snyrtiskólanum en það er alþjóðlegt próf snyrtifræðinga og Snyrtiskólinn er eini skólinn á Íslandi sem býður upp á þann valkost. Skólinn reynir einnig að láta gott af sér leiða og fyrir stuttu stóð hann fyrir fjáröflun til styrktar uppbyggingu skólahúsnæðis fyrir Little Bees, skóla sem er í einu af mörgum fátækrahverfum sem eru í nágrenni Naíróbí í Kenía. *- egm*



Sigríður Þóra, kennari Snyrtiskólans, að störfum.



Nemendur í Snyrti-Akademíunni fá fyrsta flokks aðstæður fyrir nám sitt.




# Nytsamleg gjöf

Digranesskóli fékk stjörnukíki að gjöf fyrir skömmu en mikil ánægja ríkir með þennan kíki innan skólans.

Digranesskóli fékk merkilega gjöf frá verktakafyrirtækinu Klæðningu ehf. ekki alls fyrir löngu. Um er að ræða góðan stjörnukíki sem á eftir að nýtast vel, bæði hvað varðar kennslu og einnig í félagsstarfi skólans. Þórður Guðmundsson, stærðfræðikennari í Digranesskóla, segir mikla ánægju ríkja með kíkinn í skólanum.

„Þegar þessi merkilega halastjarna var hérna um daginn sást hún vel á austurhimninum einn morguninn. Nemendur og kennarar voru fullir áhuga á að skoða fyrirbærið. Út frá því spruttu síðan upp umræður um það á kennarastofunni að það væri gaman að eiga svona stjörnukíki sem hægt væri að nota í svona tilfellum. Skólinn hefur þó enga fjármuni til að kaupa svona græju svo það kom upp sú hugmynd að fá eitthvert fyrirtæki til að gefa okkur hana,“ segir Þórður sem var ekkert að tvínóna við hlutina.

„Ég hringdi bara í það fyrirtæki sem kom fyrst upp í hugann og það var Klæðning. Maðurinn sem ég talaði við þar sagði að það væri stjórnarfundur hjá þeim eftir hálftíma og þar yrði þetta mál skoðað. Svo var bara hringt strax í mig og svarið var jákvætt,“ segir Þórður en hann telur þetta sýna að atvinnulífið í landinu getur vel stutt við bakið á góðu skólastarfi.

„Þetta virðist mjög góður kíkir og hann hefur þann kost að þægilegt er að ferðast með hann. Hann er á þrífæti og hægt að setja hann upp nánast hvar sem er. Þetta býður upp á alveg nýja möguleika bæði í námi og félagsstarfi skólans. Ef það eru skálaferðir eða þannig þá er hægt að taka kíkinn með og fara í stjörnuskoðun. Svo eru hugmyndir um að bjóða upp á námskeið sem er líka fyrir foreldra um stjörnuhiminninn svo dæmi sé tekið.“

Skiljanlega þurfa þó aðstæður að vera réttar til að hægt sé að nota þennan stjörnukíki. „Maður þarf að fara upp í Heiðmörk eða einhvern stað þar sem er dimmt. Það fylgdi samt með honum sérstakur filter til að skoða sólina og það er hægt að gera það bara hér úti á plani yfir daginn. Það er því hægt að nýta þessa gjöf til margs og gaman að sjá fyrirtæki úr atvinnulífinu styrkja skólastarf með þessum hætti,“ segir stærðfræðikennarinn Þórður Guðmundsson. *- egm*



Nemendur horfa í kíkinn fyrir utan Digranesskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



KFC®
™
hæ elskan!
PEPSI
Komdu við á KFC
á leiðinni heim!



Andri Týr og faðir hans, Kristleifur Gauti Torfason.

# Í samstarfi við elstu rakarastofu heims

Rakarastofan við Neðstutröð í Kópavogi var að hefja sitt 46. starfsár. Stofan er í nánu samstarfi við elstu rakarastofu heims, sem starfrækt er í London, og flytur inn vörur þaðan.

Í Neðstutröð er starfrækt rakarastofa sem er meðal elstu fyrirtækja í Kópavogi. Stofan er merkileg fyrir margra hluta sakir en óhætt er að segja að í henni sé skemmtilegt andrúmsloft.

„Afi minn, hann Torfi, byrjaði með þetta fyrirtæki í skúr hérna og þegar faðir minn fór að læra keypti hann helminginn af húsinu og opnaði stofu þar. Stofan hefur því verið hérna í Neðstutröð alla tíð,“ segir Andri Týr Kristleifsson, sem starfar á stofunni ásamt föður sínum, Kristleifi Gauta Torfasyni.

Rakarastofan var að hefja sitt 46. starfsár og hefur því lifað tímana tvenna. „Þetta er ein af fáum stofum á landinu sem lifði af kreppuna og bítlatímabilið og fá fyrirtæki í bænum sem eru eldri,“ segir Andri en hann segir að viðskiptin hafi alltaf verið góð á stofunni. Rekstur hennar byggist á dyggum fastakúnnum.

„Það eru nokkrir fastakúnnar sem koma hingað mjög reglulega og þeir bera allir einhverja titla nema einn þeirra. Við gerðum hann því að stjórnarformanni hjá okkur. Sá maður horfir mikið á fundi Alþingis í sjónvarpinu sér til skemmtunar og þegar þingmennirnir láta eitthvað út úr sér sem honum líkar ekki þá kemur hann yfir og skammar okkur,“ segir Andri og greinilega mikið líf sem einkennir rakarastofuna.

„Það skapast oft ansi fjörugar umræður hérna inni og er rætt um allt milli himins og jarðar. Það er þó mest um það að pólitíkin sé til umræðu. Það hefur verið skipt um ríkisstjórnir mörgum sinnum á dag á þessari stofu,“ segir Andri en hann telur að þær deilur sem skapist um hana á stofunni séu þó allar á vinsamlegum nótum.

„Svo er gaman að segja frá því að við erum í samstarfi við elstu rakarastofu í heimi sem er starfrækt í London. Við erum í góðu samstarfi og flytjum inn vörur frá þeim. Ég var sjálfur að vinna hjá þeim í London síðasta sumar og það var mjög sérstök lífsreynsla. Þetta er aðal snobbstofa heims og þarna eru kúnnar á borð við Filippus prins. Svo hitti ég viðkunnanlegan mann sem kom þangað undir nafninu John Woodward en reyndist síðan vera John Major, fyrrum forsætisráðherra Bretlands.“

Það er ekki mikið um að svona lítil fyrirtæki standi í því að flytja sérstaklega inn vörur en þó er það gert á þessari rakarastofu. Hægt er að fá góðar vörur og persónulega þjónustu í þessu skemmtilega fjölskyldufyrirtæki.

*- egm*



Eiguleg vara sem þeir feðgar flytja inn.





## SAMKVÆMISKJÓLAR OG FYLGIHLUTIR

*Fyrir árshátíðina og þorrablótin*

SJÁ BLS. 6



## HANSKAR VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI

*Sjóðheitir fylgihlutir*

SJÁ BLS. 2

[ SÉRBLAÐ UM TÍSKU – LAUGARDAGUR 3. FEBRÚAR 2007 ]

# Tíska



## EFNISYFIRLIT




ÍSLENSKUR HÖNNUÐUR Á UPPLEIÐ

*Birna Karen Einarsdóttir, stofnandi tískufyrirtækisins Birnu, er í mikilli sókn á erlendum vettvangi.* BLS. 2

KLÆÐNAÐUR HVERSDAGSINS

*Buxur, pils og peysur* BLS. 4

SAMKVÆMISKJÓLAR Í SMÁRALIND

*Kjólar á árshátíðina eða þorrablótin* BLS. 6





BRÚNIR HAUSTTÓNAR

*Haust- og vetrarlína Jean-Pauls Gaultier* BLS. 7



ANDLITSKLÚTAR



Age Defying

Friskandi skrúbbandlitshreinsiklútar. Klútarnir fjarlægja dauðar húðfrumur og hreinsa húðina án þess að þurrka hana. Kjarni úr greipávöxtum friskar upp á húðina og kjarni úr sítrónugrasi tónar og örvar húðina. Klútarnir innihalda einnig B5 prófítamín og kamillukjarna sem gefa húðinni raka og róa hana. Húðsjúkdómafræðilega prófaðar.

Deep Cleansing

Mildir en áhrifaríkir andlitsdjúphreinsiklútar sem fjarlægja andlitsfarða og eru góðir fyrir húðina. Náttúrulegir ávaxtakjarnar (AHA) djúphreinsa húðina, B5 prófítamín vernda hana og næra og Kamillukjarni róar húðina. Klútarnir innihalda enga olíu og stífla þar af leiðandi ekki svitaholurnar. Ofnæmisprófaðir.

Gentle Exfoliating

Andlitshreinsiklútar sem innihalda sérstaka blöndu af andoxunarefnum til þess að hægja á öldrun húðarinnar:Coensím Q10, beta glucan, vínberjakjarnaolía, kjarni úr grænu te og E vítamín. Sæt möndluolía og B5 prófítamín gefa húðinni raka og vernda hana. Klútarnir eru mildir en áhrifaríkir og henta sérstaklega til hreinsunar á augnfarða.

Herbal Cleansing

Andlitshreinsiklútar sem innihalda blöndu af lækningajurtum og vítamínum til þess að hreinsa, fjarlægja farða og vernda húðina. B5 prófítamín verndar og gefur húðinni raka, kamillukjarni róar hana. Húðin verður fersk og heilbrigð útlits. Ofnæmisprófaðir.

# Íslenskur hönnuður á uppleið

Birna Karen Einardóttir, stofnandi tískufyrirtækisins Birnu, er í mikilli sókn á erlendum vettvangi.



Margt er á döfinni hjá Birnu Karen Einarsdóttur hönnuði. Er hún meðal annars að undirbúa þátttöku í stærstu sölusýningu Norðurlandanna, sem tengist tískuiðnaðinum.

Fimm ár eru liðin síðan Birna Karen Einarsdóttir stofnaði tískufyrirtækið Birnu, sem leggur áherslu á sígildan kvenfatnað. Lengst framan af hannaði hún fötin sjálf, saumaði og markaðssetti, en hefur nú fengið til sín stóran hóp sem vinnur hörðum höndum að því að koma fyrirtækinu á kortið.

„Við munum taka þátt í stærstu sölusýningu á Norðurlöndunum í febrúar, sem kallast Copenhagen Vision og er undirlögð af tískuiðnaðinum,“ segir Birna, sem hefur staðið á haus við undirbúning ásamt aðstoðarfólki á aðalskrifstofunni í Kaupmannahöfn. „Búist er við að mun fleiri mæti en áður, tugir þúsunda.

Þetta verður í áttunda sinn sem ég tek þátt í sýningunni.“

Að sögn Birnu er sýningin einn liður í markvissri upp-byggingu vörumerkisins Birnu á Norðurlöndunum. „Þetta verður raunverulega í fyrsta sinn sem við leggjum svona mikið upp úr því að leita til heildsalanna. Hingað til hefur það verið á hinn veginn. Áhersla verður þó eftir sem áður að bjóða vöruna fáum útvöldum aðilum.“

Stefnan er enn fremur að opna fleiri Birnu Concept verslanir. Fyrir er ein versl-un á Östegade frá 2005 og önnur á Skólavörðustíg, sem var opnuð í október 2006. „Okkur langar til að opna eigin búðir í stærstu höfuðborgunum, sem við höfum umsjón með og munu því eiga í nánu samstarfi. Fötin munu þannig verða til alls staðar en ekki í ótakmörkuðu upplagi. Stefnan er ekki að hrinda af stað einhverri verslanakeðju, heldur að hafa öll fötin í takmörkuðu upplagi, svo þau haldist einstök.“

Birna og starfsfólk henn-ar vinna einn-ig að því að fjölga fatalínum fyrirtækisins. „Við erum að byrja með nýja línu sem kallast Pieces Collection og verður eingöngu fáanleg í verslunum okkar,“ útskýrir hún. „Fötin munu fást í takmörkuðu upplagi. Tíu eintök af hverri flík í mismunandi stærðum og litum, sem verða ekki framleiddar aftur. Línan verður líka í fínni kantinum en áður. Fötin hefur hingað til má flokka sem flottan hversdagsklæðnað, sem nota má við ýmis tækifæri. Með nýju línunni verður breyting þar á.“

Þá ætlar Birna að markaðssetja sérstaka barnalínu, sem verður í stíl fyrri fatn-aðar. „Þetta er í fyrsta sinn sem við hönnum barnaföt,“ segir hún. „Við höfum sömu grunnhugmynd að leiðarljósi og liggur að baki hönnun kvenfatnaðarins. Barnafötin verða þann-ig hönnunarvara, sem er unnin úr mörgum, ólíkum efnum.“ Aðspurð segir Birna hönnun herrafatnaðar síðan vera á stefnuskránni í framtíðinni.

Af ofansögðu er ljóst að mikið vatn hefur runn-ið til sjávar síðan Birna stofnaði fyrirtækið. Sjálf segist hún aldrei hafa efast um að afrakstur erfiðisins myndi að lokum skila sér, meðal annars þar sem hún hafi alltaf lagt áherslu á að hanna flottan, sígildan og þægilegan fatnað. „Það er þó aðeins hluti vinnunnar. Það skiptir ekki síður máli að markaðssetja vöruna vel og halda vandlega utan um hana.“

*roald@frettabladid.is*



Skyrta með púffermum. Sumarlína Birnu 2007.



Rauður samfestingur. Sumarlína Birnu 2007.



Kóngablár bómullarfrakki með leðri. Hluti af sumarlínu Birnu 2007.



Til stendur að fjölga Birnu Concept verslunum, en fyrir eru tvær. Ein í Reykjavík og önnur í Kaupmanna-höfn. MYND/ESTHER ÍR

# Hanskar við öll tækifæri

Yfir vetrartímann getur verið alveg bráðnauðsynlegt að hafa góða hanska á höndunum til að hlífa sér fyrir kuldanum. Nú eru hanskar sjóðheitur fylgihlutur og gaman að skoða úrvalið í verslunum. Allt frá hinum hefðbundnu leður- og rúskinnshönskum upp í blúnduhanska eða -grifflur má finna víða en blúndan getur verið smart við sparikjólinn. Háu hanskarnir eru góðir við kápur með kvartermum sem eru svo vinsælar þessa dagana, svo nú er um að gera að fara og finna sér flotta hanska við öll tilefni.
*-sig*



Tösku og hanskabúðin Skólavörðustíg. Leðurhanskar með loðskinni 5.400 kr.

Snyrtuvöruverslunin Glæsibæ. Blúnduhanskar 1.900 kr.

Accessorize Kringlunni. Rúskinnshanskar 2.499 kr.

Tösku- og hanskabúðin Skólavörðustíg. Leðurhanskar 4.400 kr.

Accessorize Kringlunni. Háir hanskar 2.099 kr.



ÓDÝRT ER GOTT!
"BESTUR"
Verslun Sappos er troðfull af nýjum og flottum vörum á hreint lýgilega góðum verðum. Það skiptir ekki máli á hvaða aldri þú ert, ÞAÐ FINNA ALLIR eitthvað við sitt hæfi... Njótið vel!
3000 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: hvítur, svartur
Stærðir: 36-41
Litir: rauður, svartur, grár
Stærðir: 36-41
Litir: svartur, brúnn, dökkbrúnn
Stærðir: 36-41
Litir: svartur
Stærðir: 36-41
Litir: leopard
2500 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: hvítur, svartur
Stærðir: 36-41
Litir: leopard
Stærðir: 36-41
Litir: grey leopard
Stærðir: 36-41
Litir: svartur, glans/mattur
1000 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: svartur
2500 kr.
Stærðir: 30-35
Litir: blár, bleikur
Stærðir: 22-30
Litir: blár, brúnn
Stærðir: 28-35
Litir: grár/blár
KangaROOS
Stærðir: 21-26
Litir: rauður, blár
RÚSSKIN
3000 kr.
RÚSSKIN
Stærðir: 30-39
Litir: bleikur, blár
KangaROOS
FYLGIHLUTIR
GLÆSILEGT ÚRVAL AF TÖSKUM FYRIR ALLA!!!
Allt á 1000 kr.
- margar tegundir
FRÁBÆRT TILBOÐ!
Stór og vandaður útilífsbakpoki sem stenst íslenskar aðstæður.
Vatnsvarinn CON-TEX®
Reebok
5000 kr.
Stærðir: 40-47
Litir: svartur
Stærðir: 40-50
Litir: svartur
Stærðir: 36-41
Litir: svartur
Stærðir: 40-47
Litir: svartur
ALVÖRU MERKI Á ALVÖRU VERÐI!
BLEND
3500 kr.
Stærðir: 41-46
Litir: svartur, brúnn
SKECHERS USA
LEÐUR
Stærðir: 35-41
Litir: svartur
Frábærir leðurskór frá Skechers.
4000 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: svartur, grár
5500 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: svartur
LEÐUR
LOÐFÓÐRAÐ
OPNUNARTÍMI SAPPOS.
Fimmtudaga 12-18
Föstudaga 12-18
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18
Sappos Akureyri
Sappos Garðabæ
SAPPOS
www.sappos.is
Sendum í póstkröfu. Alltaf opið á netinu, www.sappos.is - sími 534 5740
Miðhrauni 14 · Garðabæ · Sími 534 5700 · Hrísalundi 5 · Akureyri · Sími 534 5740



Svört lopapeysa með gylltum röndum og öryggisnælum, eftir Junyu Watanabe fyrir Comme des Garçons. Fæst í Þremur hæðum, Laugavegi.



Ljósgrá V-hálsmálslaga peysa m. svartri blúndu eftir Vanessu Bruno, fæst í Þremur hæðum, Laugavegi.



Stuttur, grár og kjút jakki eftir John Rocha. Fæst í Þremur hæðum, Laugavegi.



Stór, rauð peysa með svörtum ermum og áföstu svörtu pilsi, frá Trílógíu, Laugavegi.



Fjólublá og svartköflóttur bundinn, stutterma kjóll frá Trílógíu, Laugavegi.



Gráar, stuttar buxur frá Erotokritos, fást í Trílógíu, Laugavegi.



Lady-gallabuxur frá D-Squared, fæst í Þremur hæðum, Laugavegi.

# Klæðnaður hversdagsins

Hann er fyrir augum okkar á hverjum degi. Í vinnunni, í skólanum, á kaffihúsunum og í strætó.

Sumum finnst gaman að klæða sig upp á og skreyta sig svolítið á hverjum degi á meðan aðrir leita frekar að einhverju einföldu og þægilegu til að fleygja yfir sig á morgnana. Flest leggjum við okkur nú fram um að vera snyrtileg til fara þótt skiptar skoðanir séu á því hvað þyki töff í hversdagsgrámanum. Öll erum við mismunandi í háttum og eigum okkur ólíka drauma. Fötin á þessum myndum eiga það þó öll sameiginlegt að vera einstaklega smekkleg og falleg. Já, látum okkur dagdreyma í hvunndeginum, um falleg föt, í fallegum fötum.



Grátt pils frá Orion. Fæst í Trílógíu, Laugavegi.


Hress og hraust
í ræktina og vinnu með
LifeStream Spirulina!

Daði R. Kristleifsson, 18 ára
Lifestream Spirulina gefur mér mjög mikla orku en ég finn ótrúlega mikinn mun þegar ég tek það inn. Þó svo að ég borði mjög hollt fæði er það Spirulina sem gerir mér kleift að hafa orku í allt sem þarf að gera en ég er í skóla, vinnu, líkamsrækt og æP fótbolti. Hef miklu meiri úthald og er hressari á morgnana.

Lífrænt Fjölvítamín
29 vítamín og steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega
GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans
Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

Greinilegur munur eftir nokkra daga inntöku

Aukið úthald, þrek og betri líðan

Til að fá jafnmikið af nokkrum völdum næringarefnum og í dagskammti af Lifestream Spirulína þarf að borða:
· 7 gulrætur (betakarotín)
· 1 skál af fersku spínati (járn)
· 1 skál af hiðishrísgrjónum (kalíum)
· 1 glas af mjólk (kalk)
· 125 gr. nautakjöt (prótín + B12 vítamín)
· 30gr. hveitigrassafa (blaðgræna)
· 1 hylki Kvöldvorósarolía (GLA fitusýrur)

Styrkir fljótt líkamann gegn kvefi og flensu
WHO Alþjóðlega Heilbrigðisstofnunin telur hágæða Spirulina ákjósanlegan næringarauka fyrir börn og fullorðna. Mörg hundruð rannsóknir hafa verið gerðar á Spirulina og fjöldi þeirra hefur birst í virtum vísindaritum. Lifestream Spirulina eflir einbeitingu, gefur orku, dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf.
Gott fyrir alla sem eru í vinnu, námi og vilja halda línunum í lagi.

Súrefnistæmir umbúðirnar til að vernda næringarefnin.
Lifestream þörungarnir eru ómengaðir vegna þess að þeir eru ræktaðir í ferskvatni eftir ströngum gæðastaðli. ISO9001 · ISO14001

Vottað 100% lífrænt




Lyfjaval Apótek · Lyfja · Lyf&heilsa · Apótekið · Apótekarinn · maður lifandi · Góð heilsa · www.celsus.is


## Trúarlegur Gaultier



## Kaþólskur fatnaður fyrirmynd vorlínu Jean-Pauls Gaultier

Forsíðumyndin er tekin á sýningu franska tískuhönnuðarins Jean-Pauls Gaultier í París fyrir skemmstu þar sem kaþólskur klaustur- og dýrlingafatnaður var áberandi.

Hettuklæddar eða blúnduskreyttir kjólar í gráu, bláu og bleiku, litum sem eru algengir á dýrlingamyndum og glermálverkum, voru á meðal þess sem fyrir augu bar.

Útkoman þótti flott og margir á því að línan sé með þeim betri sem Gaultier hefur sent frá sér.

Einlæg nálgun Gaultiers á viðfangsefnið vakti sérstaka athygli, þar sem hann hefur áður hannað slíkan fatnað til að hæða hann og hneyksla. *- rve*

# Karin Herzog
## Switzerland

Áratugum saman reyndu læknar og vísindamenn að binda súrefni, einn af grundvallar orkugjöfum fyrir frumur líkamans í fast form, en án árangurs.



Súrefni var að því er virtist einfaldlega of rokgjarnt til að hægt væri að beisla það á þennan hátt.

**En dr. Paul Herzog tókst fyrstum manna að binda súrefni í fast form. Uppfinningar hans greina Karin Herzog snyrtivörulínuna frá öðrum snyrtivörum.**



## Allar húðgerðir ná að sýna sínar bestu hliðar.



# Einfaldleiki



## Súrefni – vatn – A-vítamín (Retinol) – E-vítamín.

Súrefnisvörur Karin Herzog eru framleiddar í Sviss hjá Labratorie Dr. Paul et Karin Herzog S.A. undir ströngu og stöðugu eftirliti svissneska Vitamin Institutet í Lusanne.







Óm SNYRTIVÖRUR

Umboðs og dreifingaraðili Karin Herzog snyrtivaranna á Íslandi er:
**Óm snyrtivörur ehf., Suðurlandsbraut 4a, 108 Rvík**
S: 568 0829 Netfang om@om.is www.om.is

Útsölustaðir: Hagkaup Kringlunni og Smáralind

Ef þú ert ekki enn búin að uppgötva Dizu, þá er rétti tíminn núna!
peysur 30-50% afsláttur
mikið úrval af bútasaumsefni
á 600 kr/m Ofl ofl.....
Sjón er sögu ríkari.
Diza
Laugavegi 44 S. 561-4000 www.diza.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Opið laugardag

Útsala 50%

| | Áður | Nú |
|---|---|---|
| Ullarkápur | 29.900 | 15.000 |
| Mokkakápur | 25.900 | 13.500 |
| Ullarjakkar | 12.900 | 5.900 |
| Úlpur | 12.900 | 5.900 |
| Dúnkápur | 22.900 | 11.500 |
| Rússkinsjakkar | 16.900 | 8.500 |
| Pelsar | 26.900 | 13.500 |

Mörg góð tilboð
Topphúsið
Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími 588 5518
Opið í dag laugardag 10 - 16



bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 10-16




Veskið fæst í Bianco og kostar 3.400 kr.

Hlébarðaskór úr Bianco. 5.800 kr.

Feldur eða herðaslá sem hentar einstaklega vel með fjólubláa dressinu sem og öðrum dömukjólum. Kostar 11.900 kr.

Hálsmen úr Coast á 7.900 kr.

# Samkvæmiskjólar í Smáralind

Kjólar og fylgihlutir fyrir þorrablótið eða árshátíðina.

Þessa dagana standa yfir þorrablót, árshátíðir og ýmsar skemmtanir. Oftar en ekki er vandi að finna rétta klæðnaðinn og vilja flestar konur vera í sínu fínasta pússi og ekki spillir fyrir að verða sér úti um ný klæði. Við skruppum í Smáralind og kíktum á úrvalið þar. Hér má sjá brot af þeim spariklæðnaði sem fyrir augu bar en um þessar mundir eru útsölur á lokasprettinum og því jafnvel möguleiki á að finna eitthvað á þeim líka. Annars eru vorvörurnar smátt og smátt að tínast inn og spennandi að sjá hvað þar er að finna. Þó ekki sé verra að vera klæddur samkvæmt nýjustu tísku þá er það nú svo með samkvæmisklæðnaðinn að hann er oftast nær klassískur. Þetta eru yfirleitt sígild kvenleg snið og dömulegir fylgihlutir. Hins vegar ber töluvert á styttri kjólum þetta árið, með sniði sem minnir á sjötta áratuginn. Þá eru kjólarnir oft aðsniðnir í mittið og pilsið víkkar út. Auk þess eru hlýralausir kjólar vinsælir en þó er algengt orðið að hægt sé að fá hlýra með sem ýmist er smellt á eða af eftir óskum hvers og eins. Nóg er til af svörtum skóm í öllum stærðum og gerðum.

Támjóu skórnir fást á flestum stöðum en einnig ber á skóm sem opnir eru í tána og með frekar þykkum botni (platform) og minnir það einnig á sjötta áratuginn. Þá eru hælaháir sandalar til á flestum stöðum og oft með fallegum smáatriðum. Hér má hins vegar sjá eilítið frábrugðna skó sem setja sinn svip á hvaða dress sem er.

Eitt parið er með hlébarðamynstri sem hefur verið fremur vinsælt og hinir eru með glimmeri og stirnir á þá. Algjörir Öskubuskuskór þar á ferðinni. Að lokum má setja punktinn yfir i-ið með því að bera fallega skartgripi og smekklegar samkvæmistöskur. - *hs*



Svartur og klassískur satínkjóll, hinn eini sanni „litli svarti kjóllinn" (the little black dress) sem allar konur þurfa að eignast. Hann kostar 18.900 kr. og er með sérstaklega kvenlegu sniði og liggur þétt að líkamanum.



Svartur kjóll með ljósu undirlagi og hlýrum frá Début er til í Debenham's og kostar 13.990 kr.

Ljósdrapplitaður kjóll með nælu og Marilyn Monroe sniði – klassískur sparikjóll sem mátast mjög vel. Fæst einnig í svörtu og rauðu í Isis og kostar 10.900 kr.

Glimmerskórnir frá Nine West fengust í Debenham's og kosta 12.990 kr.

Hvítur kjóll með svörtu blómamunstri og mittislinda frá Pearce Fionda fæst í Debenham's og kostar 23.990 kr. Með honum fylgja hlýrar sem má festa á.

Fjólublár satíntoppur með mittislinda og hlýrum sem má festa á, 12.900 kr.
Fjólublátt satínpils í stíl við toppinn á 13.900 kr.
Samkvæmisveski í stíl við fjólubláa dressið á 7.900 kr.

# Brúnir hausttónar

Jarðlitir voru áberandi á tískusýningu Jean-Paul Gaultier.

Tískusýningarnar í París voru í algleymingi í vikunni. Sérstök áhersla var lögð á herratískuna síðari part vikunnar. Þar kom Jean-Paul Gaultier sterkur inn að venju þó að nokkrar konur hafi fengið að lauma sér á sýningarpallana. Brúnt, gyllt og aðrir jarðlitir voru áberandi í línu Gaultiers svo og þykkar peysur með fjörlegu munstri.

Flauel er málið, leggings eru greinilega ekki lengur tabú hjá karlmönnum og íþróttagalli með loðfeldi er ekki asnalegur fatnaður, ef marka má sýningu Gaultiers.



Töluvert ber á flauelsfötum fyrir haustið og veturinn hjá hönnuðum.



Bartar og skrautleg peysa með belti. Flauelsbuxur og uppreimaðir skór. Svolítið í anda áttunda áratugsins. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Leggings fyrir karlmenn, ekki lengur tabú.



Íþróttagalli, loðfeldur og bartar í stíl.





touch
HÁRSTOFA



Þórdís, Svava og Guðný

Touch hárgreiðslustofa

hefur opnað

nýja og glæsilega stofu

í Austurveri, Háaleitisbraut 68.

**Tökum vel á móti öllum.**

Tímapantanir í síma

553 7171.

L'ANZA®
HEALING HAIRCARE



# ÁRSHÁTÍÐ Á BESTA STAÐ

Veislukompaníið er alhliða veisluþjónusta sem sérhæfir sig í árshátíðum, stórum sem smáum. Þú gengur að fyrsta flokks húsnæði með öllum tæknibúnaði, frábærum veitingum og hágæða þjónustu. Haltu þína árshátíð á besta stað í miðbænum.

## IÐUSALIR

Fullkomin staðsetning Iðusala, í hjarta miðborgarinnar, fallegar innréttingar og hár staðall á þjónustu og veitingum, gerir þessa tvo sali sem um ræðir að einum vinsælustu veislusölum borgarinnar. Salirnir rúma allt að 250 manns í sæti eða 400 manns í standandi boði.



## LÍDÓ

Lídó er glæsilegur veislusalur á horni Ingólfsstrætis og Hallveigarstígs. Aðstaða er fyrir allt að 400 manns í sæti og yfir 600 manns í standandi boð. Lídó hentar vel fyrir hvaða veislu eða mannfögnuð sem er.



## VEISLUÞJÓNUSTA

Veisluþjónustan okkar er rómuð fyrir fjölbreyttar og spennandi veitingar, útbúnar af snjöllustu fagmönnum. Við sjáum til þess að veislan verði eins og þú vilt hafa hana, enda eru kjörorð okkar: Ykkar ánægja er okkar markmið.



Fíton/SÍA

Kynntu þér þjónustu okkar og skoðaðu matseðla á www.veislukompaniid.is eða hringdu í síma 517 5020 og veislan er í höfn!

*Með kveðju,*
*Hafsteinn Egilsson*

VEISLUKOMPANÍIÐ
IÐUSALIR · LÍDÓ · VEISLUÞJÓNUSTA

Lækjargötu 2a 101 Reykjavík s 517 5020 www.veislukompaniid.is

ato

BÓKHALDSÞJÓNUSTA · RÁÐGJÖF

ATO · Bókhaldsþjónusta hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum stórum og smáum áreiðanlega, trausta og örugga þjónustu og koma til móts við þarfir þeirra og óskir. Á vegum ATO · Bókhaldsþjónustu starfar vel menntað og kraftmikið fagfólk með mikla þekkingu og reynslu.

**Tökum að okkur verkefni varðandi:**

- Bókhalds- og/eða launavinnslu fyrir fyrirtæki/ sveitarfélög/ félagasamtök af öllum stærðum og gerðum.
- Fjármál
- Uppgjör
- Skattframtöl

*Hamraborg 1-3*
*200 Kópavogi*
*Gsm: 894 8404*

www.ato.is · netfang: ato@ato.is · sími: 565 9404

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON

PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is

vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



Guðrún Hannesdóttir fékk ljóðstaf Jóns úr Vör fyrir ljóð sitt „Offors“. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Ljóðagerð líkt við lyklasmíð

Guðrún Hannesdóttir er handhafi ljóðstafs Jóns úr Vör árið 2007. Hún sigraði með ljóðinu „Offors“.

Ljóðstafur Jóns úr Vör eru árleg ljóðlistarverðlaun sem veitt eru að lokinni samkeppni þar sem öllum er frjálst að senda inn frumsamin ljóð á íslensku. Ljóðasamkeppnin var stofnuð 2001 á vegum lista- og menningarráðs Kópavogs og Ritlistarhóps Kópavogs, í minningu skáldsins Jóns úr Vör.

Peningaverðlaun eru veitt og verðlaunaskáldið fær til varðveislu í eitt ár göngustaf sem var í eigu Jóns. Á stafinn er festur skjöldur með nafni verðlaunahafa ásamt ártali. Fyrsta samkeppnin fór fram 2002 og veitt verðlaun til ljóðskálds hinn 21. janúar það ár en það var afmælisdagur skáldsins. Öll ljóð eru vandlega merkt dulnefni og engin leið fyrir dómnefnd að komast að nafni höfundar fyrr en að vali loknu. Hér takast því á reyndari skáld og nýrri í jöfnum leik. Að þessu sinni voru send inn um 350 ljóð og komst dómnefndin að þeirri niðurstöðu að verðugur handhafi ljóðstafs Jóns árið 2007 væri Guðrún Hannesdóttir fyrir ljóð sitt „Offors“. Samkvæmt hefð sem myndast hefur við veitingu ljóðstafsins hafa líka verið veittar tvær viðurkenningar fyrir ljóð sem vöktu sérstaka athygli dómnefndar. Fyrir valinu í ár urðu ljóðin „Gamalt sendibréf frá afa á deild fimm“ eftir Hjört Marteinsson og „Parabólusetning“ eftir Eirík Örn Norðdahl.

Guðrún Hannesdóttir fékk viðurkenningu í keppninni árið 2004 fyrir ljóðið „Þar“ sem vakti athygli en hún segir í viðtali að það sé í fyrsta skipti í þessari keppni sem hún lætur frá sér ljóð. Hún segir að það hafi komið sér gleðilega á óvart að hafa unnið og að það sé frábært hjá Kópavogsbæ bæði að minnast Jóns og ýta undir að fólk skrifi ljóð og sendi þau frá sér.

Nafnleyndin er nokkurs konar galdur, fólk er bara metið af sjálfu ljóðinu en ekki út frá aldri og fyrri störfum. „Fyrir mér er ljóðagerðin ekki ólík lyklasmíð,“ segir Guðrún. „Ég er að smíða mér lykla sem ganga bæði að heimi tungumálsins og eins að ýmsum víddum og hólfum í minni eigin vitund. Fyrstu lyklarnir eru beygðir og bögglaðir, hálfgerðir þjófalyklar, en taka vonandi smám saman á sig verklegri mynd.

Ég er sem sé að safna mér í sæmilega kippu til eigin nota. En það væri óneitanlega skemmtilegt að hugsa sér að einn og einn lykill gengi að hjartahólfi annarrar manneskju líka.“

Heilsusjoppa í hjarta Kópavogs



Fit food heilsusjoppan er fyrir þá sem vilja hollan skyndibita í hádegi eða á öðrum tímum og vera snöggir að því. Allir réttirnir eru tilbúnir til meðtöku og má þar nefna, lífræna pastabakka, líflegt grænmetissalat, ávaxtaskyrdrykki, hollustulanglokur, ávaxta- og grænmetisbakka, veislubakka, gjafakörfur og hver má vita hvað. Svo erum við að sjálfsögðu með glettilega gott grænmeti og afar álitlega ávexti.

*Heilsaðu uppá okkur að Nýbýlavegi 28. Opnunartími 8–17 alla virka daga.*

E.s. Ef þú færð hollari skyndibita, jafn góðan, jafn snöggan og á jafn góðu verði láttu engan vita.

ÁVAXTA-BÍLLINN

Nýbýlavegi 28, Kópavogi, sími 517-0110 avaxtabillinn@avaxtabillinn.is
www.avaxtabillinn.is

# FYRSTA HJÁLP

## - við kvefi!



## + OTRIVIN NEFÚÐI

Fyrir börn og fullorðna.




## + STREPSILS HÁLSTÖFLUR

4 bragðtegundir, fæst einnig sykurlaust.




## + VECTAVIR FRUNSUKREM

Verkar á öllum stigum frunsunnar.




## + VOLTAREN DOLO

Fljótvirkt verkjalyf, verkjastillandi og hitalækkandi.




Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

# Vel lýst og án farartálma

Smáralindin hlaut nýverið viðurkenningu ferlinefndar Kópavogs fyrir gott aðgengi fatlaðra.

„Rými ætluð almenningi eru vel lýst og án farartálma. Gangar breiðir, merkingar góðar og lyftur og salerni vel staðsett.“ Þessi atriði eru meðal þeirra sem tilgreind voru þegar ferlinefnd Kópavogs veitti Smáralindinni viðurkenningu fyrir gott aðgengi fatlaðra.

Fleira telur nefndin Smáralindinni til gildis. Svo sem að bílastæði fyrir fatlaða séu góð og vel staðsett og að hægt sé að fá hjólastóla lánaða. Einnig að stólpar hafi verið sett- ir upp við rúllustigana til að auka öryggi.

Þá sé viðmót starfsmanna á þjónustuborði jákvætt gagnvart þörfum fatlaðra.

Þetta er í þriðja sinn sem ferlinefnd Kópavogs veitir viðurkenningu af þessu tagi í tilefni alþjóðadags fatlaðra. Í fyrra hlaut hana fyrsti áfangi Vatnsendaskóla. Ástæðan var sú að þar var ráðist í sértækar ráðstafanir til þess að mæta þörfum eins nemanda.

Formaður ferlinefndar Kópavogs er Helga Skúladóttir.



Bílastæði fatlaðra við Smáralindina eru vel staðsett og hægt er að fá hjólastóla lánaða og afhenta við eitt þeirra.


Lokadagar Útsölunnar

20–50% AFSLÁTTUR

ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

| | |
|---|---|
| Kínversk teppi 1,60m x 2,48m: | 48.800 kr. |
| Heriaz / Keshan Íran 2,05m x 3,03m: | 77.600 kr. |
| Nain Kashmar Íran 87cm x 1,31m: | 36.600 kr. |
| Hamadan Íran 1,41m x 2,38m: | 48.800 kr. |

ZEDRUS
persneskar mottur / húsgögn / gjafavörur
www.zedrus.is
Hlíðarsmára 11 S. 534 2288

Helgaropnun 11 - 18
Laugardag og Sunnudag




Foreldrar barna í Kópavogi eru hvattir til að kynna sér slysatryggingu barna sem stunda íþróttir og tómstundir.

## Börnin slysatryggð

Kópavogsbær og Vátryggingafélag Íslands, VÍS, hafa gert samning um slysatryggingu á öllum börnum 18 ára og yngri sem stunda íþróttir eða skipulagða félagsstarfsemi í Kópavogi.

Vátryggingin nær yfir það félag sem getið er um í vátryggingarskírteini auk ferða til og frá heimili vegna starfseminnar, til dæmis á íþróttaæfingar og ferða innanlands á vegum viðkomandi félags til að mynda vegna keppnisferða.

Einu gildir hvernig slysið ber að eða hver á sök á, eða hvort slysið verður við nám eða leik. Forsendur bótanna eru andlát, varanleg læknisfræðileg örorka og kostnaður vegna slyss, til dæmis tannbrots.

Með kostnaði er þó eingöngu átt við þann kostnað sem ekki fæst endurgreiddur hjá Tryggingastofnun ríkisins. Vátryggingartaka, íþrótta- eða tómstundafélagi í Kópavogi, er gert að halda skrá yfir vátryggð börn sem falla undir vátrygginguna. Foreldrar og forráðamenn barna og unglinga í Kópavogi eru hvattir til að kynna sér þennan samning ásamt skilmálum.

Nánari upplýsingar: www.kopavogur.is

## Söngtónleikar í Salnum

Bjarni Thor Kristinsson bassasöngvari mun flytja íslensk sönglög og erlend auk þekktra óperuaría fyrir dökka bassarödd í Salnum í dag. Tónleikarnir eru hluti af TÍBRÁ - tónleikaröðinni. Hinn ástsæli píanóleikari Jónas Ingimundarson spilar með Bjarna.

Bjarni hefur komið víða við í söng hin síðari ár. Hann hefur verið fastur gestur í Ríkisóperunni í Berlín auk þess að koma fram í óperuhúsunum í Chicago, París, Verona, Flórens, Palermo, Wiesbaden og Dortmund svo eitthvað sé nefnt. Hann hefur m.a. sungið undir stjórn Zubins Mehta, Daniels Barenboim, Kents Nagano, Betrands de Billy og sir Andrews Davis. Næsta haust syngur Bjarni á sviði Íslensku óperunnar eftir langt hlé. Um er að ræða hlutverk Osmin í Brottnáminu úr kvennabúrinu eftir Mozart. Frumsýning er fyrirhuguð í lok september.

Miðaverð á tónleikana í Salnum í dag er 2.000 krónur og hefjast þeir klukkan 16.00.



Bjarni Thor Kristinsson bassasöngvari og Jónas Ingimundarson píanóleikari spila og syngja fyrir gesti í Salnum í dag.


LOKSINS
LOKSINS
LOKSINS
Hollywood þægindi á Íslandi!
Bókaðu
tímanlega fyrir
ferminguna
Hann er til leigu!
‣ Hentar vel við ýmis tækifæri, svo sem afmæli, brúðkaup og fundi
‣ Tekur 17 farþega
‣ Lystisnekkja á hjólum
GOLD LIMO
SÍMI 897 0930 • goldlimo@goldlimo.is

# Fólk á að róa sig, setjast niður og skapa

Kristín Ottesen er annar eigandi Keramik-gallerys sem starfrækt er í Kópavogi. Þetta er eina keramikframleiðslufyrirtækið sunnanlands og hefur ótrúlegan fjölda af vörum.

„Við erum framleiðslufyrirtæki sem framleiðir keramik. Þetta er sjö ára gamalt fyrirtæki og erum einnig með verslun og stöndum fyrir námskeiðum í málun á keramiki," segir Kristín Ottesen. Keramik-gallery hefur verið starfrækt í sjö ár og alla tíð í Kópavoginum. Kristín segir mjög fínt að reka fyrirtæki í Kópavogi og að eftirspurnin sé mikil.



Það verður sífellt vinsælla hjá fólki að mála garðálfana sjálft.

Þetta er stærsta keramikframleiðslufyrirtæki landsins. „Við erum eina fyrirtækið í þessum geira hérna sunnanlands. Það eru bara tvö svona fyrirtæki á landinu og hitt er á Akureyri," segir Kristín. Hún á fyrirtækið ásamt Þórunni Hafdísi Karlsdóttur og standa þær vinkonur meðal annars fyrir námskeiðum á haustin í málun á keramiki.

„Námskeiðin eru haldin á góðum tíma fyrir jólin. Flestir sem koma til okkar eru úr félagsstarfi landsins. Þetta er vinsælt hjá saumaklúbbum, alls konar föndurklúbbum og vinnustaðahópum," segir Kristín en fyrirtækið býður upp á ótrúlegan fjölda af alls kyns vöru úr keramiki.

„Það er mjög vinsælt hjá fólki að mála sitt jólaskraut í dag og svo er líka að verða æ algengara að fólk máli álfa sem það hefur í görðunum sjálft, sem er skemmtilegra en að hafa þetta svona fjöldaframleitt. Síðan erum við með engla úr leir sem við seljum tilbúna," segir Kristín sem er ekki í vafa um að það geri fólki gott að mála keramikvörur.

„Þetta er eitt af því sem sálfræðingar mæla með, að fólk rói sig aðeins niður og setjist niður og skapi. Við stuðlum að því," sagði Kristín í léttum tóni. *- egm*



Keramik-gallery býður upp á ótrúlegt vöruúrval.



Kristín Ottesen og Þórunn Hafdís Karlsdóttir, eigendur Keramik-gallerys.






# Hefurðu hugleitt hvar Orkustöðvarnar eru?




Með því að slaka aðeins á og nýta orkustöðvarnar má oft komast að farsælli niðurstöðu. Hefurðu til dæmis hugleitt hvar Orkustöðvarnar eru og hvað bensínið er ódýrt þar?

Bensínfrelsi Orkunnar gefur svo enn meiri afslátt eða 3 kr. í viðbót.



*Þegar ég leiddi hugann að því hvað má spara mikið á Orkustöðvunum, þá ákvað ég að snúa mér þangað.*
*Guðjón Bergmann, jógakennari og rithöfundur.*



Lárus & Lárus




ORKAN BENSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA



Astra la vista, baby
Nýr, fallegri og miklu betri Opel.
JÓNSSON & LE'MACKS • SÍA Ljósm.: Torfi
DP 739
Verð frá 1.890.000,-
VEGLEGUR SPORTPAKKI FYLGIR MEÐ ASTRA ENJOY; LITAÐAR RÚÐUR OG VINDSKEIÐ.
Nýi Opel Astra er fallegasti bíllinn á götunni. Það fyrsta sem þú finnur er hversu lipur hann er í akstri. Stórglæsileg hönnun Opel Astra helst í hendur við kraftmikla vél og magnaða akstureiginleika og hann er drekkhlaðinn aukabúnaði sem gerir aksturinn ennþá ánægjulegri. Astra er mjög öruggur bíll og fékk fimm stjörnur í árekstraprófunum. Opel Astra var mest seldi bíll Evrópu árið 2006 og Opel var valin besta þýska bíltegundin árin 2005 og 2006. Það er ljóst að þeir ætla ekki að gefa neitt eftir árið 2007.
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is
Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00. Laugardaga kl. 12:00–16:00.
Bíll á mynd; Astra OPC 2.0, 240 hö., leðursæti, 18" álfelgur o.m.þ. verð 2.590.000,-

**Vilborg Sigurðardóttir, dr. med**
sérfræðingur í lyflækningum
og hjartasjúkdómum
opnar hinn 15. febrúar n.k. stofu í
Læknasetrinu, Þönglabakka 6,
109 Reykjavík.
Tímapantanir í síma 535 7700.

## Auglýsing um skipulag - Hafnarfjarðarbær

### Tillaga að breyttu deiliskipulagi Hvaleyrar í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 12. desember 2006, að auglýsa til kynningar tillögu að breyttu deiliskipulagi Hvaleyrar í Hafnarfirði, í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í því að skipulagssvæðið er minnkað til vesturs um tæplega 3 ha og liggja skipulagsmörkin eftir breytingu við golfvallarmörk.

### Tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir fráveitulögn frá dælu- og hreinsistöð í Hraunavík í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 12. desember 2006, að auglýsa til kynningar tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir fráveitulögn frá dælu- og hreinsistöð í Hraunavík í Hafnarfirði, í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Deiliskipulagið tekur til svæðis umhverfis fyrirhugaða dælu- og hreinsistöð milli lóðar Alcan og golfvallarmarka Hvaleyrarvallar. Þá tekur deiliskipulagssvæðið einnig til svæðis sem er um 500 m langt og 30-60 m breitt meðfram ströndinni innan lóðar Alcan. Um er að ræða svæði þar sem gert er ráð fyrir frárennslislögn sem mun liggja frá dælu- og hreinsistöð, áður en hún liggur á haf út. Deiliskipulagssvæðið er um 4,5 ha að stærð.

Deiliskipulögin verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 30. janúar 2007 - 27. febrúar 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 13. mars 2007. Þeir sem ekki gera athugasemd við breytinguna teljast samþykkir henni.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

## NÁMSKEIÐ

# Líf á nýjum nótum

**Alfa II námskeið í Neskirkju hefst 13. október.**
**Kynningarfundur 6. febrúar kl. 20.00**



Umsjón: Sigurvin Jónsson, Örn Bárður Jónsson, Úrsula Árnadóttir og Rúnar Reynisson.
Nánari upplýsingar á neskirkja.is og í síma 511 1560

## SMÁAUGLÝSINGAR

**Parket- og flísalagnir**
**Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna, vanir menn. S. 892 9804.**

pípumeistarinn

**Pípulagnir**
Pípulagningarmeistari getur bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Uppl. í síma 892 8720.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Tek að mér allar almennar Múrviðgerðir, Tjónaviðgerðir og Flísalagnir. Vönduð vinnubrögð. S. 899 6408 & 845 8802.

Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípulögnum og trésmíði. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

### Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

Þægilegt. Komum heim og gerum við tölvuna. Erum með 10 ára reynslu og viðurkenndir af Microsoft. Kvöld og helgarvaktir. Garðar 6935370

### Hljóðfæri

Píanóstillingar á góðum kjörum í Reykjavík, vikuna 4-10 feb. Áratuga reynsla. Tímapantanir í s. 848 0476 e. hádegi alla daga, eða sendið póst á jontrausti@gmail.com

### Spádómar

**908 6116**
Er spákonan Sirrý
Ástir - fjármál heilsa
Einkatímar í S.845 4009

**ALSPÁ**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir, NLP. Símaspá, einkatímar og. m.fl.
**445 5000**
FINN TÝNDA MUNI
VISA EURO MASTERS




www.orlagalinan.is
**Örlaga línan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma
**595 2001 & 908 1800**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 6414. Símaspá, draumaráðningar.

**www.tarot.is**
Tarotnámskeið-Talnaspekinámskeið. Skrán. daglega. Uppl. á vef eða í s. 8680322. Hringdu núna!

### Iðnaður

**Færibönd til leigu.**
Höfum til leigu jarðvegs og múrbrot færibönd. Uppl. í s. 567 7570 Bortækni.

### Rafvirkjun

**Löggiltur rafverktaki**
Rafverktaki getur bætt við sig verkefnum, tilboð ef óskað er. Hels í Mosfellsbæ eða Grafarholti - sumarbústaðir. Uppl. í s. 563 7141



### Önnur þjónusta

**Pípulagnir**
**Tek að mér viðhald á pípulögnum, hreinlætistækjum, baðherbergjum og ofnalögnum. S. 663 2572.**

Tökum að okkur gámalosun og gámaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Erum einnig með 20 tonnmetra krana + körfu fyrir almennar hífingar. S. 820 0070 & 577 5177 Línuborun ehf.

### Nudd

Losaðu þig við jólastressið og slakaðu á. Ilmolíu nudd gefur góðann líðan. Erla í s. 587 4517.

## HEILSA

### Heilsuvörur

**Heilsuklúbbur**
Hönnu Kristínar



S:8924284

**Léttara líf með Herbalife**
Kaupauki og árangurstengd verðlaun
S. 868 4884 & 892 8463
www.lettaralif.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

Viljum við ekki öll ná kjörþyngd og lifa heilbrigðu lífi? LR Figuaktiv áætlunin er kannski það sem hentar þér!!!!! Nánari uppl. í s. 891 6264 / Aðalheiður.

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

### Nudd

Vandaðir ferðanuddbekkir til sölu. Verð 45.000 kr. stgr. Uppl. í 891 6447, Ólafur.

Komdu í nudd. Uppl. í s. 662 0841.

### Snyrting

Dekurhús didrix



S:561 8677

### Húsgögn

2 SVARTIR LEÐUR LAZY BOY,(2X20000) KINGSIZE RÚM(MARCO)15000, SJÓNVARPSSKÁPUR(MARCO) 15000, SJÓNVARP 27"BEKO 10000. BARNA RIMLARÚM HVÍTT. GOTT VERÐ NÝLEGAR ÁLFELGUR 17"PATROL PAJERO. S 8221974 MYNDIR danielthorg@internet.is

### Antík



Til sölu eikar borð- / vínskápur (danskur) frá ca. 1900 á kr. 75.000. Uppl. í s. 693 5553.

### Gefins

Labrador blendingar, svartir og hvítir fást gefins. Tilbúnir til afhendingar. S. 846 8726 eða 847 3112.

## TILKYNNINGAR




# Opinn fundur

Starfsmenntaráðs verður haldinn þriðjudaginn
6. febrúar 2007 kl. 12:00- 13:30
í húsakynnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins,
Skeifunni 8, Reykjavík.

**Dagskrá:**
Starf Starfsmenntaráðs sl. ár
Úthlutanir úr Starfsmenntasjóði 2006
Áherslur Starfsmenntaráðs við úthlutanir úr Starfsmenntasjóði 2007.
Önnur mál

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu. Það úthlutar styrkjum til starfsmenntunar og er stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar.



# Heimili þitt við Miðjarðarhafið

## Kynning Skúlagötu 17, laugardaginn 3. febrúar og sunnudaginn 4. febrúar.

**Viðskiptahúsið kynnir fasteignir við strendur Spánar, Mallorka og Mexíkó.**
**Um er að ræða fullbúnar gæðaeignir frá traustum og þekktum byggingaraðila á Spáni TM Real Estate Group.**

**Opið verður frá kl. 14:00 til 16:00**
**Kíkið við og við tökum hlýlega á móti ykkur**

TM













**Viðskiptahúsið**

**Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími: 566 8800 • E-mail: vidskiptahusid@vidskiptahusid.is • www.vidskiptahusid.is**

## PERSÓNAN



### Áhrifavaldur í kvikmyndagerð

Norman McLaren fæddist 11. apríl 1914 í Stirling í Skotlandi og var teiknimyndagerðarmaður og kvikmyndaleikstjóri. Hann lærði hönnun í listaskólanum í Glasgow þar sem hann gerði sínar fyrstu tilraunamyndir og teiknaðar hreyfimyndir. Eftir að hann lauk námi í Glasgow gerði hann nokkrar myndir í London og flutti svo til New York árið 1939, rétt áður en önnur heimsstyrjöldin hófst. Árið 1941 var honum boðið til Kanada til að vinna fyrir kanadíska kvikmyndaráðið (NFB) og opna hreyfimyndaver og þjálfa kanadíska teiknimyndagerðarmenn.

Norman McLaren gerði sína frægustu mynd, Neighbours (1952), þegar hann starfaði fyrir NFB. Myndin hlaut fjöldann allan af verðlaunum, þar á meðal Óskarsverðlaunin og kanadísku kvikmyndaverðlaunin. Samspil hljóðs og myndar var snilldarlega unnið í myndinni, auk þess sem hún var afar pólitísk þar sem hún gagnrýndi ofbeldi og stríð. Myndin er tekin á filmu þar sem einn rammi var skotinn í einu og leikararnir þurftu meðal annars að hoppa í hvert sinn sem smellt var af. Ekkert mátti út af bregða til þess að hreyfingin yrði samfelld.

McLaren er frægur fyrir tilraunir sínar með hljóð og mynd og uppgötvaði hann aðferðir til að setja saman hljóð og hreyfimynd sem höfðu gríðarleg áhrif á kvikmyndagerð og þá sérstaklega tilraunakennda teiknimyndagerð. Honum tókst að samhæfa hljóð og mynd betur en nokkrum hafði tekist áður.

Árið 1982 varð hann fyrsti enskumælandi maðurinn til að fá Prix Albert-Tessier en verðlaunin eru veitt þeim sem þykja hafa átt framúrskarandi feril í kvikmyndagerð í Québec.

Á síðasta ári átti teiknimyndagerð 65 ára afmæli og var því fagnað með sýningum á myndum McLarens víða um heim, auk þess sem myndir hans voru gefnar út á DVD.









VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Hver er algengasti fæðingardagur á Íslandi?

Hægt er að svara þessari spurningu á nokkra vegu, allt eftir því hvaða merking er lögð í „á Íslandi“. Strangt til tekið er líklega rétt að líta svo á að spurt sé um þann dag sem flestir hafa fæðst á hér á landi, hvort sem þeir eru íslenskir ríkisborgarar eða ekki. Þá er einnig vert að geta þess að hér fæðast auðvitað ekki bara manneskjur heldur einnig afkvæmi annarra dýrategunda, en hér verður eingöngu horft til mannfólksins enda er ekki haldin nákvæm skráning um fæðingardag dýra.

**Algengasti fæðingardagurinn miðað við ártal**

Ákveðið var að reikna svarið fyrst út frá öllum núlifandi einstaklingum sem hafa fengið íslenska kennitölu, og eru þá bæði meðtaldir Íslendingar sem búa í útlöndum og borgarar annarra ríkja sem fengið hafa slíka tölu. Alls eru þetta um 330 þúsund manns ef miðað er við áramótin 2002/2003. Svarið er 23. júní 1966, en nú er í þjóðskrá 31 einstaklingur með íslenska kennitölu fæddur þann dag. Næst kemur 15. desember 1959 og eru 30 manns fæddir þann dag.

**Algengasti fæðingardagurinn án ártals**

Ef við horfum fram hjá ártalinu er svarið við spurningunni 28. apríl, en 1.010 einstaklingar eru fæddir þann dag. Næst kemur 25. september og eru 1.003 fæddir þann dag.

Sjaldgæfustu afmælisdagarnir

Að meðaltali eiga rétt tæplega 900 einstaklingar með íslenska kennitölu afmæli hvern dag ársins. Fæstir eru vitaskuld fæddir 29. febrúar, enda kemur hann einungis á fjögurra ára fresti eða því sem næst. Þann dag eiga 227 einstaklingar með íslenska kennitölu afmæli. Næst sjaldgæfastur er jóladagur, 25. desember, en aðeins 678 eiga afmæli þann dag.

Íslendingar virðast tregir til að fæðast á hátíðisdögum í desember því að þriðji sjaldgæfasti dagurinn er gamlársdagur og eiga 742 afmæli þann dag. Aðfangadagur er heldur ekkert sérlega vinsæll og eiga aðeins 752 afmæli þann dag. 17. júní nær hins vegar að vera yfir meðaltali því að 925 eiga afmæli á þjóðhátíðardaginn.

**Barnalán á sumrin**

Almennt eru sumarmánuðirnir líka heldur vinsæll til barneigna. Flestir eiga afmæli í júlí eða 28.964, sem gerir 934 á dag. Litlu færri eiga afmæli í ágúst eða 28.816, sem gerir 930 á dag. September, með sína þrjátíu daga, á hins vegar vinninginn í fjölda afmælisbarna á dag því að í þeim mánuði eiga 943 afmæli á dag að meðaltali. Fæstir eiga eins og vænta má afmæli í febrúar, enda er hann stysti mánuðurinn og aðeins 24.977 sem eiga afmæli þá, sem gerir 884 á dag. Ef tekið er tillit til dagafjölda er desember þó óvinsælastur því einungis 832 eiga afmæli að meðaltali hvern dag þess mánaðar.

*Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við HÍ.*

**Af hverju er stundum talað um að „skora í bláhornið“?**

Orðið bláhorn er vel þekkt allt frá því á síðari hluta 19. aldar. Í elsta dæmi Orðabókar Háskólans er verið að tala um bláhorn í kirkjugarði, en einnig eru dæmi um bláhorn á bókarspjöldum og á húsgögnum, til dæmis borði eða skáp.

Fyrri liðurinn blá- er bæði notaður til að mynda nafnorð og lýsingarorð og er þá til áherslu. Sem dæmi um önnur nafnorð en bláhorn má nefna blánótt „rétt aðeins nóttin“, blábrún „ysta brún“, bláþráður „örmjór þráður“. Sem dæmi um lýsingarorð má nefna bláfátækur eða blásnauður „mjög fátækur“, blánakinn „alveg nakinn“.

Upphafleg notkun forliðarins blá- er um eitthvað sem er blátt, til dæmis blákaldur „blár af kulda“, blávatn „hreint og ómengað vatn“. Hann hefur síðan breiðst út til annarra samsetninga og fengið þannig nýja merkingu.

*Guðrún Kvaran, prófessor og forstöðumaður Orðabókar Háskólans.*

**Hver er uppruni orðsins dauðafæri sem til dæmis er notað í fótbolta?**

Orðið dauðafæri virðist upphaflega notað í tengslum við veiðar og er merkingin þá „stutt en næsta öruggt skotfæri“. Elsta dæmi Orðabókar Háskólans er frá 1899. Er þá átt við að skepnan eigi sér varla undankomu auðið, auðvelt eigi að vera fyrir skotmanninn að hæfa hana og drepa.

Síðar fær orðið víðari og yfirfærða merkingu og vísar þá til þess þegar sú staða kemur upp í boltaíþróttum að hægðarleikur ætti að vera að skjóta á markið og skora.

*Guðrún Kvaran, prófessor og forstöðumaður Orðabókar Háskólans.*



**Um þessar mundir fagnar Vísindavefurinn sjö ára afmæli sínu. Vísindavefurinn hóf göngu sína upphaflega sem eins árs verkefni í tilefni þess að Reykjavík var Menningarborg Evrópu árið 2000. Sökum þess hve honum var vel tekið var starfsemi hans haldið áfram og hefur hann vaxið og dafnað ár frá ári. Vísindavefurinn vill færa öllum lesendum sínum bestu þakkir fyrir auðsýndan áhuga og þátttöku í starfsemi vefsins í áranna rás. Einnig viljum við þakka þeim fjölmörgu höfundum sem lagt hafa okkur lið og þeim styrktaraðilum sem stutt hafa við bakið á okkur.**

**Að lokum viljum við hvetja fólk til að kynna sér námskeiðin Undur Vísindanna: Vísindi fyrir fjölskyldur sem Vísindavefurinn, í samstarfi við Endurmenntun og Orkuveitu Reykjavíkur, stendur fyrir um þessar mundir. Þar geta fjölskyldur farið saman á laugardögum í febrúar og kynnt sér undraheim vísindanna. Skráning á námskeiðin fer fram á www.endurmenntun.is. Einnig minnum við á slóð Vísindavefsins www.visindavefur.hi.is.**








RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun




* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

**Renault Kangoo**
Verð frá kr. 1.670.000
**Verð frá kr. 1.341.365 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 26.386
**Fjármögnunarleiga kr. 21.194** án vsk.

**Renault Trafic**
Verð frá kr. 2.380.000
**Verð frá kr. 1.911.646 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 37.345
**Fjármögnunarleiga kr. 29.996** án vsk.

**Renault Master**
Verð frá kr. 2.820.000
**Verð frá kr. 2.265.060** án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 44.137
**Fjármögnunarleiga kr. 35.452** án vsk.

ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

www.renault.is

HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA

ÚTSA

LOKADAGUR Í DAG

SÍÐAST

JBL BÍLHÁTALARAR, BÍLBASSAR OG BÍLMAGNARAR MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

JVC TÖKUVÉLAR MEÐ HÖRÐUM DISK MEÐ ALLT AÐ 30% AFSLÆTTI

JVC LCD SJÓNVÖRP, MARGAR GERÐIR, AFSLÁTTUR ALLT AÐ 50%

TAKMARKAÐ MAGN FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

OPIÐ Í DAG KL. 10 -16

MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

# ALA

## LOKADAGUR Í DAG

# TI SÉNS

OLYMPUS STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 20.000 KR. AFSLÆTTI

THOMSON LCD SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 150.000 KR. AFSLÆTTI

MIKIÐ MAGN TÆKJA Á TILBOÐI – FERÐATÆKI, HLJÓMTÆKI, BÍLTÆKI OFL. OFL.

SJÁIÐ TILBOÐIN Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup!

1971 - 2007

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is




**STÝRIKERFIÐ AFHJÚPAÐ** Bill Gates, stjórnarformaður Microsoft, hélt veglega kynningu á stýrikerfinu nýja í New York á mánudaginn var. Með henni lauk sex ára þróunarferli Windows Vista sem hófst árið 2001.

# Verðugur arftaki Windows XP?

Eftir tæp sex ár í þróun er arftaki vinsælasta stýrkerfis í heimi, Windows XP, kominn út. Gripurinn heitir Windows Vista. Breytt viðmót og aukið öryggi er meðal helstu nýjunganna sem stýrikerfið býður upp á. „The wow starts now," sagði Bill Gates þegar Vista var kynnt í New York. *Salvar Þór Sigurðarson* skoðaði helstu nýjungar og breytingar stýrikerfisins sem svo lengi hefur verið beðið eftir.

## EITTHVAÐ FYRIR FLESTA

Windows Vista kemur út í sex útgáfum, hver þeirra ætluð mismunandi notendahópum. Fjórar standa almenningi til boða að kaupa; Home Basic, Home Premium, Business og Ultimate.



**Home Basic** er svipuð Home-útgáfunni af Windows XP, og er ætluð sparsamari notendum sem hafa ekki mikið við aukamargmiðlunarmöguleika að gera. Home Basic er eina útgáfan af þessum fjórum sem inniheldur ekki Aero, nýja viðmótskerfið.

**Home Premium** inniheldur allt sem er í Home Basic, en styður einnig afspilun háskerpumyndefnis, gerð DVD-myndbanda og reglubundnar afritstökur svo eitthvað sé nefnt. Sambærilegt við Windows XP Media Center Edition.

**Business**-útgáfan er eins og gefur að skilja ætluð fyrirtækjum og er sambærileg Professional-útgáfunni af Windows XP. Útgáfan inniheldur allt sem er í Home Premium fyrir utan Windows Media Center, aðgangsstillingar foreldra og Windows DVD Maker. Á móti er meðal annars stuðningur fyrir vefþjón, dulkóðun skráarkerfisins og tveggja örgjörva vinnslu.

**Ultimate** sameinar allt sem er í Home Premium og Business-útgáfunum auk þess sem henni fylgir forrit til þess að hámarka afköst í leikjum og hún býður upp á öflugri dulkóðunarmöguleika en hinar útgáfurnar, auk annarra kosta. Eigendur Ultimate-útgáfunnar eru þeir einu sem geta halað niður svokölluðum „Ultimate Extras", sem eru aukapakkar og forrit fyrir stýrikerfið sem Microsoft hyggst gefa reglulega út.

Bill Gates, stjórnarformaður hugbúnaðarrisans Microsoft, kynnti nýjustu útgáfu Windows-stýrikerfisins í New York á mánudaginn var. Hann fór yfir helstu nýjungar og lýsti því hvers vegna nýjasta útgáfan, sem ber nafnið Windows Vista, væri verðugur arftaki Windows XP, sem er vinsælasta stýrikerfi í heimi. „The wow starts now," var einn frasanna sem hann notaði.

### Viðmót, öryggi, eftirlit

Í Vista er urmull af nýjungum og breytingum, margar þeirra sýnilegar og aðrar ekki. Meðal sýnilegustu breytinganna er endurhannað notendaviðmót sem ætlað er að vera auðveldara í notkun og líta betur út.

Leitina er einnig búið að stórbæta og tekur nú minna en eina sekúndu að leita að möppum og skjölum sem áður tók tugi sekúndna eða jafnvel heilu mínúturnar.

Ástæðan fyrir þessum stóraukna hraða er að leitin rennir reglulega yfir allan harða diskinn á tölvunni og gerir tilvísunarlista yfir allar skrár, möppur og forrit. Þegar notandinn leitar er síðan flett upp í þessum lista í stað þess að leita á öllum harða disknum. Þetta leitarfyrirkomulag er mjög svipað því sem hefur verið til staðar í Apple-stýrikerfinu OS X í nokkur ár.

Öryggi er eitt af þeim atriðum sem Bill Gates lagði áherslu á í kynningu sinni á Vista, en stýrikerfið ku vera betur varið gegn árásum og vírusum en nokkru sinni fyrr. Sérstök óværuvörn, Windows Defender, fylgir með Vista og hafa strangari reglur verið settar varðandi uppsetningu á forritum. Með því móti á að gera óvelkomnum forritum erfiðara að koma sér fyrir á tölvu notandans.

Annars konar öryggi var einnig sett á oddinn í Windows Vista, eða öryggi varðandi net- og tölvunotkun barna. Foreldrum er gert auðvelt að skilgreina nákvæmlega á hvaða tímum barnið má vera í tölvunni, hvaða leiki það má spila og hvaða síður það má skoða á netinu.

### Misskilin raddgreining

Myndband með kynningu starfsmanns Microsoft á raddgreiningarhluta Vista fór eins og eldur í sinu um internetið seinasta sumar. Kynnirinn ætlaði að sýna hversu auðvelt það væri að lesa upp texta fyrir tölvuna, en sýningin fór ekki betur en svo að tölvan misskildi allt.

Eftir fjölmargar tilraunir til þess að láta tölvuna skilja einföldu setninguna „Dear mom" skrifaði hugbúnaðurinn „Dear Aunt, let's set so double the killer select all" á skjá. Þegar reynt var að leiðrétta eða stroka út villur varð misskilningurinn bara verri.

Í tilkynningu frá fyrirtækinu stuttu eftir kynninguna sagði að vegna aðstæðna hefði hugbúnaðurinn ekki virkað sem skyldi, hann væri mjög góður í raun. Svo virðist sem raddgreiningarforritið hafi verið endurbætt því ekki hafa fleiri misskilningssögur borist af raddgreiningunni í Windows Vista. Hún mun þó nýtast Íslendingum frekar takmarkað þar sem hún skilur aðeins ensku.

### Undir vélarhlífinni

Fyrir hverja nýjung eða breytingu sem tölvunotandinn tekur eftir eru margar sem hann veit ekki af. Til dæmis er búið að endurskrifa frá grunni þann hluta stýrikerfisins sem sér um netsamskipti, sem ætti að skila sér í hraðari samskiptum milli tölva á heimaneti. Einnig hefur skráakerfið verið endurbætt ásamt stuðningi fyrir þráðlaus net.

Sé leitað enn betur undir vélarhlífinni má finna endurskrifaðan kjarna, bætta minnisstjórnun og nýtt reklakerfi. Allt þetta miðar að því að gera tölvuna hraðvirkari og þægilegri í vinnslu.

### Þess virði að kaupa?

Fyrir þá sem eru ánægðir með Windows XP og lítið spenntir fyrir þeim nýjungum sem Vista hefur í för með sér er í raun engin ástæða til þess að uppfæra, Windows XP verður ekki úrelt á næstunni. Microsoft hefur heitið því að styðja Windows XP í nokkur ár í viðbót þannig að enginn þarf að flýta sér.

Þeir sem eru hins vegar spenntir fyrir nýju stýrikerfi með fersku viðmóti, hraðari leit og bættu öryggi, auk allra hinna breytinganna, hafa góða ástæðu til þess að fara út í búð og ná sér í eintak.

Aðrir bíða sennilega með að fá sér Vista þar til kemur að næstu tölvukaupum, þar sem stýrikerfið fylgir með í kaupunum.

## STRAUMLÍNULAGAÐ VIÐMÓT

Flestar útgáfur Windows Vista innihalda endurhannað notendaviðmót, kallað Windows Aero. Því er ætlað að vera aðgengilegra og fallegra en í fyrri útgáfum Windows, en meðal breytinga er ný og örlítið stærri leturgerð, möguleiki á að gera glugga gegnsæja og breytt orðalag í flestum upplýsingagluggum og stillingum.

„My"-forskeytið hefur verið fjarlægt úr nafni þeirra mappa sem báru það, og heita þær nú eingöngu „Documents", „Computer", „Pictures" og svo framvegis. Vilji notandinn ekki allt það augnakonfekt sem Aero býður upp á er auðvelt að skipta yfir í hefðbundna Classic-útlitið.



## LEITAR HRAÐAR

Flestir kannast við að bíða óralengi eftir niðurstöðum úr leit að skjali eða möppu í Windows XP. Sú bið að ætti að vera nokkurn veginn úr sögunni í Windows Vista, því að í stýrikerfinu er nýtt leitarkerfi sem finnur skjöl, möppur, forrit og aðra hluti á tölvunni nánast samstundis.

Notandinn þarf ekki einu sinni að klára að skrifa leitarorðið og slá á enter, það nægir til dæmis að skrifa „Calc" og velja reiknivélarforritið sem birtist í leitarniðurstöðunum. Ekki þarf heldur að opna sérstakan leitarglugga, hægt er að slá inn leitarorð neðst í Start-valmyndinni og birtast niðurstöður fyrir ofan.



## FUMLAUST FORRITAFLAKK

Ein af skemmtilegri nýjungunum í Vista er fyrir þá sem vinna með marga glugga opna í einu. Þegar skipt er á milli glugga með Alt-Tab sér notandinn sýnishorn af hverjum glugga í stað lítillar valmyndar eins og í Windows XP. Notandinn getur einnig flett í gegnum stafla sem sýnir, í þrívídd, þá glugga sem eru opnir í tölvunni og valið rétta gluggann.



Þar að auki er hægt að ýta á hnapp sem minnkar alla opna glugga og raðar þeim upp á skjáinn þannig að allir sjást í einu. Rétti glugginn er þá valinn með einum músarsmelli.

## VÖKULT AUGA SÝNDARFORELDRIS

Foreldrum er gert auðveldara að stýra því hvað börn þeirra mega og mega ekki gera í tölvunni í Windows Vista. Eftir að sérstakur notandi hefur verið búinn til fyrir barnið er hægt að stilla hvers konar vefsíður það má skoða, hversu lengi það má vera í tölvunni, hvaða leiki það hefur leyfi til að spila og hvaða forrit það má nota.

Einnig er hægt að láta stýrikerfið halda skrá yfir allt sem tiltekinn notandi gerir í tölvunni, sem foreldrið fer síðan yfir.



## ÓVÆRUVAKT ALLAN SÓLARHRINGINN

Windows Defender er forrit sem fylgir með Vista og er ætlað að verja tölvuna gegn ýmis konar óværu sem veldur notandanum óþægindum og pirringi. Ekki er um eiginlega vírusvörn að ræða heldur vörn gegn forritum sem koma sér fyrir á tölvu notandans án hans leyfis, birta auglýsingaglugga og hægja á tölvunni.



Windows Defender uppfærir sig sjálfkrafa án þess að notandinn þurfi að skipta sér af því, og hefur auga með þeim forritum sem reyna að koma sér fyrir í tölvunni.

Notendur Windows XP geta einnig hlaðið niður og sett upp Windows Defender, en forritið er þegar sett upp í Windows Vista.



ÖRFÁ VERÐ DÆMI
MAX
VALDAR VÖRUR
15-90%
AFSLÁTTUR
Godfather serían fylgir öllum sjónvörpum um helgina!
42 tommur
Pioneer PDP427XA
• 42" Plasma sjónvarp
• HD Ready
• Upplausn: 1024x768 punktar
• Skerpa: 3000:1
• Birta: 1100 cd/m2
• Direct Color Filter 2
• Miklir tengimöguleika
DÚNDUR verð
294.999 kr.
Fullt verð 399.999
DÚNDURDAGAR
DÚNDUR verð
1.699 kr.
Fullt verð 2.199
DVD
LADDI
DÚNDUR verð
Siemens KA60NA60
• 179 sm Amerískur ísskápur
• 504 lítrar, 334l kælir, 170l frystir
• Orkunýting A
• Rafeindastýring, sjálfvirk afþýðing
• Frystigeta 10kg á dag
• Dýpt án hurða 60sm
• Ísvél í hurð á framhlið
199.999 kr.
Fullt verð 259.999
DÚNDUR verð
19.999 kr.
Fullt verð 28.788
SONY DSCW50
• Stafræn myndavél
• 6 milljón punkta uppl.
• 2,5" LCD skjár
• 3x Optical og 6x Digital zoom
• Carl Zeiss linsa
• Hreyfimyndataka
• 32MB minni innbyggt
DÚNDUR verð
1.489 kr.
Fullt verð 2.299
Stebbi og Eyfi - CD
CD
1.699 kr.
Fullt verð 2.199
Pottþétt - CD
CD
1.999 kr.
Fullt verð 3.199
Pottþétt - CD OG DVD
DVD CD
DÚNDUR verð
49.999 kr.
Siemens WM14A280
• Rafeindastýrð þvottavél
• 1400 snúninga
• Þvottahæfni A
• Orkunýting A
• Vinduhæfni B
• Stórt lúguop
• Hraðþvottakerfi
• Mjög fullkomin vél
Fullt verð 74.988
9.999 kr.
Fullt verð 12.999
PLAYSTATION 2
Playstation leikjavélin vinsæla, mest selda leikjavélin frá upphafi.
999 kr.
Fullt verð 1.999
Cecil og Papó - DVD (verð pr. stk)
DVD
1.999 kr.
Fullt verð 2.999
Sígildar sögur - Bók - CD - DVD
Bók+DVD+CD
DÚNDUR verð
5.999 kr.
Kenwood VC1807
• 1800w ryksuga
• 2 fylgihlutir
• Litur: Silfur
Fullt verð 9.999
1.499 kr.
DVD
Fullt verð 2.999
World War II - 2 DVD
3.999 kr.
PC
Fullt verð 5.999
Finding Nemo - PS2
899 kr.
PS2
Fullt verð 2.999
Finding Nemo - PC
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.
Við erum beint á móti IKEA
MAX RAFTÆKI
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200



**Í DRAUMAHÖLL** Draumfarir okkar eiga sér yfirleitt stað undir lok nætur og sérfræðingar segja að nær alla dreymi.

# Í draumi sérhvers manns

Cervantes ákallaði þann sem fann upp svefninn og bað hann að fara blessaðan. Þreytt nútímaþjóð er eflaust sömu skoðunar og Spánverjinn sálugi enda virðist tíminn undir þetta dásemdarfyrirbæri vera af skornum skammti. Svefninn er þó undarlegt fyrirbæri því þótt vitað sé að okkur er hann lífsnauðsynlegur, þá veit enginn hvers vegna. Sé svefninn furðulegur þá þykja draumar okkar svo enn undarlegri. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* kynnti sér svefnvenjur og draumfarir Íslendinga.

Sú staðreynd að enginn veit af hverju við sofum kann að koma mörgum spánskt fyrir sjónir. Engu að síður er það staðreynd þótt ýmsar kenningar séu uppi um af hverju svo er. Sú staðreynd að svefnleysi skuli ekki hafa áhrif á líkamlega getu fólks kann að vekja athygli margra og vansvefta fólk getur mokað flórinn af sama krafti og þeir sem hafa fengið fullan svefn. Svefninn er því fyrst og fremst mikilvægur fyrir heilastarfsemina en svefnleysi gerir fólk ruglað og einbeitingarlítið og viðbragðsflýtir verður mun minni. Ein af kenningunum um það af hverju við sofum er sú að svefninn styrki minnið, en Halla Helgadóttir, master í sálfræði, skrifaði lokaverkefnið sitt um þetta efni.



**MINNIÐ STYRKIST Í SVEFNI.** Halla Helgadóttir vann að rannsókn um svefn og minni

## Rottur deyja án svefns

„Við vitum að maðurinn þarf svefn en það er ekki enn búið að sýna fram á með óyggjandi hætti af hverju það er. Ef við segjum okkur að það sé vegna þess að við þurfum að hvíla líkamann má spyrja á móti af hverju það er ekki bara nóg fyrir okkur að liggja. Af hverju er nauðsynlegt að það slokkni á meðvitundinni? Af mannúðarástæðum hafa að sjálfsögðu ekki verið gerðar tilraunir á mannskepnunni – hvort hún hreinlega deyi ef henni er haldið vakandi – en slíkar tilraunir hafa verið gerðar á rottum og þeim var haldið vakandi uns þær loks létust að þremur viknum liðnum,“ segir Halla og bætir við að enginn hafi í raun vitað hvers vegna þær gáfu upp andann því séð var til þess að þær fengju nægt fæði og hreyfingu. Hugsanlegt er að það sama eigi við um manninn.

Mastersverkefni Höllu fjallaði um það að nauðsyn svefnsins væri tilkomin vegna vinnslu hugans og eflingu minnis. „Í vöku erum við sífellt að meðtaka upplýsingar og skynja umhverfi okkar. Á meðan við erum sífellt að taka á móti höfum við ekki tíma til að vinna úr upplýsingunum og samræma í taugakerfinu. Svefninn gæti því verið tólið sem við notum til að taka þessar upplýsingar og áreitið sem við verðum fyrir yfir daginn og sorterum það allt og röðum í hólf meðan við sofum. Sumu er haldið og öðru hent út. Þetta er sú kenning sem ég hef verið að rannsaka en það má segja að um leið og það er mjög spennandi að rannsaka svefn er það mjög erfitt. Ef gripið er inn í með rannsókn sem truflar svefnferlið hefur það áhrif á til að mynda minnispróf og annað sem er framkvæmt daginn eftir.“

Svefn skiptist í nokkur 90 mínútna skeið og á hverju þeirra fer svefninn í gegnum nokkur svefnstig og endar svo í draumsvefni (REM). Að honum loknum hefst svefnferlið aftur og við förum í gegnum stigin fjögur; byrjum í því fyrsta sem er grunnsvefn og förum í það fjórða; djúpsvefn, og hvert svefnskeið endar alltaf í draumsvefni þó hann sé hvað lengstur undir lok nætur. Djúpsvefninn er aftur á móti hvað lengstur fyrri hluta nætur.

## Svefninn styrkir minnið

Djúpsvefn og draumsvefn eru, eftir mastersverkefni Höllu að dæma, mjög mikilvægir fyrir minnið. „Í rannsókninni var ég að vinna með minnið og skoða hvort svefninn hefði eitthvað að gera með það. Það hefur verið sýnt fram á að mismunandi þættir minnisins styrkjast á mismunandi svefnstigum. Fyrri hluta nætur, þegar við erum hvað mest í djúpsvefni, dreymir okkur lítið og á því stigi styrkist sá hluti minnisins sem sér um að geyma staðreyndir. Draumsvefn leggur grunn að minninu sem snýr að því hvernig við gerum hluti, svo sem hvernig við hjólum og hlaupum. Þetta svefnferli tekur um tuttugu prósent af svefni heilbrigðs fullorðins fólks en hlutfallið er mun hærra hjá börnum. Það kemur heim og saman við kenningar um að minnið fyrir hreyfingar og slíkt styrkist í draumsvefni því börnin þurfa jú að læra að ganga, skríða, grípa og annað af þeim toga.“ Í draumsvefni dreymir okkur oft að við séum að aðhafast eitthvað. Einkenni svefnsins er þó þannig að líkaminn er alveg lamaður þannig að við getum hvorki hreyft legg né lið þó að í draumnum séum við á harðaspretti. Og heilalínurit draumsvefns er líkt því sem sést í vöku. Annað einkenni draumsvefnsins er að augun hreyfast undir augnlokunum og þaðan er heitið REM komið: rapid eye movement. Ef þessi algera vöðvaslökun væri ekki fyrir hendi værum við á fleygiferð í rúminu og til er einstaka fólk sem hefur þann svefnkvilla að það slakar ekki á í draumsvefninum heldur hagar sér og hreyfir og snýr eftir því sem það gerir í draumnum. Sá kvilli kallast REM-behaviour, og kallast á íslensku óróleiki í draumsvefni.

## Erfitt að rannsaka drauma

Undir morgun, þegar hugurinn er búinn að fá nægan svefn, yfirgefur hann draumsvefninn og við tekur léttur svefn með losaralegum draumförum og flest bendir til þess að sá svefn sé ekki mjög mikilvægur líffræðilega þó svo að mörgum finnist gott að lúra fram til hádegis um helgar.

„Ég held að alla dreymi en það er misjafnt hversu mikið fólk man eftir því. Draumarnir sjást á heilalínuriti sem sýnir heilastarfsemi svipaða því sem sést í vöku og svo augnhreyfingum. Við vitum hvenær í svefninum okkur dreymir og er það yfirleitt seinni hluta nætur. Fólk getur verið mjög ruglað ef það er vakið af draumsvefni og í rannsóknum okkar gerum við það aldrei því fólk veit þá varla hvar það er statt eða hvers vegna. Það er sjaldgæft að við vöknum af draumsvefni af sjálfsdáðum, það er kannski helst ef við fáum martröð.“

Ef það er strembið að rannsaka svefn er það enn meiri vandkvæðum bundið að rannsaka drauma og Halla segir sálfræðinga ekki leggja sig mikið eftir því í dag. Einn af upphafsmönnum sálfræðinnar, Sigmund Freud, skoðaði drauma mikið og fyrir þeim er mikil hefð í greininni. Hann sagði að draumarnir væru lykillinn að því sem er ómeðvitað og að kynferðislegar langanir kæmu oft fram í draumum. Hvað segir Halla um þessar gömlu kenningar? „Aðferðir hans eru lítið notaðar í sálfræðinni á Íslandi þótt þær séu vissulega fyrir hendi á öðrum stöðum í heiminum eins og til að mynda hjá Frökkum. Meðferð hjá sálfræðingi byggist ekki mikið á draumum í dag en ég held þó að flestir séu sammála um að draumar endurspegli líðan fólks að einhverju leyti þó að fæstir fari út í að greina drauminn eins og Freud gerði. Rannsóknir á draumum verða eðli málsins samkvæmt aldrei aðferðafræðilega mjög vísindalegar því innihald drauma er einungis hægt að rannsaka með huglægum hætti, sem byggist á því sem fólk man og segir frá eftir nóttina. Það væri mjög spennandi að geta rannsakað drauma fólks, en okkur vantar enn tæknina til að geta séð inn í huga fólks og lesið drauma þess.“

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

**UPPBYGGING SVEFNS**

**Svefni er skipt í fjögur stig annars vegar og hins vegar draumsvefn (REM).**




Verðhrun!
á bókum
36-80% afsláttur
Einungis í Smáralind, Kringlu og á Akureyri
56% afsláttur*
1,990 kr. ~~4,480~~ kr.
BALLAÐAN UM BUBBA MORTHENS
57% afsláttur*
Immaculée Ilibagiza með Steve Erwin
1,990 kr. ~~4,680~~ kr.
EIN TIL FRÁSAGNAR
36% afsláttur*
STEPHEN KING
GEMSINN
2,990 kr. ~~4,690~~ kr.
56% afsláttur*
STEFÁN MÁNI
SKIPIÐ
1,990 kr. ~~4,480~~ kr.
56% afsláttur*
TOM EGELAND
Nótt Úlfanna
1,990 kr. ~~4,480~~ kr.
50% afsláttur*
1,990 kr. ~~3,980~~ kr.
50% afsláttur*
1,890 kr. ~~3,780~~ kr.
ERAGON
ÖLDUNGURINN
48% afsláttur*
Harold S. Kushner
Hvers vegna ég?
990 kr. ~~1,899~~ kr.
48% afsláttur*
Erich Fromm
Listin að elska
990 kr. ~~1,899~~ kr.
80% afsláttur*
Brosað gegnum tárin
990 kr. ~~4,990~~ kr.
60% afsláttur*
SPÁDÓMA BÓKIN
1,990 kr. ~~4,990~~ kr.
50% afsláttur*
2,990 kr. ~~5,990~~ kr.
Tíska aldanna
Ásdís Jóelsdóttir
*Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði
Gildir til 9. febrúar eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## ÓRÁÐNIR DRAUMAR MERKILEGASTIR



Dr. **Ármann Jakobsson** segir þrjá drauma standa upp úr þeim fjölmörgu draumum sem fyrirfinnast úr sagnaarfleifð Íslendinga.

„Fyrstan ber að nefna draum Sturlu Sighvatssonar fyrir Örlygsstaðabardaga. Þegar einn frændi minn lá fyrir dauðanum fyrir tæpum áratug dreymdi hann stundum að hann væri staddur á miðjum Örlygsstaðafundi," segir Ármann. Enginn veit með vissu hvað það var sem Sturlu dreymdi nóttina fyrir þennan örlagaríka bardaga. „Við vitum aðeins að hann lét illa í svefni og þegar hann vaknaði sagði hann að ekki væri mark takandi á draumum." Ármann segir jafnframt að draumur sé heldur merkilegri ef hann er dularfullur. „Og þar sem Sturla féll áður en hann gat sagt frá draumnum veit enginn lifandi maður hvað í honum var, aðeins að Sturla var sveittur þegar hann vaknaði," útskýrir hann.

Draumar Guðrúnar Ósvífursdóttur eru ekki síður merkilegir að mati Ármanns. „Hana dreymdi sjálfa sig og skartgripi en skrautmunirnir reyndust vera framtíðareiginmenn hennar fjórir." Í sögu þar sem mikið er fjallað um útlit manna sker Guðrún sig úr vegna vitsmuna sinna og klókinda og greinilegt er að þessi stolta kona lítur á sjálfa sig sem eins konar drottningu en mennina sem viðhengi sín. „En þótt Guðrún væri snjöll vantaði einn mann í draumana sem átti eftir að þvælast svo mikið fyrir henni og rugla hana þvílíkt í ríminu að eina leiðin var að losna við hann. Jafnvel þessi víðförla og kynngimagnaða kona gat því ekki skipulagt líf sitt alla leið. Ekki einu sinni með aðstoð táknrænna drauma."

Þriðji og síðasti draumurinn sem Ármann nefnir er síðan draumur Þorsteins á Borg. „Son Egils Skalla-Grímssonar dreymdi rækilega um átök fugla en allt reyndist þetta spá fyrir örlögum Helgu dóttur hans og vonbiðla hennar," segir Ármann og bendir á að þessi draumur sé í upphafi Gunnlaugs sögu og lyfti sögunni talsvert í upphæðir, þar sem fuglarnir eiga heima. „Sumum þætti kannski ekki merkilegt að dreyma fugla en margir fá þó jafnan ónotatilfinningu þegar hrafnarnir taka að sveima í kringum þá, og geta þá ímyndað sér hvernig Þorsteini leið," segir hann.

## MENN Í KJÓLFÖTUM



Við fáum alltaf þó nokkur símtöl á viku. Annars vegar vill fólk fá ráðningu á draumi eða er hrætt við einhvern draum og vill fá að vita hvað þeir þýða," segir **Magnús Skarphéðinsson**, skólastjóri Sálarrannsóknaskóla Íslands. „Stundum fáum við inn á borð til okkar mjög tilfinningaþrungna drauma sem virðast hafa einhverja merkingu. Tengjast þá kirkjugarði, Jesú eða öðrum stórum persónum úr sögunni," bætir hann við. Hann telur að Íslendingar hugsi mikið um drauma og segir þriðja hvern mann á landinu hafa lent í berdreymi.

„Íslendingar hafi lagt lag sitt við nokkur tákn og er saur þar sennilega hvað þekktast og vafalítið sá draumur sem flestir vilja fá. Allir vita hvað slíkt þýðir," segir hann. Að missa tönn sé hins vegar undantekningarlítið fráfall náins aðstandanda. „Því nær sem tönnin er framtönn því nánari er manneskjan," útskýrir hann.

Magnús segir drauma oft leika stórt hlutverk hjá sjómönnum og sveitafólki. „Sjómenn dreymir oft nöfn sem boða ýmist vond eða góð veður, mikinn eða lítinn afla." Nefnir Magnús sem dæmi nafnið Guðbjörg fyrir góðan afla en Eysteinn fyrir litlu fiskiríi. „Ég man eftir einum manni sem dreymdi alltaf fyrir aflanum. Stundum dreymdi hann menn í kjólfötum og þá gátu menn búist við mikilli fengsæld."

## FRÆGIR OG SVEFNLEYSI



Marlene Dietrich sagði að það eina sem gæti fengið hana til að loka augunum væri samloka með sardínum og lauk.

Alexander Dumas þjáðist af miklu svefnleysi sem var farið að há honum all verulega. Eftir að hafa reynt hverja „töfralausnina" á fætur annarri ráðlagði frægur læknir honum að fara fram úr þegar hann festi ekki svefn. Dumas tók upp á því að fara í langar gönguferðir og að endingu tókst honum loks að koma reglu á svefnvenjur sínar.

Judy Garland var þegar hún var unglingur gefnar amfetamíntöflur til að stjórna þyngdinni. Leikkonan átti hins vegar í mestu erfiðleikum með að venja sig af þeim og þegar árin færðust yfir vakti hún stundum sólarhringunum saman. Að endingu fór Garland að bæta svefnpillum við matseðilinn með þeim afleiðingum að svefnleysi hennar og fíkn jukust enn meir. Garland lést síðar úr ofneyslu.

Franz Kafka þjáðist af svefnleysi og hélt dagbækur þar sem hann festi kvalir sínar á blað. Í október árið 1911 skrifaði hann: „Svefnlaus nótt. Sú þriðja í röðinni. Ég sofna vært en eftir klukkutíma vakna ég eins og höfuð mitt liggi í rangri holu."

Theodore Roosvelt velti sér hins vegar ekki upp úr óþarfa áhyggjum yfir svefnleysi. Hans húsráð var það að setja vænan koníaksdreitil út í mjólkurglas og drekka festi hann ekki svefn.

Groucho Marx fór fyrst að finna fyrir erfiðleikum með svefn þegar kreppan mikla reið yfir Bandaríkin árið 1929 og hlutabréfin hríðféllu í verði. Gamanleikarinn tókst á við svefnleysið með nýstárlegri aðferð sem er þó tæplega til eftirbreytni en hann hringdi í fólk um miðja nótt og reyndi að móðga það hvað mest hann gat.

Mark Twain og svefnleysi hans er kannski besta dæmið um hversu mikið hugarstríð skortur á svefni getur verið. Þegar rithöfundurinn gat ekki sofnað í heimahúsi vinar síns henti hann kodda í átt að því sem hann taldi vera glugga. Twain fannst sem ferskur gustur léki um herbergið og féll í fastasvefn. En þegar hann vaknaði sá Twain að hann hafði brotið gler í bókaskáp.

## BÖRNIN LITLU ÞAMBA

„Ef miðað er við upptökur hjá þjóðfræðasafni Stofnunar Árna Magnússonar af söng fólks sem er fætt um aldamótin 1900 er Bíum bíum bamba vinsælasta vögguvísan," segir **Rósa Þorsteinsdóttir**, þjóðfræðingur og deildarstjóri á skrifstofu Stofnunar Árna Magnússonar.

„Auðvitað er þó ekki hægt að fullyrða neitt um þessi mál," bætir hún við. Bíum bíum bamba kemur fyrst fyrir sem heildstæð vögguvísa í síðasta bindi bókaflokks Ólafs Davíðssonar, Þulur og barnagælur, sem kom út á árunum 1898-1903. Vísan á sér hins vegar mun lengri sögu. Samkvæmt heimildum Ólafs koma fyrstu fjórar línur vísunnar fyrir í Stafrófskveri Jóns Ólafssonar frá árinu 1889. Fimmtu og sjöttu línuna má rekja til ársins 1830 en þá birtust þær í safni íslenskra orðskviða eftir Guðmund Jónsson.

# *Trúir þú á drauma?*

## SILFURKÚLUMARTRÖÐ

**GUÐJÓN PEDERSEN LEIKHÚSSTJÓRI**



Já, ég trúi á drauma sem fyrirboða en þetta er auðvitað alltaf túlkunaratriði.

Ég á eina undarlega martröð sem dúkkar alltaf upp ef ég er stressaður eða undir miklu álagi. Ég fæ hana öðru hvoru og hef gert það síðan ég var smápolli. Sérkennileg lykt fylgir þessum draumi og ég hef jafnvel fundið ákveðið bragð. Ég er staddur á löngum gangi og á honum sé ég stóra silfurlitaða kúlu nálgast mig. Hún stækkar og stækkar eftir því sem hún nálgast og verður ótrúlega stór. Ég hræðist það sem kúlan kann að gera mér en draumnum lýkur alltaf áður en ég kemst að því hvort hún valti yfir mig eða hvað hún raunverulega geri.

## JUNGÍSKAR DRAUMFARIR

**GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR RITHÖFUNDUR**



Já, ég held að draumar séu einhvers konar aðferð okkar til að tala við undirvitundina og mig hefur dreymt opinberunardrauma sem eru kannski ekki að segja mér neitt dularfyllra en það sem ég innst inni veit sjálf án þess að ég viti af því að ég viti það.

Ég reyni mikið að fljúga í draumum mínum en það hefur gengið fremur illa því ég hef aðallega verið að fljúga inni, upp undir þakinu. Eitt sinn man ég að ég hugsaði í draumnum hvað það væri fúlt að mig gæti aldrei dreymt að ég flygi úti. Þá slapp ég loks út og fuðraði þar um eins og sprungin blaðra. Eftir að ég byrjaði að lesa Jung dreymir mig oft mjög svo táknræna jungíska drauma, kýr og erkitýpur sem Jung fjallaði svo mikið um. Draumarnir fóru þannig að nota táknkerfi hans í ríkara mæli til að tala við minn meðvitaða huga. Þannig að mig dreymir skýrar núna og draumarnir raða sér í einhver fræði.

## DREYMIR GAMLA KUNNINGJA

**EGILL HELGASON SJÓNVARPSMAÐUR**



Nei, ég trúi ekki á drauma sem fyrirboða. Er eiginlega alveg laus við allt slíkt. Ég tel mig vera mjög jarðbundinn og lausan við alla hjátrú. Hefur það farið svolítið í taugarnar á eiginkonunni.

Mig dreymir aðallega fólk sem ég þekkti fyrir tvítugt. Ætli það megi ekki segja að ég hafi staðnað einhvers staðar því mig dreymir nær aldrei fólkið sem fór að vera í kringum mig eftir það. Mikið af draumunum gerast í einhverri undarlegri útgáfu af Reykjavík og koma þar fyrir nokkur hverfi. Eitt hverfið er einhvers konar hafnarsvæði með krám og annað er með stórum glæsilegu byggingum. Ég get auðveldlega staðsett þessi hverfi hér í Reykjavík og kýs að kalla þetta landakort drauma minna.

## SÁLFRÆÐINGARNIR RÉÐU EKKI VIÐ ÞÁ

**EINAR MÁR RITHÖFUNDUR**



Já, ég trúi á drauma, en meira á drauma annarra en mína eigin. Mínir draumar eru svona epískir draumar, en mjög framúrstefnulegir. Í þeim er ekki hægt að finna heila brú, þó þeir séu mjög raunverulegir, enda man ég fæsta þeirra, nema í ljósaskiptum vökunnar. Þó skýtur upp í kollinum svona draumur og draumur sem í er fólgið visst hugboð, en það er ekkert til að festa hendur á eða nota sem röksemd fyrir því sem þeir boða.

Draumar mínir byggjast á atvikum, þannig að táknin í þeim eru mjög á reiki. Það þyrfti flokk af sálfræðingum til að draga þau fram og þeir yrðu líklega kolringlaðir og myndu segja störfum sínum lausum. Draumar mínir eru meira í anda raunsæisstefnunnar en symbólismans, en raunsæi þeirra tekur ekki mið af skynsemishyggjunni. Ég kann vel við orð skáldsins sem sagði: Þegar skáldið tekur mynd af veruleikanum framkallar filman drauma. Mig dreymir sem sé með opin augu.

## DRAUMAR ERU DÆGRADVÖL

**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR, FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR**



Nei, ég trúi nú ekki á drauma en hef gaman af skemmtilegum draumráðningum. Ég lít á drauma sem ákveðna tegund af úrvinnslu og innsæi en ekki fyrirboða.

Því miður verð ég að játa að það eru engin sérstök tákn eða myndir sem endurtaka sig í mínum draumum. Ekki nema í vökudraumunum og ég held því fyrir sjálfa mig.

## DREYMDI HJÖRLEIF GUTTORMSSON

**NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR MATARGÚRU**



Nei, það get ég ekki sagt. Yfirleitt man ég alls ekki draumana mína þegar ég vakna en ef ég man þá eru þeir flestir þess eðlis að ég ætla bara rétt að vona að þeir eigi ekki eftir að rætast – ekki bókstaflega að minnsta kosti.

Þegar börnin mín voru lítil dreymdi mig oft að þau væru í lífsháska. Venjulega var það þannig að í draumnum hurfu þau hlæjandi og hlustuðu ekki á skelfingarópin í móður sinni sem vissi að eitthvað hræðilegt beið handan við hornið – ég vaknaði stundum við það að ég var að stinga mér til sunds eða eitthvað álíka. Bara eðlilegar áhyggjur móður þarna á ferðinni, held ég. Nú orðið dreymir mig aðallega um mat, nýbakað brauð, bráðinn ost, stórar og rauðar steikur, karamellusósu og hárauða og bústna tómata, þannig að ég vakna oft svöng. Mig dreymir það sem er mér efst í huga hverju sinni og varla annað. Nema reyndar þegar mig dreymdi Hjörleif Guttormsson, þann draum hef ég aldrei getað skýrt.



## EKKI SKAL STYGGJA ÞÁ LÁTNU

Íslendingar taka því jafnan mjög alvarlega verði þeir fyrir þeirri reynslu að finnast manneskja vitja þeirra í draumi og vilja fá nafn sitt á fædd eða ófædd börn viðkomandi.

Yfirleitt eru það látnar manneskjur sem birtast í draumunum og oftast nægir að hinn framliðni sé sýnilegur í draumnum, án þess að hann beinlínis segi til um að skíra eigi barnið nafni sínu.

**Dagbjört Guðmundsdóttir þjóðfræðingur** skrifaði BA-ritgerð um nafnavitjanir Íslendinga og komst að því að þrátt fyrir að hindurvitni og hjátrú eigi undir högg að sækja í íslenskum nútíma forðist fólk að styggja þá látnu. „Í eldri heimildum kemur fram að fólk trúði því að eitthvað slæmt kæmi fyrir ef ekki væri farið eftir nafnavitjunum," útskýrir Dagbjört en til að kanna viðhorf nútímans til nafnavitjana lagði hún fyrir spurningarlista inni á heimasíðunni barnaland.is. „Ekki voru allir á því að viðurkenna að þeir héldu að eitthvað slæmt fylgdi því að fara ekki eftir nafnavitjunum. Þeir sem svöruðu fannst þó heldur ekki sniðugt að taka áhættuna á því að missa hugsanlega vernd sem þarna væri í boði af hálfu hins framliðna og þótti óþarfi að storka örlögunum." Dagbjört segir að tilfelli nafnavitjana séu mjög fjölbreytt og hefur það jafnvel komið fyrir að nöfnum sé breytt á síðustu stundu vegna draums. „Stundum var það svo að dreymandinn vissi engin deili á þeim sem vitjaði þeirra. Þegar viðkomandi var svo lýst fyrir öðrum fjölskyldumeðlimum kveiktu þeir svo kannski á perunni og drógu fram gamlar ljósmyndir af látnum ættingjum. Þá var það kannski einhver langafabróðir eða -systir sem hafði í heimsókn þá nóttina," segir Dagbjört og segir að miðað við sínar niðurstöður sé rík þörf á Íslandi að fara eftir nafnavitjunum, hvort sem fólk þekkti viðkomandi eður ei.

Hin árlega stórsýning á fasteignum á Spáni:

# LÁTTU DRAUMINN RÆTAST 2007

## Í Perlunni 3-4. febrúar kl. 12-18

Þú getur unnið flugferð til **Alicante** með Plúsferðum!







**Ókeypis skoðunarferð!**
– ef þú kaupir
– ferðin er endurgreidd við afsal á notaðri íbúð og við kaupsamning á nýrri

### DAGSKRÁ Í FUNDARSAL BÁÐA DAGANA

**Kl. 13:00**

**Íbúðir fyrir fyrir 55 ára og eldri**

- Kynntar verða nýjar lúxusíbúðir sem eru sérhannaðar að þörfum íslendinga.
- Byggingaraðlinn Grupo Esfera hefur í samvinnu við Gloria Casa fengið Guðmund Gunnlaugsson Arkitekt til að hanna einstaka nýjung á Spáni.
- Fulltrúar Grupo Esfera, Gloria Casa og Guðmundur Gunnlaugsson kynna íbúðirnar.

**Kl. 14:30 og kl. 16:30**

**Hvernig ganga fasteignakaup fyrir sig á Spáni?**

- Fjármögnunarleiðir við kaup.
- Um Torrevieja svæðið
- Kaupferlið, skref fyrir skref.
- Spurningum svarað

Samstarfsaðilar:

plús ferðir · CAM Caja de Ahorros del Mediterráneo · Grupo Esfera Internacional · Escudero Promotores

## Suðrænt yfirbragð verður í Perlunni um helgina þar sem sérfræðingar munu kynna fasteignir á Torrevieja svæðinu

**LÁNAMÖGULEIKAR**
Hrafnhildur Eiríksdóttir, útibústjóri Cam Sparisjóðsins kynnir lánamöguleika og þjónustu bankans.

**NÝBYGGINGAR TIL SÖLU**
Fulltrúar Escudero Promotores og Grupo Esfera kynna ýmsar nýbyggingar til sölu.

**PLÚSFERÐIR**
Plúsferðir kynna flugferðir sínar til Alicante og annarra áfangastaða.

**SUMARHÚS TIL LEIGU**
Leigumiðlun Gloria Casa kynnir sumarhús til leigu á Torrevieja svæðinu.

**ÚRVAL NOTAÐRA OG NÝRRA FASTEIGNA**
Mikið úrval eigna verður kynnt víðsvegar í kringum Torrevieja svæðið.

**LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF**
Janice Bendelow, starfsmaður Gloria Casa á Spáni er til viðtals fyrir þá sem vilja lögfræðilegar upplýsingar er varðar kaup á eignum á Spáni.

**VELDU ÖRYGGI!**
Vertu öruggur um þín viðskipti og keyptu þar sem starfa saman fjórir löggiltir íslenskir fasteignasalar og tveir löggiltir spænskir fasteignasalar.
Íslendingar taka á móti þér hvar sem þú ferð, hvort sem er á skrifstofu á Íslandi, Spáni eða í bankanum á Spáni.

gloria casa
Fasteigna- og leigumiðlun Íslendinga á Spáni
Síðumúla 13 – Sími 517-5280
www.gloriacasa.is

heimili FASTEIGNASALA
Síðumúla 13 – Sími 530-6500
www.heimili.is

# Góður endir er ekki endir

**Bandaríska leikstjóranum Todd Field er einkar lagið að blanda saman alvöru og kómedíu í myndum sínum og með þeim reynir hann að fá útrás fyrir óánægjuna með ástandið í heimalandinu. *Þórarinn Þórarinsson* ræddi við Field um myndina Little Children og leikskólapólitík hennar.**



TODD FIELD Er ósáttur við stríðsrekstur Bandaríkjamanna í Írak og líst ekkert á ástandið heima fyrir. Hann íhugaði að flytja úr landi áður en hann byrjaði á Little Children en finnst eitthvað vera að rofa til í þjóðarsálinni.

Todd Field er á hraðri uppleið í kvikmyndaheiminum. Hann vakti fyrst verulega athygli með myndinni In the Bedroom árið 2001 en auk þess að leikstýra henni átti hann heiðurinn af handritinu. In the Bedroom var tilnefnd til Óskarsverðlauna auk þess sem Field fékk tilnefningu fyrir besta handritið.

Field fylgir nú In the Bedroom eftir með Little Children, látlausri en áhrifaríkri mynd sen gefur In the Bedroom ekkert eftir. Báðar bera þær sterk einkenni höfundarins sem leggur mikið upp úr persónusköpun og hefur mannlega þáttinn ætíð í huga þegar hann velur sér viðfangsefni.

### Skuggi velgengninnar

Field segist hafa gert sér fulla grein fyrir því að athyglin sem In the Bedroom fékk gæti orðið til þess að hann yrði dæmdur harkalega ef næsta mynd ylli fólki vonbrigðum. „Ég var auðvitað meðvitaður um þetta en þetta hvíldi nú ekki þungt á mér. Fyrsta myndin sem ég gerði var lofuð í hástert, sennilega oflofuð, og þá vissi ég strax að ég væri í vondum málum. Ég var því mjög kvíðinn þegar ég bar næstu mynd á borð fyrir fólk og þegar ég gerði þriðju myndina var ég alveg viss um að mér yrði slátrað.“

Þessar áhyggjur Fields hafa hingað til verið ástæðulausar og hann hefur þvert á móti mátt venjast því að taka hóli fyrir verk sín. Hann er tilnefndur til Óskarsverðlaunanna í ár fyrir handrit sitt að Little Children og tveir leikarar myndarinnar, Kate Winslet og Jackie Earle Haley, eru tilnefnd fyrir leik sinn í myndinni.

Field segir leikaravalið hafa haft mikið að segja fyrir Little Children þar sem sagan byggi fyrst og fremst á tilfinningalífi persónanna. „Kate Winslet er fyrsti leikarinn sem ég talaði við og mér var mikið í mun að fá hana.“ Aðrir fylgdu síðan í kjölfarið og Field tókst að setja saman þéttan hóp leikara sem allir skiluðu góðu dagsverki og rúmlega það.

### Tragikómedía úr hversdagsleikanum

Field skrifaði handrit Little Children ásamt rithöfundinum Tom Perrotta en kvikmyndin er byggð á skáldsögu þess síðarnefnda. Field segist hafa hrifist af bók Perrotta vegna þess hversu fordómalaust hann nálgaðist persónur sínar. „Þetta er einhvers konar ádeilumelódrama þar sem Tom dregur persónurnar fram með samúð og kímni.“

Kate Winslet leikur heimavinnandi húsmóður sem líður leið í gegnum lífið og eyðir drjúgum tíma með dóttur sinni á róluvelli í hverfinu. Þar kynnist hún fjallmyndarlegum manni sem Patrick Wilson leikur. Hann er í svipaðri stöðu, vansæll í skugga eiginkonu á framabraut. Kynni þeirra setja tilveru beggja á hvolf og ekki bætir úr skák að þau þurfa að hafa áhyggjur af barnaníðingi sem gengur laus í nágrenninu.

### Alþjóðastjórnmál á róluvelli

Sagan hverfist því að vissu leyti um róluvöllinn sem Field sér í stærra samhengi og í Little Children segist hann hafa fundið tækifæri til að létta af sér. „Pólitíkin á róluvellinum er mjög svipuð alþjóðastjórnmálum. Þar höfum við tuddann, fórnarlambið og allt þar á milli. Þetta höfðaði mjög sterkt til mín enda var ég mjög reiður og óánægður með ástandið í Bandaríkjunum þegar ég ákvað að laga bókina að kvikmyndaforminu. Mér fannst eins og þjóðin væri meira og minna öll áhugalaus og dofinn og varð ekki var við mikinn áhuga á breytingum á ástandinu.“

Það var ekki síst hernaður Bandaríkjamanna í Afganistan og Írak sem lagðist þungt á Field, sem var í meira lagi ósáttur við að fólk mótmælti ekki stríðsbröltinu af meiri krafti.

### Fólk er að vakna

„Mér líður í raun ekkert betur eftir að hafa gert myndina og ég er enn mjög gramur. Munurinn er samt sá að þegar ég byrjaði vissi ég að í kringum mig væri fólk sem leið nákvæmlega eins og nú hef ég það á tilfinningunni að fleiri séu að vakna til meðvitundar. Þar sem ég bý í Los Angeles er fólk almennt mjög þjóðernissinnað en það fer samt ekki á milli mála að það er búið að fá nóg. Þeim fer stöðugt fjölgandi sem vilja breytingar og ég held að þær séu í vændum.“

### Skin og skúrir skiptast alltaf á

Breytingar eru þó síður en svo alltaf af hinu góða og Field gerir sér engar grillur um að heimurinn taki jákvæðum stökkbreytingum og allt sé gott sem endi vel. Þetta fer ekkert á milli mála í Little Children þar sem breytingarnar sem sumar persónurnar ganga í gegnum skila þeim litlu sem engu nema þá einna helst meiri óhamingju. „Ég hef enga trú á góðum endi í bíómyndum og fyrir mér er góður endir enginn endir enda heldur lífið alltaf áfram og þar skiptast á skin og skúrir, hjá okkur öllum,“ segir Field, sem segist langt því frá búinn að tæma brunna reiði sinnar og gerir ekki ráð fyrir öðru en hann muni halda áfram að flétta samfélagsgagnrýni saman við kvikmyndir sínar.

> Mér líður í raun ekkert betur eftir að hafa gert myndina og ég er enn mjög gramur.



TODD FIELD Leikstjóranum er einkar lagið að laða það besta fram hjá leikurum sínum og á auðvelt með að segja mannlegar sögur af fólki í tilfinningakreppu.

## Hversdagsraunir venjulegs fólks

Todd Field er 43 ára gamall og hóf feril sinn í kvikmyndum sem leikari. Fyrsta kvikmyndin sem hann lék í var Radio Days í leikstjórn Woody Allen árið 1987. Þá lék hann í Eyes Wide Shut, svanasöng Stanley Kubrick, árið 1999. Field hefur leikið í um þrjátíu kvikmyndum og er enn að.

Hann færði sig aftur fyrir kvikmyndatökuvélina í kringum 1990 og sendi frá sér sína fyrstu stuttmynd, Too Romantic, árið 1992. Árið 2001 sló hann í gegn með In the Bedroom og með Little Children hefur hann fest sig í sessi sem einn áhugaverðasti kvikmyndaleikstjórinn vestan hafs.

Field byggði In the Bedroom á skáldögu eftir rithöfundinn Andre Dubus og skrifaði handritið með honum en Dubus lést stuttu eftir að þeir Field kláruðu handritið. Í myndinni fléttast nokkrar sögur saman en viðfangsefnið er leyndarmál, opinber, ósögð og óraunveruleg.

Myndin greinir frá Fowler-fjölskyldunni sem býr í Maine. Faðirinn, leikinn af Tom Wilkinson, er bæjarlæknirinn og elskar fiskveiðar. Sissy Spacek leikur eiginkonuna sem er skólakórstjóri.

Frúin á í innri baráttu en gætir þess að allt líti vel út á yfirborðinu en bóndi hennar lifir í raun í gegnum son þeirra, sem Nick Stahl leikur, án þess að vilja viðurkenna það. Ungi maðurinn er ástfanginn af ungri móður sem stendur í skilnaðarstappi við eiginmann sinn. Sá er ekki par hrifinn af samdrætti eiginkonunnar og nýja kærastans. Eins og við má búast hjá Field gerast óvæntir atburðir sem hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar og rétt eins og í Little Children spinnur hann áhugaverðar og áleitnar sögur af venjulegu fólki í hversdagslegum hremmingum.



## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Slár** konur og karlar sameinast um þessa dásamlegu flík. Gamaldags, töff og dáldið drakúlulegt.



**Evróvisjón** - Æðið er rétt að byrja og mun standa langt fram á vor.

**Svartar varir** fyrst kom svart naglalakk, og nú varalitur. En - karlmenn munu pottþétt hata hann.

**Fiskur og franskar** Heiðarlegir látlausir staðir eins og Icelandic Fish and Chips minna okkur á þetta herramannsfæði.



### Á niðurleið



**Tískumálverk** - Sama ávaxtaskálin eða fjallið „copy/paste-uð“ yfir öllum sófum landsins.

**Samkeppni** - Fákeppni ríkir á öllum sviðum samfélagsins.



**Frjálslyndi flokkurinn** - Þjóðernishyggja og útlendingahatur fóru úr tísku á fimmta áratugnum.



**Horaðar fyrirsætur** - Þegar Victoria Beckham er farin að fordæma mjónur þá hljóta ávölu línurnar að komast aftur í tísku.




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




## STUÐ MILLI STRÍÐA MAÐKAÐS MJÖLS MINNST

**KAREN D. KJARTANSDÓTTIR** GRÉT GLEÐITÁRUM YFIR VIÐUREIGN DANA OG PÓLVERJA



Illgjarnt fólk í samfélaginu hefur að undanförnu lýst yfir áhugaleysi á handbolta. Ég ætla ekki að reyna að setja mig inn í hugarheim þessa fólks heldur benda því á að það hefur rangt fyrir sér. Handbolti er afar mikilvægur fyrir sjálfsvitund þjóðarinnar vegna þess að þetta er íþrótt sem Íslendingar geta eitthvað í. Þetta gefur okkur einnig tækifæri til að rifja upp rótgróna beiskju okkar í garð Dana. Sumir kalla þá frændur okkar en þeir eru svo sannarlega ekki frændur mínir.

Mikið óskaplega hélt ég með Póllandi í viðureign þeirra við Dani. Samskipti mín við Pólverja hafa ætíð verið með eindæmum góð og í huga mínum geymi ég margar skemmtilegar minningar frá því ég starfaði sem unglingur í verksmiðju. Oft reyndi færibandavinnan á en pólskur félagi minn bjargaði mér ávallt frá leiðindum með ábendingum á skemmtileg ritverk eftir samlanda sína og heimspekilegum umræðum um verksmiðjustarfið. „Enginn getur orðið rithöfundur án þess að hafa starfað í verksmiðju,“ var ein af þeim staðhæfingum sem frá honum komu. Reyndar er hún fengin úr einu af verkum tékkneska rithöfundarins Milans Kundera, en hann hefur einmitt lýst þeirri brjálsemi sem getur gripið fólk sem starfar í ærandi vélarnið sem verksmiðjustjórar blanda popptónlist við í gegnum hátalara í hverju skoti. Viðræður við skemmtilega Pólverja björguðu mér þó frá ævarandi brjálsemi. Pólverjar eru mun skyldari okkur en Danir enda stór hluti Íslendinga orðinn ættaður frá Póllandi. Því lít ég á Pólverja sem frændur okkar og hvet alla til að styðja þá til dáða í handboltanum og gleyma öllum frændskap við Dani með því að minnast einokunarverslunarinnar, maðkaðs mjöls, skyldunámi í dönsku, úrslitunum 14-2 í fótbolta, níðskrifum um íslenskt viðskiptafólk og gegnum handboltann. Áfram Pólland!

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Beðin um að dæma

Rokkekkjan Courtney Love hefur verið beðin um að setjast í dómnefnd sjónvarpsþáttarins vinsæla American Idol. Ekki er vitað hvort hún verði gestadómari eða muni leysa söngkonuna Paulu Abdul af hólmi. Abdul hefur verið nokkuð umdeild sem dómari, sérstaklega eftir að hún var sökuð um að hafa átt í ástarsambandi við einn þátttakandann.


**COURTNEY LOVE** Söngkonan þekkta verður hugsanlega nýr dómari í American Idol.

„Hann hringdi og spurði hvort ég hefði áhuga. Mér fannst það dálítið skrítið en samt algjör snilld,“ sagði Love í viðtali við Usmagazine.com. Hún er um þessar mundir að taka upp sólóplötu í Los Angeles.

# *Clint verðlaunaður*

Leikarinn og leikstjórinn Clint Eastwood fær mannúðarverðlaun bandarísku kvikmyndasamtakanna, MPAA, sem verða afhent í fyrsta sinn í Washington í næstu viku.


**CLINT EASTWOOD**

Eastwood, sem tók upp hluta myndarinnar Flags of our Fathers hér á landi, fær verðlaunin fyrir að hafa í áratugi sýnt góðmennsku og heiðarleika á kvikmyndaferli sínum. Nýjasta mynd Eastwoods, Letters From Iwo Jima, er tilnefnd til fernra óskarsverðlauna.

Hinn 76 ára Eastwood fæddist í San Francisco árið 1930. Hann kom fyrst fram á sjónarsviðið sem kúreki í sjónvarpsþáttunum Rawhide. Eftir það lék hann í þremur spaghettí-vestrum Ítalans Sergio Leone og varð síðan hasarmyndahetja með frammistöðu sinni í Dirty Harry-myndunum. Eastwood, sem hefur aldrei unnið Óskar sem leikari, hefur tvívegis fengið Óskarinn sem besti leikstjórinn. Fyrst fyrir Unforgiven árið 1993 og síðan fyrir Million Dollar Baby 2005.

# Smáskífusafn frá Coldplay

Chris Martin og félagar hans í hljómsveitinni Coldplay ætla að gefa út fyrsta smáskífusafn sitt með vorinu. Smáskífusafnið ber hið frumlega heiti The Singles 1999–2006 og mun innihalda allar 14 smáskífur Coldplay. Það er í fyrsta sinn sem þær eru gefnar út saman. Hver smáskífa verður pressuð á sjötommu vínyl með upprunalegri kápuhönnun. Smáskífusafnið verður ekki gefið út á geisladiski.

Þarna verður að finna fimm smáskífur sem aldrei fyrr hafa verið gefnar út á sjötommu. Þar á meðal er frumraun hljómsveitarinnar, EP-platan The Blue Room, sem kom út árið 1999. Henni verður skipt á tvær sjötommu plötur.

Þessi útgáfa hlýtur að teljast sannur hvalreki fyrir harða aðdáendur Coldplay en eitt og hálft ár er liðið frá því að platan X&Y kom út. Chris Martin og hans menn hafa lofað því að mikið verði lagt í umbúðir smáskífusafnsins. Það ætti því að verða spennandi bið fram undan hjá mörgum þangað til mánudagurinn 26. mars rennur upp.


**CHRIS MARTIN** Fyrsta smáskífusafn Coldplay kemur út í lok mars. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES


**RUSSELL CROWE** Crowe mun fara með aðalhlutverkið í nýrri mynd um Hróa hött.

# Í mynd um Hróa hött

Ástralski leikarinn Russell Crowe mun fara með hlutverk lögreglustjórans í Nottingham í nýrri mynd um Hróa hött.

Mun persóna Crowes rannsaka morð í Nottingham sem Hrói hött-ur liggur undir grun um að hafa framið. „Hluti af styrk handritsins var sú einfalda hugmynd að gera lögreglustjórann að góða gaurnum,“ sagði höfundurinn Ethan Reiff, um myndina. Talið er að tökur á henni hefjist í lok þessa árs.


**GULLIÐ AFHENT** Hjalti Úrsus Árnason, sem framleiddi myndina ásamt Steingrími Þórðarsyni, fær afhentan gulldisk úr höndum Konstantíns Mikaelssonar, vörustjóra DVD-útgáfu Senu.

# Ekkert mál kemst í gull

Heimildarmyndin Þetta er ekkert mál, um kraftajötuninn Jón Pál Sigmarsson, fékk nýverið gull frá Senu fyrir að hafa selt í fimm þúsund eintökum á DVD-diski.

Alls hefur myndin selst í sex þúsund eintökum auk þess sem hátt í tólf þúsund manns sáu hana í bíó. Töluverður áhugi er á myndinni erlendis og nú er verið að leggja lokahönd á enska útgáfu hennar sem kallast Larger than Life.



**Kl. 14.00**
*Kristín Guðmundsdóttir opnar sýningu sína Barnslegar minningar + löstur mannsins á Café Karólínu á Akureyri. Sýningin samanstendur af textaverkum á glasamottur og veggi. Verkin skiptast í tvo hluta, annars vegar minningar barns um aðvaranir þeirra eldri og svo hins vegar syndir þeirra eldri og hvernig hægt sé að forðast þær. Sýningin stendur til 2. mars.*

# menning

menning@frettabladid.is



**> Ekki missa af...**

erindi **Salvarar Nordal** um **siðfræði dauðarefsinga** á **Kornhlöðuloftinu** kl. 14 á sunnudag. Salvör svarar spurningum að erindinu loknu en á staðnum verður einnig upplýsingablað um æviferil Saddams Hussein fyrrverandi forseta Íraks. Vináttu- og menningarfélag Mið-Austurlanda, **VIMA,** stendur að fyrirlestrinum.



**ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN** Ólafur Jóhann Jóhannsson og Andri Snær Magnason með verðlaunagripina. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Andri og Ólafur Jóhann fá Bókmenntaverðlaunin

**Í gær afhenti forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, Íslensku bókmenntaverðlaunin 2006 við athöfn á Bessastöðum. Tíu bækur voru tilnefndar til verðlaunanna í desember sl., fimm í flokki fagurbókmennta og fimm í flokki fræðirita og bóka almenns efnis, eins og þær eru kallaðar. Það er Félag íslenskra bókútgefenda sem stofnaði til verðlaunanna fyrir átján árum.**

Tilnefndar í flokki fagurbókmennta voru: Aldingarðurinn eftir Ólaf Jóhann Ólafsson (Edda útgáfa/Vaka-Helgafell) safn smásagna, Fyrir kvölddyrum eftir Hannes Pétursson (Edda útgáfa/Mál og menning) fyrsta ljóðabók hins aldna skáldsnilling í fjölda ára, Guðlausir menn eftir Ingunni Snædal (Bjartur) sem fékk bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar í fyrra, Sendiherrann eftir Braga Ólafsson (Edda útgáfa/Mál og menning), og Tryggðarpantur eftir Auði Jónsdóttur (Edda útgáfa/Mál og menning), hvorttveggja athyglisverðar skáldsögur eftir framúrskarandi rithöfunda.

Tilnefndar í flokki fræðirita og rita almenns efnis voru: Draumalandið – sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð eftir Andra Snæ Magnason (Edda útgáfa/Mál og menning), ein óvæntasta metsölubók síðari ára; Íslenskir hellar eftir Björn Hróarsson (Edda útgáfa/Vaka-Helgafell), myndskreytt stórvirki í tveimur bindum um falin heim hella á Íslandi; Óvinir ríkisins eftir Guðna Th. Jóhannesson (Edda útgáfa/Mál og menning), sem hellti olíu á eld gamalla deilumála um hleranir hér á landi; Skáldalíf eftir Halldór Guðmundsson (JPV útgáfa) um samhliða feril þeirra Þorbergs og Gunnars Gunnarssonar, Upp á sigurhæðir eftir Þórunni Erlu Valdimarsdóttur (JPV útgáfa) - langþráð ævisaga Mattíasar Jochumssonar.

Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, setti samkomuna og forseti Íslands kynnti niðurstöðu dómnefndar og afhenti verðlaunin. Verðlaunahöfundar ávörpuðu síðan gesti.

Kristjana Stefánsdóttir, Sigurður Flosason og Eyþór Gunnarsson fluttu tvö verk við athöfnina Til þín, með sólina í bakið og Hvar er tunglið? Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson er höfundur ljóðs beggja verka og Sigurður Flosason laga.

Þriggja manna lokadómnefnd, skipuð þeim Sigríði Þorgeirsdóttur, Kristjáni Kristjánssyni og Stefáni Baldurssyni, sem var formaður, valdi verkin úr tíu bókum sem tilnefndar voru til verðlaunanna í desember.

Bókmenntaverðlaunin nema 750 þúsund krónum í hvorum flokki, auk þess sem afhent eru skrautrituð verðlaunaskjöl og verðlaunagripir hannaðir af Jóni Snorra Sigurðssyni á gullsmíðaverkstæði Jens - opin bók á granítstöpli með nafni verðlaunahöfundar og bókar hans.

Afhendingin fór að venju fram í skálanum á Bessastöðum og var þar fjölmenni áhrifamanna úr bókmenntageiranum. Báðir höfundarnir voru viðstaddir og heldu stutta tölu er þeir þágu viðurkenningarskjöl og grip úr höndum forseta.

Þeir sem áður hafa hlotið Íslensku bókmenntaverðlaunin eru: Stefán Hörður Grímsson 1989 en þá voru verðlaunin aðeins veitt í einum flokki, Fríða Á. Sigurðardóttir og Hörður Ágústsson 1990, Guðbergur Bergsson og Guðjón Friðriksson 1991, Þorsteinn frá Hamri og sameiginlega Vésteinn Ólason, Guðrún Nordal og Sverrir Tómasson 1992, Hannes Pétursson og Jón G. Friðjónsson 1993, Silja Aðalsteinsdóttir og Vigdís Grímsdóttir 1994, Steinunn Sigurðardóttir og Þór Whitehead 1995, Böðvar Guðmundsson og Þorsteinn Gylfason 1996, Guðbergur Bergsson og Guðjón Friðriksson 1997, Hörður Ágústsson og Thor Vilhjálmsson 1998, Andri Snær Magnason og Páll Valsson 1999, Gyrðir Elíasson og Guðmundur Páll Ólafsson 2000, Hallgrímur Helgason og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 2001, Ingibjörg Haraldsdóttir, Pétur M. Jónasson og Páll Hersteinsson 2002, Ólafur Gunnarsson og Guðjón Friðriksson árið 2003, Auður Jónsdóttir og Halldór Guðmundsson árið 2004 og Jón Kalman Stefánsson og Kristín G. Guðnadóttir, Gylfi Gíslason, Arthur C. Danto, Matthías Jóhannessen, Silja Aðalsteinsdóttir og Eiríkur Þorláksson árið 2005.

Þetta er í annað sinn sem Andri Snær fær þessa viðurkenningu og sest hann á bekk með þeim Silju Aðalsteinsdóttur og Guðbergi Bergssyni sem hafa þegið þessa viðurkenningu í tvígang. Guðjón Friðriksson hefur fengið verðlaunin þrisvar.

Smásagnasafn Ólafs kom nýlega út í Bandaríkjunum og fékk lofsamlega dóma víða.

Deilurit Andra Snæs hefur komið út í nokkrum prentunum, í undirbúningi er leiksýning á vegum Hafnarfjarðarleikhússins sem byggir á verkinu og í bígerð er heimildarmynd sem sækir efni sitt í bókina. - pbb

## ÁVARP ÓLAFS JÓHANNS

Forseti Íslands, góðir gestir.

Löngunin að heyra sögur er okkur í blóð borin. Börn eru ekki fyrr farin að tala en þau krefja foreldra sína um sögur, stundum með aðstoð bókar, stundum upp úr sjálfum sér, áður en lagst er til hvílu. Í fyrstu eru það oft sömu tvær, þrjár einföldu frásagnirnar sem börnin vilja heyra og þau leiðrétta sögumann umsvifalaust leyfi hann sér í einhverju kæruleysi – eða vegna þess að hann er orðinn leiður á að segja sömu söguna kvöld eftir kvöld – að bregða út af vananum, breyta kannski háralit á prinsessu í álögum eða gerast jafnvel svo djarfur að hnika til atburðarás, láta ef til vill bláu könnuna brotna í hundrað en ekki þúsund mola. Börnin hlusta, loka svo augunum og taka sögurnar með sér inn í draumana, og hver veit hvaða búning þær fá þar.



Þegar best lætur er hlutverk rithöfunda kannski ekki ómerkilegra en foreldra sem segja börnunum sínum sögur fyrir svefninn – þótt það sé ekki beinlínis ásetningur okkar að lesendur sofni út frá því sem við höfum fram að færa. En þegar öllu er á botninn hvolft er það kannski ekki svo slæmt, svo fremi sem okkur hafi tekist að hreyfa við þeim áður en þeim rennur í brjóst, vekja nýja hugsun eða tilfinningu eða varpa ljósi á eitthvað sem þeim var dulið, jafnvel í þeim sjálfum.

Íslensku bókmenntaverðlaunin eru mikilvæg. Þau stuðla að því að vekja athygli á bókum og erindi þeirra. Þau hleypa krafti í jólabókaflóðið sem sumir tala reyndar um eins og syndaflóðið. Kannski er það vegna þess að án syndarinnar hefðu engar bækur verið skrifaðar að mér þykir vænt um þetta flóð, þann áhuga sem almenningur sýnir bókmenntum á síðustu mánuðum ársins, spurningunni: Hvaða bækur fékkstu í jólagjöf – hvað ertu búinn að lesa?, rökræðunum sem fylgja í kjölfarið. Íslenskir rithöfundar eru öfundsverðir af lesendum sínum, án þeirra – og syndarinnar – væru engar bækur skrifaðar, hvað þá gefnar út.

Ég þakka af heilum hug þann heiður sem mér er sýndur hér í dag. Um leið vil ég ekki láta hjá líða að færa þeim þakkir sem lögðu þessari bók lið – fjölskyldu minni sem sýnir mér umburðarlyndi, Halldóri Guðmundssyni sem las yfir bókina í handriti ásamt forleggjurum mínum, Páli Valssyni og hans góða samstarfsfólki, og svo ekki síst Ólafi Ragnarssyni sem vísaði mér ekki á dyr þegar ég bankaði upp á hjá honum með handrit fyrir rúmum tuttugu árum.

Kærar þakkir.

## ÁVARP ANDRA SNÆS

Forseti Íslands, aðrir gestir.

Ég vil þakka fyrir þennan heiður og þakka sérstaklega konu minni, grimmasta yfirlesara sem fyrirfinnst, útgefanda mínum, Ingibjörgu yfirlesara, Guðmundi Páli og öðrum sem lásu verkið yfir og Berki sem bjó til raunverulegan prentgrip úr Draumalandinu. Svo vil ég auðvitað þakka Bubba Morthens.



Kannski kemur á óvart að bókin sem miðill skuli standa fyrir sínu á tímum þegar athygli manna dreifist í þúsund áttir í allskyns miðlum. En kannski veldur flæðið meiri þörf fyrir að einhver gefi sér tíma til að greina og skilja veruleikann, velja úr, tína saman brotin og setja fram heildarmynd í samhengi á skiljanlegu máli.

Árið 2003 var ég beðinn um að halda tvo fyrirlestra í sömu vikunni. Ég gat ekki undirbúið tvo nýja fyrirlestra með svo stuttu millibili svo ég flutti einfaldlega sama fyrirlesturinn á báðum stöðum í trausti þess að hóparnir sköruðust ekki, enda voru þetta Vinstri grænir annarsvegar og starfsmenn Kauphallarinnar hins vegar.

Það kom mér á óvart að viðbrögðin voru eiginlega nákvæmlega þau sömu á báðum stöðum. Hagfræðingur þakkaði mér fyrir innsýn í heim stofnanahagfræðinnar og Steingrímur J. kyssti mig. Í fyrirlestrunum nýtti ég mér mál sem voru hámæli í íslensku samfélagi til að varpa ljósi á mynstur sem ávallt koma upp í samfélögum um allan heim.

Ef hægt var að fá svipuð viðbrögð á báðum stöðum velti ég fyrir mér hvort ekki væri ástæða til að vinna þessar pælingar áfram og gefa út á bók. Útgefandinn hélt að ég væri að skrifa nokkuð sakleysislega bók um skapandi hugsun fyrir millistjórnendur í stórfyrirtækjum. Sjálfum fannst mér átakanlegt að horfa upp á „skynsamlega" umræðu þar sem þjóðin átti í alvöru að velja á milli tveggja kosta: Að skerða Þjórsárver og bræða meira ál eða verða efnahagslega fátækari ella. Að horfa upp á heilan landshluta telja í alvöru að framtíðin byggist á einum samningi og einni framkvæmd. Í sömu vikunni voru fréttir af áformum eða rannsóknarborunum um allt Reykjanes, Torfajökulsvæði og Langasjó.

Þegar ég kafaði dýpra í heimildir runnu á mig tvær grímur. Bjartsýnisfrétt á Íslandi um áhuga RUSAL á uppbyggingu á Norðurlandi og 2000 störf birtist á sama tíma og Moscow Times birti fréttir þess efnis að yfirmenn fyrirtækisins væru sakaðir um hótanir, fjárkúganir og morð svo fátt eitt sé nefnt. Samt stóð bjartsýni á Húsavík. Átti ég, sem ljóðskáld og barnabókahöfundur, að vera sá sem skrifaði um fyrirbæri eins og Rio Tinto, súrál og terawött? Var engin ástæða til að kynna fyrirtæki sem átti að fá aðgang að auðlindum okkar og hagkerfi og ganga á menn sem þjóða heim mönnum með vafasamt orðspor? Átti öll upplýsing að fara fram gegnum almannatengsl og auglýsingar?

Century stefnir á álver í Helguvík og stækkun í Hvalfirði, Alcoa stefnir á Húsavík, Alcan á þreföldun í Straumsvík og Alcoa byrjar að kynda pottana á Reyðarfirði á næsta ári. Fréttir af áhuga Rusal í útvarpinu í september komu eins og hver önnur fréttatilkynning um ljóðahátíð í Norræna húsinu. Norsk Hydro hefur uppi stórhuga áform og Þorlákshöfn boðar eigin stóriðjustefnu og nefnir Torfajökul, Langasjó og Kerlingarfjöll og Markarfljót sem mögulega virkjanarkosti. Allt gerist þetta eftir að stóriðjustefnunni er lokið og fjölmiðlar fjalla ekki um þetta sem óráð, æði, vírus eða geðveiki. Allt virðist þetta ennþá á forsendum skynseminnar og fréttaþulir fjalla ennþá með bros á vör um áhuga manna á verksmiðjuuppbyggingu eins og orka landsins sé óendanleg. Ég gerði mér grein fyrir því að ein bók gæti breytt einhverju en það væri ekkert víst að nokkuð myndi breytast. Þegar ég skrifaði bókina hafði ég ekki síst í huga að hún yrði samtímaheimild um þá tíma sem við lifum. Ég vildi að þegar menn læsu hana eftir 20 ár, eða 30 ár eða 50 ár, þá væri fólki ljóst að hér bjó þjóð sem átti skýra valkosti sem hún annaðhvort sá ekki eða hafnaði og ekki þýddi að tala um að við vissum ekki betur.

Í SVARTA KASSANUM Í HABITAT ER SVAVAR ÖRN BÚINN AÐ INNRÉTTA HEIMILI




OPIÐ ALLA DAGA
ERUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR

habitat
Askalind 1 - Kópavogi 201 - sími 568 9700

# Skallagrímsson snýr aftur

Hin mjög svo rómaða sýning Benedikts Erlingssonar Mr. Skallagrímsson verður tekin til sýninga að nýju í Landnámssetri 3. mars nk. Sýningin um Mr. Skallagrímsson var frumsýnd á Söguloftí Landnámsseturs við opnun setursins 13. maí sl. og sló algerlega í gegn. Luku gagnrýnendur einróma lofsorði á sýninguna.

Mr. Skallagrímsson er einleikur sem saminn er og fluttur af Benedikt Erlingssyni. Sýningum lauk fyrir fullu húsi í lok október þar sem Benedikt þurfti að hverfa til annarra starfa. Vegna mikillar eftirspurnar snýr Benedikt fyrr til leiks.

Sýningum á Mýramanninum eftir Gísla Einarsson og Svona eru menn með þeim KK og Einari Kárasyni er haldið áfram. KK er að hljóðrita í Kína, Einar á fyrirlestrarferðalagi um Þýskaland og Gísli Einarsson upptekin við veislustjórn um helgar svo sýningar takmarkast nokkuð.

Frekari upplýsingar um sýningahald er að finna á á www.landnamssetur.is



BENEDIKT ERLINGSSON

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Í kvöld kl. 20 Fös 9/2 kl. 20
Sun 18/2 kl. 20 Fim 22/2 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 10/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20
Fös 2/3 kl. 20 Lau 10/3 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPSELT
Fim 17/5 kl. 20 UPPSELT
Fös 18/5 kl. 20
Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPSELT
Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 UPPSELT

MEIN KAMPF
Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 4/2 kl. 20 UPPSELT
Fös 9/2 kl. 20 Sun 11/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20 Sun 18/2 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Lau 17/2 kl. 20 UPPSELT
Lau 24/2 kl. 20 UPPSELT
Lau 3/3 kl. 20 UPPSELT
Fim 8/3 kl. 20 UPPSELT

DAGUR VONAR
Í kvöld kl. 20 UPPSELT
Sun 4/2 kl. 20 UPPSELT
Fös 9/2 kl 20 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 20 UPPSELT
Lau 17/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 18/2 kl. 20, Fös 23/2 kl. 20
Sun 25/2 kl. 20, Lau 3/3 kl. 20
Sun 4/3 kl. 20, Fim 8/3 kl. 20 UPPSELT
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 4/2 kl. 14 Sun 11/2 kl. 14
Sun 18/2 kl. 14 Sun 25/2 kl. 14
Sýningum fer fækkandi

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 8/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20
Fim 22/2 kl. 20 Síðustu sýningar

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 4/2 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
Sun 18/2 kl. 13, 14,15 UPPSELT
Sun 25/2 kl. 13,14,15 UPPSELT
Sun 4/3 kl. 13,14, 15 UPPSELT
Sun 11/3 kl.13, 14, 15 UPPSELT
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
AUKASÝNINGAR Í SÖLU NÚNA!
Sun 1/4 kl. 13 UPPS. Sun 1/4 kl. 14 UPPS.
Sun 1/4 kl. 15 Sun 15/4 kl. 13
Sun 15/4 kl. 14 Sun 15/4 kl. 15
Sun 22/4 kl. 13 Sun 22/4 kl. 14
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter.
Fös. 9/2 uppselt. Síðasta sýning!

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 4/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 10/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 11/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau.17/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 18/2 nokkur sæti laus, lau. 24/2 kl. 20:00, sun. 25/2 kl. 14:00 örfá sæti laus.

BAKKYNJUR eftir Evripídes.
Í kvöld lau. 3/2 nokkur sæti laus. Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn “Hvers vegna láta konurnar svona”? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýninguna. Síðasta sýning!

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýningar fim. 1/3, fös. 2/3 og lau. 3/3. Miðaverð kr. 1.500,-
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 örfá sæti laus, 3. sýn. lau. 10/3 örfá sæti laus, 4. sýn. mið. 14/3 örfá sæti laus, 5. sýn. fim. 15/3 örfá sæti laus, 6. sýn. fös. 16/3 örfá sæti laus, 7. sýn. lau. 17/3 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 24/3 nokkur sæti laus.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Mið. 7/2 örfá sæti laus, lau. 10/2 nokkur sæti laus, lau. 17/2 kl. 16:00 uppselt, þri. 20/2 uppselt, mið. 21/2 uppselt, lau. 24/2, fim. 1/3 kl. 13:00 uppselt, þri. 6/3 kl. 17:00 uppselt.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

Kassinn kl. 20:00

SÆLUEYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Lau. 10/2 nokkur sæti laus, fös. 16/2.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Ídag lau. 3/2 kl. 11:00 uppselt, 12:15 uppselt og kl, 14:00 uppselt, sun. 4/2 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 uppselt og kl. 14:00. Síðustu sýningar!

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00 örfá sæti laus, sun. 18/2 kl. 13.30 örfá sæti laus og kl. 15:00, lau. 24/2 kl. 13:30 og 15:00, sun. 25/2 kl. 13:30 og 15:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.



**FLÉTTA INNSETNINGU** Karl Ómarsson og Hye Joung Park sýna í Keflavík.

# Býfluga og snigill

Galleríið Suðsuðvestur á Hafnargötu 22 í gömlu Keflavíkinni heldur uppi kraftmikilli starfsemi þar suður frá þótt húsnæðið sé lítið. Á laugardag, kl. 16, opna listamennirnir Hye Joung Park og Karl Ómarsson sýningu þar, sem síðar verður opin á föstudögum milli kl. 16 og 18 og á laugardögum og sunnudögum milli kl. 14 og 17.30. Verður sýningin uppi í þrjár vikur.

Hye og Karl hafa unnið saman áður en vegna ólíkrar nálgunar þeirra hefur þeim tilraunum verið líkt við samvinnu snigilsins og býflugunnar. Í þetta sinn áttu hugleiðingar þeirra stefnumót á fyrirfram ákveðnum stað, sem hefur sett mark sitt á verkin og þau hafa fléttast saman í eina innsetningu. Í Suðsuðvestur hafa þau dregið fram óræð mörk þar sem sýningargestir eiga þess kost að skima eftir snertingu verka sem teygja sig og vaxa. Um verk þeirra segir í sýningarskrá: „Yfirráðasvæði áhorfandans er truflað með sterkri nærveru. Markvisst er unnið með tungumál myndarinnar og uppfærslan er rækilega ígrunduð. Vinna tveggja listamanna er framlengd og rennur saman í eitt. Rýmið teygir sig yfir í kynlausan líkama. Öryggisleysi grípur hvern sem gefur sér tíma til þess að mæta sterkri framsetningu og hamskiptum miðlunar. Endurtekinn og vélrænn andardráttur kallar fram ósjálfráð viðbrögð og móttækilegur sýningargestur gæti því hæglega gengið inn í ástandið líkt og í leiðslu. Tilfinning fyrir æðaslætti og þrengingu í hálsi eykst. Hægt og rólega skýrast þó línurnar og maður nær tökum á kringumstæðum á ný.“

**- pbb**

# Línuhönnun styrkir óperu

Íslenska óperan og Línuhönnun hafa endurnýjað samstarfssamning sín á milli. Línuhönnun hefur verið eitt af af traustustu samstarfsfyrirtækjum Íslensku óperunnar um árabil og lagt fram tiltekna fjárupphæð til stuðnings starfseminni. Íslenska óperan er sjálfseignarstofnun og gert er ráð fyrir að hluti tekna hennar komi frá samstarfi við önnur fyrirtæki atvinnulífsins. Bjarni Daníelsson óperustjóri segir samstarf Íslensku óperunnar við atvinnulífið mikilvægan þátt í rekstri Óperunnar. „Það er Íslensku óperunni mikilvægt að eiga trausta samstarfsaðila á borð við Línuhönnun til að leggja henni lið og stuðla að óperustarfsemi á heimsmælikvarða á Íslandi,“ segir Bjarni. Samstarfssamningur Óperunnar og Línuhönnunar gildir til eins árs.



**GAMLA BÍÓ - ÍSLENSKA ÓPERAN**

# Aðalheiður sýnir í Anima

Norðanstúlkan er komin í bæinn og hefur stillt verkunum sínum upp á fyrstu hæðinni í Ingólfsstræti 8. Þar er gallerí eina ferðina enn. Þar hóf Edda Jónsdóttir rekstur á gallerí i8 fyrir aldarfjórðungi í kjallaranum og hefur síðan kennt gallerí sitt við húsið en nú er þar gallerí á fyrstu hæðinni í rúmgóðum framstofum fyrir stórum gluggum. Þangað er Aðalheiður S. Eysteinsdóttir mætt með trémyndir sínar og er það fyrsta einkasýning hennar í borginni síðan 2003 en þá sýndi hún á Mokka kaffi og í Galleríi Sævars Karls auk þess að flytja eftirminnilegan gjörning á tjörninni.

Þessar sýningar voru úr sýningaröðinni 40 sýningar á 40 dögum. „Mér finnst gaman að eiga afmæli og hélt veglega upp á það fertugasta með 40 sýningum víða um heim.“ Ein opnun á dag í 40 daga, allt ólíkar sýningar sem á einn eða annan hátt tengdust daglegu lífi viðkomandi staðar. Nú er listakonan eldri en lætur ekki deigan síga í endurnýtingu eldra hráefnis sem hún slær saman í litrík og björt myndverk.



**EITT TRÉKVENDA AÐALHEIÐAR** Sýningin í Animu stendur til 17. febrúar.

Aðalheiður S. Eysteinsdóttir stundaði nám við Myndlistaskólann á Akureyri 1989-93 og hefur síðan unnið ýmis störf á sviði myndlistar ásamt því að vera athafnasamur myndlistarmaður. Árið 2000 hóf Aðalheiður þátttöku í Dieter Roth akademíunni og mun halda þeirri samvinnu áfram.

Aðalheiður segir um verkin sín: „Frá upphafi ferils míns hef ég leitast við að endurgera eftirminnileg augnablik úr eigin lífi, persónur eða bæjarbrag. Sett upp mynd af samfélagi manna og dýra í tilraun til að minna okkur á hvaðan við komum og hver við erum. Eins konar brú milli veruleika og ímyndunar í samfélagi sem er of upptekið til að staldra við og njóta.“

Sýning Aðalheiðar stendur til 17. febrúar. Anima gallerí er opið þriðjudaga til laugardaga milli 13 og 17.

**- pbb**

# Ný óperetta Söngskólans

Nemendaópera Söngskólans frumsýnir bráðskemmtilega óperettu í þremur þáttum á laugardag í Iðnó, sem sett er saman sérstaklega fyrir krakkana í skólanum og skartar nokkrum þekktum og minna þekktum sönglögum úr hinni skrúðmiklu og fyrrum vinsælu óperettuhefð austurríska keisaradæmisins.

Verkið er kallað Algjör draumur og þar verða sungin sönglög eftir meistara á borð við Johan Strauß, Carl Millöcker, Rudolf Kattnig, Franz Lehár, Jacques Offenbach, Emmerich Kálmán og Robert Stolz, en allir voru þeir vinsælir lagahöfundar á gullaldartíma óperettunnar. Raunar átti hinn síðastnefndi og sá yngsti þeirra glæsilegan feril í Hollywood sem höfundur kvikmyndatónlistar, þá kominn á efri ár. Samdi hann meðal annars tónlistina fyrir Þriðja manninn fyrir Carol Reed.

Í sýningunni koma fram 22 af nemendum óperudeildar Söngskólans í Reykjavík í söng-, dans- og leikhlutverkum. Sýningunni stýra þau Sibylle Köll, sem gerði garð Söngskólans frægan með uppsetningu sinni á Töfraflautu Mozarts í fyrravetur, og Anton Steingruber, austurrískur söngvari og leikstjóri. Það var hann sem setti saman efnisþráð og bjó til verkið fyrir Söngskólann í Reykjavík og nýtti sér lög úr sjóðum óperettubókmenntanna. Það er Janet Haney sem leikur undir.



**SÖNGLIST** Nemendur Söngskólans æfa Vínarlög á sviði Iðnó: Birna Rúnarsdóttir, Hildur Evlalía Unnarsdóttir og Vala Yates. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Efnisþráðurinn ber þess merki: Fallegar ólofaðar systur hitta fræga bræður, sem auk þess að vera sætir eru tenórar! Þessi hópur ungra söngradda er ólofaður og því koma við sögu metnaðarfullar mæður, mátulega auðtrúa feður, glæsilegar þjónustustúlkur, garðyrkjumenn, dansmeyjar, þjónar, sendiboðar, barónar, sendiherrar og fleira fólk af fínu standi. Allir eltast við alla og allt endar vel með trúlofunum, brúðkaupum og enginn verður súr í þeim ranni.

Sýningar verða í Iðnó á sunnudag og mánudag en uppselt er á frumsýninguna í kvöld.

**- pbb**

# Lærið meira um Leg

Stóru leikhúsin í Reykjavík eru bæði að setja upp íslenska söngleiki: í Borgarleikhúsinu hóf Leikfélag Reykjavíkur nýlega æfingar á söngleik þeirra Ólafs Hauks, Þórarins Eldjárns og Egils Ólafssonar frá 1980, Gretti, en vinna hefur staðið yfir frá síðasta hausti á nýjum söngleik eftir Hugleik Dagsson sem hann kallar Leg. Báðir fjalla þeir um ungar hetjur: Grettir er umkomulítill unglingspiltur, en í Legi er aðalpersónan unglingsstúlka.

Þjóðleikhúsið sendi frá sér tilkynningu þar sem sagt er að Leg sé „tæknilega ein mest krefjandi sýning Þjóðleikhússins fyrr og síðar“, en verkið verður frumsýnt á stóra sviði Þjóðleikhússins 8. mars næstkomandi. Í tengslum við sýninguna býður fræðsludeild Þjóðleikhússins upp á ókeypis námskeið fyrir þá sem tryggja sér miða á forsýningar sem verða í byrjun mars.



**HUGLEIKUR DAGSSON** Námskeið um sviðsetningu á nýjum söngleik eftir Hugleik er ókeypis í boði Þjóðleikhússins fyrir þá sem kaupa miða á forsýningar í byrjun mars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leg sækir á sömu mið og myndasögur Hugleiks Dagssonar sem hafa vakið athygli innanlands sem utan, en í þeim fæst hann á frumlegan og bráðfyndinn hátt við ýmsar meinsemdir í nútímasamfélagi. Sýningin á Forðist okkur, fyrsta leikriti Hugleiks, þótti afar djörf og nýstárleg, og hann hlaut Grímuna - sem leikskáld ársins 2006. Í Legi leggja Hugleikur og félagar til atlögu við söngleikjaformið: verkið er sagt „vísindasöngleikur um ólétta táningsstúlku“. Tónlistin er eftir hljómsveitina Flís og leikmyndin er eftir Ilmi Stefánsdóttur myndlistarkonu. Leikstjóri er Stefán Jónsson.

Námskeiðið er ókeypis og þar gefst tækifæri að fylgjast með þróun vinnunnar og spjalla við listafólkið. Námskeiðið er alls þrjú skipti, tveir tímar í senn: á fyrsta fundi þriðjudaginn 6. febrúar kl. 20 verður í Leikhúskjallaranum fjallað um hugmyndaheim Legs. Höfundurinn Hugleikur Dagsson, Stefán Jónsson leikstjóri, Ilmur Stefánsdóttir leikmyndahöfundur, Þórunn E. Sveinsdóttir búningahöfundur og fleiri aðstandendur sýningarinnar segja frá.

Hinn febrúar kl. 20 er innlit á æfingu og hljóðheimur sýningarinnar kannaður í leiðsögn hljómsveitarinnar Flís. Farið á forsýningu 1., 2. eða 3. mars en hinn 13. mars kl. 20 verða umræður í Leikhúskjallaranum við leikara sýningarinnar og listræna aðstandendur. Þátttakendur fá tækifæri til þess að ræða um upplifun sína á sýningunni og heyra aðstandendur segja frá vinnunni við sýninguna. Einfalt er að tryggja sér sæti á námskeiðinu með því að kaupa miða á eina af forsýningunum fyrir þriðjudaginn 6. febrúar. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður. Nánari upplýsingar veitir miðasala Þjóðleikhússins. **- pbb**

# CoBrA-málari gefur

Danski málarinn Carl-Henning Pedersen, sem var einn þeirra sem tóku virkan þátt í CoBrA-hreyfingunni, gaf í vikunni fjörutíu verk til Listasafns danska ríkisins. Verkin er frá löngu tímabili, síðari hluta sjötta áratugarins til þess níunda. Carl-Henning er fjörgamall, fæddur 1913. Síðastliðið sumar var sýning á verkum hans og fyrri eiginkonu hans Else Ahlfeldt í Sigurjónssafni frá sumardvöl þeirra hér á landi 1948 en þá áttu þau ásamt fjölda danskra málara verk á Haustsýningunni í Listamannaskálanum sem olli nokkrum kafla skilum í íslenskri myndlistarsögu. Vakti sýningin gríðarlega athygli meðal bæjarbúa og var afar vel sótt.

Gjöfin vekur athygli fyrir þá sök að þau hjón, Carl-Henning og Else, gáfu firnastórt safn verka sinna til safns sem helgað er verkum þeirra í Herning. Hafa forráðamenn í dönsku menningarlífi haft áhuga á að gera þar miðstöð fyrir CoBrA. Verk málara og listamanna sem tilheyra hópnum hafa hækkað mikið í verði á málverkamarkaði Vesturlanda á undanförnum misserum.

CoBrA-hreyfingin var stofnuð þann 8. nóvember 1948 af danska málaranum Asger Jorn og Hollendingnum Karel Appel og var nafnið sótt í upphafsstafi borganna Kaupmannahafnar, Amsterdam og Brussel. Hópurinn var starfandi um þriggja ára skeið og var í framlínu evrópskra myndlistarmanna á sínum tíma og hafði áhrif langt út fyrir sínar raðir. Félagar hans leituðu nýrra leiða í myndsköpun, sóttu kraft í myndlist frumstæðra þjóða og barna. Hópurinn var skorðaður milli súrrealistanna og marxismans og hafði klára stefnuskrá.

Svavar Guðnason tengdist CoBrA-hópnum og er víða nefndur í erlendum fræðiritum í myndlist í tengslum við hann, líkt og Carl-Henning og Else. Jorn var í vinfengi við Halldór Laxness og vann skreytingar fyrir hann fyrir alþjóðlega útgáfu við Söguna af brauðinu dýra sem nú er orðin illfáanleg.

Verk Carl-Henning og fleiri myndlistarmanna sem tengdust hópnum eru enn víða fáanleg í Evrópu, bæði einstök verk unnin með ýmissi tækni, og prent, bæði á uppboðsvefjum Bruun Mattson og Lauritz í Höfn og víðar á viðráðanlegu verði. **- pbb**



**CARL-HENNING PEDERSEN** Hinn aldni málari gefur verk til danska listasafnsins.












## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

31 1 2 **3** 4 5 6

**Laugardagur**

### OPNANIR

☐ 14.00 **Eygló Harðardóttir** opnar sýningu á verkum sínum í **Listasafni ASÍ við Freyjugötu.** Á sýningunni eru skjáverk, málverk á pappír, teikningar og þrívíð verk. Sýningin stendur til 18. febrúar .

☐ 15.00 **Kristín Guðmundsdóttir** opnar sýningu sína **Barnslegar minningar + löstur mannsins** á **Café Karólínu á Akureyri**. Sýningin samanstendur af textaverkum á glasamottur og veggi. Verkin sem skiptast í tvo hluta, annars vegar minningar barns um aðvaranir þeirra eldri og svo hins vegar syndir þeirra eldri og hvernig hægt sé að forðast þær. Sýningin stendur til 2. mars

### SKEMMTANIR

☐ 22.30 **DJ Lucky** spilar soul, funk, reggea og hiphop tónlist á **Café París** í **Austurstræti 14**.

### FUNDIR

☐ 11.30 Félagsfundur **Parísar**, félag þeirra sem eru einar/einir, fer fram á **Kringlukránni**.

☐ 13.00 **Stefna - félag vinstri manna** stendur fyrir fundi í **Einingar-Iðjusalnum Skipagötu 14** um erlent vinnuafl og áhrif þess á vinnumarkaðinn.Ræðumaður er **Aðalsteinn Baldursson** formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 14.00 Sýningu **Hildar Bjarnadóttur** í **SAFNI** við Laugaveg lýkur á sunnudag. Á sýningunni **Ígildi** eru textílverk, sem Hildur vefur úr akrílmáluðum strigaþráðum og veltir þannig upp áleitnum spurningum um málverkið sem slíkt, um opinbera listhefð, flokkun í handverk og fagurlistir, hámenningu og lágmenningu.

### TÓNLEIKAR

☐ 16.00 Þriggja klukkutíma spunatónleikar **Curvers** og **Kimono** í **Gallerí Kling og Bang**, Laugavegi 23. Tónleikarnir eru hugsaðir meira sem hljóðinnsetning þar sem gestir ganga inn í „sækadelískan“ hljóðheim Curvers og Kimono.

### SÝNINGAR

☐ 11.00 Í **Gerðarsafni** stendur yfir samsýning **Gullpenslanna** svokölluðu. Á sýningunni **Indigo** sýna **Birgir Snæbjörn Birgisson, Daði Guðbjörnsson, Eggert Pétursson, Helgi Þorgils Friðjónsson, JBK Ransu, Jóhann Ludwig Torfason, Kristín Gunnlaugsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** og **Sigurður Árni Sigurðsson**. Sýningin stendur til 11. febrúar.

☐ 13.00 Í **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast Les yeux de l'ombre jaune eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Bateman ber heitið **Tyrfingar**.

☐ 13.00 Framköllun, sýning **Haraldar Jónssonar** í **menningarmiðstöðinni Skaftfelli** á Seyðisfirði hefur verið framlengd til 20. febrúar. Sýningin er opin frá kl. 13-17 allar helgar eða eftir samkomulagi.

☐ 14.00 **Stephan Stephensen**, öðru nafni **President Bongo** sýnir í **101 Gallery** við Hverfisgötu. Sýningin ber yfirskriftina **IF YOU WANT BLOOD... YOU'VE GOT IT !**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.






> **Við mælum með...**
hönskum. Þeir undirstrika kynþokka og kvenlegheit – fullkomnir við kvarterma kápur eða árshátíðardressið!

**útlit**
utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN HELGA ARADÓTTIR VERSLUNARSTJÓRI

# *Reykjavik er orðin tískuborg*

**Spáir þú mikið í tískuna?** Ég held að ég þurfi að svara játandi. Bæði felst það í vinnunni minni að einhverju leyti en annars hef ég manískan áhuga á tísku og hönnun.
**Hvernig mætti lýsa stílnum þínum?** Kvenlegum með „twist“.
**Uppáhaldshönnuður/fatamerki:** Það eru margir fatahönnuðir sem ég met mikils eins og t.d. Vivienne Westwood, Eley Kishimoto, Sonia Rykiel, Roksanda Illincic og merkið YSL.
**„Style icon“ að þínu mati, fyrr og síðar:** Rita Hayworth og Sophia Loren ofarlega í huga. Báðar stórglæsilegar konur á allan máta.
**Litirnir þínir:** Það er enginn litur sem mér finnst ljótur. Galdurinn felst í því að raða réttum litum saman, held ég. Ég á kannski ekki uppáhaldsliti en mér finnst blár, grár, grænn, rauður og brúnn góðir litir svo dæmi sé tekið.
**Hverju ertu veikust fyrir, almennt og í augnablikinu?** Í augnablikinu er ég veikust fyrir flíkum sem eru í mörgum lögum. Ég held að ég sé veikust fyrir einhverju slíku. Ég skoða alltaf strúkturinn á fötum og því flóknara og aðsniðnara því betra.
**Bannað:** Þau eru vandmeðfarin þessi „tísku neineinei“. Mér finnst það versta að ganga í einhverju sem er ekki eftir manns eigin höfði. Ef maður er ekki trúr sjálfum sér þá er maður að gera mistök.
**Uppáhaldsverslun:** Mér dettur nú fyrst í hug Kron, KronKron og Kisan. Svo eru nokkrar verslanir á erlendri grundu sem ég heimsæki. Ég verð þó að segja að Reykjavík er með ári hverju að verða meiri og meiri tískuborg. Í miðbænum má finna núorðið fullt af spennandi búðum, ekki lengur bara á Laugaveginum heldur á hliðargötum.
**Hvaða áratugur hefur mest sjarmerandi tískuna hingað til?** Árin 1920 til loka seinni heimsstyrjaldar finnst mér ansi sjarmerandi.
**Þrjár uppáhaldsflíkurnar þínar og af hverju?** Jakki frá Vivienne Westwood af því að hann er svo einfaldur en setur punktinn yfir i-ið. Svo klæðist ég mikið langermabolum frá Humanoid sem eru frábærir af því



að þeir eru hlýir og vel sniðnir.
**Hvert færir þú í verslunarferð og af hverju þangað?** Stórt er spurt. Mér dettur París strax í hug en ég held að ég væri alveg til í að fara til Feneyja í verslunarferð. Þar má finna öll merki sem manni dettur í hug.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Elsa María Blöndal**

# *Hvað er Haute Couture?*

Hátískan, „hauta couture“ samkvæmt ströngustu reglum lifir og dvelur eingöngu í París og eru sýningar haldnar tvisvar á ári, í janúar og í júlí. Þær uppskeruhátíðir eru tískuhönnuðunum sjálfum dýrmætasti varningurinn. Þar eru þeir ekki bundnir trendum og kreddum hversdagsklæðnaðarins og geta hlúð að listamanninum í sjálfum sér. Þeim er leyfilegt að fara algerlega sínar leiðir í efnavali og sköpunargleði. Hönnuðirnir skapa einstaka kjóla, aðeins tvær til þrjár útgáfur af hverjum verða búnar til. Þeir nota sjaldgæf efni og hafa marga handverksmenn sem leggja heilmikla vinnu í að útfæra smáatriði og sauma. Vilji tískuhönnuður til dæmis nota alvöru demanta í klæðnaðinn, þá fær hann alvöru demanta. Sem dæmi má nefna eitt magnaðasta hátískuklæði okkar tíma úr smiðju Chanel og virðist við fyrstu sýn vera stuttermabolur. Þegar betur er að gáð reynist stuttermabolurinn vera ofinn úr þráðum af örsmáum perlum.

Af öllu framanrituðu má því álykta að hátískuklæðnaður sé fokdýr í framleiðslu. Þeir eru margir sem hafa spáð fyrir um endalok hátískunnar vegna þess að hún einfaldlega borgar sig ekki. Henni er viðhaldið af aðeins um 2000 tryggum viðskiptavinum, smekkvísar frúr og arabískir soldánar með fulla vasa fjár. Samt sem áður er hátískan frönsku tískuhúsunum það arðbær að ekki kemur til greina að leyfa þeim að gufa upp. Af hverju? Jú, ímyndin sem skapast af geigvænlegri fjölmiðlaumfjöllunninni er þyngdar sinnar virði í gulli. Hátískan gefur oft tóninn um það sem koma skal í hinum svokallaða ready-to-wear klæðnaði, einnig í skóm, ilmvötnum og aukahlutum eins og töskum. Og þessir hlutir eru auðvitað það sem selst. Nú á dögum eru fatahönnuðir á borð við Stellu McCartney og Yamamoto farnir að starfa með íþróttafyrirtækjum eins og Adidas og Karl Lagerfeld og Viktor&Rolf gera föt fyrir H&M. Það eru ekki fleiri en um 20 ár síðan það tók hátískuklæðnað minnst fimm ár að komast í venjulegar búðir. Menn létu sig varla dreyma um að berja hátísku Chanel dragt augum og nú er Karl Lagerfeld farinn að vinna með H&M! Já, margt hefur breyst á ekki lengri tíma. Hátískan hefur færst nær okkur svo nú getum við meira að segja fengið næstum því Chanel hátískudragt og Stellu McCartney íþróttaföt ... bara aðeins ódýrari ... vei!



**MJÚK** Ljósgrá hettupeysa með stöfum, úr exodus, hverfisgötu.



**SEXÍ** Hettupeysa frá Nakta apanum, Laugavegi.



**SVÖL** Svört hettupeysa með gráum stöfum, úr Exodus, Hverfisgötu.


Nýkomið mikið úrval af sófaborðum á frábæru verði!



Kristel
Vandað gler- og krómborð 2 borð saman. Eitt lágt verð



Nýjar gerðir af sófaborðum frá Skovby

Val húsgögn
www.valhusgogn.is
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið Virka daga kl.10-18
Laugard. kl.11-16
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar. Þetta verður þú að prófa!


# Hood Rats - Hetturottur?

Hettupeysur eiga uppruna og vinsældir án efa að rekja til amerískrar hip-hop menningar. Þær tilheyrðu hinum ungu og hinum reiðu sem kröfðust réttar síns. Þegar hettur voru settar upp gaf það mönnum dularfullt yfirbragð nafnleyndar og æsings. Í skjóli hettunnar mátti aðhafast ýmislegt, hvort sem það var að hnupla bjór úr súpermarkaðnum eða semja rímur fyrir næsta rímnaslag. Í dag skiptir ekki máli hvort menn eru skeitarar, sörfarar, glamúrpæjur, gotharar, reifarar, rapparar, rokkarar, töffarar ... Flestir eiga þeir a.m.k. eitt stykki hettupeysu. Þær eru jú ofsa þægilegar og hlýjar og líkt og meðfylgjandi myndir bera með sér geta þær verið svo fallegar! Stórar hettur, litlar hettur, ermalausar, síðar, stuttar, renndar, litríkar ...

- emb



**HAND-PRENTUÐ** Hettupeysa frá Dead, frá Liborius, Mýrargötu.



**ROKKUÐ** Hettupeysa úr l.a.m.b, línu söngkonunnar Gwen Stefani.



**TÖFF** Svört hettupeysa frá exodus, Hverfisgötu.



**HLÝ** Steingrá hettupeysa frá Exodus, Hverfisgötu.

## SNILLINGUR FRÁ BASKALANDI: BALENCIAGA-MERKIÐ ENDURVAKIÐ





Cristóbal Balenciaga fæddist í Baskahéruðum Spánar 1895. Hann var sjálfmenntaður í tískuhönnun, ferðaðist nokkrum sinnum til Parísar og kynnti sér tískuhönnuði á þeim bæ. Balenciaga opnaði verslanir með kjólnum sínum í Madrid, Barcelona og San Sebastian og aflaði sér mikilla vinsælda hjá spænsku konungsfjölskyldunni og öðru hefðarfólki. Hann hefði getað lifað ævilangt í vellystingum sem frægur, auðugur og myndarlegur klæðskeri hirðarinnar ef ekki hefði verið fyrir lítinn atburð sem við köllum spænsku borgarastyrjöldina.

1937 flúði hann Spán og lenti í París. Hann tók með sér leifar frá heimalandi sínu, kjóla sem hann hafði hannað af innblæstri frá málverkum samlanda síns Velázques, og náðu þeir gífurlegum vinsældum þegar í stað. Ein frúin, Mona Von Bismarck, pantaði m.a. 150 kjóla af honum á einu bretti.

Balenciaga var snillingur í saumaskap og óaðfinnanlegri sníðagerð og er sagður hafa fundið hið hreinasta form hátískunnar. Það má m.a. sjá í brúðarkjól frá 1967 þar sem einfaldleikinn er útfærður af svo mikilli hæfni að kjóllinn hefur aðeins einn saum.

Á 50 ára ferli lifði Balenciaga í sjálfskipaðri útlegð frá fjölmiðlum og veitti aldrei viðtöl. Á 6. áratugnum ruddi hann brautina fyrir byltingu tískuhönnuða yngri kynslóðarinnar og hafði augljós áhrif á fyrrum lærlinga sína Andre Courreges og Emanuel Ungaro. Hann var að öllum líkindum þöglasti listamaðurinn í tískuheimi 20. aldarinnar, stundum kallaður „munkurinn“. En eins og sagt er, hafið auga með þöglu týpunum – og það mun án efa líka eiga við um hinn franska Nicolas Ghesquiére sem er aðalhönnuður Balenciaga-tískuhússins í dag. Og vinnur það starf með glæsibrag eins og sjá má á myndunum!

Af mikilli færni sameinar hann einstakt efnisval og geimaldartilfinningu.

Leggings úr málmlitu efni og glansleðurkjólar í Terminator-stíl, þetta má sannarlega kalla hátísku og ekki að undra að Ghesquiére fékk einróma lof fyrir þessa línu sína fyrir vorið 2007.














KDL46X2000- Bravía
579.950
46"
Enn meiri verðlækkun
220.000 verðlækkun
Full HD 1080
Verð áður 799.950
Best Buy - What Home Cinema
T3
KDL40X2000 - Bravía
419.950
40"
Enn meiri verðlækkun
130.000 verðlækkun
Full HD 1080
Verð áður 549.950
KDL46W2000- Bravía
449.950
46"
Enn meiri verðlækkun
150.000 verðlækkun
Full HD 1080
Verð áður 599.950
Útsala í Sony
200.000 verðlækkun
100.000 verðlækkun
15.000 verðlækkun
50.000 verðlækkun
30.000 verðlækkun
90.000 verðlækkun
KDL26S2000 - Bravía
129.950
26"
Enn meiri verðlækkun
30.000 verðlækkun
HD ready
Verð áður 159.950
TAVL1 Esprit
399.950
Enn meiri verðlækkun
100.000 verðlækkun
32"
Verð áður 499.950
KDL32S2510 - Bravía
169.950
32"
Enn meiri verðlækkun
30.000 verðlækkun
HD ready
Verð áður 199.950
Editor's Choice
- What Home Cinema
STRDB790
Heimabíómagnari
39.950
Verð áður 64.950
25.000 verðlækkun
DSCT10
Myndavél
29.950
Verð áður 45.950
16.000 verðlækkun
DSCW30
Myndavél
16.950
Verð áður 29.950
13.000 verðlækkun


KDL40W2000 - Bravia
329.950
40"
Enn meiri verðlækkun
120.000 verðlækkun
Full HD 1080
Verð áður 449.950
Best TV product of the year 2006
-WHAT HIFI
KDL46V2000 - Bravia
399.950
46"
Enn meiri verðlækkun
100.000 verðlækkun
HD ready
Verð áður 499.950
Best Buy - What Home Cinema
KDL40V2000 - Bravia
269.950
40"
Enn meiri verðlækkun
100.000 verðlækkun
HD ready
Verð áður 369.950
-WHAT HIFI
-STUFF MAGAZINE
KDL20S2000 - Bravia
84.950
20"
15.000 verðlækkun
HD ready
Verð áður 99.950
KDL46S2000 - Bravia
299.950
46"
100.000 verðlækkun
HD ready
Verð áður 399.950
KDL40S2000 - Bravia
249.950
40"
Enn meiri verðlækkun
50.000 verðlækkun
HD ready
Verð áður 299.950
Center
Allt að 90% afsláttur
200.000 verðlækkun
100.000 verðlækkun
130.000 verðlækkun
DSCN1
Myndavél
m/snertiskjá
29.950
Verð áður 49.950
20.000 verðlækkun
CMTDX2D
Hljómtækjasamstæða
DVD spilari
19.950
Verð áður 39.950
20.000 verðlækkun
STRDB2000
Heimabíómagnari
49.950
Verð áður 89.950
40.000 verðlækkun
Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is • sími 588 7669







# Rokkað í Höllinni

Rokksveitirnar Deep Purple og Uriah Heep snúa bökum saman og halda tónleika í Laugardalshöll 27. maí. Síðast þegar Deep Purple lék hérlendis árið 2004 seldist upp á tvenna tónleika með þeim á skotstundu. Yfir tíu þúsund manns sóttu tónleikana og komust færri að en vildu.

Deep Purple er ein af allra stærstu rokksveitum sögunnar. Á meðal vinsælustu laga hennar eru Smoke on the Water, Hush, Highway Star og The Women from Tokyo. Sveitin spilaði hér á landi í fyrsta skipti 18. júní 1971 og endurtók síðan leikinn 33 árum seinna.

Uriah Heep var stofnuð árið 1969 og skírð í höfuðið á karakter í bókinni David Copperfield eftir Charles Dickens. Þeir hafa verið kallaðir The Beach Boys of heavy metal vegna þess hversu melódísk lögin þeirra eru og vegna vörumerkisins þeirra; margradda bakradda. Áhrifin í tónlist þeirra koma þó víða að, þar á meðal frá þungarokki, djassi og á köflum jafnvel frá kántrí. Meðal stærstu smella Uriah Heep má nefna lög á borð við Easy Livin, Sweet Lorraine og Stealin. Sveitin heimsótti Ísland árið 1988 og kom þá fram á Hótel Íslandi við góðar undirtektir.



**Í HÖLLINNI** Rokksveitin goðsagnakennda heldur tónleika í Höllinni í maí ásamt Uriah Heep. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Flýtir skilnaðinum

Söngdívan Whitney Houston vill flýta skilnaði sínum við rapparann Bobby Brown. Houston sótti um skilnaðinn í október í fyrra eftir fjórtán ára stormasamt hjónaband en óskaði eftir því að ferlinu yrði flýtt hinn 28. desember.

Houston, sem er 43 ára, hefur farið fram á fullt forræði yfir þrettán ára dóttur þeirra hjóna, Bobbi Kristina. Vill hún líka að hinn 37 ára Brown fái að heimsækja dótturina.



**WHITNEY OG BROWN** Whitney Houston og Bobby Brown á meðan allt lék í lyndi.

# Síðasta undankeppnin í kvöld

**Þá er komið að þriðju og síðustu umferð í undankeppni í Söngvakeppni Sjónvarpsins. Að henni lokinni verður ljóst hvaða níu lög keppa um farseðilinn til Helsinki að kvöldi 17. febrúar.**

Eins og í hinum undankeppnunum munu mörg kunnugleg andlit birtast á sviðinu í Verinu. Idol-kapparnir þrír, Alexander Aron, Davíð Smári og Helgi Rafn taka allir þátt í kvöld, eins og Ragnheiður Eiríksdóttir, sem flestir kannast við sem Heiðu í Unun.

Erna Hrönn Ólafsdóttir ríður þó á vaðið, en hún er öllum hnútum kunnug í Verinu þar sem hún hefur sungið bakraddir fyrir aðra keppendur. Það verður svo bjart yfir þeim Soffíu Karlsdóttur, systur Guðrúnar Árnýjar, og Andra Bergmann, sem syngja annars vegar um sumarnótt og hins vegar um bjart bros. Hafsteinn Þórólfsson rekur smiðshöggið á keppnina.

Að flutningi Hafsteins loknum er ekki annað að gera en að greiða atkvæði, og bíða svo átekta eftir því að það komi í ljós hvaða níu lög keppa til úrslita í Söngvakeppni sjónvarpsins. Eurovision-aðdáendur fá svo tvær vikur til að bræða með sér hvaða lag þeir vilja fá áfram til Helsinki, því lokakeppnin fer ekki fram fyrr en 17. febrúar.



**900-2001** Erna Hrönn Ólafsdóttir þenur raddböndin í lagi Rolands Hartwell, Örlagadís. Textahöfundur er Kristján Hreinsson.



**900-2002** Alexander Aron Guðbjartsson syngur lagið Villtir skuggar. Kristján Hreinsson samdi textann við lag Ingu Gunnars Jóhannssonar.



**900-2003** Soffía Karlsdóttir syngur Júnínótt. Ómar Ragnarsson á heiðurinn af bæði lagi og texta.



**900-2004** Davíð Smári Harðarson flytur lag Elvars Gottskálkssonar, Leiðin liggur heim. Textinn er hugarsmíð Kristjáns Hreinssonar.



**900-2005** Andri Bergmann syngur um Bjarta brosið. Torfi Ólafsson samdi lagið, en textahöfundur er Kristján Hreinsson.



**900-2006** Helgi Rafn Ingvarsson flytur lagið Vetur. Lag og texti er eftir Magnús Guðmann Jónsson.



**900-2007** Ragnheiður Eiríksdóttir syngur Ég og heilinn minn. Hún samdi lagið ásamt Dr. Gunna, sem á einnig heiðurinn af textanum.



**900-2008** Hafsteinn Þórólfsson flytur lagið Þú tryllir mig. Lagið er hans eigin hugarsmíð, en textann samdi hann í samvinnu við Hannes Pál Pálsson.






# Kærð fyrir manndráp

Embætti saksóknara í Los Angeles leggur til að söngkonan Brandy verði ákærð fyrir manndráp með ökutæki, sem flokkast undir minniháttar afbrot í Bandaríkjunum.

Brandy á yfir höfði sér ákæru fyrir sinn þátt í umferðarslysi sem átti sér stað í desember og kona beið bana í. Söngkonan mun ekki hafa tekið eftir þegar hægðist á umferðinni fyrir framan hana og ók aftan á Toyotu-bifreið með þeim afleiðingum að sá bíll lenti aftan á öðrum bíl. Konan sem var undir stýri Toyota-bifreiðarinnar lést í árekstrinum.

Brandy gaf út opinbera afsökunarbeiðni á dögunum eftir að annar ökumaður á slysstað tjáði fjölmiðlum að hún hefði viðurkennt að slysið hefði verið henni að kenna. Hún var ekki handtekin en lögreglan rannsakaði málið í mánuð áður en hún lét það í hendur saksóknara í síðustu viku.



**BRANDY** Hefur beðist opinberlega afsökunar á að hafa valdið slysi þar sem kona beið bana.




Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DREAMGIRLS | kl. 6 - 9 - 10:20 | Leyfð | THE CHILDREN OF MEN | kl. 8 | B.i. 16 |
| BLOOD DIAMOND | kl. 6 - 9 | B.i.16 | FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 | B.i. 16 |
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 | Leyfð | THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| BABEL | kl. 6 - 9 | B.i.16 | | | |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MAN OF THE YEAR | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.7 | THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 |
| BLOOD DIAMOND | kl. 5:30 - 8 - 10:50 | B.i.16 | STRANGER THAN FICTION | kl. 10:10 | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND VIP | kl. 2 - 8 - 10:50 | | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 1 - 2 - 3:20 | Leyfð |
| VEFURINN HENN... M/- Ísl tal | kl. 2 - 4:10 - 5:50 | Leyfð | HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 3:20 | Leyfð |
| BABEL | kl. 8 - 10:50 | B.i.16 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 1:30 - 3:20 | Leyfð |
| BABEL VIP | kl. 5 | | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 1:30 | Leyfð |
| FORELDRAR | kl. 4:10 - 8:15 | Leyfð | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN OF THE YEAR | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i.7 | |
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 - 10:50 | B.i.16 | DIGITAL |
| VEFURINN HE... M/- Ísl tal | kl. 1:40 - 3:50 - 6 | Leyfð | DIGITAL |
| CHARLOTT... M/-Ensk tal | kl. 3:50 - 6 - 8 | Leyfð | DIGITAL |
| THE PRESTIGE | kl. 10 | B.i.12 | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl.1:30 - 3:40 | Leyfð | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl.1:40 | Leyfð | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| APOCALYPTO | kl. 8 | B.i.16 |
| BABEL | kl. 8 | B.i.16 |
| VEFUR KARLOTTU m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5:30 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR m/ísl. tali | kl. 2 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHARLOTTE´S WEB m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND | kl 8 - 10:30 | B.i.16 |
| FRÁIR FÆTUR m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU m/ísl. tali | kl. 6 | Leyfð |
| FORELDRAR | kl 8 - 10 | Leyfð |

SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu á laugardögum og sunnudögum

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is


# Í bláum skugga

Það er alltaf eitthvað yndislega bjart yfir The Shins. Þeir virðast alltaf jafn hamingjusamir, hvort sem þeir eru að róta græjum sínum sjálfir upp á svið (eins og ég sá þá gera á Hróarskeldu fyrir tveimur árum) eða leika fyrir fjöldann.

Þetta er ein af þessum fáu sveitum sem geta unnið hörðustu andstæðinga sína yfir á sitt band bara ef þeir fá örstutt tækifæri til þess að smita aðra með áru sinni. Á sviði sér bassaleikarinn um að koma hópnum í gott stuð, á meðan lagahöfundurinn og söngvarinn feimni James Mercer hlær af vitleysunni í félaga sínum en þegir þess á milli sem hann sker sig inn að kjarna hlustanda með ótrúlegri rödd sinni. Virkilega sætt allt saman.

Það virðist þó sem það sé eitthvað að skyggja yfir sálu James. Á þessari þriðju plötu þeirra er að minnsta kosti ekki eins stór hluti laganna á uppsveiflunni og áður. Laglínurnar prentast heldur ekki eins langt inn í heilahvelið og eldri lög þeirra á borð við Saint Simon gera.

Hér er þó samt vænn skammtur af afbragðs lagasmíðum. Öldulegur hrynjandinn og strengjaútsetningarnar í Sea Legs gera það að betri lögum sem The Shins hafa gert. Að minnsta kosti það svalasta. Þeir ná svo að viðhalda barnslegum sjarma sínum með lögum á borð við Red Rabbits og Turn on Me. Önnur lög hafa töluvert dekkra yfirbragð, eins og hið draumkennda Black Wave og hið örstutta Pam Berry, sem mér finnst ekki henta sveitinni sérstaklega vel. En kannski er það nú bara vegna þess að ég hef alltaf séð tónlist The Shins eins og vorboða, sett hana í samhengi við þá tíma er laufin byrja að smeygja sér út úr fingrum trjánna, og kann því illa við að heyra þá á bláu nótunum.

Það er samt alveg augljóst að The Shins eru ekkert að tapa skynbragði sínu á góðar laglínur og áhugaverðar útsetningar. Þetta er þó án efa erfiðasta plata þeirra að melta. Hún krefst meira af hlustandanum en fyrri plötur og að hlusta á hana í gegn getur dregið óþarflega mikla orku frá manni.

**Birgir Örn Steinarsson**




**TÓNLIST**

**Wincing the Night Away**

The Shins

★★★

Þriðja breiðskífa The Shins er ágætis viðbót við höfundarverk þeirra. Meira á niðursveiflunni en áður. Afbragðs lagasmíðar en ekki jafn grípandi við fyrstu hlustun.



**THE SHINS** Bjóða upp á afbragðs lagasmíðar á þriðju plötu sinni.

# Cannibal Corpse til Íslands

Bandaríska dauðarokkshljómsveitin Cannibal Corpse heldur tvenna tónleika á Nasa dagana 30. júní og 1. júlí og verða seinni tónleikarnir fyrir alla aldurshópa.

„Þeir hafa lengi verið mjög spenntir fyrir Íslandi og þeir meira að segja fóru fram á að lækka sig í verði. Þeir eru ekki að koma hingað peninganna vegna heldur vilja þeir sjá landið og spila fyrir Íslendinga," segir Smári Jósepsson, sem á þátt í skipulagningu tónleikanna. „Það var dauðarokkssena í gangi hérna á tíunda áratugnum með hljómsveitum eins og Sororicide og því er þetta kærkomið tækifæri fyrir fólk að rifja upp gömul dauðarokksdansspor."

Cannibal Corpse, sem hefur gefið út tíu hljóðversplötur, er söluhæsta dauðarokkshljómsveit allra tíma. Sveitin er fyrsta dauðarokkssveit sögunnar til að hljóta platínusölu í heiminum og fyrsta sveitin til að koma dauðarokks-plötu á vinsældalista Billboard í Bandaríkjunum.



**CANNIBAL CORPSE** Dauðarokkssveitin Cannibal Corpse heldur tvenna tónleika hérlendis í sumar.

Hugmyndaheimur Cannibal Corpse leitar fanga hjá raðmorðingjum, uppvakningum og hryllingi af öllum toga. Plötur sveitarinnar voru á sínum tíma bannaðar í Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Kóreu. Í Þýskalandi var platan Butchered at Birth bönnuð með öllu og flutningur á lögum af fyrstu þremur plötum sveitarinnar bannaður. Það var ekki fyrr en í júní á síðasta ári að bannið var afnumið.

Þess má geta að hljómsveitin kom fram í gamanmyndinni Ace Ventura: Pet Detective í atriði þar sem Jim Carrey fer á næturklúbb til að hitta vísindamann. „Það er líka til aukaefni þar sem Jim Carrey tekur lagið með Cannibal Corpse. Hann bað sérstaklega um að þeir yrðu í myndinni," segir Smári.

Stuðningsaðilar tónleikanna eru Tónastöðin og Xið 977. Miðaverð er 2.500 krónur.

**- fb**



**JIM CARREY** Gamanleikarinn ku vera mikill aðdáandi Cannibal Corpse.


# EKKI VERA SÚR

**Eru tennurnar í sýrubaði oft á dag?**

Sýran í sykruðum og sykurlausum gosdrykkjum getur eytt glerungi tannanna – og hann kemur aldrei aftur. Það er ekki bara súrt heldur líka sárt.

**Drekktu vatn – líka kolsýrt vatn!**

LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lifið heil






## > Helsingborg vill fá Ólaf Inga

Bosse Nilsson, yfirmaður íþróttamála hjá sænska úrvalsdeildarliðinu Helsingborg, segir félagið vilja fá Ólaf Inga Skúlason í sínar raðir. Hann hefur undanfarið æft með liðinu og fór með því í æfingaferð til Suður-Afríku í vikunni. „Við viljum fá hann og nú taka við viðræður við umboðsmann hans,“ sagði Nilsson við sænska fjölmiðla. Ólafur Ingi er á mála hjá Brentford í Englandi en getur farið þaðan án greiðslu. Sé áhugi fyrir hendi hjá honum ættu því félagaskiptin að geta gengið auðveldlega í gegn.



**sport**

sport@frettabladid.is

**PATREKUR JÓHANNESSON**: MAN VEL EFTIR SVIPAÐRI STÖÐU ÍSLANDS Á HM 1997 OG NÚ

# *Vonbrigði Spánverja meiri en okkar*



Patrekur Jóhannesson átti langan og glæsilegan feril með íslenska landsliðinu í handbolta. Hann var lykilmaður í liðinu þegar það náði sínum besta árangri á heimsmeistaramóti til þessa, fimmta sætinu á HM í Kumamoto árið 1997.

Þá tapaði liðið í fjórðungsúrslitum fyrir Ungverjum en vann svo síðustu tvo leiki sína og lenti fyrir vikið í fimmta sæti.

„Ég er ekki búinn að gleyma þessum leikjum,“ sagði Patrekur sem var markahæstur íslenska landsliðsins með níu mörk í 23–20 sigri þess á Egyptum í leik um fimmta sætið.

„Tapið fyrir Ungverjum voru gríðarleg vonbrigði. Við mættum Spánverjum í næsta leik og þeir voru vitaskuld líka vonsviknir. Við náðum þó að vinna þá sem var mjög gott.“

Hann segir að það hafi þó verið afar erfitt að rífa sig upp á nýjan leik eftir tapið gegn Ungverjum. „Það var gríðarlega erfitt. Ég skil strákana mjög vel því þeir voru nær því að vinna Danina en við Ungverja á sínum tíma. Mér fannst svo að við hefðum átt að vinna Rússana í fyrradag án þess að gera lítið úr þeim. En strákarnir vita það best sjálfir.“

Í dag mætir Ísland liði Spánar í leik um sjöunda sætið. Sigurvegarinn tryggir sér um leið þátttökurétt í undankeppni Ólympíuleikanna í Peking. Leikurinn er því afar mikilvægur.

„Spánverjar eru núverandi heimsmeistarar og vonbrigði þeirra eru því mikil að vera að spila um sjöunda sætið nú. Vonbrigði þeirra eru eflaust meiri en okkar.“

Hann segir að Spánn sé með afar sterkt lið og hann býst því við erfiðum leik í dag. „Ég er ekkert sérstaklega bjartsýnn. Hættan felst í því að þeir steinlágu fyrir Króötum í fyrradag og vilja eflaust ekki spila annan slíkan leik.“

Þrátt fyrir vonbrigði beggja liða býst hann við að þau mæti afar baráttuglöð til leiks í dag. „Svona er bara boltinn. Eins og Óli (Stefánsson) sagði sjálfur er mótið einfaldlega svona. Menn tapa og þá þýðir ekkert að gefast upp. Það munu þeir ekki gera.“



**22 STIG** Tyson Patterson var með 22 stig og 6 stoðsendingar fyrir KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Iceland Express deild karla:

## Toppliðin unnu

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík og KR unnu bæði leiki sína í Iceland Express deild karla í körfubolta í gær og eru því áfram í 1. og 2. sæti deildarinnar. Njarðvíkingar unnu öruggan heimasigur á Tindastól, 101-70, á sama tíma og KR-ingar sóttu tvö stig í Grafarvoginn og unnu 69-77 í sveiflukenndum leik.

Fjölnismenn byrjuðu vel gegn KR-ingum og voru komnir með 16 stiga forskot, 36-20, þegar aðeins þrjár mínútur voru eftir af fyrri hálfleik. KR kom muninum niður í 5 stig, 41-36, fyrir hálfleik og var síðan komið með mest 15 stiga forskot, 59-74, áður en að Fjölnismenn löguðu stöðuna.

**- óój**

### ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*Iceland Express deild karla*

| | |
|---|---|
| FJÖLNIR-KR | 69-77 |
| NJARÐVÍK-TINDASTÓLL | 101-70 |

*Iceland Express deild kv.*

| | |
|---|---|
| BREIÐABLIK-ÍS | 63-95 |

**Stig Breiðabliks**: Victoria Crawford 35 (10 fráköst,), Freyja Fanndal Sigurjónsdóttir 11, Ragnheiður Theodórsdóttir 9, Ingibjörg Skúladóttir 8.
**Stig ÍS**: Casey Rost 25 (11 fráköst, 5 stoðs.), Þórunn Bjarnadóttir 21 (7 fráköst, 7 stolnir), Berglind Kristjánsdóttir 16, Signý Hermannsdóttir 12 (11 fráköst, 8 stoðs.), Stella Rún Kristjánsdóttir 11, Hafdís Helgadóttir 8, Helga Jónasdóttir 2.

Ársreikningur KSÍ árið 2006:

## Aldrei betri afkoma hjá KSÍ

**FÓTBOLTI Í gær var ársskýrsla Knattspyrnusambands Íslands birt á heimasíðu sambandsins. Hagnaður síðasta árs nam 99,3 milljónum króna og er eigið fé sambandsins orðið 280,6 milljónir. 100 milljónum af eigin fé mun verða varið í mannvirkjasjóð.**

**Heildartekjur numu 377 milljónum, þar af voru 174 milljónir styrkir og framlög. Tekjur af landsleikjum meira en tvöfölduðust frá 2005, voru 50,5 milljónir í fyrra. Tekjur af sjónvarpsrétti voru rúmar 86 milljónir.**

**- esá**

### LEIKIR DAGSINS

| | |
|---|---|
| **LEIKUR UM 7. SÆTI** | |
| SPÁNN - ÍSLAND | 13.00 |
| **LEIKUR UM 5. SÆTI** | |
| KRÓATÍA - RÚSSLAND | 16.30 |

**HM Í ÞÝSKALANDI**

# Gengur betur í rauðu

**Íslenska landsliðið hefur unnið 3 af 4 sigurleikjum sínum á HM í Þýskalandi í rauðu varabúningunum. Jöfn staða eftir tíu mínútna leik boðar slæm úrslit.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið spilar í dag sinn tíunda og síðasta leik á HM í handbolta í Þýskalandi þegar liðið mætir Spánverjum í leik um 7. sætið í Kiel. Þar sem bæði leikmenn sem og íslenska þjóðin eru orðin yfirfull af pælingum um taktík og mismundandi varnarafbrigði íslenska liðsins, ætlar Fréttablaðið að skoða í dag hvort „litlu atriðin“ skipta einhverju máli fyrir strákana okkar.

Atriði eins og í hvernig lituðum búning íslenska liðið spilar, hvort liðið byrjar með boltann eða skorar í fyrstu sókn sinni ættu ekki að hafa mikil áhrif en þegar betur er skoðað kemur ýmislegt skemmtilegt í ljós.

Ísland hefur spilað fimm leiki í rauðu búningunum og fjóra í þeim bláu á HM í Þýskalandi og það virðist vera mikill munur á gengi liðsins eftir því hvor liturinn er notaður. Íslendingar unnu Ástrala, Frakka og Slóvena í rauðu búningunum en mátti sætta sig við töp á móti Þjóðverjum og Rússum. Aðeins einn af fjórum leikjum hefur hins vegar unnist í bláu. Nú er bara að vona að strákarnir spili í rauðu búningunum gegn Spáni í dag.

Það er líka mikilvægt fyrir íslenska liðið að vera komið með forystuna í leiknum eftir tíu mínútur, því liðið hefur unnið alla þrjá leikina þegar það hefur gerst. Íslenska liðið hefur hins vegar tapað öllum fimm leikjum sínum þegar jafnt er eftir fyrstu 10 mínútur leiksins. Eini leikurinn sem íslenska liðið var undir eftir 10 mínútna leik vannst en sá leikur var gegn Túnis og staðan var þá 6–9 fyrir Túnisbúa.



**SIGRI FAGNAÐ Í RAUÐU BÚNINGUNUM** Íslenska landsliðið hefur unnið 3 af 5 leikjum sínum í rauðu og hér sjást strákarnir fagna sigri gegn Slóveníu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslensku strákunum hefur heldur aldrei tekist að snúa við stöðunni þegar liðið er undir og aðeins tíu mínútur eru eftir. Strákarnir komust nálægt því gegn Dönum en töpuðu þá í framlengdum leik. Fjórir af sex leikjum hafa unnist þegar liðið er yfir þegar svona sutt er eftir.

Hér til hliðar má sjá sigurhlutfall íslenska liðsins eftir nokkrum „litlum atriðum“. Þessi tölfræði er meira til gamans en hvort sem það er tilviljun eða ekki gætu þessi atriði skipt máli.

**ooj@frettabladid.is**

### SKIPTA LITLU ATRIÐIN EINHVERJU MÁLI?

| | |
|---|---|
| Sigurhlutfall Íslands | 44% |
| Bláir búningar | 25% |
| Rauðir búningar | 60% |
| Íslands skorar fyrst | 67% |
| Yfir í hálfleik | 50% |
| Undir í hálfleik | 33% |
| Yfir eftir 10 mínútur | 100% |
| Jafnt eftir 10 mínútur | 0% |
| Undir eftir 10 mínútur | 100% |
| Yfir þegar 10 mín. eru eftir | 67% |
| Undir þegar 10 mín. eru eftir | 0% |
| Ísland skorar í fyrstu sókn | 33% |
| Ísland stoppar í fyrstu vörn | 33% |



**WENTA** Fagnaði mikið eftir sigur Pólverja á Dönum í fyrrakvöld. NORDIC PHOTOS/AFP

Bogdan Wenta ánægður:

## Erum betri en Þjóðverjar

**HANDBOLTI Bogdan Wenta, landsliðsþjálfari Póllands, var sigurreifur eftir sigurinn á Dönum í undanúrslitum HM í fyrrakvöld. „Nú viljum við sýna Þjóðverjum í eitt skipti fyrir öll að við erum með betra lið en þeir,“ sagði Wenta. „Að komast í úrslitin var draumur okkar allra og nú er sá draumur orðinn að veruleika.“**

**- esá**

Viðbrögð Dana eftir tapið:

## Vorum ekki jafnheppnir

**HANDBOLTI** Danir eru í sárum eftir að hafa tapað fyrir Póllandi í undanúrslitum HM í handbolta. Ulrik Wilbek, þjálfari Dana, sagði að Pólverjar hafi einfaldlega verið aðeins betri í leiknum. „Skytturnar þeirra voru betri,“ sagði Wilbek. „Við komum tvisvar til baka í leiknum en á endanum höfðum við ekki sömu heppni með okkur og undanfarna daga,“ sagði hann.

Hornamaðurinn Lars Christiansen var ekki síður óhress með tapið. „Við fáum líklega aldrei aftur jafngott tækifæri á að komast í úrslitaleik heimsmeistaramóts. Það er það sem er svo biturt við tapið.“

**- esá**

Fimmtándi leikurinn um sæti á stórmóti:

## Sigur í síðustu leikjum um sæti á HM

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handbolta hefur unnið tvo síðustu leiki sína um sæti á HM í handbolta. Íslenska liðið sem í dag leikur í 15. sinn um sæti á stórmóti hefur unnið 5 af þessum 14 leikjum, þar af 3 af 7 leikjum á heimsmeistaramóti.

Ísland vann Júgóslavíu 32-27 í leik um 7. sætið á HM í Portúgal 2003 og vann Egyptaland 23-20 í leik um 5. sætið á HM í Kumamoto 1997. Ísland hefur einu sinni áður mætt Spánverjum í leik um sæti en sá leikur var um 5. sætið á HM í Sviss 1986 og tapaðist 22-24.

Ísland hefur þrisvar sinnum spilað um 7. sætið á stórmóti, vann Júgóslavíu á HM 2003, tapaði fyrir Tékkum (21-22) á HM 1993 og tapaði síðan ógleymanlegum leik fyrir Austur-Þjóðverjum í vítakeppni á Ólympíuleikunum í Seúl 1988.

**- óój**



**MARKAHÆSTUR FYRIR FJÓRUM ÁRUM** Ólafur Stefánsson var markahæstur gegn Júgóslövum í leik um 7. sætið á HM 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Frakkar óánægðir eftir tapið gegn Þjóðverjum:

## Franskur sjúkraþjálfari réðst á dómara

**HANDBOLTI** Sjúkraþjálfari franska landsliðsins í handbolta réðst í fyrrakvöld á norskan dómara í Köln. Fyrr um kvöldið höfðu Frakkar tapað fyrir Þjóðverjum í undanúrslitum heimsmeistarakeppninnar og voru þeir afar óánægðir með dómgæslu sænska dómaraparsins í leiknum. Sá franski fór því mannavillt því hann sparkaði í bak hins norska Kenneth Abrahamson.

Í kjölfarið fluttu allir dómararnir sig um set og komu sér fyrir í Bonn, fjarri leikmönnunum. Það var Hassan Moustapha, forseti alþjóða handknattleikssambandsins, sem fyrirskipaði það.

Joel Abati, leikmaður franska liðsins, lét hafa eftir sér að leik loknum að dómgæslan hefði kostað liðið sigurinn. „Þeir tóku rangar ákvarðanir á mikilvægustu augnablikunum.“

**- esá**



**UMDEILD DÓMGÆSLA** Florian Kehrmann ræðir við sænska dómarann en Didier Dinart fylgist með. AFP

# BT

# AMILO P2 CORE X VISTA




15.4"

VAR AÐ LENDA

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

CCN:ISL-110103-002
FSC AMILO P2 COREX VISTA
Intel Core 2 Duo T7200
15.4" WXGA Crystal View
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
- up to 512MB Hypermemory
1024MB DDR533 Vinnsluminni
160GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
7.1 Hljóð í gegnum SPDIF
Express Card rauf
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
Windows Vista lyklaborð

Microsoft Windows Vista Premium
Microsoft Works Vista
Norton Internet Security Suite 2007
PowerDVD

NÝTT!

Nýja stýrikerfið frá Microsoft : Windows Vista

- Flottara
- Öruggara
- Einfaldara

NÝTT!

Bættu við 1.416- kr á mánuði (Vísa vaxtalaust) fyrir:
79G-00007
OFFICE 2007 fyrir heimili
Inniheldur leyfi fyrir 3 tölvur

7.007**

Core 2 Duo 7200 -Fyrir kraftinn
ATI Radeon X1400 -Fyrir leikina
1GB minni -Fyrir vinnsluna
160GB harður diskur -fyrir gögnin
DV Ready -Fyrir tökuvélina
CrystalView -Skjár

| 7.007 | 15.799 | 189.588 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | *Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## WINDOWS VISTA STÝRIKERFIÐ FRÁ MICROSOFT




- Flottara
- Öruggara
- Einfaldara

Fæst í BT

## OFFICE 2007 HUGBÚNAÐURINN FRÁ MICROSOFT




Fæst í BT

Loksins komið!

## FLAKKARI

LACIE

301103E-LAC
500GB F.A. PORSCHE USB2

500 GB



24.999

## FLAKKARI

LACIE

300804
LaCie 80GB USB2.0 MOBILE BUS POWERED
Þarf ekki straumbreyti

Aðeins 180gr



12.999

## > GEORGE CLOONEY



Fæddur 6. maí 1961. Fæddur í Kentucky og er sonur Nicks Clooney sem var fréttaþulur í sjónvarpi í mörg ár. Faðirinn var með spjallþátt og var farinn að taka George með sér í vinnuna þegar hann var aðeins fimm ára. George Clooney hafði mikinn áhuga á hafnarbolta en hætti þegar honum mistókst að komast í Cincinnati Reds-liðið. Eftir það ákvað hann að snúa sér að leiklistinni. Clooney leikur í Ocean´s Twelve sem sýnd verður á Stöð 2 Bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR MÓTMÆLIR ÞVÍ AÐ ONE TREE SÉ FÆRT Á FÖSTUDAGA

# Catch 22

Skilgreina má aldur þannig að ungur fer maður í bíó, miðaldra má lufsast á leiguna og þegar farið er að halla undan fæti bíður maður bara eftir því að myndirnar komi í sjónvarpið. Ég er að hefja minn feril þar.
Þannig háttar til heima við að afruglarinn er á efri hæð íbúðarinnar og tengdur við sjónvarpið þar. Og sem algjör jólasveinn í tæknimálum þá hef ég ekki nein ráð með að tengja afruglarann einnig við sjónvarpið sem er niðri. Sjónvarpið niðri átti einkum að þjóna þeim tilgangi að fylgjast mætti með sjónvarpsfréttum yfir súpuskálinni um kvöldmatarleytið. Svo var meiningin, ef vill, að mjaka sér upp í sjónvarpsrýmið eftir mat. Þar er náttúrulega heimabíóið, afruglarinn og allur pakkinn og fara má liprum höndum um fjarstýringuna – valsa um og finna sér fínerí á fjölvarpinu.
Tækjaæðið var vitanlega réttlætt með því sem áður sagði: Ekki verið að spreða í bíó og vídeóleigur (sjálfur það er að segja – krakkarnir stunda þetta náttúrulega grimmt með



tilheyrandi útgjöldum heimilisins) og því má láta eftir sér sæmilegt dót til að hafa heima við. En sá böggull fylgir skammrifi, verandi á þessum tiltekna stað í lífinu og tilverunni sem áður sagði – þá nenni ég sjaldnast úr stofusófanum og upp. Og þá er í boði, í sjónvarpinu niðri, RÚV og SkjárEinn. Ég er sérfróður um dagskrá SkjásEins. Og til að króna vitleysuna þá er maðurinn sem þykist of gamall til að fara á bíó, eða á leiguna og bíður eftir því að myndirnar komi í kassann, farinn að fylgjast með unglingaprógramminu One Tree Hill. Og vill nú nota aðstöðuna til að mótmæla því harðlega að búið sé að flytja þættina yfir á föstudagskvöld fyrir The O.C. Sem er viðbjóður miðað við One Tree Hill. Þetta er náttúrulega ekki hægt.

## EKKI MISSA AF



▶ **09.00** Evrópumótaröðin SÝN



▶ **14.50** Charlton – Chelsea SKJÁRSPORT



▶ **19.55** Stelpurnar STÖÐ 2



▶ **21.10** Spaugstofan RÚV



▶ **21.45** Battlestar Galactica SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**
**08.01 Fyndin og furðuleg dýr**
**09.37 Matta fóstra og vinir hennar**
**10.00 Frumskógarlíf** (2:6)
**10.25 Stundin okkar** (e)
**10.55 Kastljós**
**11.30 Elina - Eins og ég væri ekki til**
**12.50 HM stofan**
**12.55 HM í handbolta** Bein útsending frá leik Íslendinga og Spánverja.
**14.30 HM stofan**
**15.00 Íþróttakvöld**
**15.20 HM í handbolta** Króatía- Rússland
**17.05 Alpasyrpa**
**18.00 Táknmálsfréttir**
**18.10 Kraftaverkafólk** (6:6)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Jón Ólafs**
**20.20 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2007** Kynnt verða 8 af þeim 24 lögum sem valin voru í undankeppnina.
▶**21.10 Spaugstofan**
**21.35 Söngvakeppni Sjónvarpsins - Úrslit kvöldsins** Kynntar verða niðurstöður úr símakosningu kvöldsins.
**21.50 Hárkollusalarnir** (An Everlasting Piece) Bresk bíómynd frá 2000.
**23.35 Ill menntun (e)** (La Mala educación) Spænsk bíómynd frá 2004.
**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 Frog og Wombat**
**08:00 Live From Bagdad**
**10:00 Marine Life** (Í grænum sjó)
**12:00 Ocean´s Twelve**
**14:10 Frog og Wombat**
**16:00 Live From Bagdad**
**18:00 Marine Life** (Í grænum sjó)
**20:00 Ocean´s Twelve** Sjálfstætt framhald myndarinnar Ocean´s Eleven.
**22:10 Full Disclosure** (Uppljóstrun) Stranglega bönnuð börnum.
**00:00 Gothika** Stranglega bönnuð b.
**02:00 House of 1000 Corpses**
**04:00 Full Disclosure**

## STÖÐ 2

**07:00 Kærleiksbirnirnir** (56:60)
**07:10 Ruff´s Patch**
**07:20 Funky Valley**
**07:25 Gordon the Garden Gnome**
**07:35 Töfravagninn**
**08:00 Engie Benjy**
**08:10 Grallararnir**
**08:30 Animaniacs**
**08:50 Justice League Unlimited**
**09:15 Kalli kanína og félagar**
**09:35 Tracey McBean**
**09:50 A.T.O.M.**
**10:15 Celeste in the City** (Sveitastelpa í borginni) Rómantísk unglingamynd.
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:40 Bold and the Beautiful**
**14:25 X-Factor (e)** (11:20)
**15:50 X-Factor - úrslit símakosningar**
**16:20 Sjálfstætt fólk (e)**
**16:55 Martha** (Patricia Arquette)
**17:40 Maðurinn með 7 sekúndna minnið** (The Man With the 7 Seconds Memory) Stórfróðleg og næsta ótrúleg heimildamynd um raunir manns sem glímir við harla óvenjulegt og grafalvarlegu minnisleysi, sem lýsir sér þannig að hann man ekkert lengur en í 7 sekúndur.
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Íþróttir og veður**
**19:05 Lottó**
**19:10 Freddie** (14:22) (Two Times A Lady)
**19:35 Joey** (1:22) Bandarískir gamanþættir um skrautleg ævintýri ogf ramabrölt Joey Tribiani í Hollywood.
▶**19:55 Stelpurnar** (5:20)
**20:20 the Sisterhood of the Traveling Pants** (Systralag ferðabuxnanna)
**22:15 Heaven** (Himnaríki)
**23:50 Eddie´s Million Dolllar Cook-Off**
**01:30 Le Divorce** (Skilnaðurinn) Aðalhlutverk: Naomi Watts, Kate Hudson, Jean-Marie Lhomme. Leikstjóri: James Ivory. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.
**03:25 Firestorm** (Eldhaf) 1998. Stranglega bönnuð börnum.
**04:55 Freddie** (14:22) (Two Times A Lady) 2005.
**05:20 Joey** (1:22)
**05:45 Fréttir**
**06:25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**16:30 Trading Spouses (e)**
**17:15 KF Nörd** (4:15) (Að vera fjölhæfir leikmenn) Það er mikilvægt að vera sýnilegir í knattspyrnu. Markaðssetning skiptir miklu máli og menn leggja mikið á sig til að ná athygli. Leyndir hæfileikar strákanna eru nýttir afar vel þegar þeir fara í hljóðver til að hljóðrita stuðningslag liðsins „Áfram KF Nörd". Það er hins vegar ekki nóg að gefa út lag, það þarf að gera myndband við það líka.
**18:00 Seinfeld (e)** (18:24) Georg kemst að því sér til mikillar gleði að hann á enn flest stig í skólaleiknum frá því hann var í framhaldsskóla. Raðmorðingi þvingar Jerry í nýtt samband.
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Seinfeld (e)** (19:24) Þegar Jerry fer að sofa hjá heimilishjálpinni sinni hættir hún að standa sig í vinnunni og Georg ákveður að hann verði að koma sér upp góðu gælunafni.
**19:30 Sirkus Rvk (e)**
**19:55 3. hæð til vinstri** (3:30) Í blokk einni í Reykjavík búa vinirnir Bragi og Hrafntinna. Bragi er bókmenntafræðingur sem þráir ekkert heitar en að gerast kennari en Fjóla er listamaður. Dag einn flytur bróðir Braga inn til vinanna og lífið í íbúðinni raskast við það. Til þess að halda friðinn í íbúðinni ákveða þau að vídeóblogga um líf sitt á heimilinu og fá þannig útrás fyrir reiðina. 3. hæð til vinstri er fimm mínútna vídeóblogg á hverjum degi á Sirkus klukkan 19:55
**20:00 South Park (e)**
**20:30 Chappelle´s Show 1 (e)**
**21:00 Star Stories (e)**
**21:30 Vanished (e)** (13:13)
**23:10 Twenty Four** (13:24) (e) (24 - 2)
**23:55 Twenty Four** (14:24) (e) (24 - 2)
**00:40 Entertainment Tonight (e)**
**01:10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**09:20 2006 World Pool Championships (e)**
**11:05 Vörutorg**
**12:05 Rachael Ray (e)**
**13:35 Celebrity Overhaul (e)**
**14:35 The Bachelor VIII (e)**
**15:35 Malcolm in the Middle (e)**
**16:05 Trailer Park Boys (e)**
**16:30 Parental Control (e)**
**16:55 Last Comic Standing (e)**
**17:40 Rachael Ray (e)**
**19:10 Game tíví (e)**
**19:40 The Office (e)**
**20:10 What I Like About You** Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York.
**20:35 Parental Control** Stefnumótaþáttur með skemmtilegri fléttu. Þegar unglingurinn á heimilinu fer á stefnumót með einhverjum sem pabba og mömmu líst ekki á, grípa þau til sinna ráða.
**21:00 Last Comic Standing**
▶**21:45 Battlestar Galactica**
**22:35 Frítt í Bíó**
**00:15 30 Days (e)**
**01:15 Kojak - Lokaþáttur (e)** Seinni hluti lokaþáttarins og Kojak er enn að rannsaka morðið á ástmanni Kate McNeill (Dana Delany), eiginkonu lögreglustjórans.
**02:05 Nightmares and Dreamscapes (e)** Bönnuð börnum.
**02:55 Vörutorg**
**03:55 Da Vinci's Inquest (e)**
**04:45 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

## SKJÁR SPORT

**11:45 Upphitun (e)**
**12:15 Liverpool - Everton (beint)**
**14:35 Á vellinum með Snorra Má**
▶**14:50 Charlton - Chelsea (beint)** Á sama tíma eru eftirfarandi leikir sýndir á hliðarrásum: Aston Villa – West Ham, Fulham - Newcastle, Man. City - Reading og Watford - Bolton.
**16:50 Á vellinum með Snorra Má**
**17:05 Middlesbrough - Arsenal (beint)**
**19:20 Juventus - Rimini (beint)**
**21:30 Aston V. - West Ham (frá 3.feb)**
**23:30 Wigan - Portsmouth (frá 3.feb)**
**01:30 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.35

**Joey**




Bandarískir gamanþættir um skrautleg ævintýri og framabrölt Joeys Tribbiani í Hollywood. Flestir þekkja Joey sem einn af Vinunum traustu, en eftir að leiðir þeirra skildu þá ákvað Joey að freista gæfunnar og flytja til bíóborgarinnar í leit að frægð og frama. En eins og flestir vita þá er Joey blessaður kannski ekki alveg með allra bestu leikurum sem til eru og ekki stígur hann heldur í vitið. Í þessari annarri þáttaröð heldur hann áfram framabrölti sínu, með bráðfyndnum afleiðingum.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ SÖNGVAKEPPNI SJÓNVARPSINS RÚV 20.20

Kynnt verða 8 af þeim 24 lögum sem valin voru í undankeppnina. Eftir símakosningu komast þrjú þeirra áfram í úrslitakeppnina sem fer fram 17. febrúar. Klukkan 20.20 hefst sjálf keppnin en meðan símakosningin stendur yfir verður boðið upp á grínistana í Spaugstofunni. Klukkan 21.35 verða úrslitin tilkynnt en kynnir er Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Laugardagur til lukku **08.00** Fréttir **08.05** Músík að morgni dags **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Glæta - Frá því á miðvikudag
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Fréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu - Djassþáttur
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Hlustir
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Hugsað heim
**21.05** Pipar og salt
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.00** Fréttir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.35 Pro bull riding**

**08.30 Presidents Cup 2007 - Official**

▶**09.00 Evrópumótaröðin** (Dubai Desert Classic) Bein útsending frá þriðja degi Dubai-mótsins á evrópsku mótaröðinni í golfi. Flestir af bestu kylfingum mótaraðarinnar verða á meðal keppenda og má þar nefna Colin Montgomerie, Michael Campbell, Ernie Els, Thomas Bjorn, Paul Casey, David Howell og Miguel Angel Jimenez.

**13.00 NBA-deildin** (Indiana - LA Lakers)

**15.10 World Supercross GP 2006-2007**

**16.05 Sterkasti maður í heimi 2006**

**16.35 Road to the Superbowl 2007** Þáttur um NFL-deildina í amerískum fótbolta. Gengi liðanna í vetur og þá sérstaklega liðanna sem leika til úrslita og leið þeirra í úrslitaleikinn Super Bowl.

**17.35 Football Icon**

**18.20 Spænski boltinn - upphitun**

**18.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Espanyol og Real Zaragoza.

**20.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Valencia og Atletico Madrid.

**22.50 Box - Samuel Peter vs. Jam** Útsending frá bardaga sem fram fór fyrir mánuði.

**23.50 Box - Nicolay Valuev vs. Jaame** Útsending frá bardaga sem fram fór þann 20. janúar 2007.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.30** Palle Gris på eventyr **6.55** Disney Sjov **7.50** Frikvarter **8.15** Barda **8.40** Dragejægerne **9.05** Troldspejlet **9.35** Lovens vogtere **10.00** Børneblæksprutten **10.15** Ungdomsprogram **10.30** Viften **11.00** TV Avisen **11.10** Kløvedal i Kina **12.10** Molly og mig **13.25** Hjerteflimmer **13.55** Boogie Listen **14.55** Dansk Melodi Grand Prix 2007 **15.55** Vinderne af 1. semifinale **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Prinsen af Bengalen **17.00** Mr. Bean **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Tæt på Dyrene **18.30** Max **19.00** Matador **20.30** Kriminalkommissær Barnaby **22.05** Pink Cadillac **0.00** Boogie Listen

## NRK 1

**6.30** Pysjpopbaluba **6.31** Fiffi og blomsterbarna **6.40** Bosse **6.50** Harry med bøtta full av dinosaurer **7.00** Mikkes klubbhus **7.45** Jubalong **8.30** Kårni og Børni **9.00** NRKs sportsl¢rdag **9.05** NRKs sportslørdag **9.25** VM skiskyting 2007 **11.15** VM alpint 2007 **12.40** Sport i dag **12.55** VM skiskyting 2007 **14.45** Sport i dag **15.25** V-cup hopp **16.20** Sport i dag **16.30** V-cup hopp **17.00** Jubalong **17.30** Barna på Luna **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lottotrekning **18.55** Riksarkivet **19.20** Melodi Grand Prix 2007 **20.30** Med hjartet på rette staden **21.15** VM-kveld **22.00** Kveldsnytt **22.15** The Hurricane

## SVT 1

**7.00** Bolibompa hälsar på **7.01** Meckar-Micke **7.15** Dagens visa **7.20** Zoé Kézako **7.35** I Mumindalen **8.00** Riddaren av Pelargonien **8.15** Kolla Gud **8.30** Klister **9.00** Nöjesnytt: Melodifestivalen 2007 **9.30** Skidskytte-VM i Antholz **11.30** Packat & klart **12.00** Plus **12.30** Playa del Sol **13.00** Antikrundan **14.00** Uppdrag Granskning **15.00** Saltön **16.00** Så ska det låta **17.00** Disneydags **18.00** Skokartongens hemlighet **18.25** Radiohjälpen hjälper **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2007 **20.30** VM-Extra **21.15** Bingo Royale 22.00 Rapport **22.05** Hej, vi hoppar på taken i Paris! **23.05** Kvinnan Eva **0.35** Sändningar från SVT24

www.ellingsen.is




Himinn og haf / SÍA

**BYSSUSÝNING**
Í dag milli kl. 10 og 16 sýnum við glæsilega riffla frá Sauer, Mauser, Blaser, Steyr Mannlicher, RPA England, Browning og fleiri framleiðendum.

**BYSSUDAGAR**
Samhliða opnum við byssudaga þar sem í boði verða rifflar á tilboðsverði ásamt riffilsjónaukum og völdum veiðivörum á sérstöku sýningartilboði sem gildir til 14. febrúar nk.

**KYNNING Á SMOKEHOUSE-REYKOFNUM**
Meistarakokkurinn Úlfar Finnbjörnsson mun bjóða bragðprufu af Hickory-reyktum svartfugli að hætti hússins. Aðeins í dag. Þessir frábæru Smokehouse-reykofnar verða á kynningarverði á byssudögum.

**SÝNING Á RÁNFUGLUM**
Steinar Kristjánsson hamskeri verður með sýningu á ránfuglum í dag, 3. febrúar, í Ellingsen og má þar sjá t.d. haförn, íslandsfálka, förufálka, vargfálka, turnuglu, náttuglu og fleiri merkilega fugla.

**Byssudagar Ellingsen munu standa til 14. febrúar nk. Byssusýningin, fuglasýningin og reykofnskynningin stendur aðeins yfir í dag, 3. febrúar, kl. 10–16.**

**Allir velkomnir!**




Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

Ellingsen
*– fullt hús ævintýra*

**HRÓSIÐ ...**



*... fær Egill Jóhannsson sem samdi nýtt og velheppnað stef fyrir fréttir Ríkisútvarpsins.*

# Íslenskur sjónvarpsmaður í 60 mínútum

„Ég held að þetta séu nú mínar fimmtán sekúndur af frægð. Ég fæ að segja einhverjar tvær setningar og svo er sýnt brot úr Kastljósinu,“ segir sjónvarpsmaðurinn Sigmar Guðmundsson en honum bregður fyrir í næsta þætti 60 Minutes. Þátturinn verður sýndur á sunnudagskvöld á Stöð 2 en til umfjöllunar er Daniel Tammet, einhverfur strákur sem er þeim hæfileikum gæddur að geta lært framandi tungumál á örskotsstundu. Og íslenskan er þar engin undantekning.

„Þannig var að breskir kvikmyndagerðarmenn voru að gera heimildarmynd um Tammet og létu hann læra íslensku,“ útskýrir Sigmar. „Hann fékk viku til undirbúnings heima hjá sér og kom svo hingað þar sem við í Kastljósinu ræddum við hann,“ heldur sjónvarpsmaðurinn áfram. „Hann fór síðan í stutta ferð um landið og þegar hann kom til baka vorum við fengin til að meta kunnáttu hans í málinu,“ segir Sigmar og niðurstöðurnar komu honum glettilega á óvart. „Þá gat hann orðið tjáð sig á sæmilegri íslensku,“ segir hann en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst þá þótti íslenskum þýðanda þáttanna ekki taka því að þýða íslensku setningarnar sem Daniel mælir í þættinum yfir á hið ylhýra.

Sigmar hefur fengið þó nokkur viðbrögð eftir að þátturinn var sýndur vestra fyrir tæpri viku. „Ég hef fengið tölvupóst frá Íslendingum sem búa þarna úti og hafa látið mig vita. Og einhverjir hafa tekið upp símann og hringt í mig,“ útskýrir Sigmar. „Tammet er hins vegar ansi magnaður strákur og gat þulið upp 22 þúsund aukastafi tölunnar pí en það tók hann fimm klukkustundir,“ bætir hann við.

- fgg



**SIGMAR GUÐMUNDSSON** Bregður fyrir í fréttaskýringaþættinum 60 Minutes.



**LÁRÉTT** 2 svei 6 í röð 8 neðan 9 erta 11 samþykki 12 reika 14 labba 16 samtök 17 gól 18 fát 20 til 21 stefna.

**LÓÐRÉTT** 1 kostar lítið 3 tveir eins 4 rabba 5 forsögn 7 ótvíræður 10 angra 13 málmur 15 eyðimörk 16 ái 19 2000.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 fuss, 6 de, 8 upp, 9 ýfa, 11 já, 12 ramba, 14 lalla, 16 aa, 17 ýlu, 18 fum, 20 að, 21 ismi.
**LÓÐRÉTT:** 1 óðýr, 3 uu, 4 spjalla, 5 spá, 7 efalaus, 10 ama, 13 blý, 15 auðn, 16 afi, 19 mm.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Lay Low
2. Rocky Balboa
3. Hugo Chavez




ÓMAR RAGNARSSON: FER MEÐ ALVARLEGT HLUTVERK Í NÝJUM SÖNGLEIK

# Eldheitar ástir á elliheimili

„Þetta er alvarlegt hlutverk sem ég fer með. Mjög alvarlegt því ég kem útgrátinn af hverri æfingu,“ segir Ómar Ragnarsson fréttamaður með meiru. Grallaralegur. Ómar er að æfa í söngleik sem frumsýndur verður í Borgarleikhúsinu 1. mars. Ómar hefur ekki farið með hlutverk í leikhúsi í 38 ár. Verkið er nýtt, gengur undir vinnuheitinu Ást eða Elliheimilið og fjallar um ástir á elliheimili.

Að sýningunni stendur Vesturport í samstarfi við Leikfélag Reykjavíkur. Gísli Örn Garðarsson leikstýrir og semur með hliðsjón af hlutverkaskipan. Engir aukvisar eru í sýningunni. Sannkallað stórskotalið: Ómar, Kristbjörg Kjeld, Magnús Ólafsson, Theodór Júlíusson, Pétur Einarsson, Hanna María Karlsdóttir auk Skapta Ólafssonar. Þá koma fram félagar úr Álafosskórnum.

„Hugsaðu þér,“ segir leikstjórinn Gísli Örn. „Eins og með hann Skapta sem verður 80 ára á árinu. Hann var með gigg á Þingvöllum árið 1944! Það er svo mikil saga í þessu fólki.“

Söngleikurinn gerist á elliheimili og fjallar um ástir vistmanna. Að sögn Gísla höfum við séð svo marga söngleiki sem fjalla um ástir þeirra sem eru sextán ára og það blásið upp eins og það sé hin eina sanna ást.

„En hvað gerist þegar ástin hittir fyrir fólk sem er sjötíu ára? Mér fannst einnig áhugavert að taka þetta gamla klassíska söngleikjaform og setja það í allt annað samhengi,“ segir Gísli sem á reyndar í stökustu vandræðum með að skilgreina hvers konar sýningu er um að ræða. Því þarna er tekið á alvarlegum málum og oft erfiðum. Nokkrar ástarsögur eru í gangi og fjallað um atriði eins og þau þegar börnin brjálast þegar öldruð móðir þeirra er komin með nýjan kærasta. Og svo, þegar menn geta ekki komið orðum að því sem þeir vilja segja, er brostið í söng.



**ÁST Á ELLIHEIMILI** Leikstjórinn Gísli Örn Garðarsson og leikararnir Ómar Ragnarsson og Pétur Einarsson. Í baksýn má sjá Skapta Ólafsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Í sýningunni eru lög sem fólk þekkir, gömul og frá minni kynslóð. Lög með Bítlunum, Írafári, Presley, Sálinni hans Jóns míns... en sett í nýtt samhengi. Til dæmis er sungið um mann sem er með Alsheimer: He's a real Nowhere man. Lag sem fólk þekkir úr öðru samhengi.“

Tíðindum sætir að Ómar skuli nú stíga á svið í leiksýningu. Ómar segir að fyrsta hlutverkið sem hann lék í leiksýningu hafi verið alvarlegs eðlis. En þá var hann tólf ára gamall og því sé þetta skemmtileg áskorun.

„Þetta er ekki stórt hlutverk. Og sérkennilegt. En ég má ekkert segja meira um það. Þetta verður að koma á óvart,“ segir Ómar.

Leikhúsmaðurinn Garðar Örn dregur hvergi úr lofsyrðum um Ómar, fer um hann svo fögrum orðum að Ómar fer hjá sér.

„Þetta er eitthvert best geymda leikaraefni landsins. Alveg ótrúlega fallegur leikari. Hann hefur ekki farið á leiksvið síðan 1969 þannig að tími er til kominn. Þegar jafn þjóðþekkt fígúra og Ómar er settur á svið eftir tæplega fjörutíu ára hlé þarf að hugsa það vandlega hvernig hlutverk það er sem maður vill sjá hann í. Dæmigert væri að sjá hann í hlutverki grallarans en áskorunin eina rétta felst í að láta hann fara með alvarlegt hlutverk. Sem hann er að skila með stæl.“

jakob@frettabladid.is



**DRAMATÍK** Leikstjórinn sparar hvergi lofsyrðin um Ómar og segir hann best geymda leyndarmálið: Ótrúlega fallegur leikari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Fjöldi Íslendinga verður samankominn á Þorrablóti Íslendingafélagsins í London í kvöld. **Addi Fannar** og félagar í Skítamóral leika fyrir dansi og ekta íslenskur veislumatur verður á borðum. Blót þetta hefur síðustu ár verið sérstaklega vinsælt hjá atvinnumönnum okkar í knattspyrnu sem fjölmargir eru búsettir í og við London. **Eiður Smári Guðjohnsen** hefur síðustu ár látið sjá sig en ólíklegt verður að teljast að hann mæti núna. Þeir **Hermann Hreiðarsson**, **Heiðar Helguson**, **Brynjar Björn Gunnarsson** og **Ívar Ingimarsson** munu eflaust ekki láta sig vanta enda er enginn þeirra svo óheppinn að þurfa að leika í ensku úrvalsdeildinni á sunnudaginn.



Í kvöld verða tímamót á eftirtektarverðum, hröðum og glæstum ferli sjónvarpsmannsins **Helga Seljan** sem nú starfar í Kastljósi Ríkissjónvarpsins. Í Spaugstofunni í kvöld verður sem sagt hermt eftir Helga af **Karli Ágústi Úlfssyni** og eftir því sem Fréttablaðið kemst næst þá er það vegna snarprar framgöngu hins harðákveðna Austfirðings þegar hann tók tali tvo fulltrúa fylkinga í væntanlegu framboði eldri borgara og öryrkja. Þar er þegar komið til klofnings. Helgi bar hæfilega mikla virðingu fyrir aldri viðmælenda sinna og krafði þá svara af þeirri aðgangshörku sem menn vænta þegar stjórnmálamenn sitja í settinu.



-hdm/jbg




# Þorrablót á Prikinu

„Hugmyndin að þessu kviknaði þegar að ég sat á kaffihúsi með Snæbirni vini mínum og við fórum að tala um hvað langt var síðan við fórum á þorrablót og ákváðum bara að halda eitt slíkt,“ segir Sindri Kjartansson kvikmyndagerðarmaður.

Hann lét ekki sitja við orðin tóm tóm heldur boðaði til þorrablóts á Prikinu á fimmtudagskvöld sem tókst að hans sögn vonum framar. „Það mætti hellingur af stuðfólki, þar á meðal þeir Óttar Proppé og Bóbó Blöndal úr Ham, Heiðar í Botnleðju, Þorsteinn Guðmundsson, Gunnar Jónsson Fóstbróðir og Helgi Seljan Kastljóssmaður svo fáir séu nefndir.“



**SINDRI KJARTANSSON** Ætlar að halda þorrablót árlega héðan í frá.

Gestir þorrablótsins eru flestir hverjir kunnar miðbæjarrottur en Sindri segir að þeir hafi látið sér súrmetið vel líka og gröðguðu það í sig. Að ógleymdum guðaveigunum. „Stuðið hófst klukkan sex þegar harmóníkuspilari mætti á svæðið og stóð fram á kvöld. Á tímabili hélt ég að þakið myndi rifna af Prikinu.“

Sindri segir að lagt hafi verið upp með að ná sannkallaðri landsbyggðarstemningu á blótið. „Við vorum með sérstaka skemmtinefnd og hvaðeina sem skipulagði öll atriðin og þetta heppnaðist ótrúlega vel. Það er ljóst að þetta er komið til að vera því við stefnum ótrauðir á að halda annað þorrablót að ári.“

-bs



**DRAGSPILIÐ MUNDAÐ** Davíð Þór Jónsson lék á harmóníku og hélt stuðinu uppi fram eftir kvöldi. MYND/FRIÐRIK ÖRN




# LANZAROTE ✱✱✱✱✱ L

# FIMM STJÖRNU HÓTEL Á ÞRIGGJA STJÖRNU VERÐI!

**Playa Blanca eða „hvíta ströndin“, á ævintýraeyjunni Lanzarote, er perla sem stendur svo sannarlega undir nafni.**

## Princesa Yaiza ✱✱✱✱✱ L (með morgunmat)



Stórkostlegt 5 stjörnu lúxushótel á Playa Blanca sem hefur slegið í gegn. Án efa eitt glæsilegasta hótel sem staðið hefur íslenskum ferðamönnum til boða. Svítur og fjölskyldusvítur í boði.

**Svítur**

**1 vika:** 20 maí til 27 maí

**Frá 62.548.-**
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: **74.321,-**

**Fjölskyldusvítur**

**1 viku:** 17 júní til 24 júní

**Frá 73.622.-**
á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn.
Verð á mann m.v. 4 fullorðna: **84.711,-**

## Playa Flamingo ✱✱✱



Frábært íbúðahótel, tilvalið fyrir fjölskyldur við Playa Flamingo ströndina. Íbúðir með einu svefnherbergi og sérlega skemmtilegu sundlaugasvæði. Mikil skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna frá morgni til kvölds.

**1 vika:** 19 ágúst – 26 ágúst

**Frá 41.145.-**
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: **48.879,-**

**2 vikur:** 19 ágúst – 2 september

**Frá 47.729.-**
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: **62.047,-**

Loftslagið er frábært, sólin skín og hitastigið er alltaf stillt á mátulegt. Skammt frá er bærinn Puerto del Carmen sem er staður fyrir fólk sem vill lifa lífinu og skemmta sér í fríinu, slappa af og njóta sín. Við smábátahöfnina eru margir veitingastaðir í sérlega rómantísku umhverfi. Í gamla bænum má kitla bragðlaukana með spænskum, indverskum, ítölskum, kínverskum, mexíkóskum og jafnvel skandinavískum kræsingum. Aðalgatan Avenida del Playas geymir mikið af skemmtilegum verslunum þar sem gaman er að gera góð kaup.

**Princess Yaiza er stórkostlegt lúxushótel** sem hefur slegið eftirminnilega í gegn hjá Íslendingum enda sérlega fjölskylduvænn og skemmtilegur gististaður. Á hótelinu eru fimm fjölbreyttir veitingastaðir og djúsbar sem er vinsæll í hitanum! Þú getur haldið þér í formi í fullbúnum líkamsræktarsal, spilað veggtennis og tennis eða slakað á í heilsulindinni. Á hótelinu er síðan Kikoland sem er 10 þúsund fermetra skemmtigarður sem býður uppá dagskrá alla daga fyrir börn á öllum aldri.

www.kreditkort.is | Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni

**Spa og nudd.**



**Fjórar útisundlaugar.**



**Lúxusgisting.**



**Rúmgóðar fjölskyldusvítur.**



**10.000 fermetra barnaland.**



SUMAR FERÐIR
– ERU BETRI EN AÐRAR!

Sumarferðir Laugavegi 26 (gengið inn Grettisgötumegin)

**Farðu inn á www.sumarferdir.is**
**eða hringdu í síma 575 1515.**

Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




**BAKÞANKAR**


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## *Stöngin út*

Leikurinn við Dani á þriðjudaginn var líklega sá mest spennandi íþróttaviðburður sem ég hef upplifað. Landsliðið á hrós skilið fyrir að bjóða upp á slíka skemmtun sem fékk dagfarsprúða og ákaflega yfirvegaða menn eins og mig – ég segi það satt – til þess að hoppa um öskrandi og æpandi fyrir framan sjónvarpið með öðru fólki á fertugsaldri. Ég skalf eftir venjulegan leiktíma, sem er fáheyrt. Ég skelf aldrei. Eða þannig.

**EN** svo kom skotið í stöngina undir lok framlengingarinnar og skyndilega varð allt svart. Vonin úti. Tómið eitt. Ekki var við skyttuna að sakast, enda færið upplagt, en það breytti ekki því að boltinn fór í stöngina og út. Danir unnu. Það vantaði bara að danskar kaupmannaafturgöngur létu rigna yfir landsmenn möðkuðu méli úr himinhvolfunum.

**MEÐ** nokkrum spörkum í hjólbarða bílsins míns áður en ég keyrði heim á leið, blótsyrðum fyrir framan stýrið, bloggfærslu í hástöfum og klukkustundar djöfulgangi á hlaupabretti, náði ég smám saman að jafna mig. Geðshræringin lak úr líkamanum og allt í einu birtist mér eins og kristaltært fyrir hugskotssjónum nýtt hugtak, nýr frasi, sem gæti haft ótvírætt notagildi í almennri umræðu, í daglegu amstri og jafnvel pólitískum rökræðum. Þetta var hugtakið „stöngin út“.

**UM** allnokkurt skeið hefur orðasambandinu „stöngin inn“ verið beitt af fólki á öllum aldri, og þá í samhengi við eitthvað sem þykir heppnast mjög vel. Um sérlega góðar hugmyndir er til dæmis algengt að nota þetta orðasamband þegar eitthvað mjög gott hefur átt sér stað. „Það var frábært hjá Lalla þegar hann svaraði Dóru,“ gæti einhver sagt í kaffihléi á annars leiðinlegum aðalfundi. „Já, stöngin inn,“ myndi viðmælandi hans þá svara.

**STÖNGIN** út, hins vegar, má nota um ákaflega margt líka. Mér finnst nýja fréttastefið fyrir RÚV – þótt það sé ágætlega samið -- til dæmis vera stöngin út. Gamla fréttastefið hans Atla Heimis var orðið hluti af sjálfsmyndinni, því að vera Íslendingur. Þegar ég heyri ekki lengur það ómþýða stef í upphafi frétta verð ég áttavilltur. Ég fyllist depurð. Tómi. Tengslin við söguna hverfa, svo ég keyri upp dramatíkina. Að halda ekki í svona fyrirbrigði sem eiga djúpar rætur í þjóðarsálinni og yljar flestum um hjartarætur er stöngin út.

**MÉR** finnst líka lagning 10 þúsund bíla akbrautar í gegnum Álafosskvos vera stöngin út. Því má halda fram að þarna sé vagga iðnbyltingarinnar á Íslandi, þarna er landssvæði á náttúruminjaskrá, vinsæll viðkomustaður ferðamanna, stúdíó Sigur Rósar og vinnustofur listamanna. Þetta er hjarta Mosfellsbæjar. Þessu einstaka andrúmslofti og náttúru ætlar bæjarstjórnin í Mosfellsbæ að fórna. Breytir þá engu að fulltrúar grænna sitja í meirihlutanum. Hér gagnast hugtökin mjög vel: Mótmæli bæjarbúa eru stöngin inn. Skurðgröfur bæjarstjórnarinnar á þessum kyrrláta og sögufræga stað eru stöngin út.


